

FRÆNDAFUNDUR 6

Frændafundur 6

Fyrirlestrar frá føroyskari-íslenskari ráðstevnu
í Tórshavn 26.-28. juni 2007

Fyrirlestrar frá færeysk-íslenskri ráðstefnu
í Þórshöfn 26.-28. juni 2007

Ritstjórar
Turið Sigurðardóttir
Magnús Snædal



Fróðskapur
Tórshavn 2008

ISBN 978-99918-65-20-1

ISSN 0365-6772

EAN 9789991865201

© 2008 Høvundar

Forlag: Fróðskapur, Tórshavn

Umbróting, repro, prent og innbinding: Føroyaprent

ANNALES SOCIETATIS SCIENTIARUM FÆROENSIS – SUPPLEMENTUM 49

Formáli

Í hesari bók eru prentaðir fyrilestrar frá føroyskari-íslenskari ráðstevnu, sum varð hildin í Tórshavn 26. – 28. juni 2007. Fyrilestrarnir standa her í teirri røð, sum teir vóru hildnir. Høvundarnir hava havt møguleika fyri at leingja fyrilestrarnar, men misjavnt er, hvussu nógv greinirnar víkja frá framløgunum, sum fluttar vóru. Triggir røðarar valdu ikki at prenta fyrilestrar sínar. Fremst í bókini standa minningarorð um Stefán Karlsson, sum Jóhan Hendrik W. Poulsen bar fram, tá ið ráðstevnan varð sett.

Ráðstevnan Frændafundur 6 var fyrireikað av „Íslandsnevnd“ á Fróðskaparsetri Føroya í samstarvi við „Føroyanevnd“ á Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Í Íslandsnevnd sita Turið Sigurðardóttir (form.), Anfinnur Johansen, Malan Marnersdóttir, Lena Reinert og Jóhan Hendrik W. Poulsen. Í Føroyanevnd sita Ingi Sigurðsson (form.), Magnús Snædal, Pétur Knútsson, Höskuldur Þráinsson og María Garðarsdóttir. Ráðstevnan og ráðstevnuritið hava fingið stuðul frá Mentamálaráðnum, Mentanargrunni Landsins, Føroya Fróðskaparfelag, Eik og Letterstedska föreningen. Harafturat hava Tórshavnar kommuna, Føroya Banki og Fjølrit stuðlað.

Ráðstevnan og útgávan eru liðir í rannsóknarsamstarvi millum Fróðskaparsetur Føroya og Hugvísindadeild Háskóla Íslands sambært sáttmála harum frá 1990.

RITSTJÓRAR

FYRILESARAR/
RÆÐUMENN

Úr Íslandi

Katrín Axelsdóttir, M.A., aðjunkt í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands (katax@hi.is)

María Garðarsdóttir, B.A., aðjunkt í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands (maeja@hi.is)

Bjarki M. Karlsson, M.A., doktorsnemi í íslenskri málfræði við hugvísinda-deild Háskóla Íslands (bmk@hi.is)

Eggert Lárusson, Ph.D., lektor í landafræði við Kennaraháskóla Íslands (eggert@khi.is)

Jóhannes Gísli Jónsson, Ph.D., aðjunkt í íslenskri málfræði og almennum málvísindum við Háskóla Íslands (jj@hi.is)

Kristján Árnason, Ph.D., prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands (kristarn@hi.is)

Pétur Knútsson, Ph.D., dósent í ensku við Háskóla Íslands (peturk@hi.is)

Pórhallur Eypórsson, Ph.D., málfræðingur á Hugvísindastofnun Háskóla Íslands (tolli@hi.is)

Þóra Björk Hjartardóttir, cand. mag., dósent í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands (thorah@hi.is)

K. Hulda Guðmundsdóttir, M.A., sjálfstætt starfandi guðfræðingur (khuldag@hive.is)

Einar Skúlason, MBA, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss (einar@ahus.is)

Sigprúður Gunnarsdóttir, B.A., útgáfustjóri barnabóka hjá Forlaginu (sigga71@gmail.com)

Yelena Sesselja Helgadóttir, M.A., doktorsnemi í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands (sesselja@hi.is)

Reinhard Reynisson, B.A., verkefnisstjóri, (reinhard.reynisson@bifrost.is)

Aðalsteinn Ingólfsson, M.A., forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands (adalart@mmedia.is)

Bjarki Sveinbjörnsson, Ph.D., forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands (bjarki@musik.is)

Áslaug Sverrisdóttir, M.A., doktorsnemi í sagnfræði við Háskóla Íslands (aslaugs@hi.is)

Úr Føroyum/ Frá Færeyjum

Árni Dahl, exam.art., lærari á Føroya Læraraskúla (fannir@post.olivant.fo)

Bogi Davidsen, ph.d., lækni (bdd@regionsjaelland.dk)

Firouz Gaini, ph.d., mannfrøðingur (firouz@setur.fo)

Katrina í Geil, sniðgevi (katrina.i.geil@gmail.com)

Ása Hátún, ullarsniðgevri (olavasa@post.olivant.fo)

Beinta í Jákupsstovu, ph.d., ammanuensis í samfelagsfrøði við Høgskolen í Molde (Beinta.Jakupsstovu@hiMolde.no)

Nicolina Jensen Beder, handarbeiðslærarinna, savnsvørður, granskari av ullarsiðvenju (nicbeder@post.olivant.fo)

Malan Marnersdóttir, dr.phil., professari við Fróðskaparsetur Føroya (malanm@setur.fo)

Osva Olsen, Fil. mag., fólkalívsfrøðingur á útisavninum Skansen, Stockholm (osvaolsen@yahoo.se)

Jóhan Hendrik W. Poulsen, mag. art., professari emeritus

Turið Sigurðardóttir, mag.art., lektari í bókmentum við Fróðskaparsetur Føroya (turids@setur.fo)

Annika Skaalum, BA (annikaskaalum@hotmail.com)

JÓHAN HENDRIK W. POULSEN

Stefáni til minnis

Mongum varð okkum dátt við, tá ið frættist, at góði vinur okkara og felagi Stefán Karlsson professari 2. mai í fjør var andaður í einingi suður í Keypmannahavn, har ið hann dvaldist í rannsóknarørindum sum so mangan áður.

Stefán var borin í heim á Belgsá í Suður-Þingeyjarsýslu 2. desember 1928. Faðirin, ið var bóndi, umkomst í skalvalopi, áðrenn Stefán var árgamal. Hann vaks upp hjá móður síni, mest á Akuroyri, har sum eisini nøkur barnleys móðursystkin sóu honum til góðar. Hann gekk í mentaskúlan á Akuroyri, og eftir lokið studentsprógv fór hann heystið 1948 til Danmarkar, har hann á lærda háskúlanum í Keypmannahavn fyrst las danskt mál, og eftir fyrra parts prógv í teirri grein fór hann undir at lesa norrøna málfrøði, sum hann tók endaprógv í 1961. Námsárini var hann tvey ár heima á landi, 1951-52 tímalærari í mentaskúlanum á Akuroyri og 1954-55 í Samvinnuskúlanum og Kvennaskúlanum í Reykjavík, samtíðis sum hann las við Háskúla Íslands. Enn meðan hann las í Keypmannahavn, fekk hann í 1957 starv á Árnastovni (det Arnamagnæanske Institut), ið ber heiti eftir handritasavnanarum mæta Árna Magnússyni. Í tí starvi var hann til 1969. Í 1970 fór hann heim til Íslands í starv sum serfrøðingur við Handritastofnun Íslands, sum seinni varð nevnd Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Síðstu fyra starvsár síni fram til 1998 var hann fyrstøðumaður fyri stovninum og samtíðis professari við heimspekideild Háskúla Íslands.

Stefán Karlsson var av kønastu handritafrøðingum, og mangar eru tær lærdu ritgerðir, hann hevur lagt úr hondum á hesum øki. Hann var tikin úr leikum at hava skyn á fornari handskrift og á tann hátt gera grein fyri teimum, ið skrivað høvdu. Í tilevni av 70 ára føðingardegnum varð givið út savn av ritgerðum hansara við tí eyðkennandi og sigandi heitinum *Stafrókar*. Mong forn handrit hevur hann givið út á prent, og við slíkt útgávustarv fekst hann í Keypmannahavn, tá ið hansara síðsta stund varð.

Kønur var hann í føroyskum máli og talaði tað raðið. Hann man hava nomið tað m.a. hjá Chr. Matras professara í Keypmannahavn og eisini frá

sambandi við færoyingar har í bý. Honum dámdi væl at dansa færoyskan dans, og hann er einasti íslendingur, sum eg veit um, ið hevur skipað kvæði í dansi. Á fyrsta Frændafundi í Reykjavík fyri fimtan árum síðan flutti hann greinargóðan fyrilestur við heitinum „Samanburður á færeysku og íslensku máli“. Hann var maður, ið hevði grein í sínum máli. Hugnaligur var hann at fáa til gest, meðan hann vitjaði í Føroyum, og mangan neyt eg blíðskap hjá honum í Reykjavík og norður á Akuroyri, og einaferð á jørð hansara við Bægisá.

Eftir at hann var heimkomin at vera, tók hann onkuntíð til orða um, at íslendingar liðu mangir av málóttu vegna hini strongu krøv um rættan málburð. Einaferð eg gisti hann í Reykjavík, spurdi eg hann, hvussu vorðið var við málóttanum. Hann læði við og segði, at Jón Hilmar hevði hildið fyri, at tað var tørvur á nógv meir málóttu, enn tá var!

Seinna frændafundardag í Reykjavík fyri trimum árum síðan, hin 20. juni, ið var sjevtíradagur mín, gjørdi hann mær tann sóma at halda mær vakra og inniliga røðu, ið gleddi meg almikið – helt tó vera ov nógv avgjørt! Ikki vardi meg, at eg á næsta Frændafundi skuldi flyta minningarorð um henda vin mín góða. Minnið um hann goyma vit við virðing og í takklæti.

SUMMARY

IN MEMORY OF STEFÁN KARLSSON

Stefán Karlsson was born in Suður-Þingeyjarsýsla in the north of Iceland on December 2 1928 and died on May 2 2006. After finishing highschool in Akureyri he went to Denmark and was enrolled at the University of Copenhagen where he studied Danish and Old Icelandic philology. He became magister artium in 1961. While he studied he worked at the Arnarnaganean Institute. In 1970 he returned to Iceland to a position at the Handritastofnun Íslands, later named Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. During his last four working years he was director of the institution and professor at the University of Iceland.

An outstanding specialist of medieval Icelandic manuscripts Stefán wrote many learned papers on the subject. In connection with his seventieth birthday a collection of his writings was published, significantly the title of the volume is *Stafkrókar*. Stefán's editions of medieval manuscripts are numerous and he died in Copenhagen occupied with editorial work.

He was proficient in Faroese which he spoke fluently. He liked Faroese dancing and he is the only Icelander whom I know to have led in this kind of dancing. At the first „Frændafundur“ or Faroese-Icelandic conference in Reykjavík fifteen years ago he gave a lucid lecture titled „Comparison between Faroese and Icelandic.“ He was a kind host whose hospitality I often enjoyed and a pleasant guest on his visits to the Faroes.

At „Frændafundur“ in Reykjavík three years ago on June 20 which was my 70 year birthday Stefán honoured me with a gracious and warm speech which I most appreciated although I was uncertain if I deserved it. Little did I know that at the next „Frændafundur“ I would speak in the memory of this good friend of mine. We will keep his memory in respect and gratitude.

Er íslensk málstefna að verða úrelt?

Inngangur

Færeyska og íslenska eiga eitt og annað sameiginlegt fyrir utan náinn skyldleika. Þetta eru hvort tveggja „lítil“ mál og málsvæðin eru einangruð. En þótt málin séu töluð af fáum má líka segja að þau séu „stór“ því að þetta eru móðurmál alls þorra manna bæði á Íslandi og í Færeyjum. Hvorugt málanna býr þannig við svipaða ógn og minnihlutamál gera gjarna. En umræða um erlend máláhrif hefur vissulega verið mikil hjá báðum þjóðum, sem og umræða um málstefnu. Í þessu erindi er ekki ætlunin að bera saman íslenska og færeyska málstefnu, heldur verður dregið á ýmislegt varðandi íslenska málstefnu sem rætt hefur verið á síðustu árum og misserum, en umræðan hefur verið með líflegasta móti. Snemma árs 2006 var þeim ummælum Páls Valssonar íslenskufræðings slegið upp í fjölmiðlum að svo kynni að fara að enginn talaði íslensku eftir 100 ár.¹ Í kjölfarið urðu mikil skoðanaskipti og fólk var misjafnlega bjartsýnt á stöðu tungunnar í framtíðinni.²

Tilgangurinn er annars vegar að gefa Færeyingum dálitla innsýn í umræðuna. Hins vegar er ætlunin að færa rök fyrir því að það sé nokkurs virði að hrófla ekki við þeirri málstefnu sem haldið hefur verið á lofti á Íslandi. Sumt af þessu hafa Íslendingar vísast heyrt oft áður. En vonandi kemur hér eitthvað fram sem Færeyingar hafa ekki heyrt fyrr og þeir fá þá kannski eitthvað til að vera sammála eða ósammála.

Málstefnan, vinsældir hennar og óvinsældir

Íslensk málstefna byggist á tveimur höfuðþáttum, varðveislu og eflingu. Í varðveislu felst að Íslendingar leitist við að varðveita þá tungu sem þeir hafa

¹ Um þessi ummæli, sjá Pál Valsson (2006).

² Síðan þessi fyrirlestur var fluttur í júní 2007 hefur aftur færst mikið líf í umræðuna um stöðu íslenskunnar. Haustið 2007 hélt íslenskur bankastjóri því fram að nauðsynlegt væri að gera ensku að vinnumáli í höfuðstöðvum íslenskra fjármálafyrirtækja og alþingismaður stakk upp á því að íslensk stjórnýsla yrði tvítýngd. Hvor tveggja ummælin vöktu mikil viðbrögð, sjá t.d. <http://morgunbladid.blog.is/blog/morgunbladid/entry/314773/> og <http://www.visir.is/article/20070928/SKODANIR03/109280166>.

fengið í arf frá forfeðrunum. Efling snýst hins vegar einkum um að laga málið að nýjum tímum, t.d. með því að búa til ný orð eftir þörfum. Margir halda að íslensk málstefna sé undirritað skjal, en svo er ekki; það er ekki einu sinni nefnt í stjórnarskránni að íslenska sé opinbert mál.³

Um gildi þessarar málstefnu hafa þeir sem um málið hafa fjallað verið sammála í stórum dráttum – þótt sumir séu vissulega íhaldssamari en aðrir eins og gengur. Flestum þeim sem á undanförunum árum og áratugum hafa tjáð sig um íslenska málstefnu má gróflega skipta í tvo hópa; þá sem vilja sem allra minnstar breytingar á málkerfinu og þá sem vilja leyfa tungumálinu að hafa sinn gang að einhverju leyti.

En þótt þeir sem hér hefur verið sagt frá séu sammála um margt er til fólki sem er á allt annarri skoðun. Fyrir rúmu ári hélt Ólöf Gerður Sigfúsdóttir (2006) fyrirlestur sem vakti töluverða athygli. Hún sagði meðal annars:

Ég hef akkúrat engar áhyggjur af því að í þessu landi verði íslenskt beygingarkerfi liðið undir lok og sú íslenska sem við tölum í dag verði ekki í munni manna eftir 100 ár. Þvert á móti held ég að slíkt væri mikil mildi, bæði vegna innflytjenda í landinu og okkar sjálfra því við þjáumst of mikið af hræðslu við að tala „rangt mál“. Það gæti þess vegna orðið hin mesta blessun ef hér yrði töluð einhverskonar pidginíslenska, með blönduðum orðaforða íslensku og ensku ...

Þótt áður hafi verið varað við fyrirbærinu **málótti** (þ.e. hræðsla við að tala rangt mál), sbr. t.d. Gísli Pálsson (1979 og 1981), og komið hafi fram efasemdir um að málstefnan og fjölmennning eigi samleið, sbr. Hallfríði Þórarinsdóttur (2001), er óvíst að annars staðar hafi komið fram opinberlega jafn hörð afstaða gegn íslenskunni á síðari árum og hjá Ólöfu Gerði. Þess má geta að Ólöf, Gísli og Hallfríður eru öll mannfræðingar.

En hvaða skoðun hefur almenningur? Því er oft haldið fram að tengsl máls og þjóðernis séu mjög sterk á Íslandi og tungumálið sé rækilega bundið sjálfsmynd Íslendinga. Tungumálið hafi í raun tvenns konar hlutverk – það sé bæði samskiptatæki og tákn sjálfsmyndar þeirra. Niðurstöður norrænnar könnunar sem Gallup gerði á Íslandi árið 2002 þurfa því ekki að koma á óvart. Þar kom fram að íslenskir viðmælendur virðast enn taka

3 Þetta á væntanlega eftir að breytast innan tíðar. Íslensk málnefnd vinnur nú að gerð fyrstu heildstæðu íslensku málstefnunnar, en sú vinna hófst snemma árs 2007. Samkvæmt lögum frá 2006 er eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Í fyrstu ályktun nefndarinnar (5. nóvember 2007) er lögð áhersla á að lagaleg staða íslenskunnar verði tryggð.

undir hefðbundið gildismat – það virðist ekki hafa orðið róttæk breyting á „málræktarloftslaginu“ (sjá Kristján Árnason 2005:113).

En þótt flestir líti málstefnuna jákvæðum augum eru þó alltaf einhverjir sem finnst hún jaðra við forræðishyggu og telja að hver eigi að fá að syngja með sínu nefi. Mannfræðingarnir sem hafa gagnrýnt málstefnuna eru örugglega ekki einir um sínar skoðanir. Slík viðhorf þekkja líka margir sem eiga börn og unglinga og þetta þekkja líka þeir sem hafa það að atvinnu að kenna útlendingum íslensku. Margir útlendingar furða sig á íslenskri málstefnu og finnst hún þjóðrembuleg. Og það er ekkert skrítið að t.d. Þjóðverjar hafi fordóma gagnvart henni; í Þýskalandi féll hreintungustefna í ónád eftir síðari heimsstyrjöld vegna sögulegra tengsla hennar við þjóðernisstefnu – jafnvel þótt nasistar sjálfir hefðu engan áhuga á málhreinsun (sjá Ammon 2004:136).

Breytt staða málsins

Því verður þó ekki á móti mælt að staða tungunnar í þjóðfélaginu er nokkuð önnur en hún var fyrir ekki svo óskaplega löngu. Í mörgum íslenskum fyrirtækjum sem eiga viðskipti við útlönd hefur enska meira vægi en íslenska. Í háskólum landsins er sífellt kennt meira á ensku. Nýjustu fréttir herma að í Kennaraháskóla Íslands eigi að minnka skyldunám kennaranema í íslensku úr tólf einingum í tvær. Á rektor Kennaraháskólans var svo að skilja að kennaraefnin væru með stúdentspróf í íslensku – það ætti að duga. Í því samhengi er vert að nefna að íslenskukennsla í framhaldsskólum hefur verið skert um þriðjung á innan við áratug.

Fyrir ekki svo mörgum árum þótti sjálfsagt að íslenska titla erlendra kvikmynda í bíóhúsum. Það er ekki lengur gert. Eina sjónvarpsstöðin sem íslenskar alltaf heiti erlends efnis er sú ríkisrekna, á einkastöðvunum heyrir slíkt til undantekninga. Erlendu efni sem sjónvarpað er beint hefur hingað til fylgt íslenskt tal til skýringar nema í undantekningartilvikum (fréttir, fréttatengt efni, söngtextar). Árið 2005 var lagt fram á Alþingi frumvarp um að íþróttaviðburðir sendir út beint yrðu undanþegnir íslenskum lýsingum. Hefði það orðið að lögum hefði mátt búast við því að erlent efni án íslensks tals margfaldaðist að umfangi á íslenskum sjónvarpsstöðvum.

Útlendingum sem sest hafa að á Íslandi hefur fjölgað mjög hratt á stuttum tíma og voru þeir í desember 2006 6% þjóðarinnar, eða rúm 18.000. Hlutfall þeirra var 3,1% í desember árið 2000 (sjá <http://www.hagstofa.is>). Þar með hefur þeim landsmönnum skyndilega snarfjölgað sem eiga annað móðurmál en íslensku. Margir hafa vissulega náð þrýðilegum tókum á íslensku, en

framboð á íslenskukennslu annar hvergi nærri eftirspurninni. Afleiðingin er meðal annars sú að það er ekki sjálfgefið að hægt sé að panta mat á íslensku á íslensku veitingahúsi, en allmargt starfsfólk á veitingahúsum er erlent.

Eigum við að breyta um stefnu?

Begar miklar breytingar verða vakna gjarna spurningar. Hafa aðstæður breyst svo mjög að endurskoða þurfi málstefnuna? Er hún kannski úrelt?

Begar málstefnuna ber á göma virðast rökin fyrir henni oft snúast um þjóðerni ('við erum ekki Íslendingar nema við tölum íslensku'). Þetta gegndi vitaskuld meginhlutverki í sjálfstæðisbaráttunni, en á kannski síður upp á pallborðið nú á allra síðustu árum. En rökin hafa ekki síður snúist um nauðsyn þess að viðhalda samhenginu við forn málið. Miklu máli virðist skipta „að hin einstaka samfella í hinu ritaða máli rofni ekki“, eins og það hefur verið orðað (sbr. t.d. Ara Pál Kristinsson 1998:11). Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) segir til dæmis: „Móðurmál okkar og bókmenntaarfur tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð. Því ber að leggja áherslu á málrækt...“. Þessi rök kunna að nægja sumum. En ýmsum þykir þessi „fornleifahugsun“ áreiðanlega fremur léttvæg, og sjá aðra og betri kosti við gjörbreytt tungumál – frelsi undan málóttanum og áþján málfræðilegra boða og banna. Það á vafalaust ekki síst við um þá sem telja að málstefnan sé „táknrænt ofbeldi“ og í raun tæki ráðandi stétta til að vernda og tryggja samfélagsstöðu sína og halda jafnframt öðrum í skefjum (sbr. Hallfríði Þórarinsdóttur 2001).

Það er samt ýmislegt annað en samhengið við fortíðina sem mælir með óbreyttri málstefnu. Hér verða rædd nokkur atriði sem oft fer minna fyrir þegar menn karpa um gildi málstefnunnar, en skipta að okkar mati ekki minna máli en að geta lesið fornritin. Flest af þessu hefur vissulega verið sagt áður. En hér er ekki ætlunin að bjóða upp á neinn nýjan sannleik, heldur safna saman nokkrum atriðum sem sum njóta kannski fremur lítillar athygli – a.m.k. hafa þessi atriði ekki náð eyrum þeirra sem tala gegn málstefnunni. Sumt snertir varðveislupátt málstefnunnar, annað eflingarþáttinn.

Vandvirkni

Það er margoft sem fólk vandar sig við án þess að það sé bráðnauðsynlegt. Það sýnir öðrum kurteisi, greiðir sér og þvær, fer eftir umferðarreglunum, leitast við að slá sem fæstar feilnótur á píanó og reynir að tileinka sér framburðarreglur erlendra mála, svo að nokkur dæmi séu tekin. Auðvitað leggja menn mismikla áherslu á slíkt og auðvitað hefur fólk mismunandi

hæfileika. En ef menn vanda sig við atriði eins og þau sem hér voru nefnd, af hverju ættu þeir þá ekki að vanda sig við að tala móðurmálið? Af hverju ættum við að brýna vandvirkni fyrir börnum á öllum mögulegum sviðum, en halda því fram að slíkt skipti ekki máli þegar kemur að móðurmálinu?

Tungumálið er vissulega fyrst og fremst tjáskiptatæki. En það þýðir samt ekki að engu máli skipti hvernig það tæki er og hvernig það er notað. Góð verkfæri eru eftirsóknarverð sem og góð verkkunnátta og það sama hlýtur að gilda um málið sem samskiptatæki. Því betra vald sem við höfum á þessu tæki, þeim mun betur nýtist það.

Jafnrétti

Flestir eru sammála um að verðmæti felist í því að tala og rita gott og blæbrigðaríkt mál. Sá sem hefur gott vald á tungumálinu er að líkindum mun betur settur en sá sem hefur það ekki. Að segja öllum börnum til um hvað telst gott hlýtur þá að vera spurning um jafnrétti. Ef Íslendingar hyrfu frá þeirri málstefnu sem haldið hefur verið á lofti og móðurmálinu væri minna sinnt í skólum væri alls ekki verið að jafna aðstöðu manna. Hætt er við því að þeir sem aldir eru upp við að vanda mál sitt mynduðu málfarslega yfirstétt, hinir yrðu undir. Íslenskt þjóðfélag hefur verið blessunarlega stéttlítið, málfarslega séð. Flestum væri vísast eftirsjón að því.

En hvernig skyldi málrækt vera sinnt í skólum? Sigurður Konráðsson (2004), prófessor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands, skoðaði fyrir nokkrum árum íslenskunámsefni grunnskólabarna, námskrár og samræmd próf í íslensku. Hann segir að í þeim kennslubókum sem notaðar eru í grunnskóla sé mjög **lítið** um málfarsleiðbeiningar og höfundar þeirra forðist að nefna rétt mál og rangt; það litla sem sé nefnt sé þágufallssýki og beyging nokkurra nafnorða. Um ýmis málfarsatriði er þó spurt á samræmdum prófum. Þar sem áherslan á slíkt er lítil í kennslubókunum hlýtur að vera nokkuð tilviljun háð hvort börn læra þessi atriði yfirleitt. Sum hafa auðvitað kennara sem leggja á þetta áherslu. Önnur lesa mikið og læra þetta af bókum. Og enn önnur geta hallað sér að foreldrum sem geta frætt þau. En hluti barna hefur ekkert af þessu. Það má því velta fyrir sér hvort það er ekki réttlætismál að allir hafi jafnan aðgang að upplýsingunum.

Bent hefur verið á að það að smíða íslensk nýyrði sé mun lýðræðislegra en að taka orðin beint upp úr erlendum málum (sjá t.d. Sigurð Kristinsson 2001 og Pétur Gunnarsson 2006). Þannig segi orðið *epistemología* óinnvígðum líklega ekki mikið, en sé þetta þýtt með *þekkingarfræði* megi a.m.k. ímynda sér um hvað verið sé að tala. Sama sé að segja um orðið *geðlæknisfræði*. Það orð

skilji allir sem á annað borð skilja orðin *geð*, *læknir* og *fræði*. Erlenda orðið *psýchiatry* skilji aðeins þeir sem fróðari eru.

Sköpunin

Fyrir nokkrum misserum kom til Íslands kunnur málfræðingur, David Crystal, og mun hafa gagnrýnt í fyrirlestri hreintungustefnu Íslendinga.⁴ Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur ritaði í tilefni af þessu blaðagrein, en hann taldi gagnrýnina á misskilningi byggða. Þungamiðja greinarinnar hljómar svo, örlítið styt (Guðmundur Andri Thorsson 2005):

Maðurinn frá Wales virtist standa í þeirri trú að hér væri rekin einstrengingsleg hreintungustefna þar sem orðum eins og „ókei“ og „frík“ og „brúka“ sé úthýst jafnharðan af þungbúnum orðatollvörðum. Ekki er alveg ljóst hvaðan honum kemur sú víska því í málinu er urmull erlendra tökuorða en vera kann að honum hafi vaxið í augum sá gamli siður Íslendinga að smíða nýyrði sér til skemmtunar. Í sjálfu sér er ekki auðvelt að útskýra hvers vegna skemmtilegt er að eiga orðið „síma“ um „telefon“ og hvers vegna mér þykir „rafmagn“ fegurra en „elektrísítet“... og hvers vegna auðveldara er að skilja fyrirbærið „blöndung“ en „karborator“. Við verðum að láta okkur nægja að nefna að íslensku orðin hafa orðið til við umhugsun og þar með löngun til að brjóta fyrirbærið til mergjar. Það er nokkurs virði.

Orðin gefa okkur vald yfir fyrirbærunum. Með nýyrðasmíðinni tekurðu eitthvað ankannalegt og fjarlægt og tekur það sundur, kryfur það — nefnir það.... í nafninu felst mátturinn. Með nýyrðasmíðinni hætta hinn afskekkti dalamaður að vera utanveltu þiggjandi í veröldinni og skapar sjálfur eðli fyrirbæranna því að í nafninu felst eðlið. Þetta snýst um sjálfsvitund. Þetta snýst um tilfinningu fyrir sínu eigin framlagi í lífi sínu. Í nafninu felst galdurinn. Löngunin til að skapa í stað þess að þiggja, starfa þegar maður gæti allt eins hím, nefna en ekki bara japla...

Það er auðvelt að vera sammála Guðmundi Andra og í raun er merkilegt að nýyrðasmíðin hafi ekki verið „markaðssett“ meira á þessum nótum.⁵ Sumir standa í þeirri trú að eini tilgangur nýyrðasmíði sé einhvers konar hreinsunarstarf (sem sé óþarft og tímafrekt) og það á kannski ekki síst við

4 Fyrirlesturinn var fluttur á ráðstefnunni *Dialogue of Cultures* sem haldin var til heiðurs Vigdísí Finnbogadóttur 14.–15. apríl 2005.

5 Svipaða skoðun og hjá Guðmundi Andra er reyndar að finna hjá Ástráði Eysteinsyni (1998) og Sigurði Kristinssyni (2001).

um útlendinga sem til landsins koma. Grein Guðmundar Andra hefur verið lögð fyrir nemendur í íslensku fyrir útlendinga við Háskóla Íslands og sumir þeirra hafa kúvent í afstöðu sinni til nýyrðasmíði – þeir líta ekki lengur á hana sem hindrun á leið sinni við að ná tókum á íslenskunni heldur tækifæri til að skapa.

Gamansemin

Allir vita að húmor er einstaklingsbundinn – það sem einum þykir fyndið finnst öðrum ófyndið með öllu. Samt sem áður er því oft haldið fram að hin og þessi þjóðin aðhyllist ákveðna tegund gamansemi. Samanburðarrannsóknir á skopskyni þjóða eru örugglega erfiðar og kannski til lítils gagns, enda húmor síbreytilegt fyrirbæri, en það getur þó verið gaman að leiða hugann að þessu.

Stundum er haft á orði að íslensk menning sé málmiðuð. Í ljósi þess má velja því fyrir sér hvort gamansemi Íslendinga sé ekki líka umfram allt málmiðuð. Eitt og annað gæti bent til þess þótt engar séu til mælingarnar. Fyrir nokkru barst manna á milli tölvupóstur með brandara sem gekk út á tvíræðni nokkurra íslenskra mannanafna. Brandarar ganga auðvitað oft á milli á netinu. En líklega hafa fá íslensk tölvubréf farið á annað eins flakk og þetta; greinarhöfundar fengu brandarann sendan að minnsta kosti tíu sinnum og ekki alltaf í nákvæmlega sömu útgáfunni því að margir fundu hjá sér þörf til að bæta við hann.

Náskyld dálæti Íslendinga á orðaleikjum er auðvitað ást margra á ferkeytlunni og vísubotnum, sem virðist síður en svo á undanhaldi. Undanfarin misseri hefur verið vikulega í Ríkisútvarpinu þátturinn *Orð skulu standa*, en sá þáttur snýst einkum um merkingu sjaldgæfra orða, orðaleiki og svo það að botna vísur. Þátturinn nýtur sívaxandi vinsælda og vísubotnar sem hlustendur senda þættinum birtast í föstum dálki í Morgunblaðinu.

Í tilvitnuninni hér að framan nefnir Guðmundur Andri skemmtun – að það sé gamall siður á Íslandi að smíða nýyrði sér til skemmtunar. Að búa til nýyrði rímar ágætlega við þá gamansemi Íslendinga sem hér hefur verið lýst, enda er sumt á nýyrðasviðinu hreinræktaðir orðaleikir. Sem eitt af fjölmörgum dæmum um það má nefna nýja merkingu orðsins *uppistand*. Það merkti áður 'uppnám, deila, sundurlyndi' en nú hefur bæst við ný merking, það er einnig notað sem þýðing á 'stand up comedy'. Báðar merkingarnar eru gefnar í nýjustu útgáfu *Íslenskrar orðabókar* (2002).

Eins og nefnt var hér að framan er það stundum gagnrýnt að Íslendingar skuli eyða tíma og orku í að búa til nýyrði. Gagnrýnin er að einhverju leyti á

misskilningi byggð, eins og Guðmundur Andri benti á, því að oft berst engin ósk eða krafa „að ofan“ um að finna skuli nýtt orð: mörgum Íslendingum finnst þetta einfaldlega gaman. Og það er ljóst að áhugi á nýyrðasmíði er ekki bundinn við lítinn og lokaðan hóp málfræðinga. *Spilastokkur*, *glymskratti*, *lagasvampur*, *tónhlaða* eru allt nýlegar tillögur að íslensku orði yfir i-pod (og önnur sambærileg tæki) og upphafsmenn þessara tillagna eru eftir því sem næst verður komist tveir blaðamenn, grunnskólanemi og stjórnmalamaður.⁶

„Misheppnuð“ nýyrði, s.s. *ökvi* (‘bensín’), *kraftbendilssýning* (‘power point show’) eru heldur ekki gerð til einskis, því þau vekja ekki síður kátínu. Hið síðarnefnda var reyndar að líkindum sett fram meira í gamni en alvöru.

Hvort það sem hér hefur verið nefnt er góður húmor eða vondur skiptir ekki máli. Meginatriðið er að þetta virðist fólki þykja myndið. Þeir sem telja nýyrðasmíði af hinu illa ættu kannski að hafa það í huga áður en þeir leggja til atlögu við hana.

Eiga íslensk málstefna og breytt samfélag samleið?

En hvernig koma nýju Íslendingarnir inn í þetta? Eins og nefnt var hér að framan hefur því verið haldið fram að íslensk málstefna og svokölluð fjölmenning eigi ekki samleið. Þóra Björk Hjartardóttir (2004) kveðst ósammála því í grein þar sem hún fjallar um íslensku í breyttu málumhverfi. Hún segir mestu máli skipta að við sýnum umburðarlyndi gagnvart íslensku sem vísar frá hinum venjubundna staðli. Undir þetta er sjálfsagt að taka.

En er víst að Íslendingar séu neikvæðir gagnvart íslensku sem töluð er með hreim eða beygingarvillum þeirra sem hafa íslensku ekki að móðurmáli? Við — sem vinnum báðar við að kenna útlendingum íslensku — höfum þá tilfinningu að svo sé ekki, okkur finnst Íslendingar einmitt duglegir að hrósa útlendingum fyrir þá viðleitni að læra málið, og þetta á ekki eingöngu við um útlendinga sem tala nánast „lýtalausa“ íslensku, eins og það er kallað. Við höfum enga trú á því að nokkur geri í fullri alvöru sömu tungumálakröfur til útlendinga og innfæddra. Það vita allir að þeir sem byrja að læra mál á fullorðinsaldri ná sjaldan sömu tókum á því og þeir sem læra það á barnsaldri.

Vandamálið í sambandi við tungumálasamskipti Íslendinga og aðfluttra er miklu heldur fólgið í því að Íslendingar tala alltof mikla ensku — líka þegar útlendingurinn reynir að tala íslensku (sbr. Guðrúnu Theodórsdóttur 2006). Þetta hafa sumir túlkað sem fordóma; að Íslendingar nenni ekki að hlusta á „slæma“ íslensku. Það teljum við að sé misskilningur. Ætla má að til

6 Fram hafa komið a.m.k. tíu aðrar frumlegar tillögur, s.s. *tónsarpur*, *tónrantur*, *lagkaka*, *rokkstokkur* og *tónbelgur*.

Íslands hafi frá aldamótum komið um 300.000-400.000 ferðamenn árlega (sbr. www.ferdamalastofa.is), þ.e. álíka margir eða fleiri en Íslendingar eru. Ferðamenn eru því margfalt fleiri en þeir útlendingar sem eru búsettir á landinu og kunna eitthvað í íslensku. Þegar starfsfólk í verslun og þjónustu ávarpar mann með útlent yfirbragð á ensku þá er það bara eðlilegt. Líkurnar á að hann sé ferðamaður eru talsvert miklar.

Í sumum tilvikum vita Íslendingar ósköp vel að útlendingurinn er ekki ferðamaður. Samt er töluð enska. Þetta þarf þó ekki að túlka sem neikvæða afstöðu. Þetta getur alveg eins verið hugsunarleysi – Íslendingnum er kannski efst í huga að leysa erindið farsælega og hann hugsar ekki út í að það er greiði við útlendinginn að tala við hann íslensku. Svona misskilning ætti að vera mjög auðvelt að leiðrétta með aukinni fræðslu og umræðu.

Íslenska er samskiptamál okkar á öllum sviðum, við tjáum okkur betur á íslensku en ensku og skiljum hana betur. Að nýir sambýlingar okkar læri þetta mál í stað þess að tala ensku, sem aðeins hluti innflytjenda hefur að móðurmáli, er spurning um jafnrétti. Með því að tala við þá íslensku og bjóða upp á næga kennslu í málinu færum við þeim þann lykil að samfélaginu sem nauðsynlegur er. Auðvitað verður fullu jafnrétti seint náð, aðfluttur ná í fæstum tilvikum sömu færni og innfæddir og lítið við því að gera. En þetta er þó langtum betri lausn en að nota ensku í stað íslensku. Málóttinn sem minnst var á hér að framan hyrfi varla við það — hann myndi líklega bara færast til.

Niðurlag

Hér hefur verið rætt um íslenska málstefnu og viðhorf til hennar. Svo virðist sem menn séu ekki eins sammála um gildi hennar og áður og á hana hefur verið deilt harkalega. Staða málsins er líka önnur en hún var. Enska sækir á, ekki síst í viðskiptalífinu, dregið hefur úr íslenskukennslu og menn eru misbjartsýnir á framtíð tungunnar.

Hér voru einnig rædd ýmis atriði sem líta má á sem rök fyrir því að fylgja áfram hefðbundinni málstefnu. Ef meiri áhersla væri lögð á slík atriði er hugsanlegt að afstaða einhverra til íslenskrar málstefnu yrði jákvæðari, sem kannski er ekki vanþörf á.

Í lokin var rætt að breytt samsetning þjóðarinnar þurfi ekki að þýða að málstefnan eigi ekki lengur við. Ef við leggjum áfram rækt við málstefnuna, kynnum hana á jákvæðan hátt og sýnum umburðarlyndi, bæði útlendingum og innfæddum, þurfum við sennilega ekki að óttast að tungumálið deyi út á næstu 100 árum.

HEIMILDIR

- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Ammon, Ulrich. 2004. Language and national identity — with an outlook on language mixing and linguistic purism. Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson (ritstj.): *Málstefna, Language Planning*, bls. 125–140. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Ástráður Eysteinnsson. 1998. Þýðingar, menntun og orðabúskapur. *Málfrægnir* 15:9–16.
- Gísli Pálsson. 1979. Vont mál og vond málfræði. *Skírnir* 153:175–201.
- Gísli Pálsson. 1981. Að hugsa um íslensku. *Skíma* 4(1):3–10.
- Guðmundur Andri Thorsson. 2005. Nýyrðasmíðin er hvítigaldur. *Fréttablaðið*. 25. apríl.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2006. Íslenska fyrir útlendinga á Íslandi. *Morgunblaðið*. 5. desember.
- Hallfríður Þórarinsdóttir. 2001. Trúin á hreinleikann og fjölmenningarlegt lýðræði. *Lesbók Morgunblaðsins*. 28. apríl.
- Kristján Árnason. 2005. Íslenska og enska: Vísir að greiningu á málvistkerfi. *Ritið* 5(2):99–140.
- Ólóf Gerður Sigfúsdóttir. 2006. Menningararfur í einskismannslandi, fyrirlestur fluttur 16. febrúar 2006. Kistugrein nr. 4484, <http://www.akademia.is/?s=menningararfurieinsk>.
- Páll Valsson. 2006. Um framtíð málsins – að gefnu tilefni. *Morgunblaðið*. 1. febrúar.
- Pétur Gunnarsson. 2006. Staða málsins. *Lesbók Morgunblaðsins*. 21. janúar.
- Sigurður Konráðsson. 2004. Málrækt í skóla. Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson (ritstj.): *Málstefna, Language Planning*, bls. 83–95. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Sigurður Kristinsson. 2001. Alþjóðleg fræði á íslensku? *Skírnir* 175:180–194.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2004. Íslenska í breyttu málumhverfi. Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson (ritstj.): *Málstefna, Language Planning*, bls. 113–121. Íslensk málnefnd. Reykjavík.

SUMMARY

For some time now Icelandic language policy has attracted considerable interest. It is based mainly on two features: the first concerns the preservation of the grammatical system of the language, and the second, Icelandic neologisms for new concepts and ideas. The value of this policy has hardly been contested in the past, although there has always been some disagreement as to details. Recently, however, it has come under severe criticism.

The status of Icelandic has changed. English is becoming more important, at least as far as commerce is concerned. In schools fewer lessons are devoted to Icelandic. The influx of foreigners speaking various languages is considerable.

It is a matter of opinion whether Icelandic language policy is becoming obsolete. This essay examines several aspects of this problem, some of which have rarely been discussed, and explores the possibility of survival for Icelandic language policy in a changing society.

ÁRNI DAHL

Málspurningar í Føroyum

á reki millum tvær lógargreinir

Fert tú inn á heimasíðuna: trífalt tví-v.setur.fo og lesur lýsingarnar av staklut-unum, ið tilsamans mynda henda sætta fundin millum næstu grannatjóðir, so eru vánir til, at henda framløgan, „Málstevnur nú“, kann gerast stutt. Eg lesi:

Í hesum árum verður nógv røtt um altjóðagerð og ta ávirkan, sum hon hevur á mál og mentan í Norðurlondum.

Hevur henda støðan ávirkað málpolitikkinn tey seinastu árin?

Eyðsæð er fyrst at svara ja, hugsa vit um málpolitikk í grannalondunum, og so kundi eg sett meg niðuraftur. Hvi? Jú, tí at í Føroyum *ere* eingin málpolitikkur at ávirka.

Men so lætt sleppi eg eyðvitað ikki. Fyrst skal eg siga nøkur heilt fá orð um, í hvønn mun altjóðagerðin tykist hava ávirkað málpolitikkinn í Norðurlondum seinastu árin, og so skal eg hugleiða eitt sindur, nú vit føroyingar hava sett á setning at orða almennan málpolitikk.

Eg nevni hetta lítla íkastið „Málspurningar í Føroyum á reki millum tvær lógargreinir“ og skal venda aftur til høvuðsyvirkirftina seinni.

*

Um tveytúsundáraskiftið skuldi alt kannast og gerast upp. Ein avleiðing vóru allar norðurlendsku kanningarnar málstøðuni viðvíkjandi. Grønendingar vóru fyrstir – teirra kanning var almannakunngjørd longu í 2001, og síðani komu tær rað á rað: „Sprog på spil“ – eitt ílegg til danskan málpolitikk, 2003, „Norsk i hundre“ – eitt ílegg til norskan málpolitikk, 2005, og eisini í 2005 „Bästa språket“, sum er uppskot til svenskan málpolitikk.

Hyggja vit at hesum kanningum undir einum, so er stóri felagsnevnanin – ikki óvæntað – áriníð úr enskum og við tí vandin fyrri økismissi á at kalla

øllum økjum – mest tó á økinum „lestur á lærdum háskúla/ hægri akademisk gransking,“ men málið í stórfyrirøkum er eisini eitt vandamál, sum vekur stúran, og tað ger málið í miðlunum eisini. Svenska frágreiðingin nertur – mest av øllum norðurlendsku kanniðingunum – við spurningin um fleiri tjóðarmál innan somu ríkiseind og við hugtakið „klarspråk“, sum er eitt fólkaræðisligt stavnhald. Sambært hesum skulu myndugleikarnir í øllum samskifti við almenningin málbera seg greitt og skilliga, soleiðis at øll fólk skilja.

Eg nevndi, at vit føroyingar hava ongan almennan málpolitikk. Vit hava onga mállóg – og Harrin havi lov fyri tað – men okkum vantar greiðari ásetingar, nýhugsan og átøk, tá ið kemur til málnevndararbeiði, málið í fjølmiðlunum, í undirvísingarmiðlum, í almennu fyrisitingini, á vinnuøkinum o.s.fr.

Á vári í 2006 setti føroyski landsstýrismaðurin við mentamálum málstevnunevnd við tí aðalsetningi at orða ein almennan málpolitikk. Tað var tingmaður Tjóðveldisflokksins, Tórbjørn Jacobsen, ið bar málið á Løgting sum uppskot til samtyktar. Tað gjørdi hann longu á vári í 2004, men nevndin var ikki fullmannað fyrr enn knøpp tvey ár seinni – í januar 2006. Eg ivist ikki í, at allir áhoyrarar nú sita og grunda um, hví tað tekur so langa tíð – 24 mánaðir – at manna eina nevnd, sum hevur ein greiðan og spennandi arbeiðssetning. Ta grundanina skulu tit eiga í friði fyri mær.

Nevndin fór av álvara til verka 1. august 2006 við løntum skrivara $\frac{3}{4}$ tíð og løntum formanni hálva tíð. Í nevndini eru átta fólk, helvt um helvt konur og kallar.

Ein av høvuðsvansunum hjá nevndini er – halda vit sjálv – at vit ikki hava fingið figgjarligar heimildir at seta í verk vísindaligar kanningar. Vit byggja tí á tað spjadda tilfarið, ið er til á prenti um støðuna hjá føroyskum máli, og tað er ikki nógv, væl at merkja ikki nógv á høgum vísindaligum støði. Umframt byggja vit á frágreiðingar, sum skrivaðar eru frá fundum, ið formaður og skrivari hava havt við fólk, ið sita í lykilsstørvum, innan tey fyra máløkini, vit hava skipað kanniðingina í: 1) undirvísingarøkið, 2) fjølmiðlaðøkið, 3) fyrisitingarøkið og 4) onnur øki.

Vit sita nú og greina hetta tilfarið. Í august 2007 fara vit at skriva álit og sjóða saman sjónarmið nevndarlimanna og skulu handa landsstýrismanninum álitid í seinasta lagi gamlaárskvøld t.e. 31. des. 2007.

Her verður í fyra tóttum stutt sagt frá, hvørji høvuðsvandamálini føroyskum viðvíkjandi tykjast at vera.

1) Undirvísingarlokið

Her tykist ein høvuðsvansi vera, at eingin samskipan er millum høvuðsliðirnar í skipanini: Millum ansingarpartin og skúlabyrjan, millum fólkaskúla og miðnámskúla og millum miðnámskúla og hægri lestur. Og hugsa vit um fólkaskúlan, sakna skúlafólk eisini samskipan millum grunddeild og miðdeild og so aftur millum miðdeild og framhaldsdeild.

Hetta er ein praktiskur partur, sum ikki man vera so trupul at loysa, tí her verður ikki talað um stórar peningaupphæddir. Øðrvísi er, tá ið vit koma til onnur vandamál: Læraraútbúgvingin í móðurmáli verður raðfest ov lágt, og flest teirra, ið undirvísa í miðnámskúla, hava aftan fyri seg 7-8 ár í útlandskum umhvørvi og hava ongan møguleika at eftirútbúgva seg í móðurmálinum, tá ið tey koma heim aftur. Men helsta vandamálið eru undirvísingarmiðlarnir:

Størri dentur eigur at verða lagdur á at gera okkara egna undirvísingartilfar, sum tekur støði í føroyska samfelagnum. Hetta fer at styrkja samleikan og við tí áhugan og virðingina fyri okkara egna máli.

Frá 1959 hava vit havt Skúlabókagrunnin, men hann hevur av játtanartroti so langt frá kunnað næktað tann tørv, sum er á hesum øki. Miðnámskúlanæmingar (t.e. tey 16-18 ára gomlu) hava at kalla einki frálærutilfar á móðurmálinum, og í eini tíð, har broytingarnar eru bráðar, síggja vit, at fremmant frálærutilfar (at kalla bara á donskum) leitar sær longri og longri niður í grundskúlaskipanina eisini.

Vit kunnu staðfesta, at føroyskir politikarar raðfesta onnur øki, t.d. kundi peningurin, sum ætlaður er til triðju tunnilverkætlanina undir havsins botni, figgjað eina trífalding av játtanini til Skúlabókagrunnin fram til 2097.

2) Fjølmiðlaøkið

Økið fevnir um almenna kringvarpið (útvarp og sjónvarp), tvær óalmennar kringvarpsstøðir, sum senda útvarp, tvey í føroyskum høpi stór tíðindabløð og nøkur smærri.

Høvuðsvansin er, at vit ikki hava hóskaði útbúgvingar til kringvarpsfólk/blaðfólk. Tey fáu, sum fáa útbúgving, fáa hana oftast í Danmark, har tey menna seg yrkisliga í einum umhvørvi, har føroyskt mál als ikki ljóðar. Tey, sum ikki hava útbúgving, arbeiða í miðlunum, tí tey hava hug at skriva og miðla – og halda seg hava gávur til tess.

Støðan á hesum týðningarmikla øki er týskil syndarlig: Eingin málslig útbúgving, eingin skipað málslig leiðbeining. Útvarpið er farið at hava sending við ensktmæltum verti, sum hevur viðtal við føroyskar tónleikarar á enskum. Í almenna sjónvarpinum eru tað bara barnasendingar, ið verða tekstaðar.

Alt annað verður sent við donskum teksti. Til stuttleika kann eg nevna, nú fýroyingar og íslendingar halda frændafund, at verður íslendingur spurður um okkurt í sjónvarpi ella útvarpi, verður spurt og svarað á einum máli, sum hann, ið spyr, og hann, ið svarar, halda vera enskt, men eg havi hoyrt bretar siga, at teir skilja ikki hetta málið, og hvat skulu teir gera annað enn smírast at hesum undirbrodliga hugsanarhátti? Hugsu vit um tíðindabløðini, hóska tey – veit eg av royndum – væl sum frálæruilfar í framhaldsskúlum og miðnámskúlum: har ber til at finna vánaligar orðingar og upp í tægur av rættskrivingarvillum.

Á miðlaðkinum eru vituliga áneyðir fyri útbúgvingartilboðum, ókeypiss talgildum orðabókum, rættstavara og aðrari máltænastu.

Eitt týðandi øki, ið enn er ónortið, eru markamótini í teldum og fartelefonom, sum enn bara fáast á donskum ella enskum.

3) Fyrisitingarøkið

Almennu stovnarnir hava ongan orðaðan yvirskipaðan málpolitikk. Teir royna eftir besta førimuni, siga teir, at vanda sær um málið í teimum skrivum, sum send verða út ella lögð á heimasíður. Oftast eru tað starvsfólk við drúgvum royndum og serligum hegni til mál, ið rættlesa og tryggja stovninum, at málið í teimum sendu skrivunum er í lagi.

Stovnarnir siga, at teir høvdu tikið væl ímóti einum yvirskipaðum málpolitikki við málsligum leiðbeiningum í ein ávísan mun, og sum setti fólk í fyrisitingini krav at eftirútbúgva seg í fýroyskum.

Í landsfyrisitingini, har lógarsmíðið fer fram, kann ofta vera spurningur um tíðarneyð. Tá tíðin at leggja uppskot fyri løgtingið nærkast evstamarki, verður sjáldan tíð at rættlesa nógv, eisini tí at tingmálini gerast so nógv.

Í sambandi við at millumtjóða avtalur og sáttmálar verða sett í verk, verður einki gjørt við at týða teir til fýroyskt mál, áðrenn teir verða lagdir fyri tingið og staðfestir. Sett verður upp ein stutt orðing, har boðað verður frá, at ríkislógartilmæli verður sett í verk sambært hjálagda sáttmála ella rundskrivi – og so kemur skrivið, á donskum ella enskum, við hvørt upp í nakrar 100 síður til longdar. Mett verður ikki, at orka er til at týða slíkt. Spurningurin er so, hvussu byrgjast kann fyri, at slíkar mannagongdir vinna hevd í framtíðini. Slíkar mannagongdir eru beinleiðis í andsøgn við nýggju kunngerðina um norðurlendskan málpolitikk, sum allir mentamálaráðharrar Norðurlanda skrivaðu undir fyrr í ár. Í henni verður fýroyskt roknað upp í tey mál, sum bæði verða nevnd *fullfíggað* og *samfelagsbær*. *Fullfíggað* merkir í hesum sambandi, at málið verður brúkt og kann verða brúkt á øllum økjum í samfelagnum. *Samfelagsbært* merkir, at tað í einum ávísam

málsamfelag verður brúkt í almennum viðurskiftum t.d. í undirvísingini og lógarverkinum.

Í sambandi við málsligu støðuna á øllum økjum er alneyðugt at styrkja støðuna hjá føroysku Málnevndini. Málnevndin skal við Málstovuni ráðgeva almennum stovnum og almenninginum sum heild í øllum málsligum viðurskiftum. Ein dagførd Málnevnd/Málstova hevði havt sera stóran týðning fyri másliga umhvørvið yvirhøvur.

4) Onnur øki

Tey málnýtsluøkini, vit rópa onnur øki, eru mong og fjølbroytt. Tey fevna um øki, ið eru meira ella minni knýtt at almennu skipanini. Oftast er talan um einstaklingar, feløg, virkir, handlar o.o. sum virka meira og minni leys av almenna lógarkervinum. Hvussu røkka vit best hesum margfeldi av áhugamálum og másligum stílbrigdum í royndunum at fáa flestu og týðningarmestu lutakararnar á hesum øki at vera við?

Í Føroyum eru tær ymsu eindirnar lítlar, og vit skulu fevna um sama tal av økjum, sum nógvar ferðir størri samfeløg enn okkara gera. Hetta kann gera spurningin um at vísa málinum atlit og um málrøkt sum heild til eina eyka byrðu hjá summum.

Umráðandi er í sambandi við hetta fjølbroytta økið at býta tað sundur og raðfesta lutøkini:

- arbeiðsmarknaður
- vinna
- handilslív
- útgávuvirksemi
- skapandi virksemi
- áhugafelagsskapir og ítriv
- kunningartøkni
- teknmál og rættur teirra, ið nýta hetta mál

Ilt er at siga, hvørji størstu málsligu vandamálini eru. Vinnan, handilslívið, kunningartøknin eru tey øki, sum enska málið ávirkar eina mest, og tí er vandin fyri beinleiðis økissmissi uttan iva størstur her.

Nógv av teim tiltøkum, ið her eru nevnd, kosta pening, og tí er ein av setningunum hjá Málstevnunevndini at ætla um kostnað, tá ið tilmæli verða skrivað, og at raðfesta tilmælini.

Í hesum sambandi slepst her í Føroyum ikki undan virðiskjaki, sum má lyftast upp á hægsta politiska stig.

Føroyar eru ríkt samfelag, men tað hevur ikki verið føroysk siðvenja at raðfesta mentan sína – tað, ið íslendingar kalla *menning*. Millum 0,6 og 0,7% av BTÚ, bruttotjóðarúrtøkuni, hava føroyskir politikarar unnað mentanini. Í framkomnum londum táttar talið í 3% – t.e. um fyra ferðir so nógv.

*

Samanutikið kundi verið sagt:

Enska árin ið er stórt – beinleiðis og umvegis danskt: í miðlum, í handils- og vinnulívi og ungdómsmentan.

Og danska árin ið er stórt, tí danskt mál er okkum so nær og býður seg fram – umframt í miðlunum – í hvørjari sölubúð, á hvørjum bókasavni, í hvørjum bókhandli, í bíðirúmum hjá hárfriðkarum, læknum og tannlæknum, men ikki minst við sínum væl úr hondum greidda frálærutilfari, sum altíð er tøkt og lokkar, tá ið okkara egna tilfar tykist gamalsligt og lítið dagført.

Altjóðagerðin er her, hana fáa vit einki gjørt við. Vit rópa hana eina hóttan, men kemur hóttanin, tá ið saman um kemur, ikki innan úr okkum sjálvum? Hvørjum einstøkum okkara? Hvat ger hvør einstakur fyri at styrkja okkara egna? Hvat gera ábyrgdarfólk á málnýtslúkjum? Hvat gera politikararnir?

Hvussu ið fer at gangast føroyskum máli í framtíðini er beinleiðis knýtt at, hvussu vit svara hesum spurningum.

*

Loksins skal eg venda aftur til sjálva yvirskriftina, „Málspurningar í Føroyum á reki millum tvær lógargreinir.“

Tað er so sjálvsagt, at ein staðfesting, Málstevnunevndin er komin til, er, at evsta lógargrein málinum viðvíkjandi er 11. grein í Heimastýrislógini, kunn-gjörd 31. mars 1948. Har verður føroyskt nevnt „høvudsmál“, men lagt verður aftrat í lógartekstinum, at danskt skal lærast væl og virðiliga og skal í øllum viðurskiftum kunna verða brúkt á jøvnum føti við føroyskt.

Grundlógarnevnd varð skipað í Føroyum í 1999, seinni varð nevndin um-skipað til Stjórnarskipanarnevnd, sum í 2006 læt frá sær uppskot til Stjórnar-

skipan Føroya. Í hesum uppskoti verður við ongum fyrivarni staðfest, at føroyskt er almenna málið í Føroyum. Hetta uppskotið varð lagt fyri løgtingið nú í vár, men ikki viðgjørt fyri tinglok, og tað er sostatt burturdottið. Møguliga verður tað aftur lagt fyri løgtingið í komandi tingsetu, sum byrjar á ólavssøku. Hvørja lagnu tað fær, vita vit ikki, men eyðsæð er, at avgerðin fer at ávirka føroyskan málpolitikk grundleggjandi.

*

Sydney Norgate æt bretscur hermaður, ið dvaldist í Føroyum eina tíð fyrst í 1940-árunum. Hann loftaði tíðliga hesum tvílyndi føroyinga. *Kanska – or the land of maybe*, nevnr hann bókling, ið útgivin varð í 1943.

Kanska fara vit á flot í morgin.

Kanska sita vit heima.

Kanska verður skipað fyri fundi í annaðkvøld.

Kanska bíða vit til næstu viku.

Kanska átti eg at sagt okkurt.

Kanska átti eg at tagt.

Kanska er eisini høvuðsorðið í einari av ljómfagrastu føroysku yrkingunum, „Kanska um hundrað ár,“ sum meginskaldið Janus Djurhuus (1881-1948) yrkti í 1929. Yrkingin skal helst skiljast sum ein grundan um, hvørt nakar – í hesum føri ein ungmy – minnst verk skaldsins, sum øldir líða.

Men skaldið ber jú málið, so hví ikki lata yrkingina vera eina grundan um, hvørt málið fer at doyggja ella liva? Og av tí at Janus í yrking síni eisini nevnr ein høvuðspersónin í „Laksdøla søgu“, Kjartan Ólavsson úr Hjarðarholtri, kundu vit við hetta høvið hóska endað við teimum báðum móguleikunum:

Kanska um hundrað ár fellir ein ungmy tár
yvir teir frægu, ið fullu í randargný.

ella hin vegin:

lær hon um sólarlag, snípa við kelduvað.
Kanska á dansinátt skipar hon Kjartans tátt.

SUMMARY

In the early spring of 2006 the Faroese Minister of Cultural Affairs nominated a commission, the Language Direction Commission. The main task of this commission is to formulate a recommendation to a Faroese language policy. The commission's work is described emphasizing the influence that the internationalization has already had, and how it will continue to influence the Faroese language.

A conclusion which the commission has arrived at is that the section of the Act – concerning Faroese language – ranking highest is section no.11 in the so called Home Rule notified March 31 in 1948. In this section Faroese is called „main language“, but at the end of it it states that in the Faroes: „you have to learn Danish thoroughly and in all matters it must be possible to use Danish on an equal level with Faroese“.

In 1999 a committee was set up in order to formulate a Faroese Constitution, later the committee's mandate was changed into formulating a new government system. In this proposal it is stated unconditionally that Faroese is the public language of the islands. The proposal has been submitted to the Faroese Representative Council, but it has not as yet been passed.

However, while waiting for an official policy, we can speak of an unofficial language policy created by individuals publicly expressing a keen interest in questions concerning the language.

Er munur á því hvernig Íslendingar og Færeyingar nefna landslag?

1. Inngangur

Höfundur er að hefja samanburðarrannsókn á örnefnum í Færeyjum og á Íslandi. Aðalefni rannsóknarinnar er kerfisbundin samanburður á því hvernig þessar tvær þjóðir, sitjandi á sínum basaltlagastaflanum hvor, gefa nafn þeim landformum sem myndast hafa úr sambærilegum berggrunni og af sömu náttúruöflum og líta þess vegna mjög svipað út. Ekki verður þó hjá því komist að skoða almennan mun á örnefnum í löndunum tveimur. Í fyrirlestrinum voru kynntar fyrstu athuganir og mun hér gerð grein fyrir þeim.

Á Frændafundi árið 1995 voru fluttir tveir fyrirlestrar um örnefni í löndunum. Svavar Sigmundsson (1997) flutti yfirlit um íslensk örnefni og Kristin Magnussen (1997) um örnefni í Færeyjum og örnefnaskráningu í Skúvoy.

Athuganir mannfræðingsins Gaffins (1996) á þýðingu örnefna í færeysku samfélagi benda til allt annarrar stöðu örnefna í færeysku samfélagi en því íslenska. Hann skráði hjá sér 276 örnefni á um 20 km² svæði við Sumba á Suðuroy eingöngu vegna þess að án þessara örnefna taldi hann sig ekki komast inn í hvað var að gerast í samfélaginu. Honum farast svo orð (Gaffin 1996:81): „Only after three or four months did I realize that the study of naming, like the study of a dominant pattern in any society, was a key to penetrating into Faeroese culture.“ Þetta kallar á frekari rannsóknir á færeyskum örnefnum – t.d. hvort nafngiftirnar byggja á einhverjum reglum sem er líklegt ef þau gegna því mikilvæga hlutverki sem Gaffin gefur í skyn.

2. Jarðfræðilegur bakgrunnur

Bæði Færeyjar og Ísland eru að langmestu leyti gerð úr fjölmörgum basalt-hraunlögum sem hlaðist hafa hvert ofan á annað í eldgosum. Mikill munur er þó á aldri Færeyja og Íslands. Bergið í Færeyjum myndaðist í eldgosum á tiltölulega stuttu tímabili fyrir um 55 milljónum ára (Rasmussen 1998) en elsta berg á Íslandi er um það bil 16 milljón ára.

Þrátt fyrir mikinn aldursmun tilheyrja bæði Færeyjar og Ísland sama heita reitnum sem oft er kenndur við Ísland (Hooper 2000). Þessi heiti reitur er ábyrgur fyrir eldgosum á mjög víðáttumiklu svæði sem reyndar hefur aðskilist vegna landreks, en á landi finnast leifar á Norður-Írlandi, Suðureyjum og Grænlandi auk Íslands og Færeyja.

Fyrir um 55 milljónum ára lauk eldgosum á Færeyjasvæðinu og síðan hafa veðrunar- og roföflin verið ein um landmótun þar og orðið vel ágengt

Í sjálfu sér er það merkilegt – og rannsóknarefni – hvers vegna Færeyjar eru yfirleitt ofansjávar ef haft er í huga hvað lengi eyðileggingaröfl náttúrunnar hafa verið að vinna á eyjunum og hvað þeim hefur orðið ágengt með aðra hluta hins elsta Íslands. Færeyjar virðast standa betur gegn veðrun og rofi en sambærilegar jarðmyndanir á Íslandi nú um stundir. Í fyrirlestrinum stakk höfundur upp á því að skýringa á þessu væri að leita í eðli eldvirkinnar í Færeyjum – þar hefði eitthvað verið frábrugðið því sem hefur verið að gerast á Íslandi síðustu 10–20 milljónir ára. Skoðun á ljósmyndum af basaltstaflanum í Færeyjum styður þetta – höfundi fannst áberandi færri berggangar vera í þeim færeyska en þeim íslenska, bæði á ljósmyndunum og skv. eigin athugunum. Skv. athugunum höfundar á Vestfjörðum (Eggert Lárússon 1983) hafa berggangar og aðrar sprungumyndanir gegnt lykilhlutverki við að flýta fyrir rofinu á basaltstaflanum þar.

Ef færri berggangar eru að tiltölu í Færeyjum gefur það til kynna að eldvirknin hafi verið með öðru móti – gosin lengri og hraunin miklu stærri en nú þekkt á Íslandi. Kannski er þetta vísbending um að rekásinn í Atlantshafshryggnum hafi færst á heita reitinn íslenska á millitímabilinu fyrir 20–50 milljónum ára. Meiri þælingar um þetta atriði eiga varla heima í þessu greinarkorni um örnefni.

3. Stakkar – klettur í sjó

Fyrsta rannsóknarspurning höfundar er þessi: Eru ekki mikil líkindi með því hvernig þessar tvær norrænu basaltþjóðir nefna sambærileg landform?

Fyrst var skoðað hvernig þjóðirnar nefna kletta í sjó. Þetta landform er vel afmarkað og nokkuð algengt við strendur um allan heim og uppruninn alls staðar sá sami. Þessir klettur hafa orðið til við brimrof – þeir hafa orðið eftir þegar annað berg rofnaði því þeir virðast gerðir úr harðara efni en umhverfið.

Þessir klettur eru nefndir *stakkar* í Færeyjum, *stacks* á ensku, en hafa ýmis nöfn á íslensku. Fram kom í umræðum eftir fyrirlesturinn að þessi landform

nefndust annað hvort *stakkar* eða *drangar* á færeysku og þá eingöngu ef þeir væru úti í sjó. Þarna virðist vera góð regla á hlutunum.

Flestir Íslendingar þekkja Hvítserk á Húnaflóa þó ekki væri nema af myndum. Í íslensku er ekkert sérstakt heiti yfir þetta fyrirbrigði og ekki virðist heldur gerður greinarmunur á því hvort klettarnir eru umflotnir vatni eða ekki. Flestar „kerlingar“ í örnefnum á Íslandi virðast vera svona klettur í sjó og oftast en ekki tengist þeim kerlingum saga – oft um tröll sem hafa dagað uppi. Slík saga og fræg er reyndar líka til í Færeyjum. Risin og Kellingin eru sjóklettur með sögu – og tengda Íslandi reyndar

Í færeysku eru þessi landform oftast nefnd *stakkar* en einnig *drangar*. Orðið *stakkur* í íslensku þýðir 'klettur eða bjarg, flatt að ofan' skv. *Íslenskri orðabók* (Mörður Árnason 2007). En aðeins hef ég rekist á það orð haft yfir umrædda sjókletta í Vestmannaeyjum, í Stakkabót austan við Sæfjall þar sem eru *Stóri-Stakkur* og *Litli-Stakkur*. Það gæti samt hæglega verið algengara en í fyrstu virðist því fjölbreytni er mikil í nafngiftum á þessu fyrirbæri á íslensku og það virðist vera eina reglan. En höfundur ætlar að halda áfram að kanna hvernig Íslendingar nefna svona sjókletta en það er t.d. gert með því að bera myndir af landinu við örnefnaskrár.

Stakkur, Suðuroy



4. Færeysku tví- og þrírtu örnefnin

Eitt mest áberandi sérkenni færeyskra örnefna er þrírt nöfn eins og *Bólið við Húsið, uppi á Gjáum*. Virðast þau mjög algeng um allt landið. Tvírt nöfn, eins og *við Krógv, í Gjómunum* og *millum Fjarða* eru líka algeng en ekki alveg eins. Þess ber að geta hér að ég fer eftir kortum í mælikvarðanum 1:20.000 í bók sem Guttesen (1996) ritstýrir en þar eru ekki kort af öllum Færeyjum – þær austustu urðu útundan í þeirri bók.

Í örnefnaskrá frá Skálavík á Sandoy (Dalsgaard, án árs) bregður fyrir fjóryrtum örnefnum eins og *Skarðið á norðasta Stiggj* og fimmyrtum örnefnum eins og *Skarðið hjá Bogafylginum á Tvørfelli*. Höfundur er með þessa örnefnaskrá undir frekari rannsókn.

Á Íslandi er langalgengast að örnefni sé aðeins eitt orð, sem nefnist hér einyrt. Reyndar á það sama við í Færeyjum þótt tví- og þrírt nöfn séu miklu algengari þar.

Tvírt örnefni eru nokkur á Íslandi. Þeirra þekktust eru trúlega *Heiðin há* og *Fjallið eina*. Þarna eru nöfn með eftirsettum lýsingarorðum og það þekkest líka í færeyskum örnefnum eins og *Heyggjurin Eini, Fjallið Mikla*. Þetta form þekkest einnig frá Hjaltlandi: *Papa Stour* og *Papa Little*, og dæmi eru til frá Orkneyjum og Noregi og að sjálfsgöðu frá enn öðrum löndum. Athyglisvert er að tvær bækur Halldórs Laxness eru með tvínefni í titlinum, *Undir Helgahnúk* og *Kristnihald undir Jökli*. Þó er ólíklegt að höfundur hafi hugsað þetta sem örnefni – t.d. merkir *undir Jökli* fremur sveitin við Snæfellsjökul þó að sést hafi á Netinu tilvísanir – með korti – í einn stað sem heitir Undir Jökli og þá hefur einhver skilið þetta sem örnefni.

Færeysku þrírtu örnefnin sýnast mér vera tvíþætt. Annars vegar þau sem byrja á forsetningarlið eins og *úti á, uppi á*, og svo hin sem byrja á nafnorði eins og *Hálsin á Rók* eða *Áin í Gunnhildarbotni*. Fyrri flokkurinn virðist vera sérstaklega algengur á Streymoy.

Örfá þrírt örnefni eru þekkt af Íslandi. *Rekavík bak Látur* og *Rekavík bak Höfn* eru báðar á Hornströndum og heita sennilega svo til aðgreiningar. Ekki man ég eftir að hafa séð fleiri slík á þeim kortum sem ég hef séð af Íslandi.

Svavar Sigmundsson (1995), sem hefur gert almennan samanburð á örnefnum landanna, segir mjög margt sameiginlegt með þeim. Þess vegna liggur næst við að spyrgja: Hvers vegna er þessi mikli munur á formi örnefnanna í löndunum tveimur sem að öðru leyti eiga svo margt sameiginlegt?

Að sjálfsgöðu kallar þetta á meiri rannsóknir en mín ágiskun eða tilgáta er að að einhverju leyti, kannski verulegu, sé þessi munur vegna mismunandi skráningaraðferða örnefna í löndunum. Að vísu hef ég ekkert fyrir mér í

Því að munur sé á skráningaraðferðum enda óhægt um vik því eftir því sem ég best veit er þetta órannsakað mál. En miðað við hvernig ég hef heyrt Íslendinga nota örnefni þá kemur þetta vel til greina. Höfundur telur að vísanir eins og *frammi í dal* og *upp á leiti* eða *úti á hrygg* séu mjög algengar. En engum virtist detta í hug að skrá þennan talsmáta sem örnefni. Kannski var þessi talsmáti skráður sem örnefni af einhverjum í Færeyjum, t.d. dönskum kortagerðarmönnum. Í umræðum eftir fyrirlesturinn var því skotið að mér að austur á landi, Jökuldal nánar tiltekið, renni saman 3 ár sem allar heita Rjúkandi. Á milli áнна léku sér krakkar af nálægum bæjum. Það svæði kölluðu þau *Úti á milli áa*. Þetta var örnefnið þeirra, sem þau kannski bjuggu til, en á Íslandi væri held ég óvinnandi vegur að fá þetta heiti skráð sem örnefni því hefðin er engin. Í framhaldi af þessu er freistandi að álykta að sennilega hafa miklu fleiri örnefni verið notuð á Íslandi en þau sem skráð hafa verið – en beinum sönnunum verður eðlilega varla komið við þarna. Mér finnst þó vert að menn sperru eyrun og jafnvel skrái hjá sér ef þeir heyra eitthvað þvílíkt. (Dæmi: heilt hverfi í Reykjavík, Suðurhlíðar, kallaðist alltaf manna í millum *Milli lífs og dauða* – en það „heiti“ deyr út með nýjum kynslóðum ef það er hvergi skráð.)

Ef dregið er saman þá sýnist mér að þrýrt örnefni séu í reynd miklu algengari á Íslandi en lítur út fyrir að vera og að þau fái ekki skráð. Og að sama skapi tel ég að skráningarmenn hafi farið offari þegar þeir voru að skrá sem örnefni lauslegar bendingar Færeyinga.

Meginniðurstaða þessarar könnunarrannsóknar er að á þessum tveimur sviðum sem athuguð voru er mikill munur á því hvernig þessar tvær þjóðir nefna landslag.

HEIMILDIR

- Dalsgaard, P. án árs: *Staðanøvn uttangsarðs i Skálavík og litir á seyði*. Palle Dalsgaard, Tórshavn.
- Eggert Lárusson. 1983. Aspects of the Glacial Geomorphology of the Vestfirðir Peninsula of North-west Iceland with particular reference to the Vestur-Ísafjarðarsýsla Area. Óprentuð Ph.D. ritgerð. University of Durham.
- Gaffin, D. 1996. *In Place. Spatial and Social Order in a Faeroe Islands Community*. Waveland Press. Prospect Heights, Illinois.
- Hoooper, P.R. 2000. Flood Basalt Provinces. Haraldur Sigurðsson (ritstj.): *Encyclopedia of Volcanoes*, bls. 345–359. Academic Press. San Diego.

- Guttesen, Rolf (ritstj.). 1996. *The Faeroe Islands Topographic Atlas*. C.A. Reitzels Forlag, København.
- Magnussen, K. 1997. Staðanøvn í Føroyum. Viðgerð av staðanøvnum í Skúvoy. Turið Sigurðardóttir og Magnús Snædal (ritstj.): *Frændafundur 2. Fyrirlestrar frá færeysk-íslenskri ráðstefnu í Þórshöfn 28.–29. júní 1995*, bls. 22–33. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn.
- Mörður Árnason (ritstj.). 2007. *Íslensk orðabók*. 4. útgáfa. Edda, Reykjavík.
- Rasmussen, Jóannes. 1996. *Føroya jarðfrøði*. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn
- Svavar Sigmundsson. 1997. Íslensk örnefni. Turið Sigurðardóttir og Magnús Snædal (ritstj.): *Frændafundur 2. Fyrirlestrar frá færeysk-íslenskri ráðstefnu í Þórshöfn 28.–29. júní 1995*, bls. 11–19. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn.

Ljósmýnd af Stakki: http://commons.wikimedia.org/wiki/Image:Stakkur_westcoast_suduroy.JPG

SUMMARY

The author has just launched a comparative research project on place names in Iceland and the Faroe Islands. Both countries are built up almost entirely of basalt-type rocks that have been subjected to the same denudation forces. In consequence many landforms have the same appearance. Also, the languages, Icelandic and Faroese, are closely related and share substantially the same vocabulary

The main research interest is the question of how these two „basalt“ nations give names to landforms which have the same genesis. An initial example is a landform known as stack in English and stakkur in Faroese. In the Faroe Islands this landform is mostly called stakkur or drangur, unless it is associated with folk lore as in the name Risin og Kellingin, a giant and a giantess who were turned to stone. Furthermore, this landform is only named so if it stands in the sea. In Iceland on the other hand no rule seems to apply – this landform is called klettur, drangur, stakkur, bjarg and many are called Kerling, associated with giantesses who were turned to stone at the break of dawn. In addition, stacks are found on dry land in many places on raised beaches in Iceland but that does not seem to alter the nature of how they are given names.

The author looked for place names in *Færeyinga saga* (the *Saga of the Faroe Islanders*) which is often regarded as the main source of the early history of the Faroe Islands. However, after finding only twelve place names in this saga the conclusion must be that the value of this saga as a historical source is highly questionable.

One interesting point is that a place name in the Faroes can contain up to five

words, such as Skarðið hjá Bogafylginum á Tvørfelli, and place names of two or three words are common. However, place names of more than one word are very rare in Iceland. The author suggests that this difference can partly be explained by how place names are recorded in the two countries. Icelanders seem very reluctant to acknowledge place names of more than one word and record them in writing, although they may occur orally; one example cited in the article is Úti á milli áa, and many more are bound to exist. The author intends to investigate further this difference in how these nations name their places.

KRISTJÁN ÁRNASON

Hljóðkerfislegur samanburður

á færeysku og íslensku

Nokkrir punktar

1. Inngangur

Frændsemi Íslendinga og Færeyinga byggir ekki síst á tungumáli og menningu. Nærri lætur að þeir séu læsir hvorir á hinna tungu. Hins vegar eru líkindi málanna meiri á blaði en í munni þeirra sem tala. Ég hyggst í þessari grein gera örlítinn samanburð á hljóðafari tungumálanna eins og þau eru töluð á okkar tímum og reyna að draga fram þætti í hljóðkerfum málanna sem kunna að þykja áhugaverðir frá sjónarmiði hljóðfræði og hljóðkerfisfræði sem alþjóðlegra fræðigreina.

Raunar er það svo, að sviðið hljóðfræði og hljóðkerfisfræði er býsna sundurleitt sem fræðasvið, og menn hafa haft þar býsna ólík sjónarmið. „Generatíva byltingin“ sem hófst með skrifum Noams Chomskys á 6.og 7. áratungum og birtist í hljóðkerfisfræði í hinni frægu bók Chomskys og Halles 1968, *The Sound Pattern of English*, hefur haft talsverða tilhneigingu til að éta börnin sín. Þótt segja verði að þessi bók hafi verið mikið afrek og opnað ýmsar leiðir, má velta því fyrir sér hvort sá vöxtur sem hljóp í kenningasmíðarnar í kjölfar hennar hafi orðið fræðunum að öllu leyti til góðs. Í kenningakraðakinu hættir mönnum til að gleyma tungumálunum sjálfum og spinna kenningar um ekki neitt, eða misgóðar heimildir um tungumálin, sem oftast en ekki er fengnar frá öðrum.

Samkvæmt mínum kokkabókum eða hljóðkerfisfræðilegu trúarbrögðum (sem eru svo sem ekkert einstök eða fundin upp af mér) má lýsa hljóðafari tungumálafrá tveimur sjónarmiðum, annars vegar út frá hljóðkerfiseiginleikum *orða* sem eininga í því orðasafni sem við búum yfir, og hins vegar út frá því hvernig orðin eru borin fram í raunverulegum *segðum*. Ég hef notað á íslensku orðið *orðahljóðkerfisfræði* um hljóðgerð orða, en það er þýðing á enska orðinu (*lexical phonology*), en hins vegar talað um *óbundna hljóðkerfisfræði* eða

segðahljóðkerfisfræði þegar kemur að segðunum. Á ensku hafa verið notuð orð eins og *postlexical phonology*, *fast speech rules*, *allegro rules* og fleira. En þetta svið tengist líka þeim þætti málkerfisins sem snýr að tónfalli. Ef ég mætti ráða enskri málnotkun um þetta myndi ég tala um *lexical phonology* og *utterance phonology*. Um færeysk orð er líklega best að segja sem minnst; ég þori varla að nefna orð eins og *orðahljóðfræði* og *røðuljóðfræði*.

2. Málin tvö

Þótt gera megí talsvert úr ólíkindum færeysku og íslensku, er samt enginn vafi á því að þau eru nánustu ættingjar hvort annars, sannkallaðar systurtungur. Þessum skyldleika má lýsa sögulega, þ.e. í anda eins konar ættfræði, en einnig má bera málin saman kontrastívt eins og það hefur verið kallað. Í anda sögulegra málvísinda hefur gjarna verið gert ráð fyrir að íslenska og færeyska eigi sér sameiginlega fortungu, sem kölluð hefur verið forn (vest) norræna, enda gerir t.d. Stefán Karlsson (1993:20) ráð fyrir að málsamfélögin í Færeyjum og á Íslandi hafi verið áþekk á landnámsöld. Það er því eðlilegt að byrja á því að líta á tungumálin í samanburði við hina sameiginlegu fortungu, sem við köllum forníslensku á Íslandi, Norðmenn kalla gammelnorsk og Færeyingar gætu kallað fornfæreysku.

Þegar svona sögulegur samanburður er gerður á hljóðafari tungumála tekur hann langoftast til þess hluta hljóðkerfisins sem ég hef kallað orðahljóðkerfið, en það er í stórum dráttum það sem einu sinni var kallað fónemkerfið. Og fyrir okkur hér hentar oft að ganga út frá stafsetningunni sem gildir fyrir bæði málin, því hún byggir í rauninni á sögulegum grunni um leið og hún leitast að einhverju leyti við að vera fónemísk eins og hljóðastafróf gerir gjarna. Og þegar tungurnar eru bornar saman með þessum hætti sjáum við, að fyrir utan að eiga sameiginlega formóður, hafa þær að mörgu leyti undirgengist svipaðar hljóðbreytingar, þótt „útfærslan“ verði oft ólík.

3. Glefsur um sérhljóðakerfið

Ef við byrjum á sérhljóðakerfinu, þá má greina skyldleika þess íslenska og þess færeyska út frá vestnorræna kerfinu, sem endurgert hefur verið þannig að það hafi haft 9 hljóðgildi, auk tvíhljóða. Raunar er rétt að slá strax þann varnagla, að kerfið eins og því er lýst í (1) er að talsverðu leyti tilbúningur fræðimanna, því ekki hafa varðveist neinar beinar málheimildir þar sem það kemur fram í sinni fullu mynd. En margvísleg rök má færa fyrir því að þessi hljóðgildi hafi öll getað verið til á því málsvæði sem um ræðir á þeim tíma sem við miðum við.

(1)

	Framm. ókr.	Framm. kr..	Uppm. ókr..	Uppm. kr..
Nál.	i/í	y/ý		u/ú
Miðl.	e/é	ø/ó		o/ó
Fjarl.	ę/ę		a/á	q/ó

Öll hljóðgildin gátu verið löng eða stutt, eins sýnt er með broddstöfunum, og var merkingargreinandi munur þar á, eins og Fyrsti málfræðingurinn sýndi fram á með eftirminnilegum hætti. Einnig má gera ráð fyrir að við vissar aðstæður hafi verið fónemískur munur á nefjuðum og ónefjuðum sérhljóðum. (Sjá nánar um þetta allt, t.d. hjá Hreini Benediktssyni 1972.)

Hér er ekki rúm til að rekja í smáatriðum þær breytingar sem orðið hafa á sérhljóðunum frá þessu stigi, annars vegar til nútíma færeysku og hins vegar til nútíma íslensku. En stiklað skal á stóru, og í heild má segja að breytingarnar séu bæði líkar og ólíkar.

Í báðum málunum hefur orðið hljóðdvalarbreyting sem svo hefur verið kölluð á íslensku, en hún fólst í því að upphafleg stutt sérhljóð lengdust í opnum atkvæðum og upphafleg löng sérhljóð styttust í lokuðum atkvæðum. Og þetta hafði það í för með sér að hin reglulega samsvörun langra og stuttra hljóða sem menn hafa sett upp fyrir eldra málið, hefur riðlast, þannig að nú ræðst dreifing langra og stuttra sérhljóða af atkvæðagerðinni og eftirfarandi samhljóðagerð. Segja má að í nútímakerfunum sé það atkvæðagerðin sem stýrir lengd hljóðanna í stað þess sem áður var að sérhljóðalengdin hafi ráðið atkvæðagerðinni og skilgreint muninn milli léttra og þungra atkvæða, sem meðal annars má sjá merki um í fornum kveðskap. Í orðasafnsbundna hljóðkerfi nútímamálanna tveggja gilda svipaðar reglur um dreifingu langra og stuttra sérhljóða. Reglurnar byggist á því að ef sérhljóð er stutt, þá kemur langt samhljóð eða klasi á eftir, og öfugt ef sérhljóð er langt kemur einungis eitt samhljóð á eftir. Raunar er þetta í meginatriðum sama kerfið og í flestum sænskum og norskum mállýskum.

Þessi dreifing langra og stuttra sérhljóða er sýnd með færeyskum dæmum í (2):

(2) A. Einhljóð:

Löng sérhlj.	Stutt sérhlj.
/i/ <i>linur</i> [li:nʊɪ]	<i>lint</i> [lɪnt]
/e/ <i>frekur</i> [fre:kuɪ]	<i>frekt</i> [frɛkt]
/y/ <i>mytisk</i> [my:tɪsk]	<i>mystisk</i> [mɪstɪsk]
/ø/ <i>høgur</i> [hœ:ʊɪ]	<i>høgt</i> [hœkt]
/u/ <i>gulur</i> [gʊlʊɪ]	<i>gult</i> [gʊlt]
/o/ <i>tola</i> [tʰo:la]	<i>toldi</i> [tʰɔldɪ]
/a/ <i>Ja'pan</i> [ja'pam]	<i>kampur</i> [kʰampʊɪ]

B. Tvíhljóð:

/ui/ <i>hvítur</i> [kʰvɪ:tʊɪ]	<i>hvítt</i> [kʰvɪ:tʰt]
/ei/ <i>deyður</i> [ðeɪjʊɪ]	<i>deytt</i> [ðe:tʰt]
/ai/ <i>feitur</i> [fai:tʊɪ]	<i>feitt</i> [fai:tʰt]
/ɔi/ <i>gloyma</i> [gʰlɔɪma]	<i>gloymdi</i> [gʰlɔɪmɔɪ]
/ɛa/ <i>spakur</i> [spea:kuɪ]	<i>spakt</i> [spakt]
/ɔa/ <i>vátur</i> [vɔa:tʊɪ]	<i>vátt</i> [vɔ:tʰt]
/ʰu/ <i>fúlur</i> [fʰu:lʊɪ]	<i>fúlt</i> [fʰʏlt]
/ɔu/ <i>tómur</i> [tʰɔu:mʊɪ]	<i>tómt</i> [tʰœmt]
/au/ <i>navn</i> [nau:n]	<i>klaustrofobi</i> [klaustrəfo'bi]

Hér er gerð tilraun til að sýna dæmi um öll löng og stutt áherslusérhljóð í færeysku, jafnt einhljóð sem tvíhljóð. Um hliðstæða töflu fyrir íslensku má vísa til Kristjáns Árnasonar (2005:139). Nánar verður fjallað um lengdarkerfið og atkvæðagerð í 6. og 7. kafla hér á eftir.

Annað sameiginlegt einkenni sérhljóðakerfanna í málunum tveimur er að þau eru óvenju rík að tvíhljóðum, og hefur færeyska þar reyndar vinninginn, því tvíhljóðin eru þar fleiri en einhljóðin, eins og sjá má í (2). Þessi tvíhljóð nútímamálanna eru af tvennu ef ekki þrennu tagi sögulega séð.

Í fyrsta lagi voru tvíhljóð í vesturnorrænu, sem hafa haldist sem slík (ólíkt því sem gerðist í austurnorrænu málunum, sænsku og dönsku), þótt hljóðgildi þeirra hafi breyst. Hér er um að ræða *au*, að fornu borið fram [au] í orðum eins og *sauður*, *ey*, borið fram [øy] að fornu, í orðum eins og *reyna* og *ei* [ei] í orðum eins og *feitur*.

Í íslensku höfum við nú tvíhljóðið [öi] í *sauður* og [ei] í *reyna* og *feitur*, með öðrum orðum: gamalt [øy] og [ei] hafa fallið saman vegna afkringingar hins fyrra, en gamalt *au* hefur hlaupið í skarðið fyrir gamalt *ey* sem frammælt, kringt tvíhljóð.

Í færeysku hefur orðið eins konar hljóðfærsla í tvíhljóðunum, þ.e. hljóðin hafa öll breytt um hljóðgildi án þess að falla saman. Gamla fjarlæga og kringda tvíhljóðið *au* hefur afkringst og frammælst og er nú [ei], eins og í *deyður* [ðeijur], en gamla nálæga tvíhljóðið *ey* hefur haldið kringingu sinni og er nú [oi] eins og í *gloyma* [glɔi:ma]. Hér hefur fyrri hluti tvíhljóðsins fjarlægst með einhvers konar frálíkingu, þar sem fyrri og seinni hluti tvíhljóðsins hafa orðið ólíakri hvor öðrum. Eins konar frálíking hefur einnig orðið í gömlu *ei*, þannig að það hefur nú gildið [ai] í suðlægum mállyskum, en norðan Kaldbaksfjarðar er það borið fram [ɔi].

En ekki er nóg með að gömul tvíhljóð haldist. Í báðum málum hafa komið fram ný tvíhljóð við það að löng einhljóð tvíhljóðast. Í íslensku gildir þetta um upphafleg miðlæg og fjarlæg sérhljóð. Sem dæmi má taka *æ*, sem í 13. aldar íslensku var frammælt einhljóð sem hafði hljóðgildi á borð við [æ], en var samfallshljóð eldra *ø* og *ê* vegna afkringingar hins fyrr nefnda. Þetta hljóð er táknað er með *æ* í nútímastafsetningu, en hefur tvíhljóðsframburðinn [ai]. Gamalt *á*, sem hafði hljóðgildið [ɔ:] á 13. öld varð [au], og gamalt /ó/ varð [ou]. Þessi þrjú tvíhljóð eru það sem kallað er lokandi í þeim skilningi að síðari hluti þeirra er nálægari en sá fyrri, annars vegar frammælt ókringt [i] (í *æ*) og hins vegar uppmælt kringt [u] (í *á* og *ó*). Þriðja miðlæga hljóðið, /é/, tvíhljóðaðist þannig í íslensku að nálægari hlutinn lenti framan til, þannig að það var opnandi og er nú oft greint sem samband samhljóðs og sérhljóðs: [jɛ].

Í færeysku hafa gömul löng sérhljóð einnig tvíhljóðast, en með öðrum hætti og í meira mæli. Þannig hafa nálægu löngu hljóðin /í/, /ý/ og /ú/ tvíhljóðast, t.d. í orðum eins og *hvítur* [kʰvi:tuɪ], *lýsa* [lɔi:sa] og *fúlur* [fæulur]. Reyndar hafa /ý/ og /í/ fallið saman eins og í íslensku, en athyglisvert er að það gerist með gagnstæðum hætti. Í færeysku kringist gamalt /í/, þannig að niðurstaðan er kringt tvíhljóð. Báðir hlutar þessa nýja tvíhljóðs eru nálægir, en munurinn liggur í kringingunni. Hitt nálæga tvíhljóðið, það í *fúlur*, er alveg kringt, en það sem skilur á milli fyrri og seinni hluta er að sá fyrri er miðmæltur, en sá seinni uppmæltur.

Gamalt *óí* *tómurfær* svipað hljóðgildi í flestum færeyskum nútímamállyskum og í íslensku, þ.e. [ɔu]. Það er reyndar jafnan gert ráð fyrir að fyrri hluti færeyska tvíhljóðsins sé opnari en samsvarandi hluti þess íslenska og raunar er mállyskumunur á framburði þessa hljóðs, eins og vel er þekkt.

Þróun gamalla langra fjarlægra hljóða í færeysku er ekki síður flókin, en meðal þess sem þar gerðist var að gamalt langt *é* eins og í *él* og gamalt *æ* eins og í *ædur* féllu saman, en þessi orð hafa bæði tvíhljóð í nútímamálinu: *æl* [ɛa:l]

'él'; *æða* [ɛa:va] 'æðarfugl'. (Gamalt *ó* hélst kringt í færeysku, ólíkt íslensku, þannig að orð eins og *bærsem* hafa [ai] í nútíma íslensku hafa kringt einhljóð í færeysku: *bður* [bœ:vu:] 'tún'.) Gamalt fjarlægt *á*, þar sem gera má ráð fyrir að í eldri færeysku hafi verið [ɔ] eins og í íslensku, hefur líka tvíhljóðast og orðið [ɔa], eins og í *vátur* og *bátur*.

Það sem einkennir þróun þessara fjarlægu hljóða er að færeyska velur þann kost að þróa opnandi tvíhljóð, þ.e. sem stefna frá tiltölulega nálægum framburði að opnum eða fjarlægum framburði, þ.e. [a]. Þarna er þróun gamals *á* ólík því sem gerðist í íslensku, því þar er nú lokandi tvíhljóð eins og við höfum séð.

En færeyska gekk enn lengra í tvíhljóðun, því við þetta allt bætist að gamalt stutt *a* í orðum eins og *spakur* tvíhljóðaðist í þeim tilvikum sem það hafði lengst í hljóðdvalarbreytingunni. Þetta gerðist í orðum eins og *spakur* [ea], sem í færeysku hefur frammælt ókringt opnandi tvíhljóð, þ.e. sem stefnir að [a] og hefur fallið saman við langar samsvaranir gamals *é* og *æ*. Niðurstaðan verður að færeyskan fær tvö [a]-tvíhljóð, sem hegða sér líkt, til dæmis hvað það varðar að samsvarandi stutt hljóð eru einhljóð, eins og í orðmyndunum *spakt* [a] og *vátt* [ɔ].

Þar sem gamalt *au* eins og í *dauður* hefur afkringst í færeysku, *deyður* [ðɛijʊr], hefur tvíhljóðið [au] horfið úr hefðbundnum orðaforða. En hins vegar hefur málið komið sér upp dæmum um *au* [au] í nýjum tökuorðum eins og *august* [au̯gust], *navn* [nau:n] og *klaustrofobi*.

4. Flokkun tvíhljóða í nútímamálunum

Lýsingin sem hér hefur verið gefin á þróun tvíhljóða í vesturnorrænu sýnir vissulega að málin tvö hafa komið sér upp býsna flóknum kerfum, þar sem ekki var nóg með að gömul tvíhljóð héldust (reynðar með breytingum), heldur bættust ný við. En þótt þetta sé vissulega flókið og málgerðarlega séð nokkuð sérstakt, virðist vera hægt að lýsa kerfum málanna og flokka hljóðin með tiltölulega skýrum hætti eftir því hvernig þau eru saman sett. Í bók minni *Hljóð* (2005) er stungið upp á því að flokka það sem þar eru kölluð hefðbundin íslensk tvíhljóð, þ.e. *á* [au], *æ* [ai], *ó* [ou], *au* [öy] og *ei* [ei], sem öll eru lokandi, í tvennt sem /i/-tvíhljóð og /u/-tvíhljóð, eftir því hvort þau enda á frammættu ókringdu /i/ eða uppmæltu kringdu /u/. Þessi aðferð við að lýsa tvíhljóðum byggist á því að einfalt hljóðgildi tengist aftan við það hljóðgildi sem myndar upphaf tvíhljóðsins. Hljóðfræðingum ber saman um að [i], [u] og [a] séu þau hljóðgildi sem eru eðlilegust eða ómörkuðust, sem t.d. kemur fram í því að þetta eru algengustu hljóðin í tungumálum heimsins. Og það er þá ekki tilviljun að tvíhljóð eins og [ai], og [au] eru vel þekkt í

tungumálum heimsins. En einnig er eðlilegt að hljóðasambönd eins og [ou] og [ei] verði til. Og eins og rökstutt er hjá Kristjáni Árnasyni (2005:146) má gera ráð fyrir að þótt tvíhljóðinu í *dauður* sé rétt lýst þannig hljóðfræðilega að það endi á kringdu [y]-hljóði, eins og venja er að hljóðrita: [œy], þá megi rekja þá kringingu til fyrri hlutans, þannig að líta megi svo á sem tvíhljóðið sé samsett úr /õ/ og /i/ á sama hátt og /ei/ er sett saman úr /e/ og /i/ og /ai/ úr /a/ og /i/. Við þessi hefðbundnu tvíhljóð bætast svo ný tvíhljóð sem koma fram í löngum miðlægum hljóðum, eins og [iɛ] (eða [eɛ]) í *vetur* og [uɔ] (eða [oɔ]) í *koma* og [yö] (eða [øœ]) í *fögur*. Þessi síðarnefndu hljóð eru opnandi í þeim skilningi að þau stefna á /a/, sbr. hér á eftir.

Hægt er að nálgast færeysk tvíhljóð á hliðstæðan hátt, og hér er stungið upp á að skipta þeim, líkt og þeim íslensku, eftir gerð síðara hljóðsins í /i/-tvíhljóð, /u/-tvíhljóð og /a/-tvíhljóð.

Þegar þetta er gert verða færeysk /i/-tvíhljóð þau sem hér eru nefnd:

(3)

/ui/ *hvítur* [kʰvi:tuɪ], /ei/ *deyður* [ðɛi:juɪ] /ai/ *feitur* [fai:tuɪ], /ɔi/ *gloyma* [ɣlɔi:ma]

Eins og í íslensku er þá hægt að segja að /i/-tvíhljóðin fjögur séu samsett úr hljóðgildum sem koma fyrir sem einhljóð í færeysku, þ.e. /u/ eins og í *gulur*, /e/ eins og í *frekur*, og /a/ eins og í *Ja'pan* og /o/ eins og í *tola*.

Með hliðstæðum hætti má gera ráð fyrir að /u/-tvíhljóðin í færeysku séu: /yu/ í *fúlur*, þar sem fyrri hlutinn er /y/, eins og í *mytisk*; /ou/ í *tómur*, þar sem fyrri hlutinn er /o/ og /au/ eins og í *august*, *navn*, þar sem fyrri hlutinn er /a/. Að svo miklu leyti sem hljóðgildi tvíhljóðahlutanna eru ekki fullkomlega eins og samsvarandi einhljóð má gera ráð fyrir að þau lagi sig að aðstæðum. Þannig má gera ráð fyrir að hljóðgildið [ʊ], sem venjulega er gert ráð fyrir í *fúlur* [fʊluɪ] og er miðmælt frekar en frammælt eins og [y], megi rekja til áhrifa frá hinu uppmælda [u] sem kemur á eftir.

Og til viðbótar þessu hefur færeyska komið sér upp opnandi tvíhljóðum sem kalla má /a/-tvíhljóð, þ.e. /ɛa/ eins og í *spakur* og /ɔa/ eins og í *vátur*. Hér kemur þriðja einfalda hljóðgildið við sögu í tvíhljóðum með greinilegri hætti en í íslensku, en það má rekja til þeirrar sögulegu breytingar sem fólst í því að gömul miðlæg eða fjarlæg hljóð *é*, *æ*, og síðar *a* sem hafði lengst þróuðust í frammælt opnandi tvíhljóð, og gamalt kringt *á* gaf samsvarandi uppmælt (og kringt) tvíhljóð.

Hér er ekki rúm til frekari umræna um þessi atriði, og eins og vel er þekkt er mállyskumunur í færeysku, sem ekki verður nánar farið út í.

5. Einhljóðakerfin

Þegar búið er að flokka tvíhljóðin frá með þessum hætti er eftirleikurinn, sá að gera grein fyrir einhljóðakerfunum, tiltölulega einfaldur, bæði hvað varðar íslensku og færeysku. Eftir standa í báðum tilvikum nokkuð „venjuleg“ hljóðkerfi. Þannig má fá mynd af færeyskum löngum einhljóðum með því að setja þau upp eins og gert er í (4):

(4)	framm.		uppm.	
	ókr.	kr.	ókr.	kr.
nál.	[i:]	[y:]		[u:]
miðl.	[e:]	[ø:]		[o:]
fjarl.			[a:]	

Einfalt er að lýsa þessu kerfi með hjálp hljóðþátta sem algengt er að nota í hljóðkerfislýsingu, t.d. kerfi Chomskys og Halles eða frumefnagreiningu eins og þeirri sem notuð er hjá Kristjáni Árnasyni (2005) til að lýsa íslensku og hjá Harris (1994) til að lýsa ensku.


Augljóslega er hér að fleiri atriðum að hyggja og fullkomin greinargerð fyrir færeyska sérhljóðakerfinu er flóknari en svo að það verði reynt hér, og má vísa þeim sem fræðast vilja frekar um þessi mál í handbækur og hina ítarlegu greinargerð Magnúsar Snædal (1986). Einnig má benda hér á rannsókn Jørgens Rischel (1964) á muninum á löngnum og stuttum sérhljóðum í færeysku, þar sem hann kemst að því að allnokkur munur sé að hljóðgildi langra og stuttra einhljóða í pörum eins og *situr.styttri*, þ.e. [i:] og [ɪ] og með hliðstæðum hætti milli langs [e:], sbr. *frekur* og stutts [ɛ] (*frekt*) og langs [u:] í orðum eins og *gulur* og stutts [ʊ] í *gult*. Þetta sýnir að tilhneigingin í þá átt að skilja milli kerfis langra og stuttra hljóða heldur áfram.

Hliðstæðri mynd af íslenskum einhljóðum er brugðið upp í (5), og er hún alþekkt í bókum um íslenska hljóðfræði:

(5)	framm.		uppm.
	ókr.	kr.	ókr.
	[i]		[u]
	[ɪ]	[ʏ]	
	[ɛ]	[ø]	[ɔ]
			[a]


6. Atkvæðagerðin

Eins og fram kom hér að framan hafa bæði málin gengist undir hljóðdvalar-breytingu sem hafði það í för með sér að hin gamla kerfisbundna samsvörun milli langra og stuttra sérhljóða hvarf, en ný tók við. Þessi nýja skipan er þannig að löng sérhljóð eru í opnum atkvæðum, en stutt sérhljóð í lokuðum atkvæðum, sem svo eru kölluð. Þessari atkvæðagerð hefur verið lýst fyrir íslensku með þeim hætti sem sýnt er í (6):



Hér er gert ráð fyrir að atkvæðið skiptist í stofnhluta, fyrst í það sem kallað er stuðull (sem er upphaf atkvæðisins) og rím (þann hluta atkvæðisins sem rímar). Innan rímsins er svo gert ráð fyrir tveimur undirstofnhlutum, annars vegar því sem kallað er kjarni, og hins vegar því sem kallað er hali. Kjarninn er sá hluti atkvæðisins þar sem lengd er skilgreind, og eins og nafnið bendir til er hann eins konar miðpunktur atkvæðisins, og þar birtist áherslan. Kjarnarnir eru af tvennum toga. Annars vegar það sem kallað hafa verið samhljóðakjarnar, en þar fylgir samhljóð strax á eftir sérhljóðinu, og hins vegar eru sérhljóðakjarnar, sem hafa eingöngu sérhljóð. Þegar ísenskt atkvæði fær áherslu, lengist kjarninn þannig að í samhljóðakjörnum lengist samhljóðið, en í sérhljóðakjörnunum er það sérhljóðið sem lengist.

Svo virðist sem greina megi færeyska atkvæðagerð með hliðstæðum hætti, eins og sýnt er í (7) með hliðstæðum færeyskum dæmum:



Í báðum málunum birtist áherslan þannig að kjarninn lengist, og ef um er að ræða sérhljóðakjarna kemur lengingin á sérhljóðið, en þegar um er að ræða samhljóðakjarna kemur lengingin fram í því sem kallað hefur verið hálfhengd í íslensku: *fiskur* [fis'kʏɾ], og svipað gerist í færeysku: þegar áhersla kemur á atkvæði *fiskurinn* [fis'k(u)ɹɪn], *stjórnin* [stjœɽ'nɪn] (sbr. Stefán Karlsson 1993).

7. Samsvörun langra og stuttra kerfa

Oft er litið svo á sem dreifing langra og stuttra sérhljóða í íslensku og færeysku (sbr. Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:30) stýrist af reglu sem lengir (eða stytir) sérhljóð eftir samhljóðaumhverfinu. Og eðlilegt er að gera ráð fyrir að sú dreifing langra og stuttra sérhljóða sem enn gildir í málunum eigi sögulega séð rætur að rekja til slíkra breytinga, annars vegar lengingar gamalla stuttra hljóða og hins vegar styttingar gamalla langra. Það er hins vegar ýmsum vandkvæðum bundið að líta á lengdarreglurnar í nútímamálunum sem einfaldar samsvaranir þessara sögulegu breytinga.

Eins og sjá má, ekki síst af færeysku dæmunum sem sýnd eru í (2), er hljóðgildismunur milli „langra“ og „stuttra“ sérhljóða í færeysku í mörgum tilfellum meiri en svo að hægt sé að greina á milli þeirra með einföldum lengdarmun. Þetta á sérstaklega við um tvíhljóðin, eins og sjá má í (2)B. Þar kemur það t.d. fram að /a/-tvíhljóðin standa einungis í löngu umhverfi; löngu /ea/ í spakur *spakur* [sþækuɹ] samsvarar stutt /a/ í *spakt* [sþakt] og löngu /ɔa/ í *vátur* [vɔa:tʊɹ] samsvarar stutt /a/ í *vátt* [vɔʰt]. Einnig eru stuttar samsvaranir /u/-tvíhljóðanna /œu/ og /ɔu/ býsna ólíkar löngu afbrigðunum, eins og sjá má af beygingardæmum eins og *fúlur* [fæu:lʊɹ] – *fúlt* [fʏlt] og *tómur* [tʰɔu:mʊɹ] – *tómt* [tʰœmt]. Enn fremur er stutt samsvörun /ei/ einhljóðið /ɛ/, eins og kemur fram í beygingardæminu *deyður* [ðejjuɹ] – *deytt* [ðeʰt].

Eins og sjá má af umfjöllun Magnúsar Snædal (1986) eru þessi vensl í færeysku flóknari en svo að eðlilegt sé að reyna að gera grein fyrir þeim með einföldum hljóðreglum sem tengja saman hljóðgildin í opnum og lokuðum atkvæðum í skyldum orðmyndum, þótt það hafi reyndar verið reynt (sbr. t.d. lýsingar Stephens Andersons 1972 og 1974 og Taylors 1973). Það virðist harla langsótt, svo dæmi sé tekið, að setja fram reglur sem tengja uppmælt tvíhljóðið [ɔu] í *tómur* og frammælt einhljóðið [œ] í *tómt*. Ef t.d. er gengið út frá reglu Höskuldar Þráinssonar og félaga (2004) sem segir að hljóð verði [+langt] á undan einu samhljóði, virðist svo sem búa þyrfti til reglu sem breytir löngu frammæltu einhljóði í tvíhljóð sem samanstendur af uppmæltu fjarlægu og kringdu [ɔ] og uppmæltu og nálægu [u]. Þetta virðist býsna langsótt, eins og menn hafa bent á.

Aðstæður í íslensku eru einfaldari að því leyti að hljóðgildismunur langra og stuttra hljóða er minni, þannig að það lætur nærri að eðlilegt sé að segja að í mörgum tilvikum sé [r:] í *litur* lengri gerð af [r] í *listi* o.s.frv. Það er þó ýmislegt sem bendir til þess að þróunin sé í þá átt að aðskilnaður verði milli langa og stutta kerfisins í íslensku sem minnir á það sem hefur gerst í færeysku. Þannig er einhljóðun stuttra tvíhljóða meðal þeirra ferla sem menn hafa veitt athygli í íslenskum nútímaframburði og stundum kennt við óskýrmæli. Hér er um að ræða framburð eins og [hahka] fyrir *hækka*, [østyɾ] fyrir *austur* og [c^hʊtʰ] fyrir *kjóll* (sbr. t.d. Kristján Árnason 2005:422). Einnig er þekkt að löng tvíhljóð eins og *e í letur*, *o í koma* og *ö í sögur* hafa tilhneigingu til að tvíhljóðast: [li:tyɾ], [ku:ma], [søæ:ɣyɾ], sbr. umræðu um tvíhljóð hér að framan. Hér má segja að séu að verða til á sama hátt og í færeysku vísar að opnandi tvíhljóðum, enda þótt hljóðgildin séu önnur; almennt séð virðist íslenska sérhljóðakerfið stefna í þá átt að klofna í tvö aðskilin kerfi, líkt og gerðist fyrr í færeysku.

Þegar kemur að hljóðkerfisgreiningu virðist því koma sterklega til greina að gera ráð fyrir tveimur kerfum sérhljóða, þ.e. kerfi stuttra sérhljóða og kerfi langra sérhljóða, en ekki einu kerfi hljóða sem getur verið stutt eða langt eftir atvikum. Atkvæðagerðin á þá heima á sérstöku sviði, sem táknað er með trjám, líkt og í (6) og (7). Lengdarreglan er þá fólgin í hömlum sem gilda um það hvernig má „hengja“ hljóðin á trén: Einungis stutt sérhljóð geta staðið í samhljóðakjörnum, eða e.t.v. frekar öfugt, þannig að stutt sérhljóð geti ekki myndað kjarna (sem tekið getur við áherslunni) eitt og sér og krefjist þess að með því standi samhljóð.

Niðurstaðan af þessum samanburði sérhljóðkerfanna er sú að hinn sameiginlegi arfur leyni sér auðvitað ekki, og samsvaranir milli tungumálanna eru í hæsta máta reglulegar og hægt að kortleggja þær með hefðbundnum aðferðum í samanburðarmálfræði. Þannig er hægt að „endurgera“ færeyskt /í/ [ui] og íslenskt /í/ [i] í frum-vesturnorrænu /i/ og skýra muninn þannig að tvíhljóðun hafi orðið í færeysku en engin (eða minni) breyting á hljóðgildinu í íslensku. Á sama hátt má rekja færeyskt [œ] og íslenskt [au] til vesturnorræns *á*, sem gera má ráð fyrir að hafi haft hljóðgildið [œ], þ.e. uppmælt, kringt og fjarlægt hljóð. Tvíhljóðin tvö, það færeyska og það íslenska geta talist eðlilegir arftakar „frumhljóðsins“, til komin við tvíhljóðun langs (tíltölulega flókins) sérhljóðs. Hljóðin klofna með ólíkum hætti; í færeysku verður kringingin yfirsterkari í fyrri hluta hljóðsins, og þar sem *a* er hljómmeyra verður tvíhljóðið stígandi; í íslensku færast kringingin yfir á seinna hljóðið, og þar sem *a* er í fyrri hlut hljóðsins verður um að ræða hnígandi tvíhljóð í íslensku.

8. Áhersla og flokkun atkvæða

Af rithætti færeyskra orðmynda eins og *maður*, *kvinna*, *vinir* og *landinum* gæti vist svo sem endingasérhljóð í færeysku séu svipuð og í íslensku, sem hefur hliðstæðar orðmyndir eins og *maður*, *kona*, *vinir*, *landinu*. En langt er frá að hér sé allt með sama hætti í málunum tveimur hvað þetta varðar.

Ég hef haldið því fram (Kristján Árnason 2005:135–139) að í íslensku sé – eða hafi verið þar til kerfin fara að skiljast að eftir löngu og stuttu umhverfi eins og minnst er á hér að framan – einkferi sérhljóða, þ.e. að öll sérhljóð hafi getað staðið jafnt í áhersluatkvæðum og áherslulausum atkvæðum. Þetta er ólíkt fornmálskerfinu, sem fyrir utan að hafa merkingargreinandi mun á löngum og stuttum sérhljóðum í áhersluatkvæðum, hafði sérstakt sérhljóðakerfi fyrir áherslulaus atkvæði. Í elsta máli voru allt að 9 hljóðgildum í áhersluatkvæðum, en í áherslulausum atkvæðum voru sérhljóðin einungis þrjú, þ.e. þau sem svara endingarhljóðunum sem táknuð eru með *i*, *u* og *a* í dæmunum sem nefnd voru áðan.

Meðal þess sem styður þá skoðun að sömu reglur eða takmarkanir hafi gilt í áhersluatkvæðum og áherslulausum atkvæðum í yngri íslensku, er sú sögulega staðreynd að endingarsérhljóðið sem táknað er með *u* er hefur frammælst á sama hátt og áherslusérhljóðið. Með öðrum orðum, fyrra og síðara sérhljóðið í *suður* hafa bæði frammælst; endingarsérhljóðið varð fyrir sams konar breytingu og sérhljóðið í áhersluatkvæðinu. Þetta bendir til þess að um hafi verið að ræða „sama“ hljóðið. Á hliðstæðan hátt virðast sérhljóðin /a/ í *talur* og /i/ í *vinir* hegða sér eins. Til dæmis um þetta er sú tvíhljóðun sem kemur fram í flámæli og lýst er hjá Kristjáni Árnasyni (2005:406–408). Í þeim framburði sem þar er lýst hegða sérhljóðin í fyrra og síðara atkvæði tvíkvæðra orða eins og *suður* sér eins, þannig að þegar bæði atkvæðin fá tiltölulega mikla áherslu verður flámælisframburður þeirra beggja [Yö]: [sYö:ðYö:ɾ], og með sama hætti getur flámælisframburður orðsins *vinir* orðið [vIe:nIe:ɾ], þegar talað er mjög hægt og skýrt. Annað atriði sem ber að sama brunni eru íslenskar nýmyndanir og tökuorð eins og *strætó* [strait^hou], *Diddú* [tut^hu] og *partí* [partⁱ]. Hér höfum við dæmi þess að önnur hljóð en þau gömlu /i/ /u/ og /a/ geta staðið næst á eftir áhersluatkvæði. Einnig má benda á orðmyndir eins og *dodo* og *mömö* til marks um hljóðin [ɔ] og [ö] í endingaratkvæðum.

Í færeysku er staðan allt önnur. Eins og sjá má af hinni miklu rannsókn Björns Hagström (1967) og greinum Eivindar Weyhe (1996) og Otmars Werners (1964), þá er greining áherslulausra sérhljóða í færeysku afar flókið viðfangsefni og rithættinum er ekki treystandi. Eins og Evind Weyhe segir (1996:79), þá er það svo að „enginn í landinum kennir skriftmálsskipanina

[p.e. *maður, kvinna, vinir, landinum*] aftur í sínum talumáli“. Rúmsins vegna er óhugsandi að fjalla hér um þessa hluti með fullnægjandi hætti, enda blandast hér saman hljóðkerfislegir þættir sem tengjast áherslu og hljóðgildum og orðhlutalegir þættir og greining beygingar.

Bæði Björn Hagström (1967) og Jørgen Rischel (1961) flokka færeysk atkvæði í misjafnar gerðir efir áherslustyrk. Hagström talar um fjórar gerðir sem hafa áherslustig á skala frá 0 upp í 3. Þannig hefur sænsku verið lýst, og minnir þetta á greiningu sem áður tíðkaðist og gerði ráð fyrir fjórum stigum áherslu í ensku (sbr. umfjöllun Chomskys og Halles 1968:59–162).

En til að einfalda myndina má flokka færeysk atkvæði í tvennt, þ.e. atkvæði sem taka orðáherslu (sem getur verið aðaláhersla eða aukaáhersla) og atkvæði sem taka ekki slíka áherslu. Hagström (1967:47) gerir þannig greinarmun á áherslulausu atkvæði (sæ. *obetonad*) og fullkomlega veikum (*helt trycksvag*) atkvæði, en orð sem einnig eru notuð í þessu sambandi eru *levis* og *levissimus*. Jørgen Rischel kallar allra veikustu atkvæðin núll-atkvæði.

Samkvæmt því sem Hagström segir er hægt að bera tvíkvæð orð fram annað hvort sem 3 0 eða 3 1. Þríkvæð orð má hins vegar bera fram annað hvort 3 0 0 eða 3 0 1. Hann (1967:48) tekur eftirfarandi dæmi: *stórir*, ['stouɹi], *svevir* ['sve:vøi] og *munurinn* ['mu:nøɹɪn]. Hér viðrist mega segja sem svo að lokaatkvæðin í *stórir* og *svevir* séu levis, en miðatkvæðið í *munurinn* sé levissimus. Í fyrirnefndu dæmunum hefur Hagström, eins og sjá má, hljóðritað þannig að lokatkvæðið sé kringt miðlægt hljóð, sem er þá væntanlega aðgreint frá ókringdu hljóði sem samsvarar gömlu /i/, en miðatkvæðið í *munurinn* hefur samkvæmt þessu ókringt miðhljóð, sem er þá væntanlega enn ógreinilegra að hljóðgildi. Í þessari mállýsku má þá gera ráð fyrir að um sé að ræða þriggilt sérhljóðakerfi í *levis*, en ekki meira en tvíggilt í *levissimus*.

Til að henda reiður á þessu öllu saman virðist mega greina þessi fjögur styrkleikastig atkvæða í færeysku þannig að um sé að ræða tvær grundvallagerðir, sem koma fram með ólíkum hætti eftir aðstæðum. Annars vegar eru fullburða atkvæði, þ.e. atkvæði sem geta borið orðáherslu. Þetta eru atkvæði eins og *stór-í stórir* og *frøð-í frøði*. Þessi atkvæði geta líka borið aukaáherslu, þegar þau koma fyrir í samsettum orðum eins og '*sjúkra, røktar frøðingur*'. Í þessu tvísamsetta orði ber fyrsta atkvæðið aðaláhersluna, en aukaáherslur koma á atkvæðin *-røkt-*, og *-frøð-*. Þessa áherslu má rekja til þess að orðhlutarnir koma fyrir í sjálfstæðum orðum: *røkt* og *frøði*, en þegar þeir taka þátt í samsetningunni veiklast áherslan. Segja má að aukaáherslan sem hér um ræðir sé veikluð aðaláhersla. Þessi atkvæði eru því að upplagi sterk eða bær til að taka við áherslu, en aðstæður (t.d. innan orða) ráða því hvort þau hafa fulla áherslu eða aukaáherslu.

Á hinn bóginn eru svo atkvæði sem hafa ekki meðfædda áherslu og eru veik að eðlisfari. Í orðum eins og *sjúkrarøktarfrøðingur* eru þetta annað og fjórða atkvæðið, og einnig gildir þetta að einhverju leyti um þau tvö síðustu. En aðstæður hafa einnig áhrif á þessi veiku atkvæði, og þar liggur munurinn milli *levis* og *levissimus*. Ef við tökum síðasta samsetningarliðinn: *-frøðingur*, þá hefur fyrsta atkvæði hans aukaáherslu, sem er veikluð orðáhersla, en hin tvö myndu væntnalega flokkast sem veik og annað hvort *levis* eða *levissimus*. Munurinn á þessum tveimur gerðum atkvæða ræðst af aðstæðunum: *levissimus* er veikt atkvæði í veikri stöðu, en *levis* er veikt atkvæði í tiltölulega sterkri stöðu. Skýrt dæmi um þetta er orðið *munurinn* [mu:nəɪn], en eins og við sáum gerir Hagström ráð fyrir því að þar sé miðatkvæðið veikast og hafi einhvers konar schwa-hljóð. Þarna kemur fram tilhneiging til víxlhrynjandi, en það er vel er þekkt fyrirbrigði.

Svo aftur sé vikið að íslensku, þá er vitað að í orðmyndum eins og *'drottinn,gar* og *'drottningar,maður* eru aukaáherslur, annars vegar á þriðja atkvæði og hins vegar á fjórða atkvæði. Sá munur er á þessum áherslum, að aukaáherslan í *'drottinn,gar* er rakin til hrynrenna aðstæðna, sem hafa það í för með sér að atkvæði sem ekki hefur sterkt atkvæði við hliðina á sér styrkist af hrynrennum ástæðum, en aukaáhersluna í *'drottningar,maður*, sem lendir á fjórða atkvæði, má rekja til meðfædds styrks samsetningarliðarins *maður* (sbr. Kristján Árnason 2005:433 o. v.). Vel má gera grein fyrir áherslulögmálunum í færeysku með hliðstæðum hætti. Aukaáherslurnar í *'sjúkra, røktar frfðingur* má, eins og áður sagði rekja til meðfæddrar áherslu á *røkt* og *frðði*, og dæmi um það að sams konar áhersla falli á fjórða atkvæði (hliðstætt *drottningarmaður*) er *'almanna, kunnngjörd*. Áhrif hrynrennar áherslu í færeysku koma fram í orðum eins og *munurinn* [mu:nəɪn]. Við sáum að Hagström telur að miðatkvæðið sé *levissimus*, en síðasta atkvæðið sé *levis*. Þessa aðgreiningu má þá rekja til þess að síðasta atkvæðið fær hrynrena styrkingu miðað við miðatkvæðið: *'munu, rin*.

Niðurstaðan er sú að greina megi orðáherslu í íslensku og færeysku með sömu aðferð, þannig að um sé að ræða samspil meðfæddrar og hrynrennar áherslu. Meðfædda áherslan tengist orðhlutagerð, þannig að orðhlutar sem komið geta fram með fullri áherslu (*maður, røktar...*) hafa meðfædda áherslu, en önnur ekki. Munurinn milli málanna liggur í því að í íslensku gilda ekki ólíkar hljóðkerfislegar hömlur fyrir þessar gerðir atkvæða, en svo er hins vegar í færeysku. Færeyskan hefur með öðrum orðum viðhaldið þeirri hljóðkerfislegu tvískiptingu milli fullra atkvæða og veikra atkvæða sem gildi í fornu máli. Þau atkvæði sem kölluð hafa verið *levis* og *levissimus* hafa annað kerfi sérhljóða en hin.

En ekki eru enn öll kurl komin til grafar um áherslulaus atkvæði í færeysku, því í sumum málafbrigðum hefur hljóðunum fækkað enn. Það eru einkum nálægu sérhljóðin /i/ og /u/ sem um er að ræða. Samkvæmt greinargerð Hagströms og Werners eru þrjú mállyskusvæði þar sem þessi hljóð falla saman. Aðalsvæðin eru Suðurey og Norðureyjar, en einnig eru svæði á Straumey þar sem samfall á sér stað. Munur er á þessari tilhneigingu eftir hljóðfræðilegu umhverfi. Samfallið á sér einkum stað á undna /r/, þannig að endingar orðmynda eins og *gørður* og *tíðir* eru borin fram með sams konar hljóðum, einhvers konar *schwa*, og þetta gerist líka í algerri bakstöðu í orðmyndum eins og *útsynningi* [us:mn̥ɲɔ̯]. Hins vegar helst aðgreiningin frekar á undan nefhljóði, eins og í *manninum* [mannim̥n̥].

9. Um segðahljóðkerfin

En víkjum nú að því sem ég hef kallað segðahljóðkerfin, þ.e. þá hluta málkerfanna sem lúta að framburði raunverulegra segða og lögmálum sem „taka gildi“ í samfelldu tali. Um þetta hefur tiltölulega lítið verið fjallað í íslensku, og margt er þar órannsakað og enn minna er vitað um þessa þætti í færeysku. Það sem hér verður sagt verður því varla annað en nokkrar glefsur.

Þau lögmál sem taka gildi þegar orðum er raðað saman í lengri segðir tengjast setningaráherslu og tónfalli, og þessi lögmál stýra því að sínu leyti hvernig orðin eru á endanum borin fram. Þannig ræður áhersla og hrynjandi miklu um það hversu skýrt er kveðið að orðum og hversu löng hljóð eru (sbr. Kristján Árnason 2005:427 o. áfr.). Þannig er líklegt að orð eins og *heimsókn* sé misskýrt borið fram í eftirfarandi tveimur segðum:

- (8) Jón fór í HEIMSÓKN
Jón fór í heimsókn til STÍNU

Í fyrra tilvikinu má gera ráð fyrir framburði í líkingu við [heim'souhk̟̃], þar sem [m] er greinilega borið fram, en í hinu tilvikinu, þegar orðið er í veikari stöðu, er hins vegar líklegt að orðið *heimsókn* verði borið fram í áttina við: [heĩsouhk̟̃], þannig t.d. að nefhljóðið önghljóðist. Hrynjandi segða ræðst af því tónfallskerfi sem ríkir í málinu. En tónfallið stýrir því á hvaða tónum er talað. Þannig er í íslensku eðlilegt að hækka tóninn á áherslum, og þegar endað er oft farið niður í tóni.

Ég hef sjálfur gert athuganir á íslensku tónfalli (sbr. t.d. Kristján Árnason 1994–1995, 2005:456–480). Og síðari rannsóknir, (sbr. t.d. Nicole Dehé 2006 og einnig Francis Nolan og Hildur Karítas Jónsdóttir 2001), styðja þessar

niðurstöður. Að svo miklu leyti sem ég hef hlustað eftir tónfalli hefur mér heyrst að svipuð lögmál gildi í færeysku. Þetta má einnig ráða af athugunum Björns Hagström (1967:43–44).

Greina má tónfall tungumála þannig að það byggist á því að (tiltölulega) háir og lágir tónar eru settir á tilteknum stöðum í segðunum. Í einföldu máli má segja að um sé að ræða tvenns konar tóna, sem kallaðir hafa verið áherslutónar og markatónar. Hinir fyrrnefndu eru settir á atkvæði sem bera einhvers konar áherslu í segðunum, en markatónarnir eru settir á mörkum segða eða afmarkaðra hluta segðanna. Sem dæmi má taka einfalda íslenska segð, eins og:

(9) Nanna elskar Nínu Dóru

HL L

Í þessari segð er setningaráherslan á fyrra atkvæðinu í *Nínu*. Áherslunni fylgir lenging á sérhljóðinu, en þar er einnig hæsti tónninn í segðinni eins og sýnt er með línunni fyrir ofan. Við enda segðarinnar fer tónninn niður eins og sýnt er, og má rekja það til markatóns sem tengist lokum segðarinnar. Lágir lokatónar eru notaðir í íslensku til að tákna lok tónfallsforma, en H-tónar tákna oft minni skil. Í báðum málunum á sér stað tónlækkun, þannig að þegar myndast röð áherslutóna, þá hafa þeir tilhneigingu til að lækka í átt að niðurlaginu. Til greina kemur að tengja þessa lækkun lágum lokatóni.

Ekki hefur verið mikið fjallað um tónfall í færeysku og er þar því býsna óplægður akur. Hér má þó nefna lýsingar Lockwoods (1955/1977:25–27) og Hagströms (1967:43–46). Þessir fræðimenn eru sammála um að fallandi tónfall sé einkenni á fullyrðingum, en að stígandi tónfall komi fram í spurningum. Þetta kemur heim við það sem mér hefur heyrst, og í fljótu bragði virðist mega greina grunnlögmál færeysks tónfalls með þeim aðferðum sem nú tíðkast, sem samspil áherslutóna og markatóna. Dæmi um tónfall sem ég hef heyrt í samtali í útvarpi er þetta:

(10) Eg havi verið nøgdur við tað sum man kom fram til

H !H !H L%

Tónfallið byrjar nokkuð hátt og stefnir niður á við, en fram koma þrjár áherslur, þar sem hækkun á sér stað og svo virðist sem greina megir það sem áherslutóna, en þessir tónar fara stig-lækkandi, þannig að sá síðasti er lægstur. Þetta er tónlækkunin, sem líklegt er að rekja megir til áhrifa lokatónsins.

Færeyska og íslenska hafa því að mörgu leyti líkt tónfall og um leið ólíkt

því sem þekkist í austurnorsku og sænsku, og þar sem mun meira er um rísandi tóna, og í íslensku og færeysku eru ekki aðgreinandi orðtónar. En þótt margt sé líkt, má þó sjá viss ólíkindi. Til dæmis virðist við fyrstu sýn sem hár lokatónn sé meira notaður í spurningum í færeysku en í íslensku. Þannig virðist það algengara í fréttaviðtölum í færeysku útvarpi en því íslenska að spyrjar endi spurningar sínar á háum lokatóni.

Annar marktækur munur á segðahljóðkerfi málanna tveggja sýnist mér vera að lokaafroddun, sem er mjög áberandi í íslensku tali, í dæmum eins og *tal* [tʰa:], virðist mun minna áberandi í færeysku. Þetta kemur meðal annars fram í því að orð eins og *barn* og *öll* eru borin fram með nokkuð ólíkum hætti í málunum. Í íslensku verða hljómenndurnir /n/ og /l/ algerlega óraddaðir: [pat̪], [öt̪], en í færeysku er algengur framburður þannig lætur nærri að um sé að ræða atkvæðisbæra raddaða hljómenndur: [p̪að̪n̪], [œ̪dl̪]. Hér er þörf frekari rannsóknna.

10. Hraðtalsferli

Meðal þeirra fyrirbrigða sem setja svip á samfellt tal í íslensku hafa verið nefnd ferli eins og þau sem sýnt eru í (11) (sbr. Kristján Árnason 2005:418):

- (11) Brottfall eða veiklun önghljóðs: dagblaðið [ta:pla:rθ]
 Staðarsamlögum nefhljóðs: innbær [ɪmpair̪], han (d) klæði [haŋkʰlaiðr̪]
 Önghljóðun nefhljóðs: umferð [ʏ:ferθ], sem sagt [sɛ:st]
 Brottfall nefhljóðs: Íslendingar [ɪstlɪtɪkar̪]
 Einhjóðun tvíhljóða: lægð [layð̪], Eistlendingar [ɛstlɛtɪkar̪]
 Brottfall atkvæðis: hljómsveit [lj̥œ:st̪], heimsmeistarakeppni
 [hĩstracʰehpn̪], árshátíð [aʊr̪st̪iθ̪]

Eins og sjá má hefur þessum fyrirbrigðum verið lýst þannig að einhvers konar „veðrun“ eða eyðing eigi sér stað á hljóðgerð sem heima á í fyllri formum, þannig t.d. að hljóð falli brott eða samlagist nálægu hljóði.

Það er fróðlegt efni til frekari rannsóknar að huga að hliðstæðum þáttum í færeysku. Raunar eru sum af þessum ferlum, eins og t.d. veiklun önghljóða auðvitað þekkt í færeysku sem raunverulegar hljóðbreytingar. Hér má nefna brottfall önghljóða, en alþekkt er að önghljóð sem voru inni í orðum í vesturnorrænu eru mikið til horfin úr nútíma færeysku, sbr. orð eins og *gleði* [g̊le:jr̪], *legu* [le:v̥u] (aukaf. af *lega*), *gleða* [g̊le:a] 'gleða'. Í þessum færeysku orðum hafa einhvers konar hvarfahljóð komið í stað önghljóðanna. Það virðist óhætt að segja að þessi að afleiðingar þessara brottfalla séu komnar

inn í orðahljóðkerfið, og þrátt fyrir myndbrigði eins og *veður* [vea:vur] *veðri* [veðri], þar sem skiptast á hljóðgap eða hvarfahljóð og raunverulegt samhljóð, virðist of langsótt að gera þar ráð fyrir einhvers konar virkum hljóðreglum. (Þetta kemur e.t.v. frekar til greina í dæmum eins og í sögninni *hafa* [hæa:va] – *hevði* [heiji], *havdi* [havði], *høvdu* [hœð:u], þar sem önglhjóð kemur fram í þt. et. Hugsanlegt er að einhver vildi halda því fram að einhvers konar önglhjóð liggi að baki þessum víxlum, en eðlilegt virðist að fara fram á sérstaka röksemdafærslu fyrir slíkri greiningu).

Þegar kemur að staðarsamlögun nefhljóða, eins og í *innbær* og *handklæði*, þá er grundvallarreglan sú í færeysku, eins og í íslensku, að nefhljóð tekur myndunarstað frá eftirfarandi lokhljóði í orðum eins og *leingi* [lɛŋgi] og *langur* [lɛŋgʊr]. Og framburður orða eins og *umhverfismál*, sem fær oft framburð á borð við [ʊŋkfɔrvismal], sýnir að þetta ferli er virkt í kerfinu. Hins vegar virðist minni tilhneiging til þess í færeysku en íslensku að breyta nefhljóðum í önglhjóð eða fella þau brott á undan órödduðum önglhjóðum, eins og í íslensku *umferð* [ʏ:ferð], *sem sagt* [sɛ:st], *ennþá* [ɛ:θau]. Þar virðast aðstæður í færeysku og íslensku vera ólíkar. Hin hljóðfræðilega skilyrðing í íslensku er nokkuð almenn, þannig að nefhljóð fellur brott á undan órödduðu önglhjóði, hver svo sem myndunarstaðurinn er, en þetta er takmarkaðra í færeysku, og reyndar er færri önglhjóðum til að dreifa í færeysku, því tannmæltu [θ] er ekki til að dreifa. Það er aðallega hið tannmælt [s] og tanngómmælt [ʃ] sem til er að dreifa, en einnig verða til sambönd nefhljóðs og önglhjóðs í orðum eins og *innfjöttur*, þar sem ekki virðist mikil tilhneiging til önglhjóðunar í færeysku.

Gott dæmi til að sýna misjafnar hneigðir málanna er í lýsingarorðinu *danskur* og skyldum orðum. Í íslensku er eðlilegur framburður á þessu orði með önglhjóðun eða brottfalli nefhljóðsins: [tā:skʏr], en í hliðstæðum orðum í færeysku gerist þetta síður eða alls ekki. Í orðmyndum eins og *donsku* [ðɔŋsku] (veik beyging aukafall af *danskur*) er nefhljóðið á sínum stað, og það vekur athygli að *n* afraddast, en það er regla í færeysku (ólíkt íslensku) að *l* og *n* afraddist á undan *s*. Svipað gerist í orðum eins og *svenskur* [sveŋsku], og svo virðist sem í vissum tilvikum sé skotið inn sníkjuhljóði, t.d. í sögninni *ansa* [aŋsa] *ettir* 'gæta'. (Hér hegðar færeyska sér líkt og margar enskar mállýskur, sem hafa sníkjuhljóð í orðum eins og *mince*, þannig að það er borið fram [mɪnts]). Raunar væri fróðlegt að skoða nánar ýmiss konar hljóðlög mála sem tengjast orðum eins og *danskur* og *svenskur* í færeysku. Þegar þessi orð fá hvorugkynsendinguna /t/ verður það sem kallað hefur verið hljóðavíxl, en

Þetta felst í því að gómlokhljóðið hverfur en skilur eftir sig gómmyndun í nefhljóðinu: *danskt* [ðaŋst] og *svenskt* [sveŋst]. Í hliðstæðum íslenskum myndum hverfur lokhljóðið, án þess að skilja eftir sig nokkur merki: *danskt* [tā:st]. Hins vegar er athyglisvert að sjá hvað gerist í öðrum myndum þessa orðs í færeysku, eins og t.d. *danski* (*ráðharrin*). Þegar frammælt sérhljóð kemur á eftir verður framgómun og samruni á *sk*, þannig að út kemur [ʃ], en þá virðist það geta gerst að nefhljóðið veiklist, þannig að framburðurinn verður: [ðā:ʃi], sem þá skiptist á við aukafallsmyndina *danska* [ðaŋska]. En ljóst er að þessir hlutir þurfa nánari umfjöllun en hér er rúm til.

Svo vikið sé stuttlega að hinum íslensku ferlunum sem nefnd voru í (11), þá virðist sem brottfall nefhljóðs eins og í *Íslendingar* [istlɪtɪkaɾ] sé ekki áberandi í færeysku, en hins vegar höfum við séð að einhljóðun tvíhljóða hefur sett mark sitt á færeyska sérhljóðakerfið í hljóðskiptum eins þeim sem sýnd eru í (2). Og einnig virðist sem brottfall veikra atkvæða eigi sér oft stað í færeysku, því orðmyndir eins og *jafnstöðulógin*, *amerikanskir* og *nevndina* eru gjarna borin fram með færri atkvæðum en ritháttur bendir til: [jaunstulouwin], [amrikāʃɪ], [nevndna].

11. Samloðun og viðhengi

Í hefðbundinni umfjöllun um málin tvö hefur ekki mikið verið fjallað um það þegar ýmis smáorð hengja sig á nærliggjandi orð og mynda það sem kallað hafa verið viðhengi eða henglar. Hér er átt við það þegar t.d. íslensk setning eins og : *Hann kann það* er borin þannig fram að orðin *kann það* mynda eina áherslu og mynda eins og eitt orð: [ˈkʰanða]. Á hliðstæðan hátt gerist það oft að forsetning og fornafn renna saman í einn áherslulið: *til þess* [ˈtʰɪlðes]. Eins og ég hef bent á (Kristján Árnason 2005: 448-451) gerist það við þessar aðstæður að þau hljóðlög málmál sem gilda um orð taka gildi, þannig að tannmælt á önglhljóðið verður raddað [ð] en ekki óraddað [θ].

Svipað getur átt sér stað í færeysku. Þannig getur setning eins og: *Tað kann tað* verið borin þannig fram að sögnin og fornafnið renna saman undir einni áherslu. [tʰeaˈkʰanða], og þá virðist fornafnið fá aðra hljóðmynd, þ.e. án fráblásturs. Hliðstætt dæmi er: *Tað hefur víst seg* [... ˈvuis:ɛ]. Hér fær samband sagnar og eftirfarandi fornafns bara eina áherslu, og fornafnsmyndin veiklaðan framburð. Og einnig sjást þess dæmi í færeysku að forsetning og fornafn renni saman í einn áherslulið, sbr. *til tað* [ˈtʰɪlða], *hjá honum* [tʃɔːmun] og *hjá mær* [tʃɔːmaɪ].

12. Lokaorð

Hér verður látið staðar numið og er þó margt ósagt um samanburð þessara fræðtungna, einkum um samhljóðakerfi þeirra. En sá samanburður er ekki síður fróðlegur en sá sem hér hefur verið gerður og snýst að mestu um sérhljóð. Margt er líkt í samhljóðakerfum málanna og þróun þeirra, t.d. þróun lokhljóðakerfisins og raddglufuþátta (blásturs og lokunar). Bæði málin hafa fráblástur og aðblástur á lokhljóðum og afröddun hljómena er áberandi. En nánari samanburður á ólíkri „útfærslu“ þessara einkenna er mjög fróðlegur. Ekki gilda sömu hömlur um hvar aðblástur kemur og hvernig hann birtist. Í íslensku kemur aðblástur einungis á eftir stuttum sérhljóðum, en í færeysku getur hann einnig komið á eftir löngum sérhljóðum, og hljóðfræðilegar athuganir sýna að atkvæðastaða og lengd blástursins er ólík í málunum tveimur (sbr. t.d. Höskuld Þráinsson o. fl. 2004:47–50). Annað fróðlegt atriði til samanburðar er skerpingin svokallaða, sem orðið hefur í færeyskum orðum eins og *rógva* og *túggju* (sbr. t.d. Matras 1952 og Petersen 1993). Hliðstæð íslensk orð hafa hljóðgap, en hinn almenni framburður á þessum orðum og öðrum hliðstæðum virðist þó eiga þætti sameiginlega með því sem gerst hefur í færeysku (sbr. Kristján Árnason 2005:194–198). Enn eitt fróðlegt atriði til samanburðar er tilurð tvinnhljóða (affríkata) í færeysku, en þar hafa orð eins og *tjaldur* og *kirkja* fengið sama upphafshljóðið [tʃ]. Tvinnhljóð af þessu tagi þekktust lengi vel ekki í íslensku, en á seinni árum hafa menn veitt því athygli að orð eins og *tjaldurséu* borin fram með einhvers konar tvinnhljóði, sem minnir á það sem gerst hefur í færeysku, en er þó ekki alveg hliðstætt, eins og Bjarki M. Karlsson (2007) hefur sýnt afraam á.

HEIMILDIR

- Anderson, Stephen. 1972. The Faroese vowel system. Michael K. Brame (ritstj.): *Contributions to Generative Phonology*, bls. 1–21. University of Texas Press. Austin.
- Anderson, Stephen. 1974. *The Organization of Phonology*. Academic Press. New York.
- Bjarki M. Karlsson. 2007. Tvinnhljóð í íslensku. Ritgerð til M.A.-prófs. Háskóli Íslands. Reykjavík.
- Chomsky, Noam og Morris Halle. 1968. *The Sound Pattern of English*. Harper & Row. New York.
- Dehé, Nicole. 2006. Some notes on the focus-prosody relation and phrasing in Icelandic. Gösta Bruce og Merle Horne (ritstj.): *Nordic Prosody – Proceedings of the IXth Conference*, Lund 2004, bls. 47–56. Peter Lang. Frankfurt.
- Hagström, Björn. 1961. Um herðingarveiku sjálfhljóðini i og u í føroyskum máli nú á dögum. *Fróðskaparrit* 10:76–109.

- Hagström, Björn. 1967. *Ändelsevokalerna i färöiskan. En fonetisk-fonologisk studie*. Almqvist & Wiksell. Stockholm.
- Harris, John. 1994. *English Sound Structure*. Blackwell. Oxford.
- Hreinn Benediktsson (útg.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Höskuldur Bráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese. An overview and Reference Grammar*. Føroya Fróðskaparfelag. Tórshavn.
- Kristján Árnason. 1976. A note on Faroese vowels. Work in Progress, bls. 58–63. Málvísindadeild Edinborgarháskóla, Edinborg.
- Kristján Árnason. 1994–1995. Tilraun til greiningar á íslensku tónfalli. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 16–17:99–131.
- Kristján Árnason. 1996. Germönsk og rómönsk áhersla í færeysku og íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 18:165–192.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Almenna bókafélagið. Reykjavík. (Íslensk tunga I.)
- Lockwood, W.B. 1955/1971. *An Introduction to Modern Faroese*. Føroya Skúlabókagrunnur. Tórshavn.
- Magnús Snædal. 1986. Færeyska sérhljóðakerfið. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8:121–168.
- Matras, Christian, 1952. Ljóðskifti í føroyskum av sama slag sum „skerpingin“ í frumnorðnum og gotiskum. *Fróðskaparrit* 1:177–180.
- Nolan, Francis og Hildur Karítas Jónsdóttir. 2001. Accentuation patterns in Icelandic. Wim A. van Dommelen og Thorstein Fretheim (ritj.): *Nordic Prosody. Proceedings of the VIIIth Conference*, Trondheim 2000, bls. 187–198. Peter Lang. Frankfurt.
- Petersen, Hjalmar P. 1993. Skerpingin í føroyskum. Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (ritstj.): *Frændafundur. Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 20.–21. ágúst 1992*, bls. 11–19. Háskólaútgáfan. Reykjavík.
- Rischel, Jørgen. 1961. Om retskrivningen og udtalen i moderne færøsk. M.A. Jacobsen og Chr. Matras (ritstj.): *Føroysk-donsk orðabók*, bls. XIII–XXXVI. Føroya Fróðskaparfelag. Tórshavn.
- Rischel, Jørgen. 1964. Toward the phonetic description of Faroese vowels. *Fróðskaparrit* 13:99–113.
- Stefán Karlsson. 1993. Samanburður á færeysku og íslensku máli. Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (ritstj.): *Frændafundur. Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 20.–21. ágúst 1992*, bls. 11–19. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Tylor, J.E. 1973. A Generative Phonology of Faroese, Utilizing Unordered Rules. Doktorsritgerð. Indiana University.
- Weyhe, Eivind. 1996. Bendingamunur í føroyskum málførum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 18:71–118.

Werner, Otmar. 1964. Zu den schwachtonigen Endungsvokalen im Färingishcen. *Arkiv för nordisk filologi* 79:247–255.

SUMMARY

The paper aims to contribute toward a contrastive and comparative analysis of Faroese and Icelandic phonology with emphasis on vowels and prosodic structure. An overview is given of the lexical inventory of vowels, and the numerous diphthongs are described and classified according to their second components as /i/-diphthongs, /u/-diphthongs and /a/-diphthongs. Although the phonemic systems for full syllables are different, they may be analysed with similar methods. However there appears to be a fundamental difference between the languages regarding syllable types: Icelandic has basically one type of syllable, with similar phonotactics for stressed and unstressed syllables, whereas Faroese distinguishes between full syllables and weak syllables with a reduced vowel system. Similarities and differences are noted regarding intonation and utterance phonology and slurring in the post-lexical systems.

Náin kynni – nýtt líf

Þýðingar milli náskyldra tungumála

Er við hæfi að þýða milli færeysku og íslensku? Eru málin ekki of náskyld fyrir svo náin kynni? Frá fornu fari hefur umfjöllun um þýðingar beinst að óskyldum tungumálum og glímunni við ólíka setningaskipan og ólík merkingarsvið orða. En þegar þýtt er milli færeysku og íslensku, tveggja tungumála sem öldur Atlantshafsins hafa lítt megnað að stúa í sundur, er viðbúið að umfjöllunin verði önnur. Í þessari grein mun ég skoða þýðingar Stefáns Karlssonar og Þorgeirs Þorgeirsonar á ljóðum Christians Matras, og spyrja hvort við getum dregið einhverjar þýðingafræðilegar ályktanir af ljóðabýðingum milli þessara náskyldu tungumála.

Einhvern tíma fyrir mjög mörgum árum flutti ég fyrirlestur á Rask-ráðstefnu í Reykjavík um þýðingar Þorgeirs á ljóðum Matras. Þegar ég lauk við að lesa upp erindi mitt kom gamalkunn rödd úr sal, rödd sem hefði átt að vera meðal okkar í dag, rödd Stefáns Karlssonar, hæversk en flugbeitt sem nýbrýndur ljár: „Pétur, er þetta ekki svolítið óheppilegt viðfangsefni fyrir þýðingafræðilega athugun, í ljósi þess hve þessi tvö mál eru lík?“ – Það kom hik á mig, þessi ósköp eðlilega spurning kom mér gjörsamlega í opna skjöldu, og í reynd hef ég verið að reyna að svara henni allar götur síðan. Hér kemur enn ein tilraunin, og ég vona að Stefán sé að hlusta.

Ég vissi ekki þá að Stefán hefði nefnilega sjálfur þýtt þennan ljóðabálk Christians og hafði ýmislegt út á þýðingu Þorgeirs að setja. Stefán gaf aldrei út þýðingu sína, honum hefur e.t.v. fundist þýðingarferlið of lítilmótlegt, eða jafnvel einhvern veginn óviðeigandi að koma þessum kjarnyrta perlum Christians Matras yfir á íslensku.

Þýðingar Þorgeirs eru aftur á móti ekki hæverskar, þær eru fullar af Þorgeiri, það kemur sterkur íslenskur keimur í kvæðin. En það þarf ekki að vera verra: það rof milli tungumála sem birtist í þessu ferli bregður miskunnarlausu ljósi

á sjálfan snertiflötinn á milli þjóðanna tveggja, og fyrir Þorgeiri vakti ekki að draga úr eða að fela þetta rof.


Rekja má hina evrópsku þýðingarhefð aftur til þess tíma er bókmenntaleg samskipti hófust milli grísku, hebresku og latínu. Á svipuðum tíma og þýðingar úr grísku fóru á birtast á latínu tóku gyðingar að þýða sínar heilögu bækur á grísku. Þessi tungumál eru mjög ólík: gríska og latína eru fulltrúar ólíkra greina indo-evrópskunnar, en hebreska er alls óskýlt semískt mál.

Þessi þrjú tungumál voru lengi vel einu stöðluðu rituðu tungumálin í Evrópu, þau einu sem höfðu skráðar stafsetningar- og málfræðireglur, einu tungumálin sem hægt væri að gera villur í. Seinna kom arabíska einnig til skjalanna, annað semískt tungumál. Þessa innbyrðis óskyldleika gætir einnig meðal helstu bókmennta- og samskiptatungumála nútímans, og hefur mótað afstöðu okkar til þýðinga frá upphafi. Angi af þessari afstöðu birtist í hugtakinu „orðrétt þýðing“, *translatio verbi pro verbo*, sem kemur fyrir hjá Cicero, Hóراسي, Hieronýmusi, og fleirum, og merkir hráa og ófullnægjandi þýðingu. Í dag tölum við gjarnan um „bókstafsþýðingu“, *translatio literalis*. Þessi hugtök eru þó vel að merkja sjaldnast notuð um orð eða bókstafi, heldur merkingu. Orðin *hundur*, *chien*, *perro* og *dog* eru talin merkja „bókstaflega“ sama fyrirbærið, á meðan *hundur* og *hound*, sem hafa ólík merkingarsvið, en svo til sömu bókstafina, eru ekki „bókstaflega“ eins. Við þekkjum öll sögur um svokallaða falsvini í færeysku og íslensku. Mitt upphald er skiltið sem stóð lengi vel á dyrum einum í flughöfninni í Vágum sem á stóð *Bert starfsfólk*; og ég mun ræða hér á eftir um færeyska orðið *bður* og íslenska orðið *bær* sem eru formlega séð sama orðið, en merkingin er önnur. Handbækur um þýðingafræði verja oft drjúgum pappír í að kenna tilvonandi þýðendum hvernig best sé að varast slíkar ambögur.

Eitt frægasta rit af þessu tagi er *The Theory and Practice of Translation* eftir Eugene Nida og Charles Taber, sem kom út 1969, á þeim tíma þegar vofa málmyndunarfræði¹ gekk ljósum logum um löndin, enda vísa höfundarnir (1969:484) til hugmynda Chomskys þótt okkur virðist um ólíkar kenningar að ræða nú nær hálfri öld síðar. Þótt frumgerð málmyndunarfræði, með sína einföldu skiptingu í yfirborðsgerð og djúprgerð og vélrænar ummyndunarreglur eða transformasjónir, sé sem betur fer löngu fallin í ónáð, liggur þýðingarlíkan Nida og Taber til grundvallar mörgu sem kennt er í þýðingafræði enn þann dag í dag.

1 Hér er átt við svokallaða generatífa málfræði.

Höfundarnir hafna hugmyndinni um beina yfirfærslu frá frumtexta til þýðingar. Þess í stað gera þeir ráð fyrir ummyndunarreglum frá yfirborðsgerð frumtextans niður í það sem þeir kalla djúpgerð, yfirfærslu milli tungumálanna í djúpgerðinni, og nýjum ummyndunarreglum upp í yfirborðsgerð hins þýdda texta. Það sem kemur ekki fram í umfjöllun þeirra er forskriftarlegt (preskriptíft) eðli þessa líkans: aðalinntak þess er að koma í veg fyrir færslu á yfirborðinu, og ég leyfi mér að birta hér líkanið þeirra í örlítið breyttri mynd sem sýnir hina bönnuðu yfirfærslu yfirborðsgerðarinnar:



Reyndar er líkanið hugsað fyrst og fremst sem aðferð til að greiða úr setningafræðilegum mismun milli tungumála, en því má beita eins gegn falsvinum: færeyska orðið *bøuryrði* greint í „djúpgerð“ sem *ræktað land í byggð*, en það myndi tæplega birtast á íslensku sem *bær*.

Það mætti því halda því fram að greining af þessu tagi væri gagnleg þegar um nytjatexta sé að ræða, en í bókmenntalegum þýðingum og sér í lagi ljóðaþýðingum er að sjálfsögðu fráleitt að hugsa sér einhverkonar vélræna greiningu textans; það er alkunna að málmyndunarfræðingar forðast eins og heitan eldinn að fjalla um ljóðmál, sem semur sig illa að reglunum. Við skulum taka tvö dæmi úr ljóðum Christians Matras þar sem þýðingar Stefáns og Þorgeirs eru samhljóða:

Tað var fossurin sjálvur

Það var fossinn sjálfur (15)

Ein lógv ... fylgdi honum til gravar

Lóan ... fylgdi honum til grafar (33)

Fráleitt er að hugsa sér að þýðingarferlið í þessum tilfellum feli í sér greiningu í baklæga gerð og endurgerð, og að útkoman af þessu flókna ferli væri svo til óbreytt.

Eins og ég hef áður rætt um (Pétur Knútsson 2004 og væntanlegt), má oft gera ráð fyrir að yfirborðsgerð frumtextans hafi úrslitaþýðingu fyrir sjálft þýðingarferlið. Þetta verður sérlega áberandi við þýðingar milli náskyldra tungumála, en skyldleiki tungumála er ekki forsenda; færsla frá einum texta getur alltaf stjórnað af yfirborðsgerðinni, hljóð- eða stafræna forminu, jafnvel þegar tungumálin sem eiga í hlut eru mjög ólík. Með öðrum orðum, hin stafræna formgerð getur verið sviðið þar sem hin eignilega yfirfærsla á sér stað; setningarfræði og merkingarfræði fylgja þá í kjölfríð.

Snúum okkur að þýðingu Þorgeirs Þorgeirsonar á ljóðinu Ein meginmáttur í heimi (11):

Og ein meginmáttur í heimi
nam onkuntíð við meg
Eitt nú eitt kvöldið
undir Múla bø
Tá var mál hansara
livandi kyrra
og skapandi friður
á tarastrond

Og heimsins undrakraftur
einnig snerti við mér
Eitthvert kvöldið hérna
úthjá Múlabænum
Þá lá honum á vörum
lognværð kvik
og kyngipögn
yfir þarafjörum

Hér brýtur Þorgeir freklega gegn líkani Nida og Taber með því að breyta *Múla bøur* í *Múlabær*. Er þetta misþýðing? Hefði hann átt að segja *Múlatún* eða *Múlaengi* eða *Múlarækt* eða *Múlahverfi* eða eitthvað þess háttar? Reyndar kemur ekkert af þessum þýðingum hinum færeyska raunveruleika til skila. Því má spyrja hvort það sé yfirleitt raunhæft að gera þá kröfu að íslenskan nái utan um færeyskan veruleika. Ljóðið verður ávallt að íslensku ljóði. En þýðanda er vandi á höndum: það má ekki líta út eins og hann skilji ekki frumtextann. Þótt *Múlabær* og *Múlatún* séu bæði fráleitar þýðingar – *Múlatún* hljómar eins og götunafn í Reykjavík – er *Múlabær* sýnu verri því það virðist opinbera vankunnáttu þýðandans.

En Þorgeir skeytir lítt um gagnrýni: hann velur það sem honum finnst liprasta þýðingin. Enda má benda á að í kvæðinu Lóan (Ein lógv) á bls. 14 þýðir hann *bø* með orðinu *tún*; ljóst er að hann misskilur ekki orðið *bøur*.

Lítum víðar: kemst þetta litla lipra *eitt nú* í 3. línu til skila? Orðabókþýðingin

'til dæmis, til að mynda' virðist ekki skila sér, og aftur kemur upp sá möguleiki að Þorgeir hafi hreinlega misskilið orðasambandið *eitt nú*, sem er ekki til í íslensku. En *eitt nú* er í raun og veru einföld röktenging milli hugsana, á meðan íslenska orðasambandið *til dæmis* er miklu þyngra og áþreifanlegra, það nefnir á nafn og raungerir hugtakið DÆMI. Röktengingin hjá Þorgeiri kemst fyllilega til skila í litla orðinu *hérna* hjá Þorgeiri, og einnig í breytingunni úr *eitt kvöldið* í *eitthvert kvöldið*: dæmið er nefnt, þótt hugtakið DÆMI komi ekki fram – enda kemur það ekki heldur fram í frumtextanum.

Stefán Karlsson fer aðra leiðir. Fræðimaðurinn er í álögum: ást hans á orðum, á sköpunareinkennum málsins, knýr hann til nánari kynna. Lítum á hans þýðingu:

Og ein meginmáttur í heimi
nam onkuntíð við meg
Eitt nú eitt kvöldið
undir Múla bø
Tá var mál hansara
livandi kyrra
og skapandi friður
á tarastrond

Og eitthvert reginafl
snart mig stundum
Til að mynda eitt kvöldið
fyrir neðan tún í Múla
Þá var mál þess
lifandi kyrrð
og skapandi friður
á þaraströnd

Ég held að flest getum við verið sammála um að þýðing fræðimannsins standi þýðingu skáldsins ekki að baki. Og Stefán leysir þetta vandamál með *bøur* og *bær*: hann notar *tún* – sem er ekki heldur rétt þýðing – en breytir því meistaralega: orðið *tún* eitt sér og án greinis tekur á sig örnefnablæ, staðsetningin gengur upp fullkomlega bæði í íslenskum og færeyskum raunveruleika. Þetta lýsir Stefáni sjálfum sem manni: blátt áfram, hárnákvæmur, og fágaður í senn.

Lítum nú á seinni helming þessa ljóðs í meðförum þeirra Stefáns og Þorgeirs. Hér er strikað undir þegar þýðingin notast við skyld orð:

Christian
Tá var mál hansara
livandi kyrra
og skapandi friður
á tarastrond

Þorgeir
Þá lá honum á vörum
lognværð kvik
og kyngiþögn
yfir parafjörum

Stefán
Þá var mál þess
lifandi kyrrð
og skapandi friður
á paraströnd

Í þessum stutta kafla fylgir Stefán frumtextanum orð fyrir orð, á meðan Þorgeir fer aðrar leiðir. En hér er ekki allt sem sýnist. Þorgeir þýðir *livandi kyrra* með *lognværð kvik*: það er áberandi samhljómur milli orðanna *kyrra* og *kvik* sem helgast ekki af uppruna þeirra. Þessa samhljóms gætir víðar:

meginmáttur

reginafl (Þorgeir 11; sbr. hér að ofan)

Í morgun eru tær illbrýntar
Føroyar

Í morgun voru þær ygldar á brún
eyjarnar (Þorgeir 17)

Ein riva í sinni

Kvika í sálinni (Stefán 39)


ævinleiki

eilífð (báðir 21)


Þessi tegund af samhljómi er að ýmsu leyti þungamiðja doktorsritgerðar minnar (2004), en ég fjalla þar m.a. um íslenskuþýðingu Halldóru B. Björnsson á fornenska kvæðinu *Béowulf* eða Bjólfskviðu, þar sem ýmis konar formgerðaryfirfærsla er áberandi. Ég hef áður kallað þessar samsvaranir *eftirlíkingar* (Pétur Knútsson 1983:231–235), en á ensku *quasi-cogation* (2004:75–76, 228–230).

Það er kominn tími fyrir smá tölfræði. Ef við teljum saman orðin í þýðingum Stefáns og Þorgeirs á ljóðabókinni í heild og reiknum hlutfall skyldra orða og eftirlíkinga, fáum við eftirfarandi myndir.

Þorgeir Þorgeirson




Stefán Karlsson




Hér sést að Þorgeir notar færri skyld orð, en fleiri eftirlíkingar en Stefán. Þá vaknar sú spurning hvort hér sé um einhvern eðlislægan mismun að ræða hjá

skáldum annarsvegar og fræðimönnum hinsvegar. Það vill svo til að ég hef einnig tölur um þessi fyrirbæri hjá Stefáni Einarssyni prófessor, (1897–1972) og Halldóru B. Björnsson skáldi (1907–1968), en þýðing Stefáns á fyrstu 63 línunum í *Bjólfskviðu* eru til í handriti og fróðlegt er að bera hana saman við þýðingu Halldóru.

Bjólfskviða:
Halldóra Björnsson



Bjólfskviða:
Stefán Einarsson



Í samanburði við færeysku dæmin er minna hlutfall skyldra orða hjá báðum þessum þýðendum, en hlutfall eftirlíkinga er sýnu stærra. Nú mætti gera ráð fyrir að hlutfall skyldra orða fari að einhverju leyti eftir skyldleika tungumálanna, og mætti e.t.v. ráða af þessu, að íslenska og færeyska séu skyldari innbyrðis en íslenska og fornenska – sem er engin ný frétt. Athyglisverðari er sú vísbending að notkun eftirlíkinga virðist meiri; og freistandi væri að ætla að skyldleiki tungumálanna hafi hér einnig eitthvað að segja. Varla er þó hægt að fullyrða um þetta, enda ljóst að túlka ber þessar tölur með varúð. Í fyrsta lagi eru úrtökin frekar smá, aðeins um 350 orð hjá Christiani Matras en um 370 í *Bjólfskviðu*. Öllu varhugarverðari er þó aðferðafræðin: hugtökin *skyld* og *óskyld orð* og *eftirlíkingar* ná engan veginn að lýsa þeim flóknu samsvörunum sem textarnir bjóða uppá. Til marks um þetta má benda á að *tarastrond* og *paraströnd* eru skyld á annan hátt en *kyrra* og *kyrrð* (þar sem munur er á viðskeytum); og á sama hátt má segja að orðin *ævinleiki* og *eilífð* séu ekki alls óskyld, því í báðum leynist sama germanska stofninn *aiw-*. Ég hef annars staðar (2004) reynt að beita nákvæmari skilgreiningu á þessum samsvörunum í *Bjólfskviðu*þýðingu Halldóru B. Björnsson, og reyndust þær torraktar meir en nokkurn skyldi gruna. Engu að síður finnst mér niðurstöðurnar í þessari grein gefa ýmislegt til kynna um afstöðu þýðenda til viðfangsefnis síns: fræðimanninum er annt um málfræðilegu gildin en skáldin róa á dýpri mið.

Þó er athyglisvert að fræðimenn grípa einnig til eftirlíkinga – þeir hafna ekki orðaleikjum þegar vel ber í veiði.

Ef til vill er það þó marktækast í þessum athugunum að þýðingar beggja fræðimannanna, nafnanna Einarssonar og Karlssonar, eru aðeins til í handriti, á meðan þýðingar skáldanna Halldóru og Þorgeirs eru báðar útgefnar á bók.

HEIMILDIR

- Halldóra B. Björnsson. 1983. *Bjólfskviða*. Pétur Knútsson sá um útgáfuna. Fjölvi. Reykjavík.
- Matras, Christian. 1978. *Úr sjón og úr minni: øindi*. Yrkingar. Útgáva yrkjarans. Tórshavn.
- Matras, Christian. 1988. *Séð og munað: ljóðærindi*. Þorgeir Þorgeirson þýddi. Þýðingarútgáfan. Reykjavík.
- Nida, Eugene, and Charles Taber. 1974 (1969). *The Theory and Practice of Translation*. E.J.Brill. Leiden.
- Pétur Knútsson. 1984. Um þýðingu Halldóru B. Björnsson á Bjólfskviðu. *Skírnir* 158:223–244.
- Pétur Knútsson. 2004. Intimations of the Third Text. An enquiry into intimate translation and tertiary textuality. PhD ritgerð. Det Humanistiske Fakultet, Københavns Universitet.
- Pétur Knútsson. Væntanlegt. The Intimacy of Bjólfskviða. Paul Szarmach and Jana K. Schulman (ritstj.). *Beowulf at Kalamazoo: Essays on Performance and Translation*.
- Stefán Einarsson. [Þýðing á Bjólfskviðu 1–63.] Handrit í handritadeild Háskólabókasafns Landsbókasafns.
- Stefán Karlsson. [Þýðingar á ljóðum Christians Matras.] Handrit í vörslu Steinunnar Stefánsdóttur.

SUMMARY

Traditionally, practical translation theory has concerned itself with problems of translation between widely dissimilar language—a bias which can be traced back to the earliest discussions of translation between the three classical languages, Hebrew, Latin and Greek. Translations between closely related languages or dialects have not been examined for insights into translation theory, but I have sought (Pétur Knútsson 2004) to redress this imbalance with a study of Halldóra Björnsson's Icelandic translation of *Beowulf*. In this paper I discuss two Icelandic translations, by Þorgeir Þorgeirson and Stefán Karlsson, of Christian Matras's Faroese poetry. Both translators retain a large proportion of the original vocabulary (i.e. using Icelandic

forms closely related to the original Faroese), and both also resort to non-cognate but phonetically similar forms which I have termed quasi-cognition (Pétur Knútsson 2004). Compared to the academic Stefán Karlsson, however, the poet and writer Þorgeir Þorgeirson uses fewer cognate forms but significantly more quasi-cognition. The paper goes on to draw parallels with the poet Halldóra B. Björnsson's *Béowulf* and the academic Stefán Einarsson's translation of the first 63 lines of *Béowulf*, and finds the same disparity: the academic is more faithful to the original vocabulary, and the poet more ready to use quasi-cognition.

Stöðugleiki og breytingar í fallakerfi norrænu eyjamálanna

1. Inngangur

Íslenska og færeyska eru systur á meiði vesturnorrænu. Þær voru upphaflega „sama málið“ en heimfæra má upp á þær það sem fyrsti málfræðingurinn sagði um íslensku og ensku – „að gjörst hafi mjög önnur tveggja eða nakkvað báðar“. Að vísu hefur meiri stöðugleiki ríkt í norrænu eyjamálunum en í nánustu ættingjum þeirra og þar skiptir fjarlægð Íslands og Færeyja frá öðrum löndum vafalaust höfuðmáli. Allt um það hafa orðið töluverðar breytingar á íslensku og færeysku í tímans rás. Það á líka við um fallakerfi þeirra sem er viðfangsefni þessarar greinar. Sjónum verður einkum beint að breytingum á fallmörkun nafnliða með svokölluðum aukafallssögnum, þ.e. sögnum sem taka með sér frumlag í öðru falli en nefnifalli. Annars vegar er um að ræða breytingar á frumlagsfalli slíkra sagna og hins vegar á falli andlagsins. Einnig verður hugað að breytingum sem hafa orðið á andlagsfalli í ópersónulegri setningagerð með þolmyndarbeygingu, hinni svonefndu „nýju setningagerð“ í íslensku og áþekku fyrirbæri sem örlar á í færeysku. Kannað verður hvort og þá að hve miklu leyti breytingarnar koma heim og saman við tilgátur sem hafa verið settar fram um eðli og þróun fallmörkunar á rökliðum (frumlagi og andlagi). Í meginatriðum renna niðurstöðurnar stoðum undir slíkar tilgátur, með ákveðnum undantekningum sem kalla á frekari skýringar. Sérstaklega er áhugavert í þessu samhengi að rannsóknir á færeyska fallakerfinu styðja með sjálfstæðum hætti tilgátur sem upphaflega voru settar fram á grundvelli íslensku.¹

2. Fallmörkun á rökliðum í norrænu eyjamálunum

Í íslensku og færeysku geta rökliðir sagna (frumlög og andlög) verið í hvaða

¹ Ég þakka Magnúsi Snædal og Jóhannesi Gísla Jónssyni gagnlegar ábendingar en þeir bera enga ábyrgð á því sem miður kann að fara í þessari grein.

falli sem er, að því undanskildu að í færeysku er eignarfall horfið sem frumlags- og andlagsfall. Þar er hvorki tangur né tetur eftir af eignarfallsfrumlögum en fáein dæmi um sagnir með eignarfallsandlagi finnast í eldri textum. Almennt stendur eignarfall höllum fæti sem beygingarfræðilegt fall í færeysku (Þórhallur Eyþórsson og Jóhannes Gísli Jónsson 2003, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson 2005, 2007, Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen 2004).

Sú skoðun að frumlag geti verið í öðru falli en nefnifalli hefur verið viðtekin um íslensku allt frá því að Andrews (1976) færði fyrstur rök fyrir frumlagseðli nafnliða í aukafalli með aukafallssögnum (sem einnig eru nefndar „ópersónulegar“ sagnir). Réttum áratug síðar sýndi Barnes (1986) fram á frumlagseðli nafnliða með slíkum sögnum í færeysku. Aukafallslíðirnir *mig* (*mér*) í íslensku og *mær* (*meg*) í færeysku með sögnum eins og *vanta* eru þannig taldir frumlög.²

- (1) a. **Mig** (*yngra: mér*) vantar peninga.
- b. **Mær** (*eldra: meg*) vantar pengar.

Til að skera úr um það hvort setningarliðir eru frumlög eða ekki eru notuð frumlagspróf af ýmsum toga (sbr. Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinsson 1985 og margir fleiri). Á meðal þeirra prófa sem talin eru áreiðanlegust er það hvort unnt er í nafnháttarsetningu að undanskilja nafnlið sem er samvísandi við frumlagið í aðalsetningunni, eins og sýnt er í (2).

- (2) a. Ég þoli ekki að ____vanta peninga.
- b. Eg kann ekki torga at ____vanta pengar. (Barnes 1986)

Þetta próf sýnir að nafnliðurinn sem *vanta* tekur með sér er frumlag þótt hann sé í aukafalli en ekki í nefnifalli; það verður að undanskilja hann í nafnháttarsetningum eins og í (2). Ef aukafallslíðurinn væri andlag mætti búast við því að hann skyti upp kollinum í slíkum nafnháttarsetningum – en það gerir hann aldrei; setningar eins og **Ég þoli ekki að mig vanta peninga* eða **Ég þoli ekki að vanta mig peninga* eru allsendis ótækar.

Nefnifallsandlag kemur einkum fyrir með sögnum sem taka þágufallsfrumlag (ÞGF–NF-sögnum), t.d. *leiðast* í íslensku. Sögnin getur ýmist samræmst nefnifallslíðnum eða staðið í þriðju persónu eintölu.

2 Raunar nota Færeyingar nú orðið fremur sögnina *mangla*, sem er tökuorð úr dönsku, í staðinn fyrir *vanta*: *Mær manglar* (eða *eg mangli*).

(3) Mér leiðast/leiðist apar.

Aukafallsfrumlög eru sameiginlegt setningafræðilegt einkenni íslensku og færeysku og í raun forngermanskur arfur í eyjanorrænu (Þórhallur Eypórsson og Jóhanna Barðdal 2005). Aukafallssagnir eru þó mismargar í málunum. Í íslensku eru aukafallssagnir taldar á fjórða hundrað (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98; sjá einnig Jóhönnu Barðdal 2001). Í færeysku eru þær mun færri, aðeins um fimmtíu (Petersen 2002, Þórhallur Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson 2003, Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004). Ýmsar aukafallssagnir sem getið er um í handbókum eru óalgengar í íslensku og færeysku nútímamáli; þær eru margar hverjar bundnar við föst orðasambönd sem hafa bóklegan eða fornlegan keim. Rannsóknir á eldri færeysku, þ. á m. danskvæðum, sýna að fyrr á tímum voru aukafallssagnir fleiri í því máli en nú er.³

Nefnifallsfrumlög geta haft hvaða merkingarhlutverk sem vera skal, hvort heldur það er gerandi, þema/þolandi, skynjandi eða viðtakandi. Merking aukafallsfrumlaga er hins vegar þrengri og þau eru aldrei gerendur. Í íslensku hafa aukafallsfrumlög merkingarhlutverkin þema/þolandi, skynjandi eða viðtakandi (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98). Í færeysku nútímamáli hafa aukafallsfrumlög einvörðungu merkingarhlutverkið skynjandi þótt líklega hafi þau haft fleiri merkingarhlutverk í eldri færeysku eins og í íslensku (Þórhallur Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson 2003, Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004).

3. Formgerðarfall og (reglulegt og furðulegt) orðasafnsfall

Fyrir tveim áratugum settu Yip, Maling og Jackendoff (1987) fram tilgátu um skiptingu falla á rökliðum sagna (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98). Þar er gerður grundvallarmunur á formgerðarfalli annars vegar og orðasafnsfalli hins vegar. Formgerðarfall (*structural case*) er fyrirsegjanlegt setningarfall en orðasafnsfall (*lexical case*) er bundið við einstakar sagnir eða sagnflokka. Orðasafnsfalli er svo aftur skipt í reglufall (*thematic case*) og furðufall (*quirky case* eða *idiosyncratic case*). Reglufall er fyrirsegjanlegt út frá merkingu sagnar en furðufall er algerlega ófyrirsegjanlegt. Þessi þrískipting er m.a. rökstudd með setningafræðilegum eiginleikum sagnanna í hverjum flokki og rökliðanna sem þær taka með sér en einnig með virkni ákveðinna fallamynstra og breytingum sem á þeim hafa orðið.

3 Fallmörkun í eldri færeysku var rannsökuð sérstaklega í verkefninu Þróun fallakerfisins í íslensku og færeysku sem greinarhöfundur stjórnaði í samvinnu við Jóhannes Gísla Jónsson og styrkt var af Rannsóknasjóði Rannís (2004–06). Niðurstöður úr því verkefni verða birtar á öðrum vettvangi.

Í samræmi við þessa skiptingu má setja fram flokkun falla í íslensku á þessa leið (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98):

Nefnifall er formgerðarfall á frumlagi en þolfall er formgerðarfall á andlagi; nefnifall og þolfall eru sjálfgefin setningarföll sem eru ekki bundin við einstakar sagnir. Nefnifall telst einnig formgerðarfall á andlagi aukafalls-sagna sem taka þágufallsfrumlag, þ.e. ÞGF–NF-sögnum eins og *leiðast* í dæmi (3).

Þágufall er reglulegt orðasafnsfall á frumlagi sem hefur merkingarhlutverkið skynjandi (t.d. með *leiðast*) og viðtakandi (t.d. með *áskotnast*). Rökin fyrir þessari greiningu er virkni þágufallsfrumlags sem kemur m.a. fram í sterkri tilhneigingu til að alhæfa þágufall á kostnað þofalls sem frumlagsfall með skynjandasögnum („þágufallssýki“ eða þágufallshneigð) (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98, Þórhallur Eypórsson 2001, 2002). Enn fremur telst þágufall reglulegt orðasafnsfall á andlögum margra sagna (t.d. *hjálpa*).

Bæði þolfall og þágufall á frumlagi þema-sagna (t.d. *reka*, *ljúka*) er ófyrirsegjanlegt í íslensku og telst því furðufall. Lítil virkni sagna sem taka þema-frumlag í aukafalli birtist í tilhneigingu slíkra frumlaga til að fá nefnifall (nefnifallshneigð), t.d. *báturinn rak að landi* fyrir eldra *bátinn rak að landi*; *leikurinn lauk með jafntefli* fyrir eldra *leiknum lauk með jafntefli*. Eignarfall er alltaf talið furðufall, bæði á frumlagi (t.d. með *missa við*) og andlagi (t.d. með *sakna*) (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98, Þórhallur Eypórsson 2001, 2002).

4. Breytingar á fallmörkun rökliða

Út frá framangreindri þrískiptingu á föllum má setja fram tilgátu um breytingar á fallmörkun rökliða, þ.e. í hvaða röð þær gerast (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98, Þórhallur Eypórsson 2001, 2002):

- (4) a. furðufall → formgerðarfall
- b. furðufall → reglufall

Samkvæmt þessari tilgátu hefur formgerðarfall tilhneigingu til að leysa orðasafnsfall af hólmi en furðufall víkur fyrir reglufalli og formgerðarfalli. Birtingarmyndir þessara breytinga í íslensku eru m.a. þessar:

Orðasafnsfall (furðufall) verður formgerðarfall:

- (a) Nefnifallshneigð á frumlögum: *tillöguna dagar uppi* → *tillagan dagar uppi*
- (b) „Eignarfallsflótti“ á frumlögum og andlögum: *þess þarf* → *það þarf*, *spyrja einnar spurningar* → *spyrja eina spurningu*

Furðufall verður reglufall:

„Þágufallssýki“ á frumlögum: *mig langar* → *mér langar*

Þessar breytingar koma heim og saman við tilgátuna í (4) um stefnu breytinga á fallmörkun; ítarlegar kannanir sem gerðar hafa verið á fallakerfi eyjanorrænu málanna renna frekari stoðum undir hana. Án efa er áhugaverðast í þessu samhengi að þróunin í færeysku styður með sjálfstæðum hætti umrædda tilgátu og þar með um leið tilgátuna um þrískiptingu falla en báðar voru þær settar fram á grundvelli íslensku. Forsenda þeirrar niðurstöðu er vitaskuld sú að á eldri tíð hafi færeyska fallakerfið verið líkara því íslenska en nú er, en eins og áður segir hníga sterk rök að þeirri skoðun.

5. Rannsóknir á fallakerfi (aukafallsfrumlögum) eyjanorrænu

Á árunum 2001–4 gerði höfundur þessarar greinar nokkrar kannanir á fallakerfi í íslensku og færeysku í samvinnu við Jóhannes Gísli Jónsson. Til þessara verkefna fengust styrkir frá Bresku akademíunni (British Academy). Kannanirnar miðuðu fyrst og fremst að því að mæla breytileika eða tilbrigði (*variation*) í fallmörkun með aukafallssögnum í norrænu eyjamálunum. Sérstakt markmið íslensku könnunarinnar var enn fremur að bera niðurstöðurnar úr henni saman við niðurstöður úr könnun sem Ásta Svavarsdóttir gerði veturinn 1980–81 (Ásta Svavarsdóttir 1982).

Íslenska könnunin var gerð haustið 2001 og náði til um 900 ellefu ára barna í 20 grunnskólum víðsvegar um land (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2003, 2005). Niðurstöðurnar voru í stuttu máli á þessa leið:

- Um 90% 11 ára barna reyndust vera með þágufall í stað upprunalegs þolfalls með einni eða fleiri þeirra þolfallssagna sem kannaðar voru (*gruna, dreyma, langa, minna, vanta, kitla, sviða og svima*).
- Þágufallshneigð var mjög mismunandi eftir sögnum (mest 60,4% með *svima* en minnst 24,9% með *minna*). Hér kom fram fjórðungs aukning frá könnun Ástu Svavarsdóttur (1982).
- Nefnifallshneigð, sem er mjög algeng með frumlagi þema-sagna, kom einnig fyrir með frumlagi skynjunarsagna.

Íslenska könnunin var enn fremur lögð fyrir hóp fullorðinna og í ljós kom að notkun upprunalegs falls var mun algengari hjá þeim en hjá börnunum sem tóku þátt í könnuninni (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2003).

Í Færeyjum voru gerðar tvær kannanir (sbr. Þórhallur Eyþórsson og Jóhannes Gísli Jónsson 2003, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson 2005, 2007). Fyrri könnunin var gerð á tímabilinu janúar–mars 2002 og tóku þátt í henni 286 grunnskólanemar fæddir 1989–90. Síðari könnunin var gerð vorið 2004 en í henni tóku þátt 277 fullorðnir. Niðurstöður úr báðum færeysku könnununum eru sýndar í *töflu 1* (tölur í dálkum með upprunalegu falli eru feitletraðar).

Tafla 1. Tilbrigði í frumlagsfalli færeyskra aukafallssagna (%)

	Nefnifall		Þolfall		Þágufall	
	Börn	Fullorðnir	Börn	Fullorðnir	Börn	Fullorðnir
m/þf						
<i>gruna</i> 'gruna'	82.2	90.8	0.7	1.7	15.7	6.1
<i>droyma</i> 'dreyma'	99.0	98.3	0.0	0.7	0.3	0.3
<i>minnast</i> 'minna(st)'	95.8	98.6	0.0	0.3	3.8	0.3
m/þgf						
<i>dáma</i> 'líka'	14.3	2.4	1.0	0.0	82.2	97.3
<i>tørva</i> 'þurfa'	31.1	4.4	2.1	0.0	64.3	94.9
<i>tykja</i> 'þykja'	38.8	21.8	1.7	1.0	57.0	75.1
<i>lukkast</i> 'heppnast'	44.8	24.9	1.4	0.3	51.4	73.7
<i>leingjast</i> 'þrá'	60.1	27.0	1.7	0.0	34.3	70.6

Eins og fram kemur í töflu 1 er nokkur munur á notkun frumlagsfalls hjá börnum og fullorðnum þótt hann sé ekki eins mikill og í íslensku. Þolfallsfrumlag mjög fátítt í færeysku nútímamáli; á hinn bóginn hefur þágufallsfrumlag styrka stöðu með þeim skynjandasögnum sem kannaðar voru, síður þó hjá börnum en fullorðnum. Athygli vekur að vottur er af þágufallshneigð í færeysku, einkum með *gruna*. Nefnifall er í sókn sem frumlagsfall, aðallega með þolfallssögnum en líka með þágufallssögnum.

Niðurstöður þessara kannana eru í samræmi við tilgátuna í (4) um stefnu breytinga á fallmörkun. Augljóslega hefði það rýrt mjög gildi tilgátunnar ef þolfallsfrumlög væru t.d. í sókn en nefnifallsfrumlög á fallanda fæti.

Því má skjóta hér inn að svipuð þróun virðist vera í fallmörkun andlaga þótt það hafi raunar ekki verið athugað í þeim könnunum sem hér eru til umfjöllunar (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson 2007, Jóhannes Gísli Jónsson 2007). Í færeysku breiðist þolfall, sem er formgerðarfall á andlögum, út á kostnað orðasafnsfalls, þágufalls og eignarfalls, en eins og

áður er getið er hið síðarnefnda horfið í færeysku nútímamáli. Hins vegar er mikil útbreiðsla þágufalls á andlögum í íslensku óvænt út frá þessari tilgátu (sbr. Maling 2002). Sama er að segja um þá tilhneigingu sem verður vart með fáeinum sögnum til að skipta nefnifalli út fyrir aukafall á frumlagi (t.d. *Ég hlakka til* → *Mig/mér hlakkar til*; sbr. Þórhallur Eyþórsson 2001). Slík tilvik kalla vissulega á skýringar en það breytir þó ekki þeirri staðreynd að í megin-dráttum er þróunin í samræmi við tilgátuna í (4).

Þær rannsóknir sem hér hefur verið sagt frá sýna svart á hvítu gagnsemi þess að bera saman tilbrigði á afmörkuðu sviði – svokallaðar örbreytur (*microparameters*) – í náskyldum tungumálum eins og íslensku og færeysku í því skyni að varpa ljósi á málbreytingar í víðara samhengi. Þróun fallakerfisins í norrænu eyjamálunum bendir til þess að hún fylgi ákveðinni stefnu í þá átt að virk og regluleg mynstur séu alhæfð á kostnað óvirkra og óreglulegra mynstra. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart en nákvæm kortlagning ferlisins hefur ótvírætt fræðilegt gildi, ekki síst þar sem í ljós hefur komið að röð breytinganna er að verulegu leyti fyrirsegjanleg. Þó er mörgum spurningum enn ósvarað, t.d. um orsakir slíkrar þróunar og af hverju hún virðist oft – en þó ekki alltaf – komin lengra á veg í færeysku en í íslensku. Þar skipta án efa máli, auk landfræðilegrar legu, ólík félagsleg skilyrði og málaðstæður á Íslandi og Færeyjum, en enn sem komið er hafa slík atriði ekki verið könnuð og borin saman til neinnar hlítar.

6. Breytingar á formgerðarfalli: nefnifall verður þolfall á andlagi

Hér að framan var ekki getið um breytingu á fallmörkun sem hefur orðið bæði í færeysku og íslensku og felst í því að eitt afbrigði formgerðarfalls leysir annað af hólmi, þ.e. þolfall kemur í stað nefnifalls. Breytingin birtist þó í ólíkum setningagerðum í norrænu eyjamálunum tveim. Í færeysku kemur þolfall í stað nefnifalls með andlögum sagna sem taka þágufallsfrumlag, sbr. (5), en sú breyting virðist ekki eiga sér hliðstæðu íslensku, sbr. (6a) og (6b) (sbr. Barnes 1986, Þórhallur Eyþórsson 2002, Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004).

(5) **Mær** dāmar væl **hasa** bókina.

(6) a. **Mér** líkar vel **þessi** bók.

b. ***Mér** líkar vel **þessa** bók.

Aftur á móti kemur þolfall í stað nefnifalls í íslensku fyrir í „nýju setninga-

gerðinni“ svokölluðu (*Það var barið mig*) en aðeins örlar á slíkri breytingu í færeysku (sjá kafla 7). Spyrja má hvort unnt sé að setja fram tilgátu sem spáir fyrir um þessa breytingu, í anda tilgátunnar í (4).

Vandinn við að henda reiður á þessari breytingu er m.a. sá að ekki er fyrirfram ljóst að ein tegund formgerðarfalls hafi á einhvern hátt sterkari stöðu en önnur. Einkum er umhugsunarvert að nefnifall víkur fyrir þolfalli þótt það síðarnefnda nái yfir þrengra svið, ef svo má segja, þar sem það er einskorðað við andlög. Nefnifall kemur hins vegar miklu víðar fyrir og er í raun hið ómarkaða fall (enda stundum nefnt „símaskrárfall“ vegna þess að nöfn eru í nefnifalli í listum eins og símaskránni).

6.1 Frumlagsfall og andlagsfall í íslensku

Sú almenna regla gildir í íslensku og mörgum öðrum málum að formgerðarþolfall kemur ekki fyrir í setningu nema nefnifall sé þar líka. Hið gagnstæða gildir ekki; nefnifall kemur iðulega fyrir án þess að nokkurt þolfall sé í setningunni. Með hliðsjón af þessu má setja fram eftirfarandi alhæfingu um formgerðarfall:

- (7) Nefnifall er hið ómarkaða fall sem úthlutað er í setningu en þolfall er hið ómarkaða andlagsfall.

Þessi alhæfing felur í sér að þolfalli er ekki úthlutað til nafnliðar nema nefnifalli hafi verið úthlutað áður til annars nafnliðar í sömu setningu (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 2003, 2006, 2007). Nefnifall er því í vissum skilningi „fyrsta fall“ í setningu en þolfall „annað fall“. Þessi „göggunarröð“ í fallaúthlutun er í samræmi við þá staðreynd að formgerðarþolfall kemur hvorki fyrir á frumlagi áhrifssagna né áhrifslausra sagna; það kemur aðeins fyrir á andlagi áhrifssagna sem taka nefnifallsfrumlag.

Fallamynstur með aukafallssögnum í íslensku styður þessa alhæfingu. Eins og áður segir taka sagnir eins og *líka* með sér frumlag í þágufalli en andlag í nefnifalli (ekki þolfalli). Í ljósi þess sem áður var sagt má gera ráð fyrir því að þar sem *líka* úthlutar orðasafnsfalli (þágufalli) til frumlags síns sé nefnifallið á vissan hátt á „á lausu“ þar sem því hefur ekki verið úthlutað til frumlagsins eins og með sögnum sem taka nefnifallsfrumlag. Þar af leiðandi er unnt að úthluta nefnifalli til andlagsins. Sama mynstur og með aukafallssögnum birtist í polmynd af tveggja andlaga sögnum eins og *gefa*. Þolfallið helst ekki óbreytt (8b) heldur samsvarar nefnifall (8a) beinu þolfallsandlagi germyndarsetningar. Aftur á móti helst þágufall á óbeinu andlagi óbreytt.

- (8) a. Stráknum voru gefnir **bílar**.
 b. *Stráknum var gefið **bíla**.

Í þessu samhengi ber þess þó að geta að aukafallssagnir eins og *vanta* taka bæði þolfall á frumlagi og á andlagi.

- (9) Mig vantar **peninga**.

Í fljótu bragði kynni þessi staðreynd að virðast vera í mótsögn við það sem sagt var um aukafallssagnir – að andlaginu sé úthlutað nefnifalli þar sem frumlagið er í orðasafnsfalli. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að þetta er ekki raunverulegt mótdæmi. Áðurnefnd regla á aðeins við um formgerðarfall en dæmin í (10) benda til þess að þolfallið á andlaginu með *vanta* sé orðasafnsfall, rétt eins og þolfallið á frumlagi þessarar sagnar (sbr. Yip o.fl. 1987).

- (10) a. **Peninga** vantar.
 b. **Mér** vantar peninga.

Þannig sýnir dæmið í (10a) að þegar sögnin *vanta* er áhrifslaus helst þolfall á frumlaginu. Dæmið í (10b) sýnir að hjá þeim málhöfum sem hafa þágufallsfrumlag með *vanta* (af völdum „þágufallssýki“) helst þolfallið á andlaginu en verður ekki nefnifall eins og venjan er með „raunverulegum“ þágufallsögnum. Þess má geta að í íslensku taka engar sagnir með upprunalegu þágufallsfrumlagi andlag í þolfalli (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98).

Samkvæmt framansögðu er nefnifall hið ómarkaða fall í íslensku en þolfall hið ómarkaða andlagsfall. Með sögnum sem taka þágufallsfrumlag er andlagið í nefnifalli nema um sé að ræða orðasafnsfall eins og með *vanta*.

6.2 Frumlagsfall og andlagsfall í færeysku

Í færeysku gildir í grundvallaratriðum sama regla um formgerðarfall og í íslensku: Nefnifall er hið ómarkaða fall en þolfall hið ómarkaða andlagsfall sem er aðeins úthlutað ef frumlagið er í nefnifalli. Aftur á móti er færeyska frábrugðin íslensku að því leyti að með aukafallssögnum og í þolmynd af tveggja andlaga sögnum þekkist tvenns konar mynstur: annars vegar ÞGF–NF eins og í íslensku, hins vegar ÞGF–ÞF þar sem þolfall kemur í stað nefnifalls á andlagi (Barnes 1986, Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004).

- (11) a. Honum tókti **skatturinn** ov lítil.
 b. Honum tókti **skattin** ov lítlan.

- (12) a. ?Honum varð ynskt **ein góð ferð**.
 b. Honum varð ynskt **eina góða ferð**.

Í færeysku nútímamáli er mynstrið ÞGF–ÞF með germyndarsögnum eðlilegra og algengara en mynstrið ÞGF–NF. Þannig skýrir Barnes (1986) frá því að mun fleiri færeyskir málhafar sem hann prófaði hafi samþykkt setninguna í (11b) en setninguna í (11a), sem var talin hafa fornlegan keim. Hins vegar er því öfugt farið í þolmynd þar sem almennt gengur betur að hafa nefnifall á beina andlaginu. Fallnotkunin er þó breytileg frá einni sögn til annarrar og t.d. kjósa fleiri þolfall en nefnifall í þolmynd af sögninni *ynskja*, sbr. (12b) og (12a) (Barnes 1986, Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004).

Allt um það er ljóst að mynstrið ÞGF–ÞF er sögulega séð yngra en ÞGF–NF, eins og samanburður við íslensku að fornu og nýju sýnir. Hér hefur því orðið breyting í færeysku sem ekki hefur átt sér stað í íslensku. Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart því að færeyska hefur tekið margvíslegum breytingum sem ýmist hafa alls ekki orðið í íslensku eða hafa ekki náð jafnmikilli útbreiðslu þar og í færeysku.

Hins vegar fellur þetta ÞGF–ÞF-mynstur ekki að þeirri almennu reglu um íslensku sem sett var fram hér að framan að formgerðarþolfalli sé ekki úthlutað nema nefnifalli hafi verið úthlutað áður. Í dæmunum í (11) og (12) er nafnliður í þolfalli án þess að nokkurt nefnifall sé í setningunni og ekkert bendir til annars en þolfallið sé formgerðarfall.

Enda þótt mynstrið ÞGF–ÞF þar sem þolfallið er formgerðarfall eigi sér ekki samsvörun í íslensku eru hliðstæð fyrirbæri til í öðrum málum, bæði í miðensku og í eldri sænsku þar sem þolfall leysti nefnifall af hólmi á andlögum aukafallssagna (sbr. Þórhallur Eypórsson 2002 og tilvísanir þar). Síðar var svo nefnifall alhæft á frumlagi þessara sagna en þróun í þá átt á sér einmitt líka stað í nútímafæreysku.

- (13) **Eg** dámi væl hasa bókina.

Erfitt er að henda reiður á orsök breytingarinnar frá nefnifalli til þolfalls á andlögum en eðli hennar er ljóst. Þótt nefnifallið sé hið ómarkaða fall þá er það ekki virkt andlagsfall. Breytingin felst í því að virkt formgerðarfall á andlagi (þolfall) kemur í stað óvirks formgerðarfalls (nefnifalls).

7. Þolmyndarbeyging og þolfallsandlag

Fram hefur komið að í færeysku má finna dæmi sem fara í bága við þá alhæfingu að formgerðarþolfall komi ekki fyrir í setningu nema nefnifall sé í henni líka. Raunar hefur orðið til ný setningagerð í íslensku sem virðist ekki heldur samrýmast þessari alhæfingu. Setningagerðin hefur beygingarfræðileg einkenni þolmyndar en nafnliðurinn sem samvarar þolfallsandlagi germyndarsetningar er í þolfalli en ekki í nefnifalli eins og í venjulegri þolmynd. Komið hefur í ljós að í færeysku er líka til slík setningagerð þótt útbreiðsla hennar sé verulegum takmörkunum háð.

7.1 Nýja setningagerðin í íslensku

Nýja setningagerðin í íslensku er sýnd í (14) og gengur ýmist undir nafninu nýja þolmyndin (Helgi Skúli Kjartansson 1991) eða nýja ópersónulega setningagerðin (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001). Hér verður notast við nafngiftina „nýja setningagerðin“.

- (14) a. Það var barið **mig**.
 b. Það var barið **lítinn strákr**.
 c. Það var barið **litla strákin**.

Eins og sjá má er nafnliðurinn í þolfalli en ekki nefnifalli og engin ástæða er til að ætla annað en þolfallið sé formgerðarfall. Orðasafnsfall (þágufall og eignarfall) helst óbreytt í nýju setningagerðinni (*Það var hrint mér, Það var saknað kemmarans*).

Veturinn 1999–2000 könnuðu Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir útbreiðslu nýju setningagerðarinnar í íslensku (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001, Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir 2002). Í könnun þeirra kom eftirfarandi í ljós:

- Nýja setningagerðin er að miklu leyti bundin við mál barna og unglinga en kemur þó fyrir á meðal fullorðinna
- Elstu notendurnir sem heimildir eru um eru fæddir um 1950
- Nýja setningagerðin er algeng úti á landi en minnst á Stór-Reykjavíkursvæðinu, umfram allt á svæðinu vestan Elliðaáa
- Menntun foreldra skiptir máli fyrir útbreiðslu nýju setningagerðarinnar, einkum menntun móður. Því meiri menntun sem móðirin hefur þeim mun minna er nýja setningagerðin notuð – og öfugt

Könnun þeirra Joan Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur á nýju setningagerðinni bendir til þess að hún sé notuð samhliða venjulegri þolmynd; enginn málhafi er aðeins með nýju setningagerðina en ekki með venjulegu þolmyndina. Enn fremur er óljóst hvort nokkur merkingarmunur er á nýju setningagerðinni og þeirri gömlu en gera má ráð fyrir því að nýja setningagerðin sé orðin til á grunni venjulegrar þolmyndar.

Hér verður ekki fjallað í smáatriðum um nýju setningagerðina eða tilurð hennar (ítarlega umfjöllun er að finna hjá Þórhalli Eyþórssyni 2007). Það sem hér skiptir máli eru grundvallaratriði sem snerta setningafræðileg einkenni nýju setningagerðarinnar. Þau eru þessi helst:

- Nafnliður á eftir lýsingarhætti þátíðar stendur í þolfalli (nema hann beri orðasafnsfall)
- Nafnliðurinn getur verið ákveðinn
- Lýsingarháttur þátíðar samræmist ekki nafnliðnum heldur stendur í hvorugkyni eintölu

Í venjulegri þolmynd stendur nafnliður sem samsvarar þolfallsandlagi germyndar í nefnifalli og lýsingarhátturinn samræmist honum. Orðasafnsfall á andlögum helst óbreytt og lýsingarhátturinn er þá í hvorugkyni eintölu. Enn fremur stendur nafnliðurinn ýmist í venjulegu frumlagssæti og getur þá verið ákveðinn eða óákveðinn, sbr. (15), eða hann stendur aftar í setningu – til vinstri eða hægri við lýsingarháttinn – og getur þá aðeins verið óákveðinn, sbr. (16).

(15) a. **Nýja tölvan** var keypt í gær.

b. **Ný tölva** var keypt í gær.

(16) a. Það var keypt **ný tölva** (*nýja tölvan) í gær.

b. Það var **ný tölva** (*nýja tölvan) keypt í gær.

Í venjulegri þolmynd er nafnliðurinn frumlag en í nýju setningagerðinni er það ekki augljóst. Raunar færa Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir sannfærandi rök fyrir því að nafnliðurinn sé andlag og skal fallist á þau hér (sbr. Þórhallur Eyþórsson 2007).

Eðli nýju setningagerðarinnar er hins vegar umdeilt og sett hefur verið fram tvenns konar greining á henni. Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir

tína til ýmis rök fyrir þeirri greiningu að nýja setningagerðin sé ópersónuleg germynd þar sem nefnifalli sé úthlutað til ósýnilegs frumlags í setningunni. Rökin eru m.a. þau að gerandi í forsetningarlið („af-liður“) kemur lítið sem ekkert fyrir með nýju setningagerðinni. Ekki er tóm til að tíunda þessi rök hér en rétt er að taka skýrt fram að þau styðja germyndargreininguna ekki með óbyggjandi hætti (sjá nánar Þórhall Eypórsson 2007). Að dómi höfundar þessarar greinar er líklegra að nýja setningagerðin sé í raun þolmynd þótt sú greining sé ekki heldur laus við vandkvæði þar sem þolfallið á nafnliðnum brýtur gegn viðteknum skoðunum um fallmörkun rökliða í þolmynd. Jafnframt er þolmyndargreiningin í andstöðu við þá hugmynd sem áður var nefnd að nefnifall sé hið ómarkaða setningarfall og þolfalli sé ekki úthlutað nema nefnifalli hafi verið úthlutað fyrst.

Aðalatriðið er þó það að í nýju setningagerðinni kemur eitt afbrigði formgerðarfalls í stað annars. Þótt orsök þessarar breytingar sé ekki að fullu ljós fremur en hjá ÞGF–ÞF-sögunum í færeysku sem hafa orðið til úr ÞGF–NF-sögnum er eðli hennar skiljanlegt: óvirkt formgerðarfall víkur fyrir virku formgerðarfalli á andlagi.

7.2 Tað-þolmynd í færeysku

Uppkoma nýju setningagerðarinnar er dæmi um breytingu á setningagerð í íslensku sem hefur ekki verið talin eiga sér beina samsvörun í færeysku. Þó hefði mátt búast við þessari breytingu í færeysku því að þar víkur nefnifall fyrir þolfalli á andlagi sagna í öðrum tilvikum, þ.e. með upprunalegum ÞGF–NF-sögnum, eins og rakið var að framan.

Í samtölum við færeyska málhafa vorið 2006 kom raunar á daginn að í færeysku örlar á setningagerð þar sem nafnliðurinn á eftir lýsingarhættinum er í þolfalli eins og í nýju setningagerðinni í íslensku. Sá munur er þó á að færeyska setningagerðin virðist aðeins koma fyrir með tveggja andlaga sögnum og beina andlagið virðist ekki geta verið ákveðið.

(17) a. Tað varð lovað henni **eina teldu**.

b. *Tað varð lovað henni **telduna**.

c. *Tað varð lovað henni **hana**.

Þess ber að geta að sumir málhafar geta haft nefnifall á nafnliðnum sem samsvarar beina andlaginu í tað-þolmynd af tveggja andlaga sögnum. Nafnliðurinn verður að vera óákveðinn eins og í venjulegri það-þolmynd í

íslensku, sbr. (16), en óbeina andlagið getur verið ákveðið og er til hægri við lýsingarháttinn, ólíkt því sem gerist í íslensku.⁴

(18) Tað varð lovað henni **ein telda**.

Í ljósi þessarar nýju vitneskju var afráðið að hafa nokkur dæmi um setninga-gerðina í (17) með í setningafræðilegri könnun á færeysku sem gerð var í Færeyjum vorið 2006. Könnunin var gerð á vegum öndvegisverkefnisins Tilbrigði í setningagerð sem unnið var að við Háskóla Íslands 2005–07 undir stjórn Höskuldar Þráinssonar prófessors. Umsjónarmenn könnunarinnar í Færeyjum voru Victoria Absalonsen og Helena í Løgmansbø.

Fjöldi þátttakenda í könnuninni var 243, úr fjórum aldurshópum (16 ára, 20–25 ára, 40–45 ára og 65–70 ára). Könnunin var lögð fyrir á sex stöðum og er fjöldi þátttakenda á hverjum stað innan sviga: Miðvágur (45), Tvøreyri (38), Tórshavn (43), Klaksvík (36), Fuglafjørður (38) og Sandoy (43). Í könnuninni voru gefnir eftirfarandi svarmöguleikar:

- Ja (vanligur/møguligur setningur)
- ? (ivasamur setningur)
- Nei (ómøguligur setningur)

Niðurstöðurnar staðfestu þær upplýsingar sem höfðu komið fram í samtölum við færeyska málhafa. Rúmur helmingur (51,2%) þátttakenda samþykkti setninguna í (19), þar sem um er að ræða tveggja andlaga (ÞGF–ÞF) sögn („ómøguligur setningur“). Tæp 20% þátttakenda töldu þessa setningu „ivasama“ og tæp 30% höfnuðu henni.

(19) Tað bleiv lovað konuni **eina teldu**.

Aftur á móti hafnaði yfirgnæfandi meirihluti (94,6%) þátttakenda setningunni í (20). Fáeinir (4,5%) töldu hana „ivasama“ en innan við eitt prósent (0,8%) samþykkti hana.

(20) Tað bleiv sligið **meg**.

4 Í íslensku er setningin **Það var gefin henni tölva* ótæk. Aftur á móti er *Það var einhverri stelpu gefin tölva* tæk vegna þess að báðir nafnliðirnir eru óákveðnir (óbeina andlagið er til vinstri við lýsingarháttinn).

Athyglisvert er að af þeim sem samþykktu setninguna í (19) voru flestir (eða 75%) í elsta aldurshópnum, 65–70 ára. Því yngri sem þátttakendur voru, þeim mun síður samþykktu þeir þessa setningu: um 60% í aldurshópnum 40–45 ára, 43% af þeim sem voru á aldrinum 20–25 ára og 37% af 16 ára þátttakendum. Þessar tölur virðast gefa til kynna að setningagerðin í (19) hafi verið algengari áður fyrr en sé á undanhaldi. Þó er erfitt að fullyrða nokkuð um það þar sem ekki er að sjá að setningagerðin komi fyrir í eldri ritheimildum um færeysku.

Spyrja má hvers vegna þolfall kemur fyrir að svo takmörkuðu leyti í *tað*-þolmynd í færeysku – og aðeins með tveggja andlaga sögnum? Ætla má að svarið tengist lítilli notkun *tað*-þolmyndar (með nafnlið aftan við aðalsögn) í færeysku. Í áðurnefndri könnun samþykktu aðeins 32,4% þátttakenda setninguna í (21) en af þeim voru flestir (46,2%) í elsta aldurshópnum, 65–70 ára.

(21) Tað blivu handtiknir **nógvir studentar**.

Tað-þolmynd með nafnlið á undan aðalsögn er mun algengari enda samþykktu tæp 83% setninguna í (22) og þar af voru flestir (88,5%) í elsta aldurshópnum.

(22) Tað blivu **nógvir pengar** stolnir.

Ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir því að eins og í íslensku sé nýja setningagerðin í færeysku orðin til á grunni venjulegrar *tað*-þolmyndar. Sú staðreynd að *tað*-þolmynd þar sem nafnliðurinn fer á eftir lýsingarhætti þátíðar er lítið notuð í færeysku felur í sér að ekki eru góð skilyrði fyrir myndun nýju setningagerðarinnar í því máli. Enn fremur kunna önnur atriði að hindra myndun og útbreiðslu þolmyndar með þolfallsandlagi í færeysku, t.d. *man*-setningar eins og í (23). Í færeysku (talmáli) er *man* notað í merkingunni 'fólk almennt' sem veldur því að ekki er „þörf“ fyrir ópersónulega þolmynd.

(23) Elsta NT-handrit, sum **man** veit um í dag, er frá uml. 130 e.Kr.... **Man** hefur higartil funnið meira enn 5.300 NT-handrit. www.kuff.fo/les_meira.php
(Sótt 25.6.07)

Í íslensku er annað uppi á teningnum því að óákveðna fornafnið *maður*

merkir venjulega ekki 'fólk almennt' heldur verður mælandinn ('ég') að vera talinn með og merkingin er því 'ég (og aðrir)'. Ef færeysku setningarnar í (23) eru þýddar á íslensku fer vel á að nota ópersónulega þolmynd en ótækt væri að nota orðið *maður* (nema mælandinn væri sjálfur talinn með en sú merking á hér ekki við).⁵

(24) Elsta handrit Nýja testamentisins sem vitað er um nú á dögum er frá því um 130 e. Kr.... Hingað til hafa fundist meira en 5300 handrit af Nýja testamentinu.

Þannig er „þörf“ íslensku fyrir ópersónulega setningagerð að verulegu leyti svarað með notkun þolmyndar, enda er það einn helsti eiginleiki hennar að gerandinn er „falinn“. Ekki er fráleitt að ímynda sér að þessar aðstæður hafi stuðlað að útbreiðslu nýju setningagerðarinnar í íslensku (sjá nánari umfjöllun hjá Þórhalli Eyþórssyni 2007). Í færeysku hefur verið farin önnur leið og þótt þar orli á þolmynd með þolfallsandlagi hefur annars konar ópersónuleg setningagerð, þ.e. *man*-setningar, náð meiri fótfestu.

8. Lokaorð

Í þessari grein hefur verið fjallað um breytingar á fallakerfi í íslensku og færeysku. Sjónum var umfram allt beint að breytingum á fallmörkun nafnliða með svokölluðum aukafallssögnum, annars vegar á frumlagsfalli slíkra sagna og hins vegar á falli andlagsins. Sérstaklega er áhugavert að færeyska styður með sjálfstæðum hætti tilgátu Yip o.fl. (1987) um þrískiptingu falla í formgerðarfall og reglulegt og óreglulegt orðasafnsfall (reglufall og furðufall). Enn fremur kom í ljós að breytingar á frumlags- og andlagsfalli í báðum norrænu eyjamálunum eru í samræmi við tilgátuna um röð breytinganna í (4) en samkvæmt henni hefur formgerðarfall tilhneigingu til að leysa orðasafnsfall af hólmi en furðufall víkur fyrir reglulegu orðasafnsfalli og formgerðarfalli. Nokkrar skýrt afmarkaðar undantekningar eru þó frá þessari reglulegu þróun sem kalla á frekari skýringar. Þá var hugað sérstaklega að breytingum á formgerðarfalli þar sem óvirkt formgerðarfall á andlagi (nefnifall) víkur fyrir virku formgerðarfalli (þolfalli). Annars vegar er þar um að ræða breytingu í færeysku þar sem mynstrið ÞGF–ÞF kemur í stað eldra ÞGF–NF-mynsturs. Hins vegar er um að ræða nýja setningagerð

5 Hins vegar er hægt að nota fleirtölumyndina *menn* í slíku samhengi: *Elsta handrit Nýja testamentisins sem menn vita um... Hingað til hafa menn fundið...*

með þolmyndarbeygingu sem skotið hefur upp kollinum í íslensku á síðustu áratugum en kemur aðeins að litlu leyti fyrir í færeysku.

Fræðilegur ávinningur rannsókna á borð við þær sem hér er sagt frá felst m.a. í því að samanburður á tilbrigðum á afmörkuðu sviði í náskyldum tungumálum eins og íslensku og færeysku kann að varpa ljósi á málbreytingar í víðara samhengi. Nákvæm kortlagning slíkra breytinga hefur augljóst fræðilegt gildi ef í ljós kemur að röð þeirra er að verulegu leyti fyrirsegjanleg. Mörgum spurningum um þróunina er enn ósvarað, t.d. um orsakir hennar og muninn á henni í íslensku og færeysku. Þar koma án efa til álita ólík félagsleg skilyrði og málaðstæður á Íslandi og Færeyjum, en enn sem komið er hafa slík atriði ekki verið könnuð og borin saman til neinnar hlítar. Því er ljóst að mikið starf er enn óunnið í samanburði á norrænu eyjamálunum.

HEIMILDIR

- Andrews, Avery. 1976. The VP complement analysis in Modern Icelandic. *Proceedings of NELS* 6:1–21.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 4:19–62.
- Barnes, Michael. 1986. Subject, nominative and oblique case in Faroese. *Scripta Islandica* 37:13–46.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2003. Case: abstract and morphological. Ellen Brandner og Heike Zinsmeister (ritstj.): *New Perspectives on Case Theory*, bls. 223–268. CSLI Publications. Stanford.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2006. The Nominative Puzzle and the Low Nominative Hypothesis. *Linguistic Inquiry* 37:289–308.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2007. The case of PRO. Handrit, Lundarháskóla.
- Helgi Skúli Kjartansson 1991. Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma* 14:18–24.
- Höskuldur Þráinnsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen. 2004. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. Føroya Fróðskaparfelag. Tórshavn.
- Jóhanna Barðdal. 2001. *Case in Icelandic – A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach*. Department of Scandinavian Languages. Lund.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–98. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2007. Verb classes and dative objects in Insular Scandinavian. Væntanlegt í: Jóhanna Barðdal og Shobhana Chelliah (ritstj.): *The Role of Semantics and Pragmatics in the Development of Case*. Benjamins. Amsterdam.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 25:7–40.

- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2005. Variation and change in subject case marking in Insular Scandinavian. *Nordic Journal of Linguistics* 28(2):223–245.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2007. Structured exceptions and case selection in Insular Scandinavian. Væntanlegt í: Heike Wiese og Horst Simon (ritstj.): *Expecting the Unexpected: Exceptions in Grammar*, Mouton de Gruyter. Berlin.
- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with dative objects in Icelandic. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 24:31–105.
- Maling, Joan 2006. From passive to active: Syntactic change in progress in Icelandic. B. Lyngfelt and T. Solstad (ritstj.): *Demoting the Agent: Passive, Middle and Other Voice Phenomena*, bls. 197–223. John Benjamins. Amsterdam.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. The 'new impersonal' construction in Icelandic. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 5:97–142.
- Petersen, Hjalmar P. 2002. Quirky case in Faroese. *Fróðskaparrit* 50:63–76.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. 'Það var hrint mér á leiðinni í skólann': Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23:123–180.
- Yip, Moira, Joan Maling og Ray Jackendoff. 1987. Case in tiers. *Language* 63:217–250.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Þráinsson. 1985. Case and grammatical functions: The Icelandic passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441–483.
- Þórhallur Eyþórsson. 2001. Fall á fallanda fæti? Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 22:185–204.
- Þórhallur Eyþórsson. 2002. Changes in subject case marking in Icelandic. David Lightfoot (ritstj.): *Syntactic Effects of Morphological Change*, bls. 196–212. Oxford University Press. Oxford.
- Þórhallur Eyþórsson. 2007. The New Passive in Icelandic really is a passive. Þórhallur Eyþórsson (ritstj.): *Grammatical Change and Linguistic Theory: The Rosendal Papers*, bls. 173–219. Benjamins. Amsterdam.
- Þórhallur Eyþórsson og Jóhannes Gísli Jónsson. 2003. The case of subject in Faroese. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 72:207–232.
- Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal. 2005. Oblique subjects: a common Germanic inheritance. *Language* 81.4:824–881.

SUMMARY

The objective of this paper is to illustrate some changes that have taken place in the case system of the Insular Scandinavian languages (Icelandic and Faroese). The main focus is on changes in the case marking of arguments with verbs taking oblique subjects, both the subject case of such verbs and the case of the object. Interestingly, Faroese provides independent support for the hypothesis of Yip et al. (1987) of the tripartite division of case into structural case, regular lexical case (thematic case) and irregular lexical case (quirky or idiosyncratic case). Moreover, changes in subject and object case in both the Insular Scandinavian languages support a hypothesis of a sequence of changes according to which structural case tends to replace lexical case whereas quirky case yields to regular lexical case and structural case. There are, however, certain well-defined exceptions to this general trend that require explanation.

Special attention was paid to changes in structural case with objects, whereby unproductive case (nominative) gives way to productive case (accusative). On the one hand, a DAT-ACC case frame is substituted for an older DAT-NOM frame in Faroese but not in Icelandic. On the other hand, an innovative construction with passive morphology has emerged in Icelandic but only to a very limited extent in Faroese, in which structural accusative case of the NP is preserved.

The comparison of microvariation in closely related languages such as Icelandic and Faroese can shed light on language change in a wider perspective. Arguably, meticulous mapping of such changes has considerable theoretical value if it turns out that the sequence of the changes is to a large extent predictable. Many questions about the development remain unanswered, however; questions for example about its causes and its different manifestations in Icelandic and Faroese. A plausible assumption is that the different social and sociolinguistic situations in Iceland and the Faroe Islands play a role in this respect, but so far no extensive comparative studies of such matters have been carried out. Thus, it is clear that much work remains to be done in the comparison of the Insular Scandinavian languages.

Nafngiftir um samkynhneigða í íslensku

Togstreita ólíkra sjónarmiða

1. Inngangur

Fáir kippa sér líklega upp við notkun orðanna *hommi* og *lesbía* í fjölmiðlum og verður heldur ekki séð annað en þau orð séu notuð sem hlutlaust orðafar í almennum fréttum þar sem málefni þessara hópa eru til umræðu, sbr. eftirfarandi dæmi um notkun orðsins *hommi* úr netútgáfum tveggja útbreiddustu íslensku dagblaðanna:

(1)

- a. **Hommanir** hefja leik í kvöld. „Það er komin mikil tilhlökkun í hópinn. Það verður gott að geta spilað reglulega til að undirbúa sig sem best fyrir HM í haust," segir Hafsteinn Þórólfsson, leikmaður og talsmaður Strákafélagsins Styrmis, sem nánast eingöngu er skipað samkynhneigðum leikmönnum.¹

(Fréttablaðið 13. júní 2007.)

- b. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ýjað er að samkynhneigð Tinky Winky. Sú staðreynd að hann sé karlkyns en burðist samt um með handtösku virðist sannfæra marga um að hann sé **hommi**.

(Morgunblaðið 1. júní 2007.)

Í báðum dæmunum eru orðið *hommi* notað án nokkurra sýnilegra neikvæðra eða niðrandi aukamerkinga. Það sama gildir einnig um orðið *samkynhneigð*. Telja má því að orðið *hommi* og einnig *lesbía*, þótt dæmi um notkun þess séu ekki sýnd hér, séu almenn og hlutlaus heiti.² Svo hefur hins vegar ekki

¹ Feitletrun í dæmunum er greinarhöfundar.

² Mun færri dæmi fundust um orðið *lesbía* en orðið *hommi* og á það við um allt efni sem aflað var í þeirri rannsókn sem liggur að baki þessum greinaskrifum. Ekki er gott að segja hver

alltaf verið og eru þær breytingar sem orðið hafa á notkunarviði þessara orða frá því að vera gildishlaðin slanguryrði til almennra hlutlausra heita meginviðfangsefni þessarar greinar.³ Þessar breytingar haldast í hendur við mikil umskipti sem orðið hafa á viðhorfum í samfélaginu til samkynhneigðra síðastliðinn aldarfjórðung og hefur í kjölfar þess dregið verulega úr fordómum í þeirra garð. Jafnhliða hafa orðið gríðarmiklar breytingar á lagalegri stöðu samkynhneigðra og njóta þeir nú sama réttar lagalega á öllum sviðum og aðrir þegnar samfélagsins (sjá Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra).⁴

Viðhorf til samkynhneigðra og félagsleg staða þeirra er ekki til umfjöllunar hér heldur verður sjónum einungis beint að nafngiftum um þennan félagshóp og þá fyrst og fremst skoðuð notkun orðanna *hommi* og *lesbía*, eins og fyrr greindi, en einnig vikið að öðrum orðum sem notuð hafa verið á ýmsum tímum. Þróunarsaga þessara orða verður skoðuð út frá deilum eða skoðanaskiptum sem urðu upp úr 1980 á síðum dagblaða um notkun og tilverurétt þessara orða á almennum vettvangi. Sú umræða tengdist því að samkynhneigðir, sem lengstum höfðu verið ósýnilegur hópur og búið við fordóma samfélagsins, fóru að gera tilkall til að vera meðhöndlaðir á sama hátt og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Efnisskipan er á þá leið að í 2. kafla verður gerð grein fyrir notkunarviði orðanna *hommi* og *lesbía* fram á níunda áratug 20. aldar. Í 3. kafla verður til umfjöllunar sá skoðanaágreiningur sem átti sér stað upp úr 1980 um viðeigandi nafngiftir um samkynhneigða og í því sambandi fjallað um baráttu þeirra sjálfra fyrir að því að stýra þróuninni í þeim efnum. Í 4. kafla verður greint frá stöðunni viðvirkjandi orðanotkunina eins og hún er nú á tímum og nokkur lokaorð er síðan að finna í 5. kafla.

2. Staða orðanna *hommi* og *lesbía* um 1980

2.1 Notkunarvið

Orðin *hommi* og *lesbía* eru orð sem snertu viðkvæmt, jafnvel bannhelgt svið tilverunnar, svið sem aðeins er rætt um í hálfum hljóðum eða undir rós.

ástæðan er en hugsanlega tengist það því að karlarnir eru miðlægari í umræðunni hér eins og á svo mörgum sviðum öðrum.

3 Greinin er lítið breytt útgáfa af fyrirlestrinum á Frændafundi 6. Mun ítarlegri greinargerð um rannsókn greinarhöfundar á þessu efni hefur birst áður á öðrum vettvangi (sjá Þóru Björk Hjartardóttir 2004). Þar má einnig sjá fleiri dæmi um notkun þeirra orða sem til umfjöllunar eru en ráðrúm er til að birta hér.

4 Trúfélög hafa hins vegar ekki rétt til að gefa samkynhneigð pör saman í hjónaband en gagnvart löggjafanum hefur staðfest samvist einstaklinga af sama kyni sömu lagalegu stöðu og hjónaband karls og konu.

Hér er um að ræða minnihlutahóp sem bjó við mikla fordóma samfélagsins, hóp sem var lítt sýnilegur. Þau orð, eða heiti, sem notuð voru til að vísa til samkynhneigðar voru almennt neikvæð og niðrandi og á það við um orðin *hommi* og *lesbía* á þessum tíma sem og önnur orð, sbr. dæmi (2) og (3) hér á eftir. Sum orðanna endurspegla beinlínis viðhorf um frávík sem talið var óæskilegt út frá sjónarhóli meirihlutans og er orðið *kynvillingur*, sem og samstofna orð *kynvilltur* og *kynvilla*, gott dæmi um það en þetta voru ríkjandi orð um samkynhneigða meginhluta 20. aldar (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2004:113–115). Orðin eru „klínísk“ og vísa til þess að villast á kyni, þ.e. að villast frá eða fara af réttri leið frá sínu eigin kynferði eða „eðli“ síns eigin kyns, sbr. orðið *trúvillingur* um þann sem villist frá því sem talin er hin eina rétta trú. Fleiri orð en þau sem hér hafa verið nefnd voru notuð um samkynhneigða, eins og *sódomíti*, *sódo*, *öfugur* og *öfuguggi*. Notkun þeirra og örlög eru ekki til umræðu hér en öll eiga þau það sameiginlegt að vera mjög gildishlaðin og niðrandi.

Orðin *hommi* og *lesbía* höfðu ekki einungis á sér niðrandi blæ heldur voru þetta líka slettur, þ.e. orð mynduð af erlendum orðstofnum, og slanguryrði notuð í talmáli. Sem slík voru þau því alls ekki viðurkennd sem gott orðfæri og vandað og þóttu því ekki gjaldgeng í formlegu máli.

2.2 Dæmi

Það er ekki svo einfalt að finna dæmi um notkun orðanna *hommi* og *lesbía* frá þessum árum þar eð þau voru að mestu bundin við talmál og snerta auk þess svið sem lítt var talað um nema undir rós eins og nefnt hefur verið. Leitað var að dæmum í gagnasöfnum Orðabókar Háskólans, ritmálssafni og talmálssafni.⁵

Árangur af leit í gagnasöfnum Orðabókar Háskólans var frekar rýr sem ætti ekki að koma á óvart út frá því sem hér hefur verið sagt um notkunarsvið þessara orða. Dæmin í ritmálssafninu eru enda flest úr textabrotum á óformlegu málsniði. Hér eru tilfærð fjögur dæmi og má vel greina hina neikvæðu og niðrandi merkingu umræddra orða:

(2)

a. Flestir kommar / eru dópistar / og **hommar** – – – ekki satt?

(*Réttur* 1975:264)

5 Ritmálssafnið inniheldur notkunardæmi úr rituðu máli frá 16. öld og fram undir 2000. Í því eru um 2,5 milljónir dæma sem sýna merkingu og notkun um 700 þúsund orða. Talmálssafnið er safn dæma úr mæltu máli frá síðari hluta 20. aldar sem aflað var með því að spyrja fólk um tiltekin orð úr sínu eigin máli eða annarra (sjá Söfn Orðabókar Háskólans).

- b. Bjarni íslenskukennari [[...]] með skeggið einsog rasshár á gömlum **homma**.

(Einar Kárasón, *Petta eru asnar Guðjón* 1981:13)

(3)

- a. Ég hélt að ballerinnur tækju hárið í hnút í hnakkanum eins og **lesbíur** í kvikmynd.

(Práinn Bertelsson, *Stefnumót í Dublin* 1970:60)

- b. Kvenfólk [...] skiptist í mellur **lesbíur** og gamlar kellingar.

(Auður Haralds, *Hvunn dagshefjan* 1979:161)₆

Orðin *hommi* og *lesbía* eru að öllum líkindum ekki svo gömul í málinu, líklega frá miðri 20. öld (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2004:109), og er elsta dæmið í ritmálssafninu um orðið *hommi* frá 1969 og um orðið *lesbía* (lo. *lesbískur*) frá því rétt fyrir miðja öldina.

Aðeins örfá dæmi fundust um orðið *hommi* í talmálssafninu, það elsta frá því 1960, en ekkert dæmi um orðið *lesbía*. Það kann í fyrstu að koma á óvart þar eð þessi orð eru einkum bundin við talmál en efnið var viðkvæmt eins og nefnt hefur verið auk þess sem hafa ber í huga takmarkanir talmálssafnsins því orðasöfnunin einskorðaðist lengi vel við orð tengd eldri atvinnuháttum og samfélagsgerð (sbr. Talmálssafn Orðabókar Háskólans). Þau fáu dæmi sem er að finna í talmálssafninu eru hins vegar ekki sett í textasamhengi svo ekki er mjög gott að ráða í notkun þeirra. Þau eru aðeins skýrð með samheitum, ýmist með orðunum *kynvillingur*, *hómósexúell* eða *hómósexúalisti*, og er það í sjálfu sér athyglisvert að ástæða hafi þótt til að skýra slangrið með þeim orðum sem almennust voru á þessum tíma.

Meðhöndlun orðanna *hommi* og *lesbía* í *Íslenskri orðabók* var einnig könnuð ef hún gæti gefið mynd af notkunarviði þeirra. Orðabókin hefur verið gefin út þrisvar sinnum: 1963, 1983 og 2002. Athugað var hvort þessi orð væru yfirleitt í orðabókinni og þá hvort þau væru merkt einhverju sértæku efnisviði eða tilteknu málsviði eins og venja er í orðabókum um orð sem ekki teljast til hlutlauss orðaforða.

Skemmst er frá því að segja að hvorugt orðið fannst í elstu útgáfunni frá 1963. Það gæti bent til þess að þau hafi almennt ekki verið þekkt heldur einungis notuð í lokuðum hópi samkynhneigðra sjálfra og/eða verið svo

6 Dæmin eru sett fram eins og þau birtast í gagnasöfnum Orðabókar Háskólans.

gildishlaðin, bæði að merkingarmiði sem og formi (slettur), að þau hafi vísitandi verið útilokuð (sjá einnig *töflu* 2 í 4. kafla).

Orðið *hommi* hefur fengið inngöngu í útgáfuna 1983 en þá sérmerkt með spurningarmerki sem í inngangi er skýrt sem „vont mál, orð eða merking sem forðast ber“ (*Íslensk orðabók* 1983:xix). Orðið *lesbía* eða samstofna orð er hins vegar ekki að finna í þessari útgáfu (sjá einnig *töflu* 2 í 4. kafla).

Nýjasta útgáfa orðabókarinnar, frá 2002, var einnig athuguð og verður greint frá niðurstöðum þeirrar athugunar í 4. kafla.

Meðhöndlun orðanna *hommi* og *lesbía* í orðabókum þessa tíma sem og niðurstöður úr athugun á dæmasafni Orðabókar háskólans styður nokkuð vel við það sem sagt var í kafla 2.1 um stöðu og notkunarsvið þessara orða fram til um 1980.

3. Skoðanaágreiningur og baráttan um orðin

3.1 Ögrandi málnotkun

Lítum nú á þann skoðanaágreining sem nefnt var í 1. kafla að hefði átti sér stað upp úr 1980 um viðeigandi nafngiftir um samkynhneigða og í framhaldi af því hver þróunin varð á orðanotkuninni. Mikilvægt atriði í þessu sambandi er tilkynning um félagsfund sem samtök samkynhneigðra, Samtökin '78, sendu frá sér til Ríkisútvarpsins árið 1981. Hún var á þessa leið:

(4) Hommar og lesbíur. Munið aðalfundinn í safnaðarheimili Langholtskirkju í kvöld. Samtökin '78

Skemmst er frá því að segja að tilkynningin fékkst ekki lesin og er ástæða þess að orðin *hommi* og *lesbía* komu fyrir í textanum (sbr. Böðvar Björnsson 1985a; Guðna Baldursson 1992:46; Hallfríði Þórarinsdóttur 1999:12). Hafa ber í huga að á þessum árum var Ríkisútvarpið eina útvarpsstöðin og því góður vettvangur til að ná eyrum allra landsmanna enda útvarpið óspart notað fyrir tilkynningar frá félagasamtökum um fundi og mannfagnaði. Eftirfarandi spurningar hljóta að vakna í þessu sambandi:

(5)

- a. Fyrst orðin *hommi* og *lesbía* höfðu svona niðrandi blá á sér, sbr. umræðuna hér að framan, af hverju kjósa samkynhneigðir þá sjálfir að nota þau?
- b. Af hverju nota þeir þessi orð í tilkynningu sem þeir senda frá sér?

Þetta þarf að skoða í tengslum við réttinda- og sýnileikabaráttu samkyn-

hneigðra sem hófst um 1970 í Bandaríkjunum og fór að hafa áhrif í Evrópu á áttunda áratugnum. Á Íslandi má segja að baráttan hefjist með stofnun samtaka samkynhneigðra, Samtakanna '78, nefnilega árið 1978. Samtökin hófu þróttmikla baráttu fyrir félagslegum, menningarlegum og lagalegum réttindum samkynhneigðra og vildu opna umræðuna og gera samkynhneigða sýnilegri í samfélaginu og takast á við fordómanna sem þeir höfðu mátt búa við og snúa þá niður. Einn liður í þeirri baráttu var að skilgreina sig sjálf út frá eigin forsendum sem minnihlutahóp og kollvarpa um leið lífseigum hugmyndum um samkynhneigða sem „klínískt“ frávik, sem sjúkdómstilfelli. Lögð var áhersla á að skapa sér nýtt sjálf, nýja ímynd. Tungumálið er stór hluti og mikilvægur í þessari sjálfsmyndarsköpun og þá ekki síst þau heiti eða nafngiftir sem notaðar voru um samkynhneigða í samfélaginu og vildu þeir sjálfir fá einhverju um það ráðið (sbr. McClive 2000).

Að nefna sig sjálf eftir eigin höfði varð sem sagt mjög mikilvægur hluti af nýrri sjálfssköpun samkynhneigðra. Aðferðin sem beitt var er að taka niðrandi orð, sem notuð höfðu verið um þá, og snúa upp á merkingu þeirra og nota þau sem ögrandi samsemdartákn í baráttunni fyrir réttindum og sýnileika. Í þessu felst meðvitað endurmat á gildishlöðnum orðum. Þetta er vel þekkt úr róttækri baráttu ýmissa minnihlutahópa til að vekja athygli á sér og sínum málstað, ekki bara hjá samkynhneigðum heldur einnig úr réttindabaráttu svartra og kvenna (sbr. Cameron 1995:143–147; Frost 1997:43–59). Segja má að hér sé vopnið gripið sem beitt er gegn hópnum og því varpað til baka og gert þannig skaðlaust. Það er sem sagt gert með því að færa þessi niðrandi orð inn í almenna umræðu í þeim tilgangi að afmá hinar neikvæðu aukamerkingar þannig að þau verði að hlutlausum orðum og festist í sessi sem slík. Þetta vildu samkynhneigðir gera með orðin *hommi* og *lesbía* og var markmið þeirra með því að setja þessi gildishlöðnu orð í tilkynningu sem lesast átti í útvarpi allra landsmanna, Ríkisútvarpinu (sbr. Þorvald Kristinsson 2003; Guðna Baldursson 1992).⁷

7 Sams konar aðferðir notuðu samkynhneigðir Danir þegar þeir tóku að nota orðið *bøsse* á meðvitaðan hátt í réttindabaráttu sinni, orð sem nú er hlutlaust heiti fyrir homma en þótti áður hið „vørste skældsord“ (Frost 1997:43). Sama merkingarþróun hefur átt sér stað með enska orðið *gay* sem nú er almenna hlutlaus heitið fyrir samkynhneigða (í sumu samhengi aðeins notað um homma en í öðru um bæði kynin). Það hafði fyrrum niðrandi merkingu en samkynhneigðir kusu að nota það frekar en orðið *homosexual*, m.a. vegna hins „klíníska“ yfirbragðs sem þeim fannst orðið *homosexual* hafa á sér. Orðið *gay* skírskotaði hins vegar að þeirra mati í frekari mæli til félagslegrar og pólitískrar sjálfsmyndar þeirra sem minnihlutahóps (sbr. McClive 2000).

3.2 Árekstur ólíkra sjónarmiða

Víkjum þá aftur að tilkynningunni um félagsfundinn, sjá (4), og viðbrögðum Ríkisútvarpsins við henni. Samkynhneigðir knúðu á um notkun orðanna *hommi* og *lesbía* á opinberum vettvangi. Orðin voru að einhverju marki notuð innan hópsins sjálfs en þau höfðu niðrandi og neikvæðan blæ í málсамfélaginu eins og greint hefur verið frá. Þetta er auðvitað ákveðin gerð af málstýringu ef lítið er á málstýringu í víðara samhengi sem alla viðleitni til að hafa áhrif á málfar fólks og hvernig málið þróast (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2004:90–95; sjá einnig Ara Pál Kristinsson 2006:48). Svo róttækar aðgerðir hlutu að mæta mótspyrnu enda fékkst tilkynningin ekki lesin. Hér lýstur saman ólíkum sjónarmiðum grasrótahrreyfingar og opinbers miðils sem lýtur ákveðnum staðli og árekstur er óhjákvæmilegur.

Á opinberum vettvangi í lýðræðisþjóðfélögum, þar sem allir þegnar eiga að vera jafnrétt háir, er mismunum fólks ekki leyfð hvorki til orðs né æðis. Það felur í sér að niðrandi og niðurlægjandi tungutak um tiltekna þjóðfélagshópa er ekki liðið í opinni umræðu heldur skulu notuð hlutlaus og fordómalaus orð. Ríkisútvarpið sem opinber stofnun fellur undir þetta. Þar ræður ákveðinn staðall, bæði hvað varðar umræðuefni og málnotkun. Sá staðall leyfir hvorki tungutak sem mismunar og niðurlægir né heldur óformlegt málsnið sem inniheldur slettur og slangur (sbr. Árna Böðvarsson 1989:59–62). Orðin *hommi* og *lesbía* gengu þvert á þennan staðal. Fyrir þorra fólks svo og hið opinbera höfðu þessi orð neikvæðan blæ yfir sér, hér voru á ferðinni gildishlaðin slanguryrði og erlendar slettur þar að auki sem voru alls ekki gjaldgengar í formlegu máli. Bann Ríkisútvarpsins á sínum tíma við auglýsingu frá Samtökunum '78 þar sem þessi orð komu fyrir var skiljanlegt í ljósi þess. Orðin þóttu engan veginn við hæfi.

Þennan árekstur ólíkra sjónarmiða má greina sem birtingarmynd djúpstæðari togstreitu um það hverjir ráði því hvaða heiti einstökum minnihlutahópum eru gefin: þeir sem í hlut eiga beinlínis eða einhver opinber öfl sem hafa ákveðin viðmið að leiðarljósi, viðmið sem samrýmast ekki endilega vilja þeirra sem málefnið snertir beint. Í víðara samhengi er þetta þá spurningin um það hver ráði yfir tungumálinu, hvernig það þróast og hvernig það er notað.

Eins og fram kom í 1. kafla spunnust umræður um nafngiftir í blöðum og þar deildu samkynhneigðir fyrst og fremst við fulltrúa orðanefndar Kennaraháskóla Íslands sem má þá líta á sem fulltrúa hins opinbera. Orðanefndin hafði komið með tillögur að nýyrðum um nafngiftir um samkynhneigða í tengslum við gerð orðasafns í sálfræði. Það voru orðin *kynhvarfi* og önnur samstofna orð svo og orðin *hómi* og *lespa* (sjá *Orðaskrá úr uppeldis- og sálarfræði*

1986)⁸. Umræðurnar snerust um það hvaða orð væru nothæf eða viðeigandi og hver ekki. Einkum voru það orðin *hommi* og *lesbía* sem voru til umræðu, orð sem orðanefndinni fannst ótæk með öllu og tefldi fram á móti sínum nýyrðum, *hómi* og *lespa*. Hugum nú nánar að þeim orðum sem orðanefndin mælti með og reyndi að beita sér fyrir að menn tækju upp og notuðu.

3.3 Tillögur um orð

Orðið *kynhvarfi*, og samstofna orð *kynhvarfur* og *kynhvörf*, voru tillögur orðanefndarinnar fyrir erlenda orðið *homosexual* sem eitthvað var notað á þessum árum þótt það hafi líklega ekki verið mjög útbreitt (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2004:115). Ekki er ósennilegt að nýyrðið hafi ekki síður verið smíðað til að leysa af hólmi hið mjög svo gildishlaðna orð *kynvillingur* sem á þessum tíma var hið almenna orð (sbr. kafla 2.1) en tíðarandinn og aukin umræða um stöðu samkynhneigðra í samfélaginu knúði beint og óbeint á um umskipti orða. Samkynhneigðum hugnaðist hins vegar alls ekki þetta orð og töldu að það fæli í sér mismunun því hugsunin að baki því væri sú sama og í orðinu *kynvillingur*, þ.e. manneskja sem hverfist eða umsnýst frá sínu eigin kyni, eða í raun og veru öfugur maður (sjá Böðvar Björnsson 1985a, 1985b; BG 1985). Orðið *öfugur* er einmitt gamalt gildishlaðið orð um samkynhneigða.

Á svipuðum tíma höfðu orðið til orðin *samkynhneigður* og *samkynhneigð*, líklega innan raða samkynhneigðra sjálfra eða þá spröttið úr einhverjum ókunnugum farvegi. Þessi orð vildu samkynhneigðir a.m.k. sjálfir nota í almennri skírskotun þegar ekki var átt við annað kynið sérstaklega. Orðanefndin gerði lítið með þessi orð og sagði þau „ekki nógu vel gerð og of óþjál til að komast í almenna notkun“ án þess að rökstyðja það frekar (sjá Helga Hálfðanarson 1985). Þeir vildu koma sínum *kynhvarfa*orðum að. Þótt samkynhneigðir væru vel sáttir við orðin *samkynhneigður* og *samkynhneigð* eru þetta frekar formleg orð og líklegt er að mörgum hafi fundist þau hafa „klínískt“ yfirbragð (sbr. *töflu* 2). Auk þess voru heldur ekki til samstofna nafnorð til að vísa til hvors kyns fyrir sig. Það gerðu hins vegar orðin *hommi* og *lesbía* og það voru þau orð sem samkynhneigðir héldu fyrst og fremst á lofti og um þau stóð styrinn aðallega.

Orðanefndin taldi hins vegar orðin *hommi* og *lesbía* „með öllu ótæk, þar eð þau hefðu á sér niðrandi blæ“ (Helgi Hálfðanarson 1983). Þó var það líklega aðallega formið sem vakti andspyrnu því nefndin tefldi fram á móti

8 Nefndin hafði nokkrum árum áður en til útgáfu kom sent frá sér fjölritað hefti sama efnis „til reynslu og umfjöllunar“ (sjá *Orðaskrá úr uppeldis- og sálarfræði* 1986:6) sem síðan var aukið og endurbætt.

orðunum *hómi* og *lespa*, eins og fram hefur komið. Þau orð eru reyndar af sömu erlendum orðstofnunum og *hommi* og *lesbía* en smíðuð eða löguð að íslensku af nefndinni sjálfri og voru að hennar mati bæði „kurteisari í viðmóti og miklu íslenzkari á svip“ (Helgi Hálfðanarson 1983). Orðin *hómi* og *lespa* eru vissulega betur aðlöguð að íslensku en *hommi* og *lesbía*, a.m.k. *lespa*. Reyndar falla bæði orðin *hommi* og *lesbía* ágætlega að íslensku beygingarkerfi. Orðið *hommi* fellur líka ágætlega að íslensku hljóðkerfi en síður orðið *lesbía* auk þess sem það samræmist illa íslenskri stafsetningu. Hins vegar er ekki auðvelt að koma auga á rökin fyrir því að annað orðparið sé „kurteisar[a]“ en hitt enda huglægt mat.

Ekki er ráðrúm til að fara frekar í saumana á þessum skoðanaágreiningi en að lokum er hér tilvitnun í fulltrúa orðanefndarinnar þar sem þessi togstreita eða átök um hver skuli stjórna ferðinni kristallast (Helgi Hálfðanarson 1983):

Illa trúi ég því, að kynhvörfu fólki á Íslandi sé mjög annt um orðin „hommi“ og „lesbía“ og vil því ráðleggja bæði þeim og öðrum að taka upp í þeirra stað orðmyndir Orðanefndar Kennaraháskólans: **hómi** um kynhvarfan karlmann og **lespa** um kynhvarfa konu.

Þetta féll ekki í góðan jarðveg hjá samkynhneigðum og brugðust þeir við þeim umvöndunarsama skipunartón sem greina má í þessum orðum með harðorðri svargrein undir titlinum *Kynhvarfi kveðinn niður. Málrósir vinsamlega afþakkaðar* þar sem skýrt kemur fram að samkynhneigðir kæri sig ekki um forsjárhyggju af þessu tagi og vilji sjálfir hafa um það að segja hvaða orð séu notuð um þá í opinberri umræðu (sjá Böðvar Björnsson 1985b).

4. Staðan nú á tímum

En hvernig fóru svo leikar í baráttunni um orðin, hvor orðin fóru með sigur af hólmi: orðin sem samkynhneigðir sjálfir knúðu á um eða þau orð sem orðanefndin lagði til? Í stuttu máli varð þróunin sú að orðin *hommi* og *lesbía* náðu fótfestu í íslensku sem almennt orðafar sem hægt er að nota við hvaða aðstæður sem er. Þetta eru að vísu frekar óformleg orð og í formlegra máli eru oftast notuð orðin *samkynhneigður* og *samkynhneigð* þegar verið er að tala um kynhneigð almennt án skírskotunar til annar kynsins sérstaklega. Þessi orð öll eru hin almennu hlutlausu orð.

Orðið *kynvillingur* er ekki notað lengur nema á meðvitaðan hátt sem sérstaklega merkt orð í niðurlægjandi eða „hómófóbísku“ tali. Erlenda orðið *hómósexuál* er sáralítið ef nokkuð notað nú á dögum.

Þau orð sem orðanefndin lagði til: *kynhvarfi*, *hómi* og *lespa* komust aldrei í almenna notkun og eru nú óþekkt að heita má. Orðið *kynhvarfi*, og samstofna orð, náðu aldrei neinni fótfestu í málinu. Einhver dæmi finnast um þau í ritum frá níunda áratugnum en þau virðast svo alveg hafa horfið úr notkun. Orðin *hómi* og *lespa* komust hins vegar aldrei af tillöguborðinu að því best verður séð því engin dæmi fundust um þau þegar leitað var í textum.

Með orðaleit, annars vegar í Textasafni Orðabókar Háskólans og hins vegar á Netinu, fæst nokkuð góð mynd af útbreiðslu framangreindra orða nú á tímum, sbr. eftirfarandi töflu sem sýnir fjölda dæma sem fundust;

	Textasafn (1980–2000)	Netið (Athugun gerð 19/6 2007)
<i>hommi</i>	321	42.738
<i>lesbía</i>	96	19.221
<i>samkynhneigður</i>	150	41.667
<i>kynvillingur</i>	30	4.976
<i>kynhvarfi</i>	51	305
<i>hómi</i>	0	0
<i>lespa</i>	0	3

Tafla 1: Útbreiðsla orða um samkynhneigða

Á þessari töflu sést ótvírætt hversu útbreidd orðin *hommi*, *lesbía* og *samkynhneigður* eru nú í íslensku máli en önnur orð hins vegar lítið eða nær ekkert notuð.¹⁰ Textasafnið gefur svolítið skakka mynd af útbreiðslu orðsins *kynhvarfi* og samstofna orða því að 41 dæmi af þessum 51 eru úr einni og sömu bókinni, þýddri kennslubók í sálarfræði sem út kom árið 1988. Þetta sýnir að orðið var eitthvað notað á þessum árum og þá líklega einkum í tengslum við fræðilega umræðu.

Í sumum dæma textasafnsins um orðið *kynvillingur* og samstofna orð er verið að fjalla um orðanotkun fyrri tíma fyrir samkynhneigð og þau eru því ekki heimild um mál samtímans.

Á Netinu eru flest dæmanna um *kynhvarfi* og *kynvillingur* að finna í

9 Textasafnið er safn tölvutækra texta af margvíslegu tagi (dagblöð, skáldverk, fræðitextar, frásagnir og tímaritsgreinar) frá níunda áratug 20. aldar og fram til samtímans (sjá Textasafn Orðabókar Háskólans).

10 Dæmi úr textasafninu og ítarlegri umfjöllun um útbreiðslu og notkun orðanna í nútímamáli má sjá hjá Þóru Björk Hjartardóttur (2004:106 o.áfr.).

textabrotum sem einkennast af „hómófóbíu“, kaldhæðinni gamansemi eða verið er að fjalla um orðanotkun áður fyrr.

Orðin *hómi* og *lespa* eru algerlega fjarverandi og þessi þrjú dæmi sem fundust á Netinu vísa til tillagna orðanefndarinnar og voru í textabrotum sem greina frá þeim deilum sem hér eru til umfjöllunar.

Athugun á þessum orðum í nýjustu útgáfu *Íslenskrar orðabókar* frá árinu 2002 staðfesti þá mynd sem hér hefur verið dregin upp af útbreiðslu þeirra og notkun nú á tímum eins og sjá má í eftirfarandi töflu sem sýnir niðurstöður athugunar á öllum útgáfum *Íslenskrar orðabókar*: 1963, 1983 og 2002. Hér er tilgreint hvort orðin eru uppflettiorð í orðabókinni og ef svo er hvort þau eru sérmerkt á einhvern hátt.

	1963	1983	2002
<i>hommi</i>	ekki fletta ¹¹	? ¹²	engin merki ¹³
<i>lesbía</i>	ekki fletta	ekki fletta	engin merki
<i>samkynhneigður</i>	ekki fletta	merkt <i>læknisfræði</i>	engin merki
<i>kynvillingur</i>	ekki fletta	engin merki	merkt <i>niðrandi</i>
<i>kynvilltur</i> , <i>kynvilla</i>	merkt <i>læknisfræði</i>	merkt <i>læknisfræði</i>	merkt <i>niðrandi</i>
<i>kynhvarfi</i>	ekki fletta	engin merki	merkt <i>sjaldgæft</i>
<i>hómi</i>	ekki fletta	ekki fletta	ekki fletta
<i>lesba</i>	ekki fletta	ekki fletta	ekki fletta

Tafla 2: Meðhöndlun orða um samkynhneigða í Íslenskri orðabók

Þessi tafla gefur nokkuð góða mynd af þeirri þróun sem orðið hefur á nafngiftum um samkynhneigða á þessu 40 ára tímabili og fjallað hefur verið um í þessari grein.

5. Lokaorð

Draga má þá niðurstöðu af því fram hefur komið hér að framan að heldur ólíklegt er að nú í byrjun 21. aldar yrði amast við tilkynningu þeirri sem Samtökin ’78 vildu fá lesna í Ríkisútvarpið á sínum tíma, sjá (4), svo hversdagsleg og lítt athugaverð sem orðin *hommi* og *lesbía* væntanlega eru í hugum

11 Með því er átt við að orðið er ekki uppflettiorð í orðabókinni, það er ekki að finna í henni.
12 ? táknar „vont mál, orð eða merking[u] sem forðast ber[i]“ (Íslensk orðabók 1983:xix).
13 Með þessu er átt við að orðið er ómerkt og telst því vera hlutlaust, þ.e. hvorki bundið tilteknu málsniði né tilheyrri ákveðnu efnis- eða fræðasviði.

vel flestra. Þau eru vart lengur sá ásteytingarsteinn sem þau voru fyrir um aldarfjórðungi síðar. Notkunarvið þeirra hefur breyst og þau hafa festis í sessi sem almennt hlutlaust orðafar.

HEIMILDIR

- Ari Páll Kristinsson. 2006. Um málstefnu. *Hrafnaping* 3:47–63.
- Árni Böðvarsson. 1989. *Málfar í fjölmiðlum*. Hugleiðingar og leiðbeiningar um beygingar, orðaval, stíl og fleira. Morgunblaðið – Ríkisútvarpið. Reykjavík.
- B.G. 1985. Útvarpið vill kynhvarfa en ekki homma og lesbíur. *NT*. 12. maí.
- Böðvar Björnsson. 1985a. Saga orðanna. *Morgunblaðið*. 7. maí.
- Böðvar Björnsson. 1985b. Kynhvarfi kveðinn niður. Málrósir vinsamlega afþakkaðar. *Morgunblaðið*. 25. maí.
- Cameron, Deborah. 1995. *Verbal Hygiene*. Routledge. London.
- Fréttablaðið 13. júní 2007. = <http://www.visir.is/article/20070613/LIFID01/106130111>
- Frost, Pernille J. 1997. *En strid om ord*. Det politisk korrekte sprog. Fremad. København.
- Guðni Baldursson. 1992. Baráttan og breytingar. [Viðtal]. *Nýtt Líf*, 6 tbl., bls. 44–48.
- Hallfríður Þórarinsdóttir. 1999. Hreinleiki og vald. [Viðtal]. *Samtakafréttir*, desember 1999, bls. 10–13.
- Helgi Hálfðanarson. 1983. Kynhvarfar. *Morgunblaðið*. 16. nóvember.
- Helgi Hálfðanarson. 1985. Enn um kynhvörf. *Morgunblaðið*. 9. maí.
- Íslensk orðabók. 2002. Ritstjóri Möður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda. Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi. 1983. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáfa menningarsjóðs. Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi. 1963. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjógvun). = <http://www.althingi.is/altext/stjt/2006.065.html>
- McClive, Tom. 2000. Socio-semantic lexical variation in the homosexual community: using identity terms to create gender roles. *Toronto Working Papers in Linguistics*. 19:39–49.
- Morgunblaðið 1. júní 2007. = <http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=1148341>
- Orðaskrá úr uppeldis- og sálarfræði. Íslensk-ensk, ensk-íslensk. 1986. Orðanefnd Kennaraháskóla Íslands tók saman. (Rit Íslenskrar málnefndar 2.) Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Söfn Orðabókar Háskólans. = <http://www.arnastofnun.is/id/1019518>
- Talmálssafn Orðabókar Háskólans. = <http://www.arnastofnun.is/id/1021039>
- Textasafn Orðabókar Háskólans. = <http://www.arnastofnun.is/id/1021126>

Þorvaldur Kristinsson. 2003. Að hasla sér völl. Stutt ágríp af sögu samkynhneigðra á Íslandi.

[<http://www.samtokin78.is/?PageID=32&NewsID=1827>]

Þóra Björk Hjartardóttir. 2004. Baráttan um orðin. Orðanotkun tengd samkynhneigð. *Íslenskt mál* 26:83–122.

SUMMARY

In the early nineties of the 20th century the homosexual community and also official committees and institutions in Iceland debated the terminology of homosexuality, especially the usage of the words *hommi* and *lesbía*, referring to homosexual men and women respectively. These terms used to be acceptable in a restricted environment only, as they were perceived as carrying negative connotations for the general public. The homosexual groups decided to adopt these semantically loaded words, rendering them neutral by overt use, while the official authorities, such as a committee translating terms in psychology and related fields, argued against them and suggested other terms, mainly neologisms. These terms have not been accepted by the general public whereas the words accepted by the homosexual themselves are the ones that are now generally used and accepted as neutral words.

BOGI DÁNIALSON DAVIDSON

Samkynd, mett søguliga, samtíðarlaga og ynski fyri framtíðina

Kvinnur, menn og orðstýrari!

Fyrst vil eg takka Fróðskaparsetri Føroya og Hugvísindadeild Háskóla Íslands fyri at vera boðin við sum fyrilestrarhaldari á hesa vísindaráðstevnu í Føroyum, har eg eri føddur, barnvaksin og búði tey fyrstu tjúgu árin av ævi mínari.

Evnið, eg skal tosa um, er „Samkynd, mett søguliga, samtíðarlaga og ynski fyri framtíðina.“ Eg eri hvørki søgufrøðingur ella samfelagsfrøðingur, men eg eri føroyingur og samkyndur, uppvaksin í Føroyum og havi havt áhaldandi samband við Føroyar, síðan eg fór heiman at lesa fyri júst 40 árum síðan. Tað ger, at eg vónandi eri førur fyri at lýsa evnið í ein ávísan mun. Eg havi í nógv ár tikið lut í tí almenna kjakinum í almennum fjølmiðlum, t.d. bløðum, útvarpi og sjónvarpi.

Eg og fleiri við mær vita fullvæl, at samkynd hava livað í Føroyum alla mína tíð, eisini áðrenn og at samkynd fara at liva her eftir okkum. Mangan hevur tað ikki verið alment kent ella viðurkent, hvør ið var samkynd/ur. Kortini hava nógv vita, hvør ið var samkynd/ur í samfelagnum. Vanliga finga tey samkyndu frið, um tey bert livdu í tøgnum ella í loyndum. Onkursvegna ein neyðloysn av repressivari toluransu, t.v.s. tolsemi og valdandi fordómum. Hinvegin hava nógv føroysk samkynd valt at flyta uttanlands av ymsum orsøkum, og tey eru ikki komin heimaftur, sum tað annars er vanligt fyri nógvar føroyingar.

Enn hevur ongin føroyingur skrivað søguna um samkynd í Føroyum, men vónandi verður tað onkur, sum fer at skriva hana seinri, kanska sum eitt úrslit av hesi ráðstevnu.

Í Danmark hevur Vilhelm von Rosen skrivað eina ritgerð um søguna hjá samkyndum, *Studier i dansk bøssehistorie 1628-1912* (1993). Í Svøríki hevur Jens Rydström skrivað líknandi ritgerð um samkynd, *Sinners and Citizens*, „Syndarar og borgarar,“ fyri árin 1880 – 1950 (2003). Ritgerðirnar eru

bygðar á skjól frá dómsviðgerðum tær seinastu öldirnar, meðan tað var ólóglegt at vera samkynd/ur. Tað vil siga, at søgan er skrivað um samkynd, tá vit vóru avvíkjara samfelagsliga, átrúnaðarliga og sálarliga. Orsøkin til hetta er at finna í fyrbrigðinum „fordómar,“ sum vórðu skaptir av kirkjuvaldinum, sum til henda dag hevur hildið seg til t. d. skriftstøð hjá Mósesi í Gamla Testamenti, har tað í 3. Mósebók 18, 22. stendur: „Tú mást ikki liggja hjá mannfólki, soleiðis sum ein liggur hjá kvinnu – tað er andstygd!“ og hjá apostlinum Paulusi í Nýggja Testamenti í Rómbraevinum 1, 26. og 27. versi, har tað stendur: „Tí gav Gud tey upp til vanærandi lystir: Kvinnur teirra skiftu hin náttúrliga umgangin við tann, sum er ímóti náttúruni;“ „og somuleiðis hildu eisini menninir uppat við hinum náttúrliga umganginum við kvinnuna og brendu í lysti sínum hvør eftir øðrum, so at menn drivu skemdarverk við monnum – og finga á sær sjálvum lónina fyri villu sína – sum rætt var.“ Hesi skriftstøð hava enn stóran týðning eisini í Føroyum, sum týðiliga kom til sjóndar í fjør í sambandi við, at løgtingið viðgjörði og samtykti lóg 266b um ikki at gera mismun móttvegis minnilutabólkum, og tíansheldur móttvegis okkum samkyndu.

Hvussu ómetaliga stóran týðning og ávirkan tað hevur havt, at samkynd eru vorðin kúgað av kirkju og sokallaðum trúgvandi í øldir, kann millum annað lesast í einum bóklingi, *Psykologiska sjálvbekännelser*, skrivaður í 1879 av tí svenska filosofiprofessaranum Pontus Wikner, sum livdi í tíðarskeiðinum 1837 –1888. Bóklingurin mátti ikki gevast út, fyrr enn bæði konan og báðir synirnir vóru deyð. Hon var tí ikki útgivin fyrr enn í 1971, tá eg las hana fyri fyrstu ferð, og eg havi eisini lisið hana umaftur til hetta høvið. Hann kendi til sínar kenslur sum samkyndur longu frá barnsbeini, tá hann var um átta ára aldur. Hann livdi sítt kenslulív og kynsliga lív í loyndum, til hann var fjøruti ár, tá hann segði konu sínari frá støðu sínari. Hann var uppvaksin í einum kristnum heimi, varð umvendur sum átjan ára gamal og giftist á 22 ára aldri. Samstundis sum hann var vorðin trúgvandi og giftur, helt hann á við at vera samkyndur. Í bóklinginum sammetir hann sínar líðingar við líðingar Jesu í Getsemana. So ringt hevði hann tað. Hann greiðir frá, at hann skrivaði bóklingin og annars eisini dagbøkur fyri ikki at hava livað til fánýtis, og fyri at komandi samkynd vónandi skuldu kunna fáa eitt gott lív, t.d. eisini kunna giftast. So frammarlaga var hann longu tá, í 1870-árunum. Hann handaði tí læknafrøðiligu deildini á fróðskaparsetrinum í Uppsala henda bókling.

Omanfyri nevnda frásøgn er eitt av mongum dømunum um, hvussu fordómar

ella skriftstøð kunna oyðileggja lívið hjá einum menniskja, eisini einum trúgvandi, sum hevði góða útbúgving.

Lat meg taka eitt annað dømi, har samfelagið helt seg til fordómarnar og lóggávuna. Fyrst í 20. øld vóru samkynd avkriminaliserað í nógvum londum í Vesturheiminum í sambandi við ta almennu frígeringina í hesum tíðarbili. Men í 1930-árunum vóru vit samkyndu aftur fyri tí vanlagnu at verða kriminaliserað í t. d. Fraklandi, Sovjetsamveldinum og Týsklandi.

Tað eru ivaleyst fá av tykkum, sum kenna ta syrgiligu og ræðuligu søguna hjá teimum samkyndu fyri og undir 2. veraldarbardaga í Týsklandi, har tey samkyndu við ljósareyðum tríkanti á bringuni og á høggra læri, saman við jødum við gulum tríkanti, politiskum avvíkjarum við reyðum tríkanti, asosialum við svørtum tríkanti, Jehova vitnum við violettum tríkanti, sigoyrnarum við brún-um tríkanti og innflytarum við bláum tríkanti vóru fongslað og send í týning-arlegur, misbrúkt, pínd, tað varð skotið til máls eftir teimum og loksins vórðu tey aloftast myrd í gaskømrum.

Fá hóræðu undan, sum eyðvitað er. Tíbetur hava vit søguna frá nøkrum fáum, sum yvirlivdu innan allar hesar nevndu bólkar. Hvussu nógv samkynd, ið vóru fyri hesari vanlagnu, er óvist. Tøl millum 60.000 til 200.000 verða nevnd. Allir bólkar uttan tey samkyndu og tey kriminellu hava fingið endurreisn og endurgjald, og eisini eru minnisvarðar reistir til minnis um hesar bólkar og teirra vanlagnu. Tey samkyndu hava ikki fingið hesa sømd, tí tey vóru sum nevnt kriminell tá.

Tann ræðuliga søgan hjá teimum samkyndu er lýst í bókini „Menninir við tí ljósareyða tríkantinum,“ sum blaðmaðurin Heinz Heger skrivaði í 1972. Hann kendi ein samkyndan, sum í 1939, tá 22 ára gamal og lesandi, varð tikin til fanga og settur í týningarlegu, til hann aftaná kríggið varð latin leysur. Hann var fegin at sleppa við lívinum frá teimum ræðuligu seks árunum. Tað eydnaðist bert við, at hann seldi leiðarunum í legunum sín unga kropp, og hann var glaður um at fáa høvi at síggja mammu og systur sína aftur. Pápin hevði beint fyri sær, av tí at sonurin var handtikin sum samkyndur, og av tí at hann misti starv sítt av somu orsök. Men hann kom ongantíð fyri seg og fekk onga endurreisn.

Ongin vildi ella ynskti at tosa um tey samkyndu aftaná kríggið. Í nógv ár aftaná var tað góður siður at tiga tey samkyndu burtur, tí tey vóru ella høvdu verið kriminellir avvíkjarar, og tessvegna høvdu tey ikki nøkur rættindi. Aftaná annan veraldarbardaga hevur kortini verið arbeitt miðvíst við at skapa sum flestum fólki og eisini minnilutabólki betri kor. Her hugsí eg um

Sameindu Tjóðir, Altjóða heilsustovnin WHO og ES (Evropeiska Samveldið), arbeidsmannafelög, studentafelög og aðrar felagsskapir. Vit hava tí fingið altjóða avtalur um mannarættindi og lógir móti mismuni.

Í Danmark var felagið „Forbundet af 1948 for homofile“ stovnað í 1948, og árin eftir í Noreg og Svøríki. Í Íslandi var felagsskapurin „Samtökin ’78“ settur á stovn í 1978, og í Føroyum sá „Friðarbogin“ dagsins ljós í 2003. Øll feløgini hava arbeitt við eini miðvísari ætlan at bøta um okkara viðurskipti.

Aftaná 1968 kom ferð á nógvar samfelagsligar broytingar.

Eins og tey litu gjørdur uppreistur móti teimum ráðandi, oftast teim hvítu, í t. d. USA, eins og kvinnur gjørdur uppreistur móti monnum og stríddust fyri javnrætti við menn og fóru út á arbeidsmarknaðin, hava vit samkyndu gjørt tað sama í nógvum londum, og vit fara at halda fram við hesum stríði. Tað, vit hava lagt doyðin á, er at fáa somu rættindir fyri samkynd, sum eru í gildi fyri tey hinkyndu; at arbeiða fyri skrásettum parlagi, sum skal vera lögfrøðiliga bindandi, t.v.s. loyvi at giftast eins og hinkynd, uttan at trúgv verður blandað uppí; og tað er lögð nógv orka í at fáa rættin til ættleiðing og ísáðing.

Hesi stríðsmálini hava bert vunnið frama, tí at samkynd menniskju fylktust og við stuðli frá viðhaldsfólki skaptu eitt haldgott grundarlag, soleiðis at fótafesti fekt í tí stóra samfelagnum.

Í 1969 var ein uppreistur í New York, har samkyndir menn á barrini Stonewall settu seg upp móti politivaldinum. Tað hevði við sær, at felagsskapurin „Gay Liberation Front“ varð stovnaður í USA og stutt eftir í Evropa, m.a. eisini í Danmark í 1972 sum „Bøssernes befrielsesfront“.

Orðini homofilur og homoseksuellur vóru burturløgd. Við at taka til okkum tey niðrandi orðini hjá almenninginum: *bøsse* og *lesbisk* á danskum; *gay*, *queer* og *lesbian* á enskum og amerikonskum; *bög* og *leppe* á svenskum; *homse* og *leppe* á norskum; *hommi* og *lesbía* ella *lessa* á íslenskum; og *gjeikari* og *lebba* á føroyskum, fingi vit vald á orðunum, so at vit fingi høvi at løða tey við nýggjum týðningi. Tað gjørdist bert møguligt við at vera so sjónlig sum møguligt, so fólk lærdu okkum at kenna afturímóti fyrr, tá vit vóru skúgvað burtur, og sjálv mangan krógvaðu okkum burtur.

Í 1990-árunum fór eg at nýta orðið *samkynd*, sum vit vanliga nýta á føroyskum í dag, og tað ger, at tað nú ber til at tosa um okkum, eisini heima í Føroyum. Millum okkum samkyndu føroyingar nýta vit ofta orðini *gjeikari* og *lesbisk* ella *lebba*, sum svara til tey omanfyri nevndu útlendsku orðini.

Tað er eitt úrslit av frígeringini aftaná 1968, men eisini av HIV og AIDS-farsóttini fyrst í 1980-árunum, at vit nú alt oftari eru at síggja í samfelagnum. Vit eru so at siga vorðin heilt vanlig, og tað kunna vit gleðast um. Hetta sæst eisini m.a. á „Gay Pride Days“ við skrudgongum við gjeikarum og lesbiskum og mongum skemtiligum tiltøkum víða um heimin.

Lógir, sum banna mismun móti minnilutabólkum, komu í gildi í Danmark 1987. Síðan hava Noreg, Svøríki, Ísland og Grønland smíðað líknandi lógir, og Føroyar komu við í desember 2006, tá tann so væl kenda lógargrein 266b varð samtykt á Føroya løgtingi aftaná ein einastandandi og stak fjølbroyttan orðadrátt bæði her á landi og uttanlands. Atkvøðugreiðslurnar aftaná fyrstu, aðru og triðju viðgerð vóru líka spenandi sum spennandi kriminalfilmar. At taka lut í kjakinum øll hesi árin og til síðst í rættarnevdini var stak áhugavert og upplýsandi, men viðhvørt eisini eitt sindur løgið, og mangan hevur tað verið eitt tógvið stríð.

Lóg um skrásett parlag fyrri samkynd varð samtykt í Danmark sum fyrsta landi 1989, har Axel Axcil, sum var við at stovna „Forbundet af 1948“, og vinmaður hansara Eigil Axcil gjørdust fyrsta skrásetta samkynda parið í heiminum. Seinri varð henda lóg samtykt í Svøríki, Noregi, Íslandi, Spania, Fraklandi, Stórabretlandi, Hollandi, Kekkía, Ungarn, Suðurafrika, í nøkrum londum í Suðuramerika og fleiri øðrum londum.

Í nøkrum av hesum londum hava samkynd eisini fingið rætt at ættleiða og móguleika fyrri ísáðing.

Men enn trívast fordómar væl um okkara leiðir. Ein nýggj lóg megnar ikki at beina fyrri teimum, tí tað er ikki lótuverk. Men stavnaldið hava vit, og kósin er sett. Sjálvur haldi eg, at tað hevði stóran týðning, at prestar sum t. d. Sonja Klein, Marjun Bæk og Emil Olsen hava stuðlað okkum.

Sonja Klein skrivar í síni grein „Men størstur er kærleikin,“ at hon tekur orðini hjá táverandi ST-aðalskrivara Kofi Annan til sín, at „tað aldrin er trúgvín sjálv, sum er orsökkin til ósemjuna, og trupulleikin er heldur aldrin at finna í Bíbliuni, Toraini ella Koranini, men tað eru tey trúgvandi sjálvi, sum eru trupulleikin, hvussu tey bera seg at móti hvør øðrum.“

”Spurningurin,“ skrivar Sonja Klein, „má tí ljóða, hvørjar reglur eru so galdandi? Og svarið – tað er Kærleiksboðið. Hetta boðið krevur av okkum trúfesti og ábyrgd. At vit menniskju undir øllum lívsins umstøðum taka okkum av hvør øðrum. At vit hvørki brúka ella misbrúka hvør annan, men

ístaðin liva saman til gleði og uppbygging fyri hvør annan. Hetta er galdandi fyri okkum øll, antin vit eru hinkynd ella samkynd.“

Innan ymsar kristnar bólkar verður nú eisini arbeitt nógv við at broyta okkara viðurskifti, og fleiri bókur eru skrivaðar um hetta evnið. Serliga verður tann bókstavliga tulkningin av Mósesi og Paulusi endurskoðað. Heldur ikki eru bannini í Skriftini móti rættindunum hjá kvinnum, kvinnuligum prestum ella móti t. d. svínakjøti galdandi longur, sjálvt um Mósebøkurnar áseta tey. Tað er at gleðast yvir. Kristin samkynd eiga tí als ikki at lurta eftir teimum, sum enn bókstavliga halda seg til tær áður umrøddu ásetingarnar og bannini. Við serliga tey ungu, men eisini tey eldri samkyndu, sum plágast av hesum skriftum, og eisini teirra familjur vil eg siga: lesið tílíkar bókur, sum gera upp við bókstavadyrkan, og slítið tykkum leys frá fordómum! Í míni talu nevni eg nakrar fáar bókur, men tað finnast nógv fleiri.

Í *Oyggjaskeggja* 1975 segði vinmaðurin Rólant Samuelsen, eisini úr Havn, sum doyði í 1991, og sum flestøll á mínum aldri, í hvussu er her í Havn, minnst, og sum var trúgvandi, at „Harrin eisini hevði skapað hann.“ Hann og vinmaðurin Benn fluttu úr Føroyum, tá teir gjørdust sjúkir. Hann var og er enn ein varði fyri okkum samkyndu føroyingar, tí hann var stavnamaðurin í stríðnum fyri teimum samkyndu. Tað skuldu ikki vera „hini“, sum skuldu gera av, hvussu hann og vit skuldu laga okkara lív sum samkynd. Tí eiga vit framhaldandi at minnst hann nú og í framtíðini.

Vit ynskja at liva í sátt og semju við foreldur, systkin, familju og vinfólk okkara. Tað gerst bert við at vera ærlig móti okkum sjálvum, avvarðandi og samfelagnum.

Eg kundi hugsað mær, at alt fleiri av okkum samkyndu í framtíðini ynskja at búsetast í Føroyum, og eisini at nøkur av okkum, sum hava bústað uttanlands, hava ein dreyum um at koma heimaftur. Tí tað sær út, sum samfelagið er munandi fjølbroyttari og upplýstari nú á døgum, hóast nógv enn tosa og skriva harðliga móti okkara lívshátti og eisini nýta líkamligan harðskap sum t. d. í fjør, tá ungur maður varð avhølvður í Havn, eins og ein enskur tónleikari varð tað í Moskva í Russlandi nú í mai undir eini demonstrasjón fyri samkyndum.

Tað eru enn nógv, sum lata fordómar móti okkum stýra sær, men eg vóni, at upplýsing og ein ráðstevna sum henda kunnu ávirka tey ivingarsomu.

Teimum, ið hava ampa á sær vegna fastgróna trúgv, og sum stúra fyri, at samtykta lógargreinin 266b bert var fyrsta stigið á glíðibreytini til Sodoma, kann eg bert siga, at vit hava onki við Sodoma at gera, men eru miðal hampaborgarar við skyldum og rættindum. Men tað er vónandi rætt, at hetta bara er fyrsta stigið á leiðini. Sum áður nevnt, ynskja vit lógir um skrásett parlag, ættleiðing og ísáðing. Vónandi fara tær eisini at verða samtyktar í næstu framtíð.

Vit samkyndu eiga eisini at finna okkum sjálvi á nógvum økjum frá barnsbeini, til vit skula hiðani. Vit eru nøydd at taka støðu til útbúgving, arbeiðskor sum vaksín, okkara viðurskifti sum pensjónistar, sum frísk, sjúk við líkamligum og sálarligum brekum, til eitt lív á ellisheimi og eisini til deyðan: hvar skula vit jarðast, saman við hvørjum, og hvør skal jarða okkum? Skula vit jarðast heima ella uttanlands, í familjugrøv, saman við samlivara, við vinfólki ella í grøv teirra ókendu, í vígda ella óvígda jørð, hvørjir sálmar ella sangir skulu syngjast? Nógv eru ivamálini og fleiri enn hesi.

Eg gangi ikki út frá at kunna ávirka tey, sum misbrúka fordómarnar sær sjálvum at gagni t.d. fyri at sleppa at sita á tingi – í hvussu er ikki alment.

Lógir um skrásett parlag, ættleiðing og ísáðing hava vit ikki fingið í Føroyum enn, men vónandi fara tær eisini at verða samtyktar innan rímliga tíð. Nær, tað eri eg ikki førur at meta um. Men vit samkyndu ynskja okkum henda møguleika og arbeiða fyri honum. Vónandi verða hesi rættindi eisini tikin við í Visjón 2015 fyri Føroyar, men tað er einki til hindurs fyri, at tað hendir fyrr.

Við hesum takki eg enn eina ferð fyri at hava fingið høvi at vera við á hesi ráðstevnu og ynski okkum samkyndu og samfelagnum sum heild ein blíðan byr saman.

Sorø, 19. mai 2007

HEIMILDIR

Baldwin, James. 1957. *Giovanni's Room*. 1957. Á donskum: *Giovannis værelse*. 1966. Hasselbalch. *Biblian*. 1956. Hin føroyski bíbliugrunnurin. Tórshavn.

Boyd, Malcolm. 1986. *Gay Priest. An Inner Journey*. Stonewall Inn Editions. St. Martins Press. New York.

Goss, Robert. 1993. *Jesus acted up. A Gay and Lesbian Manifesto*-Harper. San Fransisco.

- Hanway, Donald G. 2006. *A Theology of Gay and Lesbian Inclusion Love. Letters to the Church*. The Haworth Press.
- Heger, Heinz. 1972. *Die Männer mit dem rosa Winkel*. Merlin-Verlag. Hamburg. Á donskum: *Mændene med den lysrøde trekant*, 1983.
- Klein, Sonja. 2006. „Men størstur er kærleikin.“ *Dimmalætting*. Nr. 228, 24.11.2006. Tórshavn.
- Kærligheden glæder sig ikke over uretten!* 1996. Til de danske biskopper vedrørende kirkelig vielse af homoseksuelle par. Útg.: Kirkelig forening for den Indre Mission i Danmark, Luthersk Missionsforening, Menighedsfakultetet, Dansk Bibel-Institut, Kristeligt Forbund for Studerende, Kirkelig Samling om Bibel og Bekendelse og Kirkelig Fornylse.
- Oyggjaskoggi*. Blað føroyinga utanlendis. 1975. „Hann hevur eisini skapt meg.“ Samrøða við Rólant Samuelsen. Juni. Bls. 8 og 21. København.
- Prøitz, Aase. 1995. *Kirkens kamp mot partnerskapsloven i sosialpsykologisk perspektiv*. Emilia.Oslo.
- Rosen, Vilhelm von. 1993. *Studier i dansk bøssehistorie 1628-1912*, 2 bind, doktoraritgerð, Københavns Universitet. Rhodos. København.
- Rydström, Jens. 2003. *Sinners and Citizens. Bestiality and Homosexuality in Sweden 1880-1950*. University of Chicago Press.
- Wikner, Pontus. 1971. *Psykologiska självbekännelser*. Lechard Johannesson, Askild & Kärnekull Förlag.

SUMMARY

As a gay Faroese I was invited to talk about the rights and the lack of rights of gays and lesbians in the Faroes at the Conference of the University of the Faroes and the University of Iceland at the Nordic House in Tórshavn, Faroe Islands on the 25th of June 2007.

I lived in the Faroes from 1948 until 1967 when I left for Copenhagen to study. I have not returned yet as the legal rights still are not acceptable for gays and lesbians. However I regularly visit in the Faroes and have often participated in the debate concerning legal rights for homosexuals as well as worked for a better understanding of and care for people contacted with HIV and AIDS during the last twenty years.

Homosexuals have lived and still live in secret in the Faroes. They have lived in fear of discovery of their homosexuality as it is not socially accepted. But by living quietly they have been tolerated. Many Faroese homosexuals have therefore left the country and very often do not return as frequently as do other Faroese do after studying abroad. The reason of this as elsewhere is that homosexuality is not accepted as a legitimate variety of sexual expression. This situation was and still is caused by prejudices based on misunderstandings of Christianity as well as social ignorance.

Thus homosexuals have been oppressed culturaly, personally isolated, violated, socially denied, and even criminalized for centuries.

No studies have been focusing on the situation of the gays and lesbians in the Faroes. It is therefore not possible to find any books or information on the subject. Over the last twenty to thirty years a few Faroese homosexuals, mostly living abroad, have tried to change the situation.

Historically the suffering caused by religious and social persecution of homosexuals is exemplified by Pontus Wikner, a Swedish Christian professor of philosophy in the 19th century, and by a gripping personal account of the homosexual persecution during the World War II in the Nazi Death Camps. After the war human rights' organisations and governments world wide have worked for human rights through the United Nations and many other official and non official organisations as well as gay and lesbian organisations. After gay people in 1969 in Stonewall Bar, New York, had fought against the oppression of the police more radical homosexual organisations started to work for a total liberation of the gays and lesbians.

In many countries, e. g. Denmark, Norway, Sweden and Holland, laws against discrimination including minorities of sexual orientation were accepted in the 1980-ies, and later in several other countries. In Denmark gays and lesbians got the possibility to „marry“ (non religiously) by acceptance of the registered partnership. Since then many other countries have voted for similar laws.

However in the Faroes the political parties have not dared to accept the laws until last year when a law against discrimination of minorities including gays and lesbian was accepted. In 1988 only one member of a total of 31 voted in favour of the law. In 2007 a small majority in the Faroese Parliament voted for the law after a conspicuous public discussion mostly caused by an act of violence against a young gay man and due to international reaction against homophobia in the Faroes.

The Faroese gays and lesbians continue to struggle for their human rights including a law of registered partnership, acceptance of our right to adopt and to the option of insemination.

Samkynhneigð og siðmenning

Þegar við lesum Biblíuna verðum við huga að því að notkun fornra texta er *alltaf* túlkun og að hver einasti lesandi hefur sínar forsendur til að skilja eða misskilja það sem hann les. Það er því mikilvægt verkefni nútíma guðfræðinga að hjálpa lesendum við að skilja Biblíuna, en um leið að benda á að hans/hennar skilningur er líka túlkun. Mín skoðun er sú að biblíutexta verði að skoða í samhengi þeirra gilda og hefða sem ríktu í umhverfinu sem þeir urðu til í, eftir því sem okkur er það unnt, því verkefni guðfræðinnar er „að leita skilnings þvert á það sem aðskilur, afnema fordæmingar og bannfæringar, stuðla að því að kristið fólk geti mæst sem systkin, eitt í bæn og vitnisburði“ eins og hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands sagði í hirðisbréfi sínu árið 2001.

Við umhugsun um samkynhneigð og biblíutexta tel ég til dæmis nauðsynlegt að huga að þeim rótum sem kristin siðmenning spratt af, í stað þess að einblína bókstaflega á þau orð sem textinn birtir okkur í þeim þýðingum sem við höfum vanist frá blautu barnsbeini. Hér verður hugað að þessum rótum, en einungis mjög lauslega, fyrst og fremst til að vekja til frekari umhugsunar.

Allt frá því Páll postuli lagði sig fram um að stofna kristin samfélög með trúboðsferðum sínum eins og lýst er í Postulasögu Nýja testamentisins og birtist í bréfum sama rits sem kennd eru við Pál og fylgismenn hans, hefur hinn pálínski skilningur á því hvað væri *rétt* líferni mótað kristna afstöðu um siðferðilega eiginleika og trúarlega breytni. Aðferð Páls fólst í *aðgreiningu* sem birtist í notkun litríkra hugtaka. Annars vegar um hina heilögu, guðlegu, réttlátu, börn ljóssins, salt jarðar o.s.frv. sem voru „réttlættir“ sem merkir að Guð hafi fyrirgefið þeim og sýnt það með komu Jesú Krists. Með komu frelsarans voru þeir „endurnýjaðir til fullkominnar þekkingar“ sem hinn „nýi Adam“, þ.e. eins og nýr maður í merkingunni maður sem fær annað tækifæri í lífinu. Hins vegar var ‚hinum‘ lýst sem óguðlegum, ranglátum, verkum myrkursins o.m.fl. sem *lög málinu* og *samviskunni* væri ætlað að leiða til betri vegar, eins og fram kemur í Rómverjabréfi Páls í Nýja testamentinu.

Þessi forna aðgreiningarhugsun í „okkur“ og „hina“ birtist í gyðinglegum

áherslum á *útvalinn* og *heilagan* lýð Guðs þar sem m.a. boðorðin 10 eru lýsandi viðmið „okkar“. Meðal hellenískra hugsuða birtist aðgreiningin í *tvíhyggju* lasta og dyggða og tvennd dauðlegs líkama og ódauðlegrar æðri sálar. Þessar áherslur tvinnuði Páll saman og notaði á margan hátt í boðun kristinnar trúar, allt eftir menningarlegri samsetningu áheyrenda sinna.¹

Aðgreining af þessu tagi birtist með margvíslegum hætti í nútíma og virðist afar djúpstæður þáttur í tilvistarvanda mannsins. Enn reyna kristnir menn að fylgja flestum boðorðanna og margir trúa að til sé sál sem lifi líkamann og enn fordæmum við ýmislegt sem okkur er framandi.

Ekki er hægt að draga í efa að trúarkenningar og túlkun þeirra mann fram af manni eru ein öflugasta leiðin til að valda og viðhalda óttanum við „hina“. Þannig telur Bogi D. Davidsen í fyrirlestri sínum hér að „fordómar hjá meirilutanum móti samkyndum vórðu skaptir av tí kirkjuliga valdinum“. Þessi lífseiga hugsun byggir á þeirri skoðun að Biblían *banni* samkynhneigð. Þessu er enn haldið fram, á sama tíma og ýmsir telja ótækt að líta svo á að Biblían fjalli um samkynhneigð, því samkynhneigð er „tílfínningar“, eins og Sara Dögg Jónsdóttir (2003:2) segir. Sé hins vegar einblínt á kynmök í tengslum við samkynhneigð eins og enn er algengt, er ekki að undra þó menn telji að í Biblíunni megi finna bann við „samkynhneigð“ karla. Það er ljóst að í 18. og 20. kafla III Mósebókar er ákvæði sem *bannar* að „maður“ leggist með karlmanni „sem kona væri“ (18:22; 20:13). Í 20. kafla er þetta næst á eftir banni við samræði við tengdadóttur (20:12). Þar á undan er bannað að hafa mök við konu föður síns (20:11) og bannað að taka konu náunga síns (20:10). Í sama kafla eru refsíákvæði vegna samræðis karla og kvenna við skepnur (20:15–17a), en í 18. kafla er tilgreint að kona eigi ekki að „standa fyrir skepnu til samræðis“. Öll framangreind mök eru talin saurgandi og ekki sæmandi hinum heilögu, heldur hluti af atferli og iðkun skuðrgoðadýrkenda, þ.e. heiðingja (18:24–25). Refsing fyrir þessi brot er *líflát*. Ef systkini sjá „blygðan“ hvors annars, eða karl „leggst með“ konu á blæðingum skulu bæði „upprætt“ (20:17b–18). Auk þessa skapar það sekt, synd og saurgun ef karl „berar blygðan“ móðursystur, föðursystur, eða „leggst með“ sifkonu, eða „tekur“ konu bróður síns (20:19–21).

Hin fornu lög um samfélag Gyðinga birta ströng og nákvæm fyrirmæli um rétta hegðun hinna heilögu og útvöldu til aðgreiningar frá *hinum* og hörð eru viðurlög Jave ef þeir víkja af sporinu og voga sér að „taka framhjá“

1 Í ritum Nýja testamentisins má víða finna upptalningu fjölmargra atriða sem aðgreina „okkur“ og „hina“. Sjá t.d.: 1. Tim. 1:9–11; Tit. 3:7; Ef 5:8–12; 1. Kor 5:11–12, 6:9–11; Róm 1:29–31; Gal.5:16–26; Kól 3:5–17; 2. Tim. 3–5; 1. Þess 4:3–8.

með öðrum guðum (20:6; 23–27) eða mægjast útfyrir hópinn.² Hverskonar „blöndun“ er bönnuð, t.d. mismunandi efna í vefnaði (III. Mós. 19:19) og að kona gangi í karlmannsfötum og öfugt (V. Mós. 22:5). Bann við því að kona leggist með konu er hins vegar hvergi að finna í Gamla testamentinu og kann það að vekja furðu, einkum í ljósi þess hve hin gyðinglegu ákvæði eru nákvæm. Fræðimenn hafa ekki orðið á eitt sáttir um skýringu á þessu og hér verður einungis þeirri hugmynd varpað fram að e.t.v. hafi skrifarar talið ómögulegt að líta svo á að konur hefðu „mök“ án karlmanns og allsendis óviðurkvæmlegt að hugsa sér að kona hegðaði sér á nokkurn hátt sem karl væri. Þessi hugsun felur í sér það viðhorf að í kynlífi sé bannað að setja sig í hlutverk sem ekki er í samræmi við líffræðilegt kyn viðkomandi. M. ö. o. þá miðast þessi sýn við þá fornu hugmynd að annar aðilinn í kynlífi sé ávallt raunverulegur gerandi, eða „karlinn“ á meðan hinn aðilinn sé bara þolandi, eða „konan“.

Margt í lögmáli Gyðinga virðist nú framandi, en sumt verður skiljanlegra ef það er séð sem *varnarviðbrögð* samfélags sem berst fyrir að því að halda sér „hreinu“, þ.e. varðveita sérkenni sín andspænis ágengni annarrar menningar. Í því samhengi er það ávallt lykilatriði að lýður Jave haldi boð hans og bönn til að verða „mikil þjóð“ og njóta þannig blessunar og sáttmála Jave við Abraham (I. Mós. 12:2; 15:18; 17:2–10; 18:18).

Í fyrsta kafla Róverjabréfsins er vísun Páls í frelsunarstef Gyðinga (Exodus) greinileg (18–23) og hann er margorður um misgjörðir manna gagnvart Guði, bæði í hugsunum og verkum (28–32): Þeir gáfu Drottni ekki heiðurinn, dýrdina og virðingu sína óskipta, heldur tóku af ómældri græðgi að dýrka dauðlegan „gullkálfr“ eða hið efnislega, í stað skaparans. Þeir gerðust m.ö.o. skurðgoðadýrkendur eða heiðingjar, en hvorutveggja er gyðingleg og kristin afstaða til þeirra sem ekki dýrka Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs á *réttan* hátt. Páll segir að vegna þess að svona fór hafi Guð „ofurselt“ þá svívirðilegum ástríðum svo að líkamir þeirra yrðu smánaðir á meðal þeirra. Páll segir að þetta eigi ekki bara við um karla sem hafi hætt „eðlilegum“ mökum við konur og brunnið af þá hver til annars, heldur hafi konur *þeirra* líka breytt *eðlilegum* mökum í *óeðlileg* (24–27). Skýring Páls er því sú að hin „óeðlilegu“ kynmök séu *refsing* Guðs fyrir þá skömm og svívirðu að „halda framhjá“ honum, þrátt fyrir allt sem hann hafði fyrir þá gert. Persónulegt orðfæri af þessum toga með vísan í *rangt* kynlíf sem myndmál fyrir *villu* eða rangt samband við Guð var þekkt í hinum gyðinglegu spámannaritum. Hinni réttu þjónustu við Guð

2 Esra 9–10; Neh. 13:23–31; Mal. 2:11–12 birta svipað bann við mægðum Gyðinga útfyrir hópinn.

var hins vegar oft lýst með orðfæri skírlífis (hreinlífis) sem fólst ekki síst í hömlum á kynmökum vegna áherslu á hreinleika hinna heilögu í hvívetna. Um leið og Páll notaði hið gyðinglega myndmál vildi hann sérstaklega ná eyrum grísk-rómverskra, til að beina þeim inn á braut þess fagnaðarerindis sem hann trúði á og barðist fyrir. Þar höfðaði hann til heimspekilegrar aðgreiningar á dyggðum og löstum og nýtti sér siðferðisáherslur stóuspekinga um mikilvægi þess að hver og einn hefði *taumhald* eigin ástríðna og lifði í samræmi við alheimsskynsemina eða guð (g. logos).

Í sundurleitri menningu rómverska heimsveldisins var hin forn-gríska hugmynd um órjúfanlega einingu manns og samfélags víkjandi og sú heimspeki ríkjandi sem spurði um heill og hamingju einstaklingsins og *algildi laga*³, eins fram kemur hjá Skirbekk og Gilje (1999:134). List Páls fólst í að ná eyrum hinnar sundurleitu menningar með hugtökum og táknum sem allir skildu og höfðu til siðferðiskenndar eða sjálfsásökunar hvers og eins, um leið og hann lagði grunn þeirrar nýju siðmenningar sem hann barðist fyrir í nafni Jesú Krists.

Á klassíska tímanum í Grikklandi (Spörtu, Krít og Aþenu) var samfélagið í heild álitíð mikilvægara en fjölskylda í nútíma skilningi, enda var heimur karla og kvenna aðskilinn, einnig innan veggja heimilisins (g. oikos). Hlutverk eiginkonu var að ala börn og sjá um heimilið og talið mikilvægt sem slíkt, en karl gat haft eins margar hjákonur og hann vildi, vegna líkamlegra nautna, eða lagt lag sitt við frjálsar konur (g. hetaira). *Paiderastia*, sem þýtt hefur verið sem „ást á drengjum“ var viðtekinn þáttur í uppeldi drengja. Viðhorf til þessa voru misjöfn eftir svæðum eins og fram kemur í *Samdrykkju* (182A–B) Platons (428–347 f. Kr.) en talið var að þetta byggðist á því að æðsti guðinn Seifur og sonur hans, kappinn Herakles, sæktust eftir 12–16 ára drengjum og að það væri náttúrulegt (g. kata physin) að menn löðuðust að svo ungum drengjum. Sá „sem elskaði“ (g. erastēs) var ókvæntur og ekki mikið eldri en „hinn elskaði“ (g. erōmenos), en hann átti að efla félagslegar dyggðir (g. aretē) drengsins (g. pais) til að styrkja borgarsamfélagið (g. polis) sem var vettvangur fullvaxta og frjálsra karlmanna. Sumir hafa lagt áherslu á kynferðislegan þátt þessara samskipta og fordæmt þau og augljóslega hefur reynt á göfuglyndi þess eldri, sem var kennarinn eða gerandinn (e. active) á meðan hinn elskaði var í hlutverki nemandans eða hlutlauss þolanda (e. passive). Hinn elskaði (g. erōmenos) átti ekki að sýna nein merki þess að hann hefði kynferðislega nautn af samskiptum við hinn eldri geranda. Slíkt setti

3 Hugmyndin um algildi laga mótaði kenningu um „náttúrulegt“, þ.e. að allir menn ættu hlutdeild í siðferðilegu alheimssamfélagi skynseminnar.

hann í hlutverk konunnar eða vændismanns og það gat haft þær alvarlegu afleiðingar að hann missti heiður sinn innan samfélagsins (g. polis). Það var því mikilvægt að varðveta heiður hins elskaða, eins og Nissinen bendir á (1998:68). Í *Samdrykkju* (209C) Platons eru samskipti *erastēs* og *erōmenos* lofuð og talin göfugust allra mannlegra samskipta; nánari og innilegri en hjónaband sem var fyrst og fremst til að geta börn. Þekkt er hugmyndin um platónska ást sem oftast er ekki talin fela í sér kynferðislegt samband heldur vera það sem kallað er æðri eða andlegri ást (g. filia).⁴ Í raun var talið sjaldgæft að svo nán tengsl ríktu til milli karls og konu, þar sem slíkt væri fyrst og fremst möguleg milli *jafningja* á grundvelli dyggða Erosar, sem samkvæmt Platoni voru réttlæti, skynsemi, hugrekki og viska. Keppikefli hins dyggðuga var yfirvegun eða hófsemd (g. sofrosyne) og sjálfstjórn (g. enkrateia) eigin ástríðna. Skilgreining kynvitundar karlsins og flokkun í annað hvort sameða gagnkynhneigð virðist hins vegar ekki hafa haft neitt gildi þar sem félagslegu hlutverk karls og konu voru talin skýr, náttúruleg eða eðlileg og þrá til annarrar manneskju eða „tilfinningar“ voru hluti af ástríðum sem maður skyldi hafa taumhald á. Kvenleigir eiginleikar voru *ekkert* viðmið því karllegir eiginleikar voru æðri í því „náttúrulega“ eða „eðlilega“ stigveldi þar sem karlinn stóð næstur hinu guðlega og konan var hans *eign* eftir „réttilega“ ráðstöfun föður eða bræðra. Kynmök voru til æxlunar í slíku hjónabandi, en þau voru líka notuð til að tjá og viðhalda hinum „náttúrulegu“ yfirburðum sem taldir voru felast í karllegu eiginleikunum. Að *sýna* kynferðislega þrá var hins vegar talið veikleikamerki og kvenlegt. Í síðustu samræðu sinni, *Lögunum*, setur Platon fram þá sýn að ástríðulaus kynmök í hjónabandi séu hin einu náttúrulegu (g. kata fysin), þ.e. réttu, af því þau þjóni best hinu náttúrulega lögmáli eða samhljómi sem sé nauðsynlegur í fullkomnu samfélagi. Kynmök tveggja karla eða kvenna séu aftur á móti ónáttúruleg (g. para fysin) af því þau séu einungis dæmi um taumleysi og *óstjórn*. Platon telur hér að nautnafullt kynlíf beri að forðast og það sem meira er – hann telur að það sé hægt, enda sjálfur komin af léttasta skeiði!

Með uppgangi rómverska heimsveldisins virðist taumleysi af ýmsum toga hafa farið vaxandi, eins og Cantarella (1992:156–64) o.m.fl. hafa bent á.

4 Sumir hafa líkt sambandi Davíðs og Jónatans sem segir frá í Samúelsbókum Gamla testamentisins við platónska ást og í predikun Pat Bumgardner frá söfnuði Metropolitan Community Church í New York í Hallgrímskirkju 13. ágúst 2006 lagði hún út af samkynhneigðu sambandi Davíðs og Jónatans. Söfnuður Bumgardner er hluti af alþjóðlegri kirkju sem stofnuð var af samkynhneigðum á vesturströnd Bandaríkjanna árið 1968. Margir guðfræðingar neita því hins vegar að samband Davíðs og Jónatans hafi verið samkynhneigt.

Algenzt var að karl hefði ungan þræl (l. puer) til að þjóna sér, ekki síst kynferðislega. Uppeldi göfugra borgara var ekki markmið slíkra samskipta og þeim lauk ekki endilega við hjónaband þess eldri og æ fleiri héldu áfram í hlutverkinu fram eftir aldri. Vændi, bæði karla og kvenna var löglegt og stundað á götum úti og í baðhúsum, um leið og það þótti varnvirða að stunda slíka iðju. Ímynd karlmennskunnar varð grófari um leið og ímynd *undirlægjunnar* varð fyriritlegri og í senn kvenlegri. Í ljóðum Hórasar (65–8 f. Kr.) er hæðst að hlutverki þolandans í mökum tveggja karla og það álitid skammarlegt ef drengir héldu því áfram sem fullorðnir. Kvenlegt útlit drengja (l. mollis) var hins vegar mært, en íþróttamannslegt útlit drengja hafði verið lofað meðal forn-Grikkja. Kynlíf Rómverja á +/– fyrstu öld okkar tímatafs virðist hafa verið mjög fjölbreytt og sagt er að af fyrstu 15 keisurum Rómaveldis hafi einungis Claudius lifað algjörlega gagnkynhneigðu lífi, eins og Richlin (1993:531–532; 538–540) o.m.fl. hafa bent á.

Gagnlegt er að líta á viðhorf nokkurra samtíðarmanna Páls postula til siðferðis á sviði kynlífs. Stóuspekingurinn Plútark (46–127 e.Kr.) lét ýmis sjónarmið koma fram í *Ástarspjalli* sínu. Þar er rökrætt með og á móti hjónabandi og með og á móti *paiderastia*. Ein persóna hans segir að karlar geti ekki notið kynlífs með heiðvirðum konum og að sönn ást hafi ekkert með kvenfólk að gera! Menn geti ekki elskað konur, ekki fremur en flugur elska mjólk eða hunang. Að liggja í fangi konur geri karla bara veiklundaða. Sá sem færir rök fyrir ágæti hjónabands telur hins vegar að í því geti þróast velþóknun (g. kharis) ef ónáttúruleg mök (g. para fysin) hafi ekki náð að eyðileggja blíðuhæfileika karlsins. Það sem er „ónáttúrulegt“ er að karl serði karl í krafti karlmennsku sinnar og (með orðum Platons) að „karl láti hylja sig og koma upp á sig eins og skepnu“. Hvorutveggja sé óviðurkvæmilegt (g. akharis kharis) og ekki þóknanlegt Afróditu, gyðju ástar og fegurðar (*Ástarspjall* 751C–E). Þá segir þessi sama persóna Plútarks að *paiderastia* sem göfug uppeldisaðferð virki ekki. Hún skilji oft eftir sig „sviðna jörð“ þ.e. eyðileggi blíðuhæfileika hins elskaða (g. erōmenos) (*Ástarspjall* 752A; 770B–C).

Hugtakið *karis* er miðlægt hjá Plútark og það táknar velþóknun eða kærleika milli maka sem skapist ef gagnkvæm vinátta þróast og konan er ekki bara viljalaus eign karlsins. Niðurstaða *Ástarspjallsins* er því sú að hjónaband sem byggir á gagnkvæmni makanna en ekki losta (g. epipymia), sé æðra ástarsamband en *paiderastia*. Í hjónabandi geti þróast vinátta (g. filia), virðing (g. timē), velþóknun (g. kharis), ástúð (g. agapēsis) og tryggh (g. pistis), eða allt það sem Platon hafði talið felast í persónuþroska *paiderastia* (*Ástarspjall* 769A). Annar stóuspekingur Dio Chrysostom (40–120 e. Kr.) líkti sambandi

tveggja karla við ofdrykkju og almennt óhóf og taldi kráareigendur bera ábyrgð á vændi, sem ekki byggði á ástúð (g. agapēsis) heldur peningagræðgi. Slíkt vanvirti Afróditu, sem stæði fyrir náttúrulegum mökum (g. kata fysin) í einingu karls og konu. (*Disc.* 7:133, 135–135).

Hjá Epictetusi (55–135 e. Kr.) má finna sérstaka gagnrýni á menn, sem raki af sér líkamshár sín og þjóni þörfum kvenna (g. kinaidos) og setji sig þar með í *hlutverk* kvenna. Slíkir menn gangi gegn náttúru sinni og hann nefnir sérstaklega Korintubúa í þessu samhengi (*Disc.* 3:1:27–37). Í þessu ljósi verða því orð Páls postula í 6. kafla fyrra bréfs hans til Korintumanna skiljanleg. Þar telur hann það til lasta ef menn gerist *mjúkir* þ.e. of kvenlegir eða *taumlausir* (g. arsenokoitēs/malakoi) og Páll segir að þetta sé meðal annarra lasta sem komi í veg fyrir að menn muni „guðsríki erfa“ (9–11).

Í bréfi Páls til Rómverja minnst hann ekki á hina mjúku menn, heldur gagnrýnir karla sem hætt hafi „eðlilegum samförum við kvenmanninn og brunnið í losta sínum hver til annars“ og konur þeirra sem breytt hafi „eðlilegum samförum í óeðlilegar“ (1:27). Hvorutveggja er „villa“ segir Páll, án nánari útskýringar og nær þar með eyrum þeirra sem þekktu siðfræði stóumanna um náttúrulega eða rétta ‚notkun‘ (bælingu) ástríðnanna um leið og hann vísar til þess að taumleysi og skeytingarleysi um guðlegan vilja leiði yfir menn refsingu hins eina og sanna Guðs. Þar með leiðir það af rökfærslu Páls að „villan“ sé sú skömm og svívirðing líkamans sem *felist* í lostasömu lífern, en einnig svívirðilegt hugarfar hvers og eins sem feli í sér margskonar rangsleitni, sem hann telur síðan upp í löngum lista (1:28–31). Páll segir að ekki einungis þeir sem viðhafa rangsleitnina séu „dauðasekir“ heldur líka þeir sem láti hana viðgangast, þótt þeir „þekki Guðs réttlætisdóm“ (1:32). Með þessu er Páll búinn að undirbyggja það að Guð fari ekki í „manngreinarálit“, heldur séu *allir* sekir þ.e. syndugir og að Guð muni á efsta degi dæma „hið dulda hjá mönnunum“ (2:1–16). Ef menn hafi hins vegar *trú Abrahams* og standi stöðugir í henni, þá séu þeir réttnefndir niðjar hans og eigi þess vegna hlutdeild í því frelsunarverki sem Jesús Kristur vann með dauða sínum á krossinum (4:1–25). Páll segir að „lög málið“ færi þeim sem það þekkja vitneskju um vilja Guðs, en með Jesú Kristi hafi öðrum „opinberast án lögmáls“ (3:22) sá vísdómur að Guð fyrirgefi þeim sem *trúa*. Þeir hafi – vegna hins úthellta blóðs (sonarfórinn) – verið frelsaðir undan synd sinni og þar með frá reiði Guðs. Sú synd sem *búi* í líkamanum hafi verið krossfest og deydd (8:4) til þess að ljóst yrði að „andans menn“ einir muni lifa: „... ef þér deyðið með andanum gjörðir líkamans, munuð þér lifa“ (8:14) sem sannir niðjar „... samkvæmt útvalningar-fyrirætlun Guðs“ (9:11).

Og „... ef þú jatar með munni þínum Drottin Jesúm og trúir með hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið Krist frá dauðum“ segir Páll, „muntu hólþinn verða“ (9:10).

Páll iðkaði sannkallaða mælskulist og upptalning á löstum kemur víða fyrir í bréfum sem kennd eru við hann í Nýja testamentinu. Í fyrra bréfi hans til Tó móteusar er t.a.m. listi sem felur í sér 14 atriði sem ekki hæfi í samfélagi heilagra. Í öðrum bréfum eru aðrir listar, eins og ég vísaði í hér í upphafi. Slíkri upptalningu var ætlað að *vekja hughrif* og ekki er hægt að segja að í nokkru þessara tilvika sé um tæmandi upptalningu að ræða.

Í hinu nýja rómverska heimsveldi voru listar sem þessir notaðir sem viðmið þar sem hinar og þessar stefnur fjölmenningar kepptu að því að finna rétt siðferði fyrir hamingju „sjálfstæðra einstaklinga“. Í ritum Fílons (20 f. Kr. – 50 e.Kr.) frá Alexandríu, sem var Gyðingur eins og Páll og áhrifamikill fyrir sögu kristinnar, má finna lista þar sem er hvorki meira né minna en upptalning 147 lasta! Líkt og Páll notaði Fílon hugtakið „ónáttúrulegt“ (g. para fysin). Þannig taldi Fílon að öll kynmök sem ekki væru beinlínis til æxlunar *ónáttúruleg* og kynmök fólks af sama kyni taldi hann ógn við mannlegt samfélag. Ekki bara vegna þess að slíkt dragi úr fjölgun, heldur vegna þess að þau eyðileggi sæði og skapi „kvenlega“ sjúkdóma, eins og Nissinen segir (1998:95). Þá fordæmir hann mök milli manna og drengja vegna þess að þau breyti körlum í konur og afstöðu Platons til *paiderastia* fordæmir hann einnig. Ákvæðin í 18. og 20. kafla III Mósebókar telur hann að lýsi slíku sambandi og túlkar svo að karl megi ekki leggjast með karl-konu (g. androgynous). Sjónarmið hans var að ekki mætti kasta neinu sæði á glæ og að ekki ætti heldur að hafa mök við konu á blæðingum, þar sem hún sé þá að undirbúa „akur“ sinn. Þetta kann að hljóma framandi, en á þessum tíma töldu menn að konan legði ekkert til afkvæmisins, heldur væri það fullskapað í sæði karlmannsins, en þyrfti „frjóan akur“ til að blómgast. Samlíkingin við akuryrkju var mönnum tiltæk. Að nokkru leyti má líkja afstöðu Fílons um mikilvægi sæðisins við afstöðu kaþólskra manna í nútíma sem banna getnaðarvarnir og telja enn að mök eigi bara að vera til æxlunar.

Margt væri gagnlegt að lesa og ígrunda til að kynnast þeirri fjölmenningu sem Páll postuli var að reyna að siðmennta til kristni í trúboðsferðum sínum. Áherslur hans á kærleikann virðast minna um margt á þau viðhorf sem koma fram hjá Plútark í *Ástarsþjallinu*. Þessi áhersla á kærleikann í samskiptum manna, auk áherslunnar á fyrirgefningu allra manna vegna krossdauða Krists er um leið sá leiðarsteinn sem kristnir menn þurfa að horfa til, þegar þeir reyna að leggja mat á það í nútíma hvort *samkynhneigð* sem við skiljum nú sem tilfinningar, sé samrýmanleg kristinni siðmenningu.

HEIMILDIR

- Biblían*. 1978. Hið íslenska biblíufélag, Reykjavík.
- Cantarella, Eva. 1992. *Bisexuality in the Ancient World*. Ens. þýð. Cormac Ó Cuilleanáin. New Haven and London.
- Dio Chrysostom. *Dio Chrysostom Vol. 2: Discourses XII–XXX*. Ens. þýð. J.W. Cohoon. LCL (1939).
- Dio Chrysostom. *Dio Chrysostom Vol. 5: Discourses LXI–LXXX*. Ens. þýð. H. Lamar Crosby, LCL (1951).
- Karl Sigurbjörnsson. 2001. *Í birtu náðarinnar. Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*. Skálholtsútgáfan. Reykjavík.
- Nissinen, Martti. 1998. *Homoeeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*. Fortress Press. Minneapolis.
- Philon d’Alexandrie. 1966. *De sacrificiis Abelis et Caini* Frönsk þýðing Anita Measson. Éditions du Cerf.
- Plato. 1989. *Symposium*. Ens. þýð. Alexander Nehamas and Paul Woodruff. Indianapolis and Cambridge.
- Plutarch’s Moralia*, (Ástarspjall) Vol. IX: 697C–771E. Ens. þýð. Edwin L. Minar, F.H. Sandback og W.C. Helmbold. LCL (1961).
- Richlin, Amy. 1993. Not before Homosexuality: The Materiality of *Cinadeus* an the Roman Law against Love between Men. *Journal of the History of Sexuality* 3:523–573.
- Sara Dögg Jónsdóttir. 2003. „Hrein og bein“. Kennsluleiðbeiningar og verkefni (fjölrit).
- Skirbekk, G. & N. Gilje. 1999. *Heimspækisaga*. Ísl. þýð. Stefán Hjörleifsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík.

SUMMARY

As we read the Bible we must bear in mind the fact that reading of ancient texts is always interpretation, and each reader will understand or misunderstand the text on his or her own terms. It is thus an important task for the modern theologian to help readers understand the Bible, and to understand at the same time that their readings are also interpretations. It is my belief that we should read a biblical text as far as possible in the light of the opinions and values that pertained in the society that produced it, for the task of theology is to „attempt to understand that which divides, to eradicate prejudice and condemnation, to work towards enabling Christians to come together as brothers and sisters, united in prayer and testimony,“ as the Bishop of Iceland, Karl Sigurbjörnsson, worded it in his Pastoral Letter 2001.

Millum tað, sum blaðið vildi læra børnini, var serliga at vera góðir føroyingar; til tað hoyrði at læra seg at lesa føroyskt og – sum tað stendur í innbjóðingini til at halda blaðið (*Tingakrossur* 1907:1)–

At fyribúgvast til at vera skilagóð og dúglig... og til at elska tað land, sum tey liva í, og tað fólk, sum tey eru av.

Blaðið vendi sær til alt landið og prentaði bæði samtíðarligar og søguligar frásagnir úr ymsum bygdum. Í føringafelagsanda undirvísti blaðið í Føroya

landalæru og Føroya søgu, áðrenn tær lærugreinirnar vóru komnar inn í skúlan. Ungu Føroyar komu út frá 1907 til 1915.

Við *Barnarímum* (1914) Hans Andriasar Djurhuus kom barnsins sjónarhorn av álvara inn í føroyskan skaldskap fyri børn. Her stendur tann romantiska hugmyndin um barnið sum fullfíggaða veru í blóma. Upplivanin hjá barninum og skaldskapurin eru í miðdepli, meðan tann strangi, eintýddi boðskapurin og tyktanin í elstu lesibókunum eru horvin. Hans Andrias hevur bókmentaligar fyrimyndir í donskum barnarímum, men myndar ein idealiseraðan føroyskan gerandisdag. *Barnarímur*, fyrsta føroyska yrkingasavnið fyri børn, komu út sum eitt lítið hefti við ongum myndum. Einku uttan á skræðuni annað enn navnið vísti, at hetta var ein barnabók. Tær gjørdust fólkaogn, eru útafturgivnar fimm ferðir, síðan 1964 við myndum eftir Elinborg Lützen. Nøkur ár seinni, í *Barnabókini I-II* (1923-24), tekur Hans Andrias eins og yrkjarar aðrastaðni gomul skjaldur til fyrimynd í yrkingum fyri børn. Tað lá í tíðini at leita sær íblástur úr hesum fólksliga skaldskapinum, har hugflogið hevur víðar ræsur.¹

Modernistiskar barnabókmentir eftir seinna heimsbardaga

Eftir seinna heimsbardaga komu norðurlenskar barnabókmentir í eitt modernistiskt rák, sum m.a. var ávirkað bæði av skaldskapi av manna munni og av nonsens-bókmentum, tvætlibókmentum. Tað er eitt gamalt bókmentslag, av sovorðnum bókmentum fyri børn er Lisa í Leikalandi eitt klassiskt dømi.

Við nonsens, 'tvætl', meinast her mál, sum ikki hevur vanligt merkingarinnihald: Tann vanliga merkingin í orðunum er upployst so ella so; í staðin kann t.d. tað, hvussu orðini *ljóða* ella *síggja út* fáa týdning. Tvætlikskaldskapur er nær skyldur við skjaldur, sum eru tann parturin av skaldskapi av manna munni, sum er minst virður og kannaður, eins og barnabókmentir eru í bókmentaheiminum.

Listfrøðin í *Í skýmingini*

Tann fyrsta føroyska myndabókin, *Í skýmingini* (1948), er partur av hesari listfrøðiligu nýskapanini í norðurlenskum barnabókmentum. Sofía Petersen

1 Í Íslandi var Theodóra Thoroddsen tann fyrsti yrkjarin, ið tók skjaldur til fyrimynd í útgávuni *Pulur*, 1916, myndir eftir Guðmund Thorsteinsson.

savnaði og valdi tilfarið til bókina, sum fyrst og fremst er skjaldur, og Elinborg Lützen gjørði myndirnar.

Støddin á bókini gevur rásarúm til at skapa sterkan ikonotekst, t.e. samspæl millum myndir og mál: Bókarheitið stendur allan vegin tvørturum og lagar seg eftir myndini við „Í“ øðrumegin fjallið og „skýmingini“ hinumegin.

Á frampermuni eru vit longu í skaldskaparheiminum: har verður dansað um bál í haganum, har eru tvísporandi ross, kráka situr á steini, ein kelling við krókutari nøs – ella er tað bara ein gomul kona? – gongur eftir gøtuni, tríggar gentur gera listfimleik í haganum, og mitt í myndini stendur ein ovfarin drongur og hyggur. Á bakpermuni nærkast vit tí ímyndaðu frásøgustøðuni hjá bókini: Vit eru í tí heimliga bønnum, men uttan fyri bøgardin er myrkur skógur sum í ævintýrinum. Hóast umhvørvið er veruleikakent, eru børnini í sínum egna heimi og spæla við kjálkamuur og horn. Í miðjuni situr omman og tað minsta barnið er hjá henni. Húsini standa tætt við og roykur kemur upp úr ljóaranum. Skjótt fara tey inn at hoyra søgur og skjaldur eins og tey í bókini. Niðast stendur eitt stutt skjaldur, sum kann vera lagt í munnin á ommuni á myndini:

Signað veri børnini
mær eru givin at goyma,
meðan pápin er á skóginum burt
og mamman ikki er heima.

Henda myndin kann sigast at vera afturlítandi; t.d. hava húsini ljóara, sum neyvan var til, tá ið bókin kom út í 1948. Inngangurin í bókini er framhald av pallsetingini í á bakpermuni: nú eru vit inni í stovuni og omman á myndini sigur børnunum søgu. Men tíðarlýsingin á hesari myndini svarar til tíðina, tá ið bókin kom út.

Perman og inngangurin fyrireika sostatt lesaran ógvuliga væl til ferðini inn í heimin, sum bókin goymir. Eg fari at taka fyrstu opnuna í sjálvari bókini sum dømi um samspælið millum tekst og myndir. Har stendur skjaldrið „Uppi í eini eikilund“ í fyra brotum saman við trimum myndum og einum skreytborda. Á fyrstu mynd dansa jomfrýrnar í eikilundini. Undir henni er ein bordi av eikibløðum og ringum, lutum, sum hoyra til evnið í skjaldrinum. Á aðru mynd leiðir „lítli Pætur“ Elin „í urtagarð at ganga.“ Elin sær út eins og á tí fyrstu myndini, men Pætur er í holt við eina umbroyting; á tí fyrstu myndini var hann í troyggju, buksur, hosur og tuflum. Her er hann enn í troyggju, men nú eru buksurnar svartar, hosurnar hvítar og hann í spenniskóm. Á

triðju myndini eru bæði Elin og Pætur hamskift og eru eitt vakurt skrátt brúðarpar; her sæst ein riddaraborg í baksýni, riddarar á rossabaki og trø, men blomstrini eru heimlig og líkjast hagasólju og dáa; gentan, sum stendur og hyggur at, er óbroytt og knýtir samband við fyrstu mynd, har genturnar dansaðu í ringi. Á henda hátt flætta myndirnar tveir heimar saman: tann hjá børnunum, sum spæla, og tann skaldsliga heimin, sum tey spæla og syngja um.

Tað nýskapandi í *Í skýmingini* er útgávan sum heild við myndunum í miðdepli: tað at geva tey burturfjónaðu skjaldrini út í skreytútgávu við listafinum myndum; myndum sum taka skjaldrini í álvara, t.e. taka tey sum tað tey eru: skaldskapur og hugflog, sum byggir brýr millum tað ímyndaða og tað ítøkiliga. Hugsa vit um *Lesibók fyri eldri børn* (1906), so prentar hon eisini skjaldur, t.d. rukkulakkaørindi, men har er tað sum nevnt sett í námsfrøðiligt høpi. Endamálið við tekstinum er har at venja barnið at lesa, og myndin skal læra tað, hvussu indrini síggja út.

Norðurlendsk nýskjaldur fyri børn í 1940-árunum

Í norðurlenskum bókmentum vóru skjaldur ein íblástur fyri modernaðan skaldskap fyri børn í 1940-árunum. Henda ávirkanin sæst í heitinum á bókini *Katten blåser i silverhorn*, 1945, eftir svenska Lennart Hellsing. Í Norra er Inger Hagerup tann fyrsta, ið yrkir modernistiskan skaldskap fyri børn. Tann fyrsta av bókunum, ið gjørdur hana til størsta norska barnayrkjaran eftir seinna heimsbardaga, er *Så rart*, 1950, sum Lennart Hellsing týddi til svenskt í 1951 við navninum *Så underligt*. Í Danmark er Halfdan Rasmussen tann nýskapandi barnayrkjarin eftir seinna heimsbardaga, meistari í tvætlistíli, sum er samansettur og einfaldur í senn; *Den lille frække Frederik og andre børnerim* kom í 1951.

Modernistiskt prosa fyri børn í 1940-árunum

At nýskapandi eisini hendi í óbundnum máli, er *Pippi Langsokkur* eftir Astrid Lindgren við myndum eftir Lenu Nyman frá 1945 gott dømi um. Bókin brýtur mörkini millum viðurkend tekstsløg við at lata ævintýrkendar hendingar fara fram í realistiskum samtíðarumhvørvi: í einuri svenskari bygd eiga ikki at búgva gentur sum Pippi heldur enn tikarar í Klaksvík! Ein genta so sterk, at hon syftir bæði lögreglumenn og tjóvar, sum býr einsamøll og ræður sær sjálv, men ikki dugir at bera seg at, tá ið hon er boðin til drekka.

Men tað er sjálvt málið hjá Pippi og hugburður hennara til tað og harvið

til veruleikan, sum serliga knýtir samband millum hana og modernistiskan skaldskap og skaldskap á manna munni hinumegin. Klisjier og hevdbundin málnýtsla verða upployst og víst í nýggjum ljósi; tá ið Pippi sær t.d. eitt skelti í einum handilsvindeyga, har tað verður spurt: „Líða tygum av frøknum?“, fer hon inn og sigur nei; hon *hefur* frøknur, men hon líður ikki av teimum. Orðini hava sítt sjálvstøðuga lív – ein dagin finnur hon eitt nýtt orð, „spunk“; spurningurin er, hvat „spunkur“ merkir og Pippi at leita eftir merkingini! Hugflogið og sansaligt mál og orðaspæl seta dám á Pippi.

Fýra nýggjar barnabøkur

Eg fari til endans at umrøða fyra føroyskar barnabøkur frá um og eftir 2000, tvey yrkingasøvn og tvær prosabøkur, sum eins og skjaldrini og tær nevndu bókmentirnar frá 1940-árunum, brúka málið á ein serliga spælandi hátt.

Børn verða í alt størri mun sædd sum fulltíknir móttakarar av bókmentum, sum eru list og ikki bara uppaling øðrumegin og tíðarstyting hinumegin. Ikki so at skilja, at eingin læra ella boðskapur er í barnabókum í dag. Men í staðin fyri at borðreiða boðskapin eintýðugt leggja góðir barnabókahøvundar hann nú inn í verksheildina, eins og gjørt verður í vaksnamannabókmentum. So er tað lesarans partur at ognar sær hann. Júst stóðan hjá barnabókmentum millum list og uppaling, skaldskap og námsfrøði, er eitt kjakevni í granskingini í dag.

Sum barnayrkjari er Alexandur Kristiansen arvingi eftir Hans Andrias. Annars hevur serliga nevndi Halfdan Rasmussen havt týðning fyri hann. Í skjaldrinum „Enniberg“ í bókini *Grísaflísa Pætur*, 1992, við myndum eftir Bárð Jákupsson er bergið persónsgjørt út frá navninum: tað hevur enni, vanga, nasaglugga, kjálka og tungu – orð, sum frammanundan eru heiti á landslagsformum! Samstundis sum yrkingin er realistisk lýsing av fuglalívini, gera fuglarnir eisini, at Enniberg ikki fær blund í eyguni! Her byggir nýtt hugflog á gomlum bergi, kunnu vit siga, men eisini á gomlum skaldsligum myndburðum av landinum sum einum gomlum risa.

Aðrar yrkingar í bókini, t.d. „Í trøðum á Sandi“, eru meira í tvætlistili. Vit hoyra vit fyrst um træið, og síðan verður ramsað upp alt, sum veksur á tí. Uppteljing er vanlig í skjaldrum, tað kann liggja ein fragd í uppramsing – í munnligari mentan vóru ramsur ein máti at goyma vitan í minninum. Tað serliga við hesum trænum er, at tað sum har veksur, ikki veksur saman í veruleikanum, og sumt veksur als ikki, t.d. rosinur. Tað er tí eitt træ, sum

veksur í hugflognum eins og eikitræið við silvurkannuni skjaldrinum. Tað ljóðliga spælið er ikki minsti parturin: „Í *Trøðum* á Sandi, har veksur eitt træ...”

Yrkingasavnið *Loppugras*, 2003, eftir Sólrún Michelsen við myndum eftir Hanna Bjartalíð er ikki í nonsens- ella tvætlistíli. Men her er málslig kæti, og yrkjarin hevur savnað ein hóp av stuttligum orðum saman, t.d. í ramsuni „Kennir tú blómurnar”. Myndirnar lýsa tekstin, leggja ikki aftrat honum. Í „Bilarnir koyra á vegnum“ eru bilarnir vístir sum livandi verur, ið eru ymiskar, glaðar, keddar ella illar. Tað sum er nútíðarligt, er at yrkingin endar ikki við lærusetningi, t.d. um at tað er skeivt at vera ill, men setir ymiskleikan fram sum nakað ið *er* og tað ber til at hugsa ella tosa um.

Í *Geyma*, 2002, eftir Dánial Hoydal við tekningum eftir Hanna Bjartalíð er tólv søgur um persónar, sum búgva í býnum Geyma.

Máliskan 'Í Geyma', sum merkir 'í minni', t.d. legg tær í geyma ella minst til, verður her brúkt í ítøkiligari merking. Hetta er eitt gott dømi um, hvussu bókin brúkar tann mátan, sum børn læra málið: tey skilja alt ítøkiliga fyrst, ogna sær síðan so við og við fatan av tí óitøkiliga. Tað vil so stuttliga til, at síðan bókin kom út, hevur „geymi“ fingið eina nýggja, ítøkiliga merking, nevniliga tað sum á enskum eitur minnispinnur, „memory stick.”

Bókin er partur av bókmentasiðvenjuni hjá Lisu í Leikalandi, tvætlibókmentum. Hon er ein væl útborin kanningarferð inn í málsins villiniborgir. Teksturinn kann standa fyri seg, og myndirnar í teknisørgustíli kunnu eisini standa einsamallar, men saman styrkja myndir og tekstur hvørt annað. Bókin er bæði ovfarakát og lógilig og fer við hvørt um hevdbundið mark fyri tí sømiliga; tað ávarar hævundurin um í fororðunum og leggur dent á, at ein og hvør kann broyta og leggja burturúr í upplestri, sum honum ella henni lystir.

Skemtið liggur serliga í, at orðini verða tikin í bókstavligari merking – t.d. er *Skapikrukkan* ein krukka, sum fólkin í Geyma ræðast at verða koyrd í – og uttan fyrilit fyri tí søguliga viðførinum hjá orðunum, t.d. er *Búrhundur* her stongdur í búr. Í nútíðarmáli merkir orðið ein ringur persónur, og tað eru fá sum kenna ta upprunaligu merkingina: varðhundur uttan fyri matgoymslu, og júst tí er lagamanni at spæla við orðið. *Ellubitar* eru í vanligum máli smáir tráð-ella bandstubbar, men her eru teir matur og verða latnir í súpan, nakað sum t.d. kjøtbítar. *Víks* er eitt stað í bókini og onkur fer hagar. Stuttleikin liggur í, at av tí at „tíll“ ikki stýrir hvørsfalli longur men hvønnfalli, er *Víks* her eitt staðarnavn í staðin fyri at vera partur av vendingini „tíll víks“, t.e. til

síðis. Sama mátan at flysa söguliga hevd uttan av málinum og uttan himpr kannu tí nýggja merking út frá nýggjum fyritleytum sóu vit í Pippi Langsokki, sum segði við lögreglumenninar, ið vildu koyra hana á barnaheim, tí hon búði einsamøll: „Eg eri á einum barnaheimi: eg eri eitt barn og hetta er mítt heim.“

Ein hundur, ein ketta og ein mús frá 2004 við teksti og myndum eftir Bárð Oskarsson fekk barna- og ungdómsbókmentavirðisløn Útnorðurráðsins í 2006.

Søgutíðin er umleið háltannað samdøgur og fylgir í so máta tí stóra bólkinum av myndabókum, sum røkka um ein dag. Gongdin í søguni er klassiskt trífliðað: fyrst friður – so stríð – og so ein nýggjur friður millum teir tríggar søgupersónarnar.

Frásøguháttur og myndamál eru minimalistisk, byggingin er miðvís – teir nógvu stuttligu staklutirnir hava týðning fyri heildina. Tekstur og myndir hjálpast at siga søguna, myndirnar eru ikki bara skreyt. Teksturin sigur ymiskt, sum myndirnar ikki vísa, og myndirnar vísa ymiskt, sum teksturin ikki sigur. Tá ið dýr eru høvuðspersónar í barnasøgum, eru tey meira ella minni menniskjansliggjørd. Myndirnar vísa, at hesi djórini eru ikki í klæðum, men tey sita og ganga sum menniskju; at tey tosa saman og hyggja at sjónvarpi, sæst ikki, men tað sigur teksturin.

Myndirnar eru í keipustíli. Dýrini hava ovurstórt høvd, men útlímirnir eru neyðarligir, og tað hóskar saman við, at tað eru hugsanir og kenslur, sum dentur liggur á, meira enn ytri hendingar. Eygur o.a. í leysari luft og bókstavir í ljóðmálandi skrift geva ekspressivitet við teknisøgdumi

Bókin snýr seg um einstaklingin og felagsskapin, frælsi og bundinskap og tað sínámillum treytaða í sambandinum millum einstaklingar. Eisini teir gulbrúnu blandingslitirnir benda á eina samansetta støðu.

Í *Lesibók fyri eldri børn*, 1906, doyði heimamúsin, tí hon gjørdi tvær deyðasyndir: hon var gromm og hon var ólýðin. Í *Einum hundi, einari kettu og einari mús*, 2004, er deyðameinið keðsemi: tey trý keða seg næstan til deyða; men músin bjargar teimum við at lamma hamaran í halan á hundinum, so at lív kemur íaftur og tey kunnu fara at renna undan og eftir hvørjum øðrum aftur. Í nøtuhylki er hetta mynd av gongdini í barnabókum frá 1906 til 2007, frá siðalærdómi og ávaringum til søgur, ið ikki hava tað sum fremsta endamál at

ávара og læra. Tað at vit lögdu fyri við *Lesibók* og enda við myndabókum, er í samsvari við ta yvirskipaðu menningina, at barnabókmentirnar hava ment seg og greinað seg sundur í bøkur fyri ymsar aldursbólkar, yrkisbøkur og skaldsligar bøkur. Tey yngru børnini, sum myndabøkurar serliga eru ætlaðar, eru nú ikki týðningarminni partur í barnabókmentakervinum enn tey eldru, sum vóru høvuðsmóttakarar av teinum fyrstu føroysku barnabókunum. Harafrtat er tað felags fyri tær umrøddu nýggju bøkurnar, at tær hava ongan eintýddan boðskap, men hava listfrøðilig eyðkenni og fjølbroyttar lýsingar, sum vekja spurningar og eggja hugflogið. Frá at vera eitt uppalingaramboð eru føroyskar barnabókmentir vorðnar ein sjálvstøðugur listarligur miðil.

HEIMILDIR

- Birkeland, Tone, Gunvor Risa og Karin Beate Vold. 2002. *Norsk barnelitteraturhistorie*. Det Norske Samlaget. Oslo.
- Hjalmarsdóttir, Sigrun. Lesibókin, hin gloymda barnabókin. Føroyskar lesibøkur 1891-1990. Høvuðsritgerð. Fróðskaparsetur Føroya.
- Jensen, Björg Matras. 1988. Í skýmingini, fyrsta føroyska myndabók! *Skúlablaðið* 8:14-15.
- Kamban, Janus. 1990. Svart-hvíta listin. *Brá* 15:3-9.
- Petersen, Sofía. 1948. Barnarímur. *Skúlablaðið* 3-4:36-38.

Føroyskar barnabøkur, nevndar í greinini:

- Djurhuus, Hans Andrias. 1914. *Barnarímur*. Felagið Varðin. Tórshavn.
- Djurhuus, Hans Andrias. 1923-24. *Barnabókin I-II*. Tórshavn.
- Evensen, A. C. 1906. *Lesibók fyri eldri børn*. Tórshavn.
- Hoydal, Dánial. 2002. *Í Geyma*. Myndir: Hanni Bjartalíð. Bókadeild Føroya Lærarafelags. Tórshavn.
- Kristiansen, Alexandur. 1992. *Grísaflísa Pætur. Skjaldur*. Tekningar: Bárður Jákupsson. Føroya Lærarafelag. Tórshavn.
- Michelsen, Sólrún. 2003. *Loppugras*. Myndir: Hanni Bjartalíð. Bókadeild Føroya Lærarafelags. Tórshavn.
- Oskarsson, Bárður. 2004. *Ein hundur, ein ketta og ein mús*. Bókadeild Føroya Lærarafelags. Tórshavn.
- Petersen, Sofía og Elinborg Lützen. 1948. *Í skýmingini*. Føroya Lærarafelag. Tórshavn.
- Skarði, Símun av og S. P. úr Konoy. 1969. *Ungu Føroyar 1907-10, 1914-15*. Offset-prent Emil Thomsen. Tórshavn.

SUMMARY

The paper discusses Faroese children's literature by analysing examples from the oldest and the newest publications. The aim is to show the main characteristics from each period and thus illustrate the development of the field.

Faroese children's literature took beginning in the early 20th century when the reader *Lesibók fyri eldri børn* by A. C. Evensen was published as part of the struggle for Faroese as the language of the schools. The book shows ties to the Enlightenment reader with its contents of various genres and its moralist attitude. The other important publication form during the first period is the children's and youth's magazin *Ungu Føroyar*, „The Young Faroe“, 1907, which aims at bringing up and educating patriotic Faroese. The third work of children's literature from the first period is *Barnarímur*, „Children's ballads“, 1914, by Hans Andrias Djurhuus. Here the didactic and moralist perspective has been replaced, and childhood imagination and poetry are celebrated in a romantic manner while the texts convey realistic descriptions of children's daily life in Faroese villages.

The period after WW2 saw a modernist renewal in Nordic children's literature, inspired by nonsense literature and nursery rhymes represented by Astrid Lindberg and Lennart Hellsing in Sweden, Inger Hagerup in Norway, Halfdan Rasmussen in Denmark and Sofía Petersen/ Elinborg Lützen in Faroe. In some of the most interesting Faroese children's books from the last fifteen years we see a continuation and development of the imaginative literature of the 1940ies and 50ies. From being a vehicle of didactics and education, Faroese children's literature has become an aesthetic medium in its own right.

Álfar, tröll og krókófílar

Um upphaf samfelldrar útgáfu á íslenskum myndabókum

Íslendingar eru orðsins menn og í samræmi við það er saga íslenskrar myndabókaútgáfu hvorki löng né fjölmenn. Þó er það sú bókmenntagrein sem hefur vaxið mest á undanförnum árum – bæði hvað varðar fjölda titla og ekki síður gæði þeirra. Núna koma út á hverju ári um tveir tugir frumsamdra myndabóka og þær bestu standast fyllilega samanburð við góðar erlendar myndabækur.

Það er best að ég taki strax fram hvað ég á við með hugtakinu myndabók. Þar á ég við bók þar sem saga er sögð í senn með myndum og texta. Myndirnar miðla sögunni til jafns við orðin og samspil texta og mynda er með þeim hætti að hvorugt gæti án hins verið. Þessar bækur eru oftast stuttar, litríkar og ætlaðar ungum börnum – en sjálfsagt tæki ekki langan tíma að finna undantekningar frá þessu öllu svo það er best að alhæfa sem minnst. Aðalatriðið er að um er að ræða bók sem hefur að minnsta kosti tvær raddir – rödd mynda og rödd texta.¹

Góðar myndabækur hafa auk þess nokkuð sem kallað er tvöfalt ávarp, það er að segja þær tala í senn til barna og fullorðinna. Enda eru þetta oftast bækur sem fullorðnir lesa upphátt fyrir börn og sagan þarf að höfða til beggja (allra) þátttakenda í þeirri skemmtilegu athöfn. Myndabækur eru því síður en svo einfaldar bókmenntir eins og sumum hættir til að halda.

Snemma fór að koma út ein og ein myndabók frumsamin á íslensku. *Sagan af Dimmalimm* eftir listmálarann Mugg kom út á bók 1942 og er löngu orðin klassík. Muggur myndskreytti fáeinar aðrar bækur en lagði sig annars ekki sérstaklega eftir bókagerð.

1 Margrét Tryggvadóttir (1999b) gerir góða grein fyrir myndabókinni sem bókmenntagrein.

Fleiri starfandi myndlistamenn sendu frá sér myndabækur og má þar nefna Nínu Tryggvadóttur sem gaf út fimm myndabækur á fimmta áratugnum, allar sérstaklega skemmtilegar og vel unnar.²

En þessar bækur stóðu stakar. Langt fram eftir 20. öldinni mátti gott heita ef ein ný íslensk myndabók fyrir börn var á boðstólum í jólapakka landsmanna og kom þar margt til: prentun á myndabókum var dýr, markaðurinn agnarsmár og síðast en ekki síst höfðu fáir íslenskir listamenn lagt sig eftir þessu bókmenntaformi sem útheimtir bæði hæfileika og þjálfun en aflar höfundu sínum þó ekki endilega mikillar athygli eða virðingar og sjaldnast hárra launa.

Á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar var myndabókaútgáfa aftur á móti orðin rótgróin úti í hinum stóra heimi og mikil viðskipti stunduð með þær milli landa. Stórir erlendir útgefendur gátu boðið prentun á litríkri myndabók fyrir margfalt lægra verð en áður þekktist og tími svokallaðra samprentsbóka rann upp. Samprent þýðir einfaldlega að bók er prentuð á mörgum tungumálum í einu, allur litur fyrst í risaupplagi en svart letrið að lokum fyrir hvert tungumál fyrir sig. Með þessu móti er hægt að litprenta bækur með lágmarks tilkostnaði. Á árunum 1960–1980 komu út fjölmargar bækur af þessu tagi á Íslandi á hverju ári. Þær voru auðvitað misgóðar en margar þeirra báru með sér að vera skrifaðar með það í huga að geta höfðað til fólks um allan heim – þær áttu að skemmta öllum en ekki koma við kaunin á neinum.

Þar kom að þetta ástand var gagnrýnt. Íslenskur rithöfundur og prófessor við Háskóla Íslands, Njörður P. Njarðvík, birti grein vorið 1979 þar sem hann benti á að af þeim 130 barnabókum sem komu út á Íslandi árið áður hafi aðeins 14 verið frumsamdar á íslensku. Hinar 116 væru þýddar og af þeim væru hvorki meira né minna en 70 erlendar samprentsbækur. Af þessu dregur Njörður þá ályktun að aðeins brot af lestrarefni íslenskra barna og unglinga segi þeim eitthvað um þeirra eigin veröld og að næstum allar myndabækur fyrir yngri lesendur séu iðnaðarvara frekar en bókmenntir: „Leitast er við að afmá sérkenni þjóða og söguviðið haft óljóst og einkennalítið. Tekin eru fyrir vandamál sem ætla má að séu almennt vinsæl og bent á einfaldar lausnir,“ segir Njörður (1979:199–200). Kallaði hann eftir fleiri íslenskum bókum, ekki síst myndabókum fyrir ung börn.

Það er úr þessum jarðvegi sem Sigrún Eldjárn sprettur sem höfundur.

2 Nánar má lesa um sögu íslenskrar myndabókaútgáfu í grein Margrétar Tryggvadóttur (1999a).

Og það mætti næstum halda að hún hafi sest niður og skrifað fyrstu bókina sína, *Allt í plati*, að kröfu Njarðar. Því þar er áherslan einmitt lögð á sérkenni þjóðarinnar og tungunnar og sagan er kirfilega staðsett í Reykjavík.

Strax framan á bókarkápu sést vel að þetta er íslensk bók. Myndin sýnir tvær af þekktustu byggingum miðbæjarins og norðaustur horn Tjarnarinnar í Reykjavík þar sem nánast öll íslensk börn hafa staðið og gefið öndum brauð. Bæði börn og fullorðnir þekkja því umhverfið strax. En um leið er gefið til kynna að þetta sé eitthvað annað en raunsæissaga úr Reykjavík því upp um holræsishlemm fremst á kápunni gægist filsrani og skrítið auga.

Við hliðina á Höllu er talblaðra eins og notaðar eru í teiknimyndasögum og upp úr kolli andarinnar kemur önnur blaðra, svokölluð hugsanablaðra.

Þarna notfærir Sigrún sér það sem var allra vinsælast á þessum árum, form og frásagnartækni teiknimyndasagnanna. En hún fer lengra með þessa snjöllu hugmynd, hún leikur sér að teiknimyndasagnaforminu og gerir það frumlegt. Á næstu síðu stingur Halla nefnilega upp á skemmtilegum leik: hugsanaleik. Í hugsanaleik fer maður inn í hugsanablöðru einhvers og lendir í öllum ævintýrunum sem venjulega eru bara ímyndun. Halla hugsar sér risastóra rjómatertu en Eyvind langar að vita hvað leynist undir holræsunum í götunum. Það list Höllu vel á líka og þau hoppa bæði upp í hugsanablöðru Eyvindar.

Ofan í holræsunum – inni í hugsanablöðru Eyvindar – er auðvitað mikill ímyndunarheimur þar sem krókófílarnir ráða ríkjum. Krakkarnir kynnast krókófil sem heitir Sigvaldi og elta hann um þennan nýfundna töfraheim. En þó að töfraheimurinn sé engu líkur er hann alveg greinilega íslenskur. Krakkarnir þvælast um Reykjavík – bæði undir borginni og á götum hennar. Þau fara í strætó upp í Breiðholt, sem er raunverulegt hverfi, og taka lyftuna upp í Hallgrímskirkjuturn. Ofan úr turninum horfa þau yfir borgina og á Tjörnina þar sem þau sátu í upphafi sögunnar.

Ofan í djúpri gjá uppi í Breiðholti – innan um háar blokkir – rekast þau á gamaldags íslenskan sveitabæ og konuna Þjóðhildi sem þar ræður ríkjum. Þar kemur við sögu fyrsta þjóðbúningakerling Sigrúnar, en þær áttu eftir að verða fleiri.

Í lok bókarinnar skríða krakkarnir aftur upp úr holræsinu og stökkva að lokum niður úr hugsanablöðru Eyvindar með lokaorð bókarinnar á vörnum: „Hver trúir líka svona vitleysu?“

Í *Allt í plati* er sem sagt margt gert til að gera söguna íslenska og þannig myndar hún strax sterkt mótvægi við þýddu bækurnar sem sýndu sjaldnast nokkurn veruleika og allavega aldrei íslenskan. Önnur bók Sigrúnar, *Eins og*

í sögu, gerir þetta líka. Þar er aftur sagt frá Eyvindi og Höllu og að þessu sinni sækja þau í íslenskar þjóðsögur eftir uppskrift að huliðssteini sem þau síðan útvega sér og verða ósýnileg.

Allt sem kemur fram í *Allt í plati* og *Eins og í sögu* hefur síðan verið aðalsmerki Sigrúnar Eldjárn – hún stendur með annan fótinn í rótgróinni bókmenntahefð, notar sér þjóðsögur, ævintýri og annan sagnaarf að vild og hefur fádæma gott vald á tungumálinu. Þrátt fyrir þetta getur hún drepíð hinum fætinum niður á ólíklegustu stöðum, og gerir það oft en ekki í dæmigerðum krakkaheimi, skrifar um gamla karla sem baka drullukökur, geimverur, dreka, drauga og ævintýraprinsa.

Í seinni bókum sínum er misjafnt hvort Sigrún stimplar bækur sínar íslenskar og hvernig hún gerir það. Í bókunum um Önnu og langafa hennar eru engin sýnileg kennileiti en langfeðginin eru ævinlega klædd í íslenskar lopapeysur og íslenskum burstabæ bregður fyrir á einum stað. Það þarf ekki meira til að lesandinn þekkir strax að þetta í íslensk bók. Þegar drengurinn Kuggur kemur fyrst við sögu í *Kuggur og fleiri fyrirbæri* er hann nýfluttur í nýtt hverfi þar sem hann þekkir engan. En vinirnir sem hann eignast eru í meira lagi sérkennilegir: tvær eldgamlar kerlingar og viti menn, á kollinum á annari blaktir ævinlega skotthúfa úr íslenskum þjóðbúningi. Íslenski stimpillinn fundinn.

Í *Kynlegur kvistur á grænni grein* segir Harpa við Hróa vin sinn að birki sé sérlega íslensk jurtt og nýjasta myndabók Sigrúnar, *Gula sendibréfið*, gerist öll í úfnu íslensku hrauni sem minnir býsna sterklega á málverk eftir Kjarval.

Allt í plati eftir Sigrúnu Eldjárn er merkileg bók í íslenskri bókmenntasögu – ekki bara vegna þess að hún leiðir nútímann inn í íslenskar myndabækur með eftirminnilegum hætti, heldur ekki síður vegna þess að hún markar upphaf samfelldrar útgáfu á myndabókum fyrir börn sem eru skrifaðar og teiknaðar af íslenskum höfundum, bókum sem sýna íslenskan veruleika í máli og myndum þótt hann sé stundum dálítið í plati. Upp frá þessu fjölgar íslenskum myndabókum nefnilega hratt – frá því að vera ein til fimm á ári á árunum 1980-1988, upp í um tug bóka á árunum 1989-1995. Síðan þá hafa þær flest ár verið um eða yfir 20 talsins.³

Sigrún ýtir íslenskri myndabókaútgáfu sem sagt úr vör með gríni og plati, eins og áður er sagt, en líka á afskaplega þjóðlegum nótum. Íslenska myndabókin er frá upphafi áberandi íslensk. Hún sýnir íslenskar byggingar

3 Í þessari tölfraði er stuðst við *Bókatiðindi* Félags íslenskra bókaútgefenda sem gefa nokkuð rétta mynd af útgáfu hvers árs en þó ekki hávísindalega.

og náttúru þannig að auðvelt er að þekkja, og fyrirbæri eins og burstabær og Hallgrímskirkja verða snemma að nánast ófrávíkjanlegum táknum fyrir sveit og borg. Þannig kinka þessar bækur kolli til lesenda sinna og segjast vera landar þeirra.

Eins og komið hefur fram kemur þetta ekki í veg fyrir að bækur fjalli um krókófila og geimverur en gerir kannski að verkum að stór hluti íslenskra myndabóka fjallar annaðhvort um venjulega krakka sem eiga heima á einhverjum ákveðnum stað eða ýmiss konar náttúruvættir sem eru rígbundnar íslenskri menningu, eins og nánar verður vikið að síðar. Fáar fjalla aftur á móti um óskilgreind dýr með mennska eiginleika – en það átti við um stóran hluta þeirra erlendu myndabóka sem börnum var boðið upp á í árdaga íslenskrar myndabókaútgáfu.

Á þessum árum, frá 1980, hefur auðvitað komið út fjöldinn allur af myndskreyttum íslenskum þjóðsögum og ævintýrum. Vinsælustu sögurnar hafa komið út í mörgum ólíkum útgáfum en margar minna þekktar sögur hafa líka fengið sína bók. Sumar þessara bóka hafa jafnframt komið út á erlendum málum handa ferðamönnum.

Enn meira hefur komið út af ýmiss konar sögum sem nýta sér íslenskan þjóðsagnaarf. Sögur sem fjalla um tröll og risa, álfa og huldufólk, án þess að sækja söguþráð sinn beint í þjóðsögurnar. Sumar þessara sagna eru frumlegar og vandaðar en því miður eru aðrar ekki annað en ófrumleg endurvinnsla á þessum mergjaða sagnaheimi.

Dæmi um frumlega sögu sem sækir innblástur í íslenskar þjóðsögur og íslenska náttúru er *Ástarsaga úr fjöllum* eftir Guðrúnu Helgadóttur og Brian Pilkington.

Sagan hefst á því að faðir og sonur segja hvor öðrum hvað þeir hræðist mest. Í ljós kemur að á meðan pabbinn óttast jarðskjálfta og eldgos, er stákurinn hræddastur við tröllin í fjöllum. En pabbinn fullyrðir að það sé alger óparfi, og síðan segir hann drengnum söguna af tröllskessunni Flumbru. Sagan sameinar ótta feðganna við náttúruna og vættirnar á skemmtilegan hátt því allt það sem pabbinn óttast orsaka tröllin með gerðum sínum. Þegar tröllin taka til og elda mat eru svo mikil læti að úr verður eldgos og grjóthrun og þegar Flumbra og tröllkarlinn sem hún elskar svo heitt veltast um af ást skelfur jörðin í jarðskjálfta.

Sagan endar á því að Flumbra og trölladrengirnir hennar átta breytast í stein þegar sólin nær að skína á þau og strákurinn sannfærist um að engin ástæða sé til að óttast tröllin. Hvort pabbanum er nokkuð rórra kemur ekki fram.

Ég held helst að tröllskessan Flumbra hafi lagt einhver álög á Brian Pilkington því fáir hafa verið duglegri en hann við að túlka íslenskar þjóðsagnavættir í bókum sínum. Og í bókinni Allt um tröll gengur hann ennþá lengra en Guðrún í meðferð sinni á íslenskum tröllum. Allt um tröll er nefnilega fræðslubók um tröll – að sjálfsgöðu dagsönn!

Þar eru lesendur til dæmis fræddir um matar- og svefnvenjur trölla, heimkynni þeirra og tröllatísku. Skýringarmyndir sýna ólík horn trölla og stærðarmun á tröllabarni og mannsbarni.

Tröll koma heldur betur við sögu í einni allra skemmtilegustu myndabók sem skrifuð hefur verið á íslensku, *Skilaboðaskjóðu* Þorvaldar Þorsteinssonar.

Í þeirri sögu er öllum sögum og ævintýrum hrært saman og sköpuð glæný saga sem er samt svo ævintýraleg að það er eins og hún hafi alltaf verið til. Aðalpersónurnar, hinn ævintýragjarni Putti, mamma hans og dvergarnir snjöllu, eru sköpunarverk Þorvaldar en aðrar persónur sækir hann í endalausan efnivið sagna og ævintýra, allt frá norrænni goðafræði til félaganna Batmans og Súpermans. Meðal persóna eru Rauðhetta, amma hennar og dvergarnir sjö, að ógleymdu illþýðinu: úlfinum, norminni og stjúpunni. Á myndum sjást fjöldamargar ævintýrapersónur til viðbótar, til dæmis einfætti tindáti H.C. Andersens og Jói í baunagrasinu.⁴ Í sögunni er leikið á frjóan og skemmtilegan hátt með þann textaheim sem krakkar þekkja fram og til baka og gæti bókin orðið prýðileg kennslubók í póstmóðernisma fyrir 5 ára og eldri!

Einn áhugaverðasti íslenski myndabókahöfundurinn um þessar mundir er Áslaug Jónsdóttir. Hana ættu Færeyingar að þekkja vel því þrjár af bókum hennar hafa komið út á færeysku – bækurnar um stóra og litla skrímslið sem hún skrifar ásamt færeyska rithöfundinum Rakel Helmsdal og sænska rithöfundinum Kalle Güettler. Þá er nýjasta bókin hennar komin út hér í Færeyjum en hún heitir *Ég vil fisk eða Eg vil hava fisk*.

Risar og aðrar þjóðsagnaverur koma fyrir í bókum Áslaugar. Í bókinni *Einu sinni var raunamæddur risi* gengur risi um og leitar að hlátrinum. En hann finnur hann ekki hjá dýrunum sem ýmist hneggja, gagga, rýta, ropa eða gaula – en ekkert þeirra hlær og risinn ekki heldur. Á endanum finnur risinn barnahóp og hláturinn brýst fram. Þetta vísar fram til þess sem koma skal hjá Áslaugu – frjór leikur með tungumálið ber uppi nýjstu bækur hennar *Eggið* og *Gott kvöld*, og sú síðarnefnda er rækilega bundin íslenskunni. Þar eru fyrirbæri sem fram að þessu hafa aðeins verið til í tungumálinu dregin

4 Jón Yngvi Jóhannsson (1999) ritar um textatengsl í *Skilaboðaskjóðunni*.

fram í dagsljósið og gefið útlit. Lesandinn fær þannig að sjá hvernig verur eins og hræðslupúkinn, öskurapinn og vælukjóinn líta út. Samspil texta og mynda gerir að verkum að þessa bók hefði aðeins verið hægt að frumsemja á íslensku og það er nánast ógerningur að þýða hana á önnur tungumál.

Það verður áhugavert að sjá þróun næstu ára í þessum efnum. Sífellt fleiri teiknarar mennta sig í myndskreytingum og flestir erlendis. Það verður meira að segja æ algengara að bækur frá litla Íslandi rati í útgáfu hjá erlendum forlögum. Íslenskir listamenn eru ekki bundnir við að vinna fyrir íslenska útgefendur og því ekki útilokað að hugur einhverra standi til þess að skrifa alþjóðlegar bækur án nokkurra sýnilegra tengsla við íslenskan veruleika, hvað þá þjóðsögur.

Það er gaman að bera saman tölurnar sem Njörður Njarðvík (1979) tiltók í grein sinni við útgáfu ársins 2006. Nirði taldist til að árið 1978 hefðu komið út 130 barnabækur, þar af einungis 14 íslenskar. Í fyrra var hlutfallið allt annað. Af ríflega 200 útgefnum barnabókum voru 52 íslenskar, það er að segja fjórðungur, og þar af voru 26 myndabækur fyrir ung börn. Og um hvað fjölluðu þær? Afar óvísindaleg athugun leiddi í ljós að tvær eru myndskreyttar íslenskar þjóðsögur, sjö eru fantasíur sem sýna þó greinilega íslenskar aðstæður í máli og myndum, sex eru raunsæissögur sem segja frá íslenskum aðstæðum og tvær kenna íslenska stafrófið. Einungis níu af þessum bókum hafa engin sýnileg tengsl við Ísland og gætu hafa verið skrifaðar hvar sem er.

Hér hafa verið nefnd fáein dæmi um höfunda sem leggja sig fram um að skapa myndabækur sem sýna með einhverjum hætti að þær séu íslenskar. Vitanlega eru fjölmörg dæmi um bækur sem ekki gera þetta en þó tel ég óhætt að fullyrða að höfundar íslenskra myndabóka séu óvenjulega meðvitaðar um stöðu sína sem höfundar frá litlu málsamfélagi. Þeir leggja því meiri áherslu á að bækur þeirra segi eitthvað alveg sérstakt við innlenda lesendur heldur en til dæmis starfsbræður þeirra á Norðurlöndunum, svo ekki sé talað um enn stærri málsamfélög. Og þó að margt hafi breyst síðan Njörður P. Njarðvík skar upp herör gegn fjöldaframleiddum samprentsbókum heyrir enn sú krafa að íslenskar bækur skuli vera meðvitaðar um að þær séu íslenskar. Enn er stundum kvartað í ritdómum yfir því að ekki sjáist á umræddri bók að hún sé eftir íslenskan höfund.

Auðvitað má deila um þessa kröfu. Auðvitað mega íslenskir höfundar eins og aðrir höfundar móða sínar sögur úr þeim efniviði sem þá langar til. En samt er þetta ennþá skiljanleg ósk. Því skyldu höfundar frá örríkjum á borð við Ísland og Færeyjar ekki hafa sérstöðu sína í huga þegar þeir setja saman

bók. Því skyldu þeir ekki færa lesendum sínum bækur sem standa hjarta þeirra nær en þýddar bækur, hversu vandaðar sem þær kunna að vera.

Að lokum má benda á að til að vera alþjóðlegur þarf stundum einmitt að vera þjóðlegur. Það er alls ekki ávísun á heimsfrægð að binda sögur sínar ekki við neinn ákveðinn stað og tíma. Ég finn það sem útgefandi að erlendir útgefendur hafa einmitt oft áhuga á að skoða bækur sem eru sérstaklega íslenskar. Ella væri lítil ástæða fyrir þá að sækja sér bók alla leið til Íslands, eða hvað?

BARNABÆKUR SEM VÍSAÐ ER TIL

Áslaug Jónsdóttir. 1995. *Einu sinni var raunamæddur risi*. Mál og menning, Reykjavík.

Áslaug Jónsdóttir. 2007. *Ég vil fisk*. Mál og menning/Edda útgáfa, Reykjavík.

Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal. 2004. *Nei! sagði litla skrímslið*. Mál og menning/Edda útgáfa, Reykjavík.

Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal. 2006. *Stór skrímsli gráta ekki*. Mál og menning/Edda útgáfa, Reykjavík.

Brian Pilkington. 1999. *Allt um tröll*. Mál og menning, Reykjavík.

Guðmundur Thorsteinsson. 1942. *Sagan af Dimmalímm*. Bókabúð Kron, Reykjavík.

Guðrún Helgadóttir (texti) og Brian Pilkington (myndir). 1981. *Ástarsaga úr fjöllumum*. Iðunn, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 1980. *Allt í plati*. Iðunn, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 1981. *Eins og í sögu*. Iðunn, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 1983. *Langafi drullumallar*. Iðunn, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 1984. *Langafi þrakkari*. Iðunn, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 1987. *Kuggur og fleiri fyrirbæri*. Forlagið, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 1997. *Kynlegur kvistur á grænni grein*. Forlagið, Reykjavík.

Sigrún Eldjárn. 2006. *Gula sendibréfið*. Mál og menning/Edda útgáfa, Reykjavík.

Þorvaldur Þorsteinsson. 1986. *Skilaboðaskjóðan*. Mál og menning, Reykjavík.

HEIMILDIR

- Jón Yngvi Jóhannsson. 1999. Í ævintýraskóginum. Um textatengsl í Skilaboðaskjóðunni. Silja Aðalsteinsdóttir (1999:137–151).
- Margrét Tryggvadóttir. 1999a. Yfirlit yfir útgáfu íslenskra myndabóka. Silja Aðalsteinsdóttir (1999:38–78).
- Margrét Tryggvadóttir. 1999b. Setið í kjöltunni. Um myndabækur sem bókmenntaform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskra myndabóka. Silja Aðalsteinsdóttir (1999:101–136).
- Njörður P. Njarðvík. 1979. Íslenskar barnabækur og fjölþjóðlegt samþent. *Tímarit Máls og menningar* 40:198–202.
- Silja Aðalsteinsdóttir (ritstj.). 1999. *Raddir barnabókanna*. Mál og menning, Reykjavík.

SUMMARY

Although the history of Icelandic picture books does not go back a long way, the genre has flourished in recent years. While the first Icelandic picture books appeared in the 1940s, their continuous publication had to wait until around 1980, when a large number of mass-produced comic books appeared in translation and were criticised for their alienation from reality, particularly Icelandic reality. Sigrún Eldjárn's first book, which appeared in 1980, turns the tide by building firmly on Icelandic culture, folklore and language, all presented with ebullient humour. It can be argued that Sigrún sets the tone from the beginning, and that Icelandic children's authors have followed her example in stressing the characteristically Icelandic nature of their books far more decisively than their foreign counterparts generally do.

Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur*:

Er allt sama tóbakið?

1. Inngangur

Á haustmisseri 2006 dvaldist ég í Færeyjum með það að markmiði að kanna færeyskar heimildir um *skjaldur*,¹ kveðskap sem er náskyldur íslenskum þulum síðari alda. Þessi dvöl var hluti af doktorsverkefninu, „Íslenskar þulur síðari alda“, sem ég er með í vinnslu en samanburður á íslenskum þulum og færeyskum *skjaldrum* er veigamikill þáttur í verkefninu. Ég vann aðallega á Bókasavni og Bandasavni Føroyamálsdeildarinnar. Þar fékk ég bæði hlýjar móttökur og ómetanlega aðstoð frá Rannveig Winther, Turið Sigurðardóttur, Eyðun Andreassen og öllu starfsfólki á Føroyamálsdeildini. Mér er því bæði ljúft og skýlt að kynna rannsókn mína á íslenskum þulum og færeyskum *skjaldrum*; greina frá heimildaöflun, aðferðum og helstu niðurstöðum.

Bæði *skjaldrum* og þulum síðari alda, þ.e. frá 14.–19. öld og jafnframt 20. öld, má lýsa sem lausbyggðum, romsutengdum þjóðkveðskap sem hefur varðveist í munnlegri geymd og hefur gjarna verið notaður til að róa eða fræða börn. Þó er sýnt að þulur hafi upprunalega einnig gegnt öðruvísi hlutverkum, t.d. í vinnu og leikjum fullorðinna; það gildir væntanlega líka um færeysk *skjaldur* en rannsóknir skortir enn til að sýna fram á það.² Til eru heimildir um þulur síðari alda frá 15. öld, en um *skjaldur* í fyrsta lagi frá 18. öld þar sem almennur skortur er á rituðum færeyskum heimildum á 15., 16. og 17. öld. Bæði þulur og *skjaldur* voru í öldudal eftir miðbik síðustu aldar en endurheimtu vinsældir sínar á síðustu áratugum aldarinnar þegar þulum og *skjaldrum* var safnað og þau gefin út á bók, þá helst sem barnaefni. Þó má

1 Þetta færeyska orð beygist á fleiri en einn veg og hér er hin algengasta beyging notuð, með stofnlægu *-ri* og engu *u*-hljóðvarpi í fleirtölu. Annars eru færeysk orð hér beygð á íslenska vísu.

2 Þessi ályktun um hlutverk færeyskra *skjaldra* fyrr á öldum byggir meðal annars á margvíslegum hliðstæðum við íslenskan kveðskap sem virðist hafa átt sér fornar rætur í menningu fullorðinna, m.a. kveðskaparhefð um Grýlu (sjá Gunnell 2001 og 1995, einkum kafla 2 G og 5 D) o.fl. sem verður rætt hér á eftir.

deila um hvort það geti talist framhald þjóðkveðskaparhefðarinnar frá fyrri tíð eða endurlífgun hennar í breyttri mynd (sjá t.d. umfjöllun hjá Yelenu Yershovu 2003).

Í einni af fyrstu greinunum, sem birt var á 20. öld um íslenskar þulur, segir Theodóra Thoroddsen (1914:416; leturbreyting mín – *YSH*): „... einn hefir þessa þuluna á alt annan veg en hinn, þó auðsætt sé að stofninn er einn og samur og alt sama tóbakið.“

Frændskapur þulna og *skjaldra* dylst varla nokkrum sem litið hefur íslenskan og færeyskan þjóðkveðskap en þulur og *skjaldur* hafa þróast öldum saman hlið við hlið hjá frændþjóðunum tveimur. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort íslenskar þulur síðari alda og færeysk *skjaldur* tengist svo náið að segja megi um þessar tvær hefðir þjóðkveðskapar að allt saman sé þetta einn hrærigrautur eða eins og Theodóra komst að orði: „sama tóbakið“. Ef ekki, hver er þá helsti munurinn á þulum og *skjaldrum* og hvernig má skýra hann? Þessum spurningum verður reynt að svara í greininni og verður tillit tekið til bókmenntasögulegs samhengis þulna og *skjaldra* og tengslum þessara tveggja þjóðkveðskaparhefða við barnagælur í romsuformi frá öðrum Norðurlöndum.

Tvenns konar heimildir eru aðallega notaðar um færeysk *skjaldur*. Annars vegar eru útgáfur, prentaðar og á hljómdiskum. Þar má nefna bæði eldri heimildir (Hammershaimb 1969 [1852]) og heimildir frá seinni hluta síðustu aldar: *Í skýmingini* (1988 [1. útg. 1948]), *Hákunarbók* (1961), *Trumm trumm tralalei* (1984), *Alfagurt ljóðar mín tunga* (1995) sem er bæði bók og hljómdiskur, og hljómdiskinn *Nina nina nái* (2000). Hins vegar eru hljóðupptökur og uppskriftir sem langflestar eru varðveittar á Bandasavni Føroyamálsdeildar (skammstafað FMD BS). Ég fékk ómetanlega aðstoð frá Rannveig Winther, rannsóknarmanni (granskingarhjálpara) á Bandasavninu, á öllum stigum heimildaöflunar, þ.e. við leit og hlustun og við afritun eldri pappírsuppskrifta af efni Bandasavnsins. Rannveig fór yfir eldri uppskriftir til að tryggja gæði þeirra og einnig yfir uppskriftir mínar af efninu á spólum FMD BS, auk þess sem hún skrifaði sjálf megnið af *skjaldrunum* upp af spólunum fyrir mig.³ Allar þessar uppskriftir eru nú komnar í vörslu Bandasavnsins á tölvutæku formi. Fræðileg umfjöllun um *skjaldur* er enn sem komið er af skornum skammti í Færeijum, að frátöldum skrifum Hammershaimbs (t.d. 1969 [1852]) og Birgittu Hylin (1971).

3 Einnig eru upptökur varðveittar hjá Kringvarpi Føroya, og vil ég þakka Elis Poulsen og starfsfólki bæði útvarps- og sjónvarpssafnsins fyrir aðstoð á söfnunum.

Heimildir um íslenskar þulur síðari alda eru í fyrsta lagi útgáfur, í öðru lagi upptökur og uppskriftir varðveittar á Þjóðfræðasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en í þriðja lagi ýmis handrit frá síðari öldum. Hið síðastnefnda er mjög mikilvæg heimild um íslenskar þulur. Sambærilega tegund heimilda virðist hins vegar vanta með öllu á Færeyjum.

Af útgáfum má fyrst og fremst nefna grundvallarritið *Íslenskar gátur, skemtánir, víkivakar og þulur* (1887–1903),⁴ gefið út af Þjóðfræðafrömuðunum Jóni Árnasyni og Ólafi Davíðssyni. Nokkuð er um þulur í Þjóðkvæðaútgáfum Jóns Samsonarsonar (*Kvæði og dansleikir* 1964) og Einars Ól. Sveinssonar (*Fagarar heyrði eg raddirnar* 1942). Á seinni hluta 20. aldar koma helst út barnabækur með þulum (t.d. *Stóra barnabókin* 1982, *Eina kann ég vísu* 1999, *Gamlar vísur handa nýjum börnum* 1994, *Fleiri gamlar vísur handa nýjum börnum* 1995, *Vísur, kvæðabrot og þulur* 1994 en nýjust er bókin *Einu sinni átti ég gott* 2006 með tveimur geisladiskum), og síðar þulur á hljómdiskum (*Raddir* 1998, *Hljóði menn fræði mínu* 2002). Rúmlega 3000 upptökur af þulum, flestar frá 7. og 8. áratug 20. aldar (líkt og upptökur af *skjaldrum* í Færeyjum), eru vistaðar í gagnagrunni á Þjóðfræðasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sumar þeirra eru komnar á Veraldarvefinn á vegum verkefnisins Munnleg geymd (<http://ismus.musik.is/>). Flestar þulur er þó enn aðeins að finna á böndum og hlutfallslega fáar hafa verið skrifaðar upp. Úr því stendur til að bæta, þar á meðal með doktorsverkefni mínu. Hjá Rósu Þorsteinsdóttur, verkefnisstjóra á Þjóðfræðasafni, fékk ég leiðsögn um safnið og hljóðver og margvíslega aðstoð.

Handrit með þulum eru flest á Landsbókasafni Íslands en mörg þeirra hefur Jón Samsonarson skrifað upp og gert ýmsar athugasemdir við er hann ætlaði að gefa út þulusafn. Tvö bindi þess voru komin á prófarkir en aldrei varð af þeirri útgáfu. Hér er vísað í prófarkirnar á þessa leið: „JS [Óbirt]“ en ekki var kominn formlegur titill á útgáfuna svo vitað sé. Í uppskriftum Jóns eru einnig handrit frá nokkrum héraðssöfnum, félögum og einstaklingum sem fengust við að safna þulum og öðrum þjóðlegum fróðleik.

Um fjöllun um þulur er mjög af skornum skammti en mest hefur Jón Samsonarson skrifað um þær (Jón Samsonarson 1976, 1977, 1979, 1994, 2002a, 2002b). Nýlega hefur Rósa Þorsteinsdóttir (1998, 2000) einnig fjallað um þulur en hún hefur bæði staðið að hljóð- og bókarútgáfum á þeim (*Hljóði menn fræði mínu* 2002 og *Einu sinni átti ég gott* 2006). Þá hef ég rætt um ýmsar

4 Hér eftir skammstafað *ÍGSVP* bæði þegar átt er við útgáfuna í heild eða einstök bindi hennar.

hliðar þuluhefðarinnar á undanförunum árum (Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova) 2005a–d, 2006; Yelena Yershova 2000, 2003).

Þulur og *skjaldur* eru fyrst og fremst munnlegur kveðskapur, þótt hann sé skrifaður í handrit og gefinn út á bók. Aðferðir sem notaðar eru við greiningu á þessum kveðskap koma því fyrst og fremst úr þjóðfræði (e. *folklore*). Aðferðir bókmenntasögu, samanburðarbókmennta og annarra bókmenntafræðilegra greina eru einnig notaðar í ríkum mæli en þó með þeim takmörkunum sem eðli efnisins setur. T.d. er aldrei gert ráð fyrir 'frumtexta', 'upprunalegum texta' eða þess háttar, enda gjörsamlega óviðeigandi þegar munnlegur kveðskapur á í hlut heldur er leitast við að sýna tengsl og hugsanlegan skyldleika ýmissa þulna, *skjaldra* og romsukveðskapar Skandinavíu. Heimildir um þann síðastnefnda eru aðeins útgáfur en á meginlandinu hefur talsvert af barnagælum og öðrum romsukennndum þjóðkveðskap komið út á bók.

2. Þulur og *skjaldur*: margvíslegir textar og ýmsir eiginleikar þeirra

Að fyrra bragði virðast íslenskar þulur og færeysk *skjaldur* vera afar ólíkur kveðskapur og eiga fátt sameiginlegt. Það þykir augljóst þegar tekin eru nokkur dæmi um algengar íslenskar þulur og reynt að finna samsvaranir í Færeyjum:

(1)

- Þornaldarþula (*Hlýði menn fræði mínu ...*)
- *Gekk ég upp á hólinn, horfði' eg ofan' í dalinn ...*
- Þaurhildardrápa (*Lambið beit í fingur minn ...*)
- *Poki fór til Hnausa, kunni margt að rausa ...*
- *Karl tók til orða, mál er að borða ...*
- *Karl og kerling riðu á Alþing ...*

(ÍGSVP IV 1898:175–178, 183–196, 214–216)₅

Í stuttu máli sagt virðist engin þessara þulna eiga sér nána færeyska hliðstæðu. Sama er uppi á teningum þegar horft er í hina áttina og leitað að íslenskum samsvörnum fyrir þessi algengu færeysku *skjaldur*:

(2)

- *Rura rura barnið, krýtin₆ stendur í jarni ...*

5 Dæmi sem eru tekin beint upp úr útgáfum á borð við ÍGSVP (1887–1903) eða JS [Óbirt] eru ávallt prentuð með stafsetningu útgáfunnar.

6 Annars er oft sagt og skrifað *grýtan*.

- *Ríða ríða ranka, hesturin eitur Blanka ...*
- *Dansa dansa deiga, katturinn er en feiga ...*
- *Dansa dansa mín jokka ...*
- *Dansa dansa dukka mín, silkiserk við hermalín ...₇*
- *Nina nina náí, mamma er í Vági ...*
- *Rógva út á Krabbaskel / Balta ...*
- *Oman kemur lundi á bakka ...*
- *Eg setti meg upp á mín hirpin-tirpin-teia ...*

(*Trumm trumm tralalei* 1984:34, 13, 19, 46; *Nina, nina náí* 2000 [sjá bls. 38 og 15 í bæklingnum sem fylgir diskunum]; *Í skýmingini* 1988 [1948]:13, 28, 6).

Þessi skjaldureiga sér ekki heldur nánar íslenskar hliðstæður.⁸ Nær virðist vera að leita á meginlandinu en þessi færeysku skjaldur hafa ósjaldan hliðstæður í Skandinavíu. Til að mynda finnst *Dansa dansa deiga* og *Dansa dansa dukka mín* í einni eða annarri mynd í Noregi, Danmörku og Svíþjóð (*Norsk folkediktning. IV* 1962:91, *Norske barnerim og leikar* 1977 [1899]:18–19; *Danske børnerim, remser og lege* 1896:67; *Finlands svenska folkdiktning VIII* 1962:1–4). *Rura rura barnið* og *Ríða ríða ranka* eru til staðar í sömu löndum og auk þess á Hjaltlandi (Jakobsen 1928:xciv–xcvii). Textar sem minna á *Eg setti meg upp á mín hirpin-tirpin-teia* eru í norskum og hjaltlenskum heimildum og fleiri dæmi má tína til. Það er meira en sagt verður um þulur enda eru hliðstæður þeirra á meginlandinu torfundnari.

Þó líkjast nokkrar algengar þulur og skjaldurmjög mikið innbyrðis. Líkindin eru fólgin í orðalagi, í einstökum minnum og stærri atriðum (minna-blokkum)⁹ og enn fremur í uppbyggingu, eða samsetningu, þulu- og skjaldurstexta. Svipuð atriði eru á víð og dreif í textum þulna og skjaldra og haldast oft í hendur við líkindi á öðrum sviðum: ef maður finnur t.d. svipuð minni íslensku- og færeyskumegin þá er ekki ólíklegt að orðalagið í næstu efnisgreinum sé líka svipað í færeyska og íslenska textanum, sem er undir smásjónni að sinni, þótt innihald næstu efnisgreina sé allt annað. Eins getur tiltekið minni, sem kemur fyrir bæði í þulu og skjaldri, komið fyrir í annarri

7 Svipaðar línur heyrir maður reyndar oft á leikskólum og barnaskólum á Íslandi en textinn sem sunginn er þar virðist vera nútímaþýðing úr skandinavísku máli.

8 Óbein staðfesting á þessum fullyrðingum fékkst á Frændafundinum sjálfum þar sem upphafslínur þessara þulna og skjaldra voru bornar undir áheyrendur. Enginn Íslendinganna kannaðist við neitt af þessum færeysku skjaldrum og enginn Færeyinganna við neina af íslensku þulunum.

9 Þ.e. samsteypum minna; hér er um að ræða laus samsvörun við e. *motif* og *scene* eins og lýst er t.d. í Lord (1974:6) og víðar.

mynd – en þó eins að byggingu – í enn öðru *skjaldri*. Hér á eftir verða rædd fáein dæmi um slíkt.

Hér er hluti íslenskrar þulu (3), einnar af þeim fáu sem hafa fremur skýra atburðarás, birtur við hlið hluta úr færeysku *skjaldri* (4):

(3) Sat eg undir fiskihlaða föður míns og móður átti' eg að gæta bús og barna svíns og sauða. Menn komu að mér stúngu staf í hnakka mér gjörðu mér svo mikinn skaða lögðu eld í bóndans hlaða. Hlaðinn tók að brenna. Eg tók að renna upp á sand, [/ /] upp á land, upp á biskupsland Biskup átti gott í bú, gaf mér bæði uxa' og kú ... (<i>ÍGSVÞ IV</i> 1898:181)	(4) Eg sat mæ'r í Gøtulíð goymdi mæ'r at seyði. Har kom ein so lítil drongur líkur var hann Mortan í Heygi. Tók hann stav sín slerdi um skalla mín eg honum aftur í móti við báðum mínum hondum fullum av gróti. So fór hann haðani rínandi hvínandi eystur um landið at biðja sær biskup í Tanga. Biskupur gav honum troyggu so hann ikki skuldi doyggja ... (<i>Trumm trumm tralalei:skjaldur</i> 1984:5)
--	--

Báðir textarnir eru settir fram í fyrstu persónu og ljóðmælandi lýsir svipuðum atburðum, oft með svipuðum orðum. Ljóðmælandi sat undir fiskihlaða / í Gøtulíð (eða þá *gøtulíð*, en vegna þess að textinn er skráður úr munnlegri geymd getur verið erfitt að vita hvort um staðarnafn er að ræða eða einfaldlega staðarlýsingu með litlum staf) og gætti sauða þegar maður/menn kom(u) að honum og rak/ráku staf í hnakka honum. Síðar greinast lýsingarnar nokkuð í sundur. Í þulunni kveikja aðkomumennirnir í hlaðanum en ljóðmælandi hleypur burt eins og fætur toga, í *skjaldrinu* svarar ljóðmælandi fyrir sig og ekki verður betur séð en aðkomumaðurinn taki til fótanna. Annar möguleiki er sá að skipt sé um frásagnarmáta og byrjað að segja frá í þriðju persónu: *So fór hann haðani* o.s.frv. Slíkt væri með ólíkindum í venjulegum texta (að þeim póstmóðernísku fráteknunum) en annað eins gerist oft í þulum. Hvað sem þessu líður þá kemst ljóðmælandinn (eða aðkomumaðurinn) í frekar bágbornu ástandi til biskups en biskupinn gefur honum gjafir. Meðal gjafanna er uxi, oft nefndur í íslenska textanum og stundum einnig í þeim færeyska.

Svipuð minni og jafnvel minnablokkir eru meira áberandi heldur en það sem ber í milli. Sameiginlegt fyrir persónur í þulunni og í *skjaldrinu* er að sitja í vari og gæta sauða, fá stafhögg í höfuðið frá aðkomumönnum, hlaupa á brott, hitta biskup, fá frá honum gjafir til að lifa áfram. Helsti munurinn er fólgin annars vegar í íkveikju í hlaðanum – það er ekki í færeyska skjaldrinu – en á móti kemur að þetta minni er oft að finna í skandinavískum romsum (sjá t.d. *Danske børnerim, remser og lege* 1896:38–39). Hins vegar er óvíst í *skjaldrinu*, á þessum sama stað þar sem íkveikjuminnið „vantar“, hvor fer með sigur af hólmi, ljóðmælandinn eða andstæðingur hans. Í þulunni er það hins vegar ljóst.

Það sem ber þó helst í milli þulunnar og *skjaldursins* er framhaldið. Þegar frásögninni af gjöfum biskupsins lýkur (hún er oftast nokkrum línum lengri í þulum en í *skjaldrum*) tekur nýtt efni við. Á Íslandi er um að ræða efni af ýmsum toga og eru hér nokkur dæmi:

(5) Hjóp eg upp í lágar og leit eg gulltágar. Gott þótti mér út að líta undir skinninu mínu hvíta og skikkjunni grænni. Sofa, sofa hjónakornin bæði undir einum blámerktum þræði. Þá voru soðin skammrif á bænum; duttu þau ofan í ketilinn bæði, svo ekki stóð upp úr nema bógurinn og hálf tannað lærið, og nú er lokið Lundúnakvæði. (<i>ÍGSVÞ IV</i> 1898:181)	(6) Eg átti mér tvo hesta, annan rauðan, annan brúnan, tók eg þann brúna og reið heim til túna. Hvað gaf bóndi þar? Lifur og lúngu, tönn og túngu og alt innan úr. Svo fór eg suður til vers og saltaði niður. Þá kom trölíð trítandi ... (<i>ÍGSVÞ IV</i> 1898:182)
--	--

Þulan endar á þessa leið í (5) en í (6) eru engin lokaorð, þulan heldur áfram og ljóðmælandi er á leið í annað ævintýrlegt ferðalag, mætir trölí og tófu og loks gamalli kerlingu, eins og kemur fram seinna í þessari grein. Dæmin (5)–(6) eru aðeins tvær útfærslur af fjölmörgum möguleikum til að halda áfram með þessa þulu en ótal útgáfur eru til með mismunandi samsetningu þessara sömu og fleiri minna. Til að mynda er frásagnarbútnum af tveimur hestum í (6) oft sleppt með öllu eða sleppt á þessum stað en tekið fram síðar – t.d. eftir viðureign ljóðmælanda við tröll – að hann hafi þá hlaupið allra

manna mest því hann átti engan hest (eða þá alhvítan hest – þulur eru ekki alltaf rökréttar!) Þulan í (5) getur líka tekið allt aðra stefnu og getur frásögn um konu ljóðmælanda í kofanum, sem vísar honum til stofunnar, komið á undan niðurlaginu *Sofa, sofa hjónakornin bæði ...* eða (enn oftari) í staðinn fyrir hann og þá endar þulan á allt öðru niðurlagi (sbr. *ÍGSVÞ IV* 1898:220). Stundum er sagt frá því að ljóðmælandi gangi upp á hólinn, horfi ofan í dalinn, sjái hvar hún langhala leiki sér við sauðinn (sbr. *ÍGSVÞ IV* 1898:183) og eru dæmi um þessa frásögn bæði á eftir 5. línu í (5) og í beinu framhaldi af frásögninni af biskupsgjöfum í (3). Loks gerist það ósjaldan að einhver útgáfa af (6) bætist aftan við fyrstu línurnar af (5) og/eða frásögnina um ljóðmælanda uppi á hólnum.

Í Færeypjum er framhaldið á *skjaldrinu* í (4) stórum einfaldara, algengasta útgáfa þess er á þessa leið:

(7) Eg kom mæ á kvöldi
 har kona sat og rørdi.
 Eg bað hana geva mæ mjólk at drekka.
 Ikki giti eg givið tær
 fyrr enn tú hefur grátið
 við báðum tínum eygum
 turrum tárur
 vátum kinnur.
 Illa spilla
 fegin veri muður mín
 drekka feskan lambsdrunn
 páskamorgun.

(*Trumm trumm tralalei* 1984:5)

Að vísu getur munað nokkrum línur til eða frá, eitthvað skotist inn á milli helstu frásagnaratriða í (4) og (7) og eitthvað skorist af en framhaldið er ekki jafn fjölbreytilegt og í íslenskum þulum.

Það er hins vegar merkilegt við þetta framhald á *skjaldrinu* í (7) að það minnir mjög á eftirfarandi atriði úr íslenskri þulu:

(8) Kom eg þar að kveldi,
 sem kerling sat að eldi.
 Eg heilsaði henni.

Hún tók sinn binginn
og hugði mig að stínga;
þá tók eg lurkinn minn lánga
og lagði' hann undur kerlingar vanga.
Hún vildi ekkert gott orðið heyra
með sínu bölfaða, bansetta, krókótta, kindótta, krínglótta kerlingareyra ...

(*ÍGSVP IV* 1898:179)

Þetta er meðal lokaatriða í frásögninni af ævintýraferð til kerlingarinnar sem minnst var á í umfjöllun um (5)–(6). Tvenns ber þó að geta; þulur geta haldið enn lengur áfram með öðrum frásögnum og hins vegar er þetta atriði ekki nauðsynlegur hluti af þulutexta (ekki frekar en neitt annað atriði í þulum).

Helsti munurinn á því hvaða stefnu þulan í (3) og *skjaldrið* í (4) tekur er með öðrum orðum það að miðað við fyrirbyggjandi dæmi virðist framhaldið á færeyska *skjaldrinu* oftast vera eins í stórum dráttum en í íslensku þulunni (þessari og öðrum) ríkir mikill fjölbreytileiki og sveigjanleiki. Einstök atriði í þulum, líkt og dæmi (5) eða (8), geta bæði myndað þululok eða staðið í miðri þulu á undan og eftir mismunandi öðrum atriðum. Þau geta enn fremur staðið sér sem sjálfstæð þula eða verið hluti af allt annarri þulu sem er þá ekki tengd atriðinu sem hér var gengið út frá, sbr. dæmi (3), með öðru móti. Að vísu eiga sum atriði sér kjörinn stað eða hlutverk í þulum, t.d. sem upphaf eða niðurlag (*Sofa, sofa hjónakornin bæði ...* í (5) er til að mynda oftast niðurlag þulu eða öllu heldur ýmissa þulutexta með mjög mismunandi byrjun og samsetningu) en að öðru leyti ríkir mikið valfrelsi í samsetningu einstakra þulutexta.

Færeysk *skjaldur* virðast hins vegar vera mun fastmótaðri kveðskapur – innan ramma þjóðkveðskapar en hann einkennist af miklum sveigjanleika í textum. Þar með er ekki sagt að ákveðin *skjaldur* séu alltaf „eins“ heldur aðeins að hugmyndin um *skjaldur* sem heilsteypta og sjálfstæða texta virðist vera sterkari. Íslenskir flytjendur enda til að mynda oft þulu á því að henni sé hægt að halda enn áfram með sama móti. Slíkt gerist einnig í Færeyjum en oftar hættir flytjandi (stundum í miðju atriði) vegna þess að honum finnst hann kominn út í annað *skjaldur* (sbr. Önnu Nielsen og Axel Torgarð á FMD BS 57a). Í útgáfum á *skjaldrum* ber sömuleiðis mun minna á því að hægt sé að enda *skjaldur* á mismunandi hátt, líkt og gert er í *ÍGSVP IV* (1898) og í próförkum Jóns Samsonarsonar (JS [Óbirt]). Slíkt hlýtur að mörgu leyti að stafa af þessum eðlislæga mun á þulum og *skjaldrum*, enda þótt mismunandi eðli útgáfna

skýri þennan mun að hluta til (bæði *ÍGSVP* og útgáfa Jóns eru í vísindalegri kantinum en flestar færeyskar útgáfur eru fremur ætlaðar almenningi).

Þessum mun á þulum og *skjaldrum* tengjast önnur atriði sem eru ekki síður mikilvæg. *Skjaldur* eru tiltölulega stutt í samanburði við þulur en þær spanna sumar hverjar langt yfir hundrað línur. Úr því *skjaldur* eru bæði styttri og fastmótaðri en þulur liggur beint við að utanaðlærdómur sé meira notaður þegar þau eiga í hlut. Sú virðist vera raunin þegar tekið er tillit til ummæla flytjenda um kveðskap sem þeir fara með (og hvernig þeir lærðu hann) annars vegar og til textanna sjálfra hins vegar. Nú á dögum virðist líka vera óhætt að tala um utanbókunlærdóm í sambandi við *skjaldur* – og þulur að því leyti sem við á – því hefðin eins og hún er nú byggist mun meira á bókum en forðum daga. Það kemur þannig til að fólklærir ýmsan kveðskap af barnabókum (t.d. þegar foreldrar lesa fyrir börn) og eru þulur og *skjaldur* þar á meðal. Annars virðist þuluflutningur að mun meira leyti byggður á minnistækni formúlukveðskapar heldur en flutningur á *skjaldrum* enda þótt þulur verði varla kallaðar formúlukveðskapur fyrirvaralaust. Ýmsar ástæður eru fyrir því. Má nefna að ekki hafa allar þulur atburðarás enda þótt þær séu allar settar saman úr stökum minnum og samloðandi minnablokkum (atriðum) en skilgreining á formúlukveðskap miðar einkum við það að heilsteypt saga er sögð í þjóðkvæði. Þá er spurning hvort einstakar endurtekningar í þulum séu svo fastmótaðar að þær standi undir skilgreiningu á formúlu. Þó er ljóst að þulur byggja að mörgu leyti á endurtekningum og eru oft skilgreindar sem endurtekningakveðskapur jafnvel þó ekki séu endurtekningar alltaf til staðar innan einnar þulu. Erfitt er að draga ályktanir um þetta efni og verður það rætt nánar í væntanlegri doktorsritgerð þeirrar er hér ritar. Þó er augljóst að minni og atriði (minnablokkir) eru virkar í flutningi á þulum en *skjaldrum* að sama skapi og fremur virðist hugsað í atriðum og minnum í þulum, ekki í „heilum“ textum.

Sveigjanleiki, margbreytileiki og mismunandi samsetning atriða í þulum leiðir meðal annars til þess að þulur tengjast sín á milli sterkum böndum með ýmsum hætti en það verður skoðað í næsta kafla.

3. Tengslanet og fjársjóðir

Í 2. kafla var nefnt að sama atriðið getur verið hluti af mismunandi þulum (tveimur eða fleiri), oft með mismunandi byrjun og endi. Þetta getur jafnframt verið eini tengiliðurinn milli nokkurra þulutexta enda þótt fleira komi oft til skjalanna. Svo getur einnig farið að tvær þulur tengist í gegnum þá þriðju án þess að þær eigi annars margt sameiginlegt. Til að mynda getur atriði X verið sameiginlegt með þulutextum A og B en annað atriði (Y) getur

verið sameiginlegt með þulutextum B og C. Þá eru textar A og C tengdir í gegnum texta B enda þótt þeir eigi svo sem ekkert sameiginlegt sín á milli. Svo getur einnig verið að textar A og C eigi atriði Z sameiginlegt auk þess að þeir tengjast í gegnum texta B (sjá skýringarmynd 1 í lok greinarinnar).

Tengslin geta verið mismunandi nán, til að mynda eftir því hvort Z er stórt atriði eða aðeins eitt lítið minni. Fleiri textar geta tekið þátt í slíkum tengslakeðjum en A, B og C, t.d. geta verið til textar D, E ... o.fl. sem tengjast þá aðeins beint texta A en standa samt sem áður í óbeinum tengslum við B og C, t.d. á þessa leið (sjá skýringarmynd 2). Einnig má gera ráð fyrir texta F sem stendur til að mynda í nánari tengslum við texta D og C heldur en við aðra texta og myndar þá aðra, styttri tengslakeðju með þeim (sjá skýringarmynd 3). Enn fremur mynda textar oft þéttari hópa í kringum einhverja liði keðjunnar, til að mynda getur myndast heilt klastur í kringum texta E og samanstendur þá af textum G, H, I, J o.fl. – án þess að þeir þurfi að standa í sérstaklega nánum tengslum við texta D, A, B o.s.frv., þótt oftast séu þeir það hvort sem er (sjá skýringarmynd 4).

Þannig tengir atriðið með kerlinguna í dæmi (8) (*Kom eg þar að kveldi ...*) þulurnar *Sat eg undir fiskihlaða* (3) og *Leit eg upp til himna* (9):

(9) Leit eg upp til himna,
sá eg tólf hestana renna,
tók eg þann hinn blakka,
reið honum út í slakka.
Þá kom tóa trítlandi
með sinn hala rítlandi,
bað mig að geta gátu sinnar.
Illa gat eg hana.
Tröll tóku frá mér
huppinn þann hinn feita,
eg var ekki maður til að leita.
Eg átti mér brúnskjóttan hest,
þá reið eg alla manna mest.
Eg átti mér strútóttan hund;
hann hljóp með mér um stund.
Kom eg þar að kveldi,
sem kerling sat að eldi ... (sjá svo dæmi (8))

(*ÍGSVÞ IV* 1898:179)

Hér má enn fremur glögggt sjá hvernig texti í (9) tengist textanum í (6) en hinn síðarnefndi kemur ósjaldan fyrir sem einhvers konar tengiblokk milli atriða um ævintýraferð til biskupslands (3) og um viðureign við kerlingu (8). Aðrar útgáfur framhalds á *Sat eg undir fiskihlaða* tengja bæði þessa þulu og *Leit eg upp til himna* við margar aðrar þulur sem tengjast oft innbyrðis. Hér eru nokkur dæmi um tengsl ýmissa þulutexta til viðbótar. Dæmi (10), sem er enn eitt framhaldið á *Sat eg undir fiskihlaða*, er skylt (5) en öll hin dæmin tengjast því og/eða innbyrðis:

(10) gott þótti mier út ad lita i skinninu hvita skikkjunni grænri giekk eg ofaná hólinn 5 horfdi eg ofani dalinn sá eg hvar hún lánghala liek sier vid saudi kir keifadi kálfur bauladi 10 hundur hoppadi hestur hnekkjadi haninn gól firir midja morgun sól (JS [Óbirt] II:80)	(11) Gekk eg upp á hólinn, horði' eg ofan' í dalinn, sá eg hvar hún lánghala lék sér við sauðinn. Kýr keifaði, kálfur bauðali, hestur hneggjaði, hundur geyjaði. Haninn gól fyrir miðja morgunsól. Suður á mýri að sækja lömb ... (ÍGSVÞ IV 1898:183)
--	--

(12) Kerlín lá í dyrunum dauð, hafði' hún ost í barminum, hún gat ekki étið hann fyrir ofurmiklum harminum. Hundur setti upp gól fyrir miðja morgunsól. Þá kallar Arnór: Suður á Mýrar að sækja lömbin. Þau vilja bíta börn og kerlingar. Kerlín á eptir með krókstaung í hendi. Fylgja henni fast fram allir hennar menn: Ívar, Dúti, Marteinn Lúti ... (ÍGSVÞ IV 1898:185)	(13) ...Fór eg upp til lára, að leita gullskára, gott þókti út að líta 25 í skinninu hvíta og skykkjunni grænni, kona mín í kofanum vísaði mér til stofunnar, eg vill ekki í stofu gá, 30 eg vill upp til hóla að hitta konu bónda, kona bónda gækk til brunns, vagaði, kjagaði, lèt hún gángu hettuna smettuna, 35 reyuna, treyuna, díngei litli dumma dó sofðu nú í nótt [svo – YSH] — nú er dauður Eigill og Keigill í skógi. (JS [Óbirt] I:169–170)
--	---

Auk þess skyldleika sem virðist augljós má nefna að kerlingin með krókstöng í hendi í (12) minnir óneitanlega á jólasveina sem ganga um gólf með gylltan staf í hendi en romsa með nöfnum fylgdarmanna kerlingarinnar á ýmsar romsur með nöfnum jólasveina (*ÍGSVÞ IV* 1898:144–145). Auk þess virðist síðarnefnda romsan skyld romsu með nöfnum dansmanna í ýmsum danspulum (*ÍGSVÞ III* 1894:389–393) en þær tengjast fyrir sitt leyti þulunni alkunnu um stúlkurnar sem ganga suður með sjó og brúðina vænu sem vill ekki ganga nema á silfurspöngum (*ÍGSVÞ III* 1894:384–387). Um kerlingu með ost í barminum og skyld færeysk *skjaldur* hef ég fjallað áður (Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova 2005a) en um Grýlu hélt ég fyrirlestur á ráðstefnu um dr. Jakob Jakobsen í Leirvík á Hjaltlandi og er grein unnin úr þeim fyrirlestri væntanleg í ráðstefnuriti. Atriðið um konu í kofanum og konu bónda í (13) virðist standa sem sjálfstæður texti sem hefst á orðunum *Konan mín í kofanum ...* í *ÍGSVÞ IV* (1898:220) og tengist öðrum texta á sama stað í þessari heimild en getur auk þess verið framhald á öðrum þulum með allt annarri byrjun.

Mun fleiri dæmi má tína til en verður hér staðar numið sökum þess að rýmið er ekki ótakmarkað í þessari grein. Allir þessir textar eru hluti af tengslanetinu sem myndast milli þulna. Að öðru leyti eru minnin og atriðin í tengslanetinu mjög nærstödd, hin fjarstaddari og aðeins laustengd, og virðist það vera eðli tengslanetsins.

Þegar allt kemur til alls myndast fremur þétt tengslanet milli þulutexta og óhætt er að segja að þetta tengslanet nái yfir flestalla þulutexta á Íslandi. Þetta eru ekki sams konar textatengsl og myndast milli fastra, ritaðra texta, t.d. þegar í skáldsögu er vísað – meðvitað eða ómeðvitað – í Íslendinga sögur eða Biblíuna eða jafnvel munnmælatexta. Tengsl sem myndast milli þulutexta eru miklu frekar tengsl milli minna og atriða og ýmissa leiða að setja þau saman í þulu. (Þar með er ekki sagt að slík tengsl séu ekki til staðar í skáldsögum.)

Davíð Erlingsson, leiðbeinandi í einu af fyrstu verkefnum mínum um þulur síðari alda (2000), líkti tengslaneti í þulutextum við skartgripaskrín. Misstórar, mislitar og misfínar perlur séu í perluvesti en hvar sem hendi er stungið í skrínið og togað í eina perlu koma fleiri og fleiri í keðjum af ýmsum stærðum og gerðum og megnið af öllum perlunum í skríninu fyrir rest. Þannig skildi ég að minnsta kosti líkingu hans og hefur hún verið í miklu uppáhaldi hjá mér alla tíð síðan.

Tengslanet þulna nær út fyrir landsteinana en í inngangi var minnst á að hliðstæður bæði við íslenskar þulur og – í enn meira mæli – færeysk *skjaldur* finnist bæði á eyjunum í Norður-Atlantshafi (til að mynda á Hjaltlandi) og á meginlandi Norður-Evrópu. Þéttust virðast þó tengslin vera milli Íslands og Færeyja og þarf engan að undra.

Þulan *Sat eg undir fiskihlaða* og *skjaldrið Eg sat mær í Gøtulíð* eru ekki eina dæmið um texta sem eru augljóslega skyldir. Þeim mun fleiri. Ein útgáfan af framhaldi við íslensku þuluna (*Eg átti mér tvo hesta*, dæmi (6)) er t.d. skyld öðru færeysku *skjaldri*, *Maður stendur við stovuvegg* (14). Líkindin gerast mest þar sem talað er um gjafir frá bónda en upphafslínurnar eru einnig sameiginlegar með þessu *skjaldri* og öðrum íslenskum þulutexta sem mætti kalla „annað upphaf“ á *Leit eg upp til himna* (15):

(14) Maður stendur undir stovuveggi, stiðjar seg við gullstáv: hvæt gjördu harrar várir ígjár? Slaktaðu veður sín. Hvæt gövu teir mår? Livur og lunga, gàprið og tungu; brenna skulu vit krákubeinið undir eldi okkara í kvöld. (Hammershaimb 1969:194 [1852:312]; línuskipting mín – YSH)	(15) Stóð eg við stoð, studdi mig við gullvegg. Sá eg til himna tólf hesta renna; tók eg þann hinn blakka, reið eg út í slakka. Hvað gjörði goðið, goðið? Slátraði bekra sínum. Hvað gaf það mér af? Lifur og lúngu og stakk mig í túngu ... (ÍGSVÞ IV 1898:180)
--	--

Þar með bætist *skjaldrið* *Maður stendur við stovuvegginn* í tengslanetið. Skyldleiki þess við íslensku þuluna *Sat eg undir fiskihlaða* kemur glöggst í ljós þótt það standi sjaldan í beinum tengslum við *Eg sat mæi í Gøtulið* í Færejum.

Þar með bætist *skjaldrið* *Maður stendur við stovuvegg inn* í tengslanetið. Skyldleiki þess við íslensku þuluna *Sat eg undir fiskihlaða* kemur glöggst í ljós þótt það standi sjaldan í beinum tengslum við *Eg sat mæi í Gøtulið* í Færejum. Það tengist hins vegar öðrum færeyskum *skjaldrum* og eru þau þar með komin í tengslanetið sem er greinilega orðið býsna yfirgripsmikið hjá báðum frændþjóðunum, Íslendingum og Færeyingum.

Þar sem sveigjanleiki í byggingu *skjaldra* er nokkuð minni en í þulum síðari alda, eins og rætt var í öðrum kafla, virðist tengslanet milli *skjaldra* í Færejum að sama skapi nokkuð rýrara. Það stafar af því að stök minni og atriði hafa fastari stöðu í *skjaldri* (upphaf, endir o.s.frv.) og eru fasttengdari „nágrannaatriðum“ sínum en það lendir til þess að hvert atriði tengist afmarkaðri fjölda annarra atriða heldur en við eigum að venjast í íslenskum þulum. Flytjendur *skjaldra* – og þar af leiðandi safnarar og rannsóknarmenn – hafa sterkari hugmynd um hvernig *skjaldur* í heild „á að vera“, eins og áður var rætt, og í hvaða röð atriðin eiga að koma. Til að mynda telur Anna Nielsen í Kvívík (FMD BS 57a) upphöfin *Eg sat mæi í Gøtulið* og *Eg sat mæi fyrir norðan Gjógv* ekki útskiptanleg hvort fyrir annað heldur séu þær mismunandi textar – enda þótt framhald þeirra beggja sé með svipuð minni. Íslenskum atriðum sem standa oft í byrjun þulutexta, t.d. upphöfunum *Sat eg undir fiskihlaða*, *Stóð eg við stoð*, *Maður stóð við gullvegg*, *Leit eg upp til himna* o.fl. (ÍGSVÞ IV 1894:179–181) má hins vegar auðveldlega skipta út

hverju fyrir annað, einkum hinum þremur síðastnefndu. Af þessu leiðir að *Eg sat mæri í Götulíð* og *Eg sat mæri fyrir norðan Gjógv* eru fjarstaddari heldur en íslensku textarnir sem nefndir voru hér og tengsl milli þeirra lausari.

Ósjaldan nægja textatengsl milli færeyskra *skjaldra* ekki til að reikna út skyldleika þeirra og þarf þá að grípa til textatengsla utanlands (við íslenskar þulur eða skandinavískar romsur) til að finna tengsl milli einstakra færeyskra *skjaldra*. Dæmi um það eru *skjaldrin Eg sat mæri í Götulíð* og *Maður stendur við stovuveggi* sem virðast aldrei vera flutt saman en virðast eiga sér sameiginlegar rætur. Oft finnast tengsl milli *skjaldra* í gegnum íslenskar þulur, líkt og í umræddu dæmi. Stundum þarf þó að leita í romsukveðskap Skandinavíu en þangað verður litið í næsta kafla.

4. Romsur eyja og meginlands

Í löndum Norður-Evrópu er mikið um barnagælur í romsuformi, enda þótt orðið „þula“ sé sjaldan notað um þær. Orð af sama stofni eru þó til í sumum norskum mállýskum og ber það vott um ákveðna sameiginlega þróun með íslenskum þulum. Annars er romsukveðskapur þekktur undir mjög mismunandi heitum í Skandinavíu en það er efni í aðra grein.

Enn mikilvægari vitneskja um sameiginlega þróun romsukveðskapar á öllu norræna svæðinu, bæði á eyjunum og meginlandinu, eru þó textarnir sjálfir. Textar frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð og sænskumælandi svæðum í Finnlandi eru sumir hverjir mjög líkir íslenskum þulutextum og færeyskum *skjaldrum*. Í þessari grein eru romsur frá þessum löndum aðeins skoðaðar í samanburði við eyjaromurnar en ekki innbyrðis og er aðaláherslan í doktorsverkefninu sú hin sama enda þótt meginlandskveðskapur fái meiri umfjöllun þar.

Dæmi um atriði sem finnast víða á Norðurlöndum eru vinsælar (og umdeildar) línur sem hér eru hafðar eins og þær koma fram í *ÍGSVÞ IV* (1898:184) og í samhengi sínu þar; línurnar sjálfar eru hér skálettraðar:

(16) ... Úti stóð hann Arnþór

og ærðist að kalla:

Mál er að koma til kirkju

og mæta helgum tíðum.

Uppi' á stól, stól

stendur mín kanna.

Níu nóttum fyrir jól,

þá kem eg til manna

og þá dansar hún Anna ...

Miklar deilur hafa spunnist um hvort flytja eigi vísuna eins og hún er höfð hér eða einhvern veginn öðruvísi. Úr því verður ekki skorið hér en þess í stað verður snúið til nágrannalandanna og athugað hvernig vísan er þar.

Í Færeyjum byrjar vinsælt *skjaldur* á þessa leið (*Í skýmingini* 1988:4):

(17) Uppi í eini eikilund,
har hongur ein kanna,
fýra nætur fyrri jól,
dansa har jómfrúrnar allar.
— Har dansar Elin ...

Eftir þetta erindi er atriðið um brúðina vænu sem vill ekki ganga nema á silfri og ekki síja nema á gulli; svipað og í íslenskri þulu sem byrjar oftast á orðunum *Stúlkurnar ganga suður með sjó ...* (*ÍGSVÞ III* 1894:384). Sú þula tengist mörgum dansþulutextum og oft sjálf flokkuð sem dansþula í *ÍGSVÞ III* og víðar. Þá erum við komin í hring því ein útgáfa af framhaldi á (16) er á þessa leið í *ÍGSVÞ IV* (1898:184):

(18) [...] dansar hún Anna.
Dansar hún Dýrborg,
drósin hún Herdís,
meyjan hún Margrét
og mærin hún Ólöf ...

Ekki verður betur séð en að hér sé dansþula komin. Annars ber þess að geta að efnisflokkun á þulum getur verið frekar óáreiðanleg og hef ég fjallað um það áður (Yelena Yershova 2000:29–34).

Þá koma dæmi frá meginlandi Norður-Evrópu og eru á alla vegu. Hér eru tvö dæmi frá Noregi (19) og Svíþjóð (20):

(19) Upp aa land og ned paa strand sto ei liti kannu. Aatte dagar fyre jul dansa jomfru Anna. Dansa, dansa dokka mi med silkeliv med armar i, med silkesko med perlur paa. Det skal vesle barne faa. (<i>Norske barnerim og leikar</i> 1977 [1899]:18)	(20) Upp i landet, upp i landet, står en liten gullkanna. Fyra fötter, // pepparnötter, dansa jungfruar granna. Dansa lille far, dansa lille mor, dansa nu efter noter. Ingen dansar bättre, ingen dansar bättre än pappas och mammas guddotter. (<i>Visor, ramsor och andra folkrim</i> 1968:66–67)
--	--

Þessar romsur leiða hugann í margar mismunandi áttir. Dæmin standa í tengslum við aðra romsutexta á meginlandinu og tengja því þulu- og skjalduratriðin *Sat eg undir fiskihlaða* (3) og *Eg sat mær undir Gøtuhlíð* (4), sem hér var gengið út frá, einnig við þá texta sem dæmi (19–20) tengjast sjálf. Romsur frá Skandinavíu bætast þannig inn í netið og styrkja textatengsl sem eru þegar fyrir hendi í romsukveðskap, bæði tengsl milli landa og jafnvel innan hvers lands fyrir sig.

Í öðrum kafla kom fram að fleiri *skjaldur* en þulur eiga sér hliðstæður í Skandinavíu; m.a. af þeim þulum og *skjaldrum* sem standa fyrir utan íslenskt-færeyska tengslanetið. Það á sér eðlilegar skýringar en Færeyjar hafa ætíð haft sterkari tengsl við meginlandið en Ísland, og þá einkum við Danmörku. Mörg færeysk *skjaldur* eru nátengd þeim dönsku en lítið fer fyrir hliðstæðum þeirra á Íslandi. Sem dæmi voru nefnd í (2) *Rura rura barnið*, *Ríða ríða ranka* og *Dansa dansa deiga* (*Trumm trumm tralalei* 1984:34, 13, 19; sbr. til að mynda *Danske børnerim, remser og lege* 1896:8–9, 44–63, 474; svipuð dæmi í öðrum löndum eru m.a. í *Norsk folkediktning IV* 1962:18, 91, *Norske barnerim og leikar* 1977 [1899]:22–23, 7–8, *Finlands svenska folkdiktning VIII* 1962:18–34 og aðrar heimildir nefndar í umræðu um dæmi (2)).

Þó eru einnig til dæmi um þulur sem eiga sér samsvaranir í Skandinavíu en ekki í Færeyjum. Hér er stillt upp nokkrum íslenskum og norskum textum sem hafa ekki fundist annars staðar:

(21) Grýla kallar á börnin sín þegar hún fer að sjóða: // til jóla. »Komið hingað öll til mín[,] ykkur vil eg bjóða. [...] Nýpa, Típa, // Næa, Tæa ...« (<i>ÍGSVÞ IV</i> 1898:144)	(22) Gygri ropar heim til maals: Kome no heim alle mine slaattekarar! Heim Halvardsson, Hallvard Skamsson ...¹⁰ (<i>Norske barnerim og leikar</i> 1977 [1899]:43)
(23) Heyrði eg í hamrinum [...] Búkonan dillaði börnunum öllum. [...] Eiríki og Sveini og dillaði Steini ... (<i>ÍGSVÞ IV</i> 1898:196)	(24) Gygrekjeringi sat paa sullanstein og sulla baani sine: Einar og Steinar, Ragnhild og Magnhild ... (<i>Norske barnerim og leikar</i> 1977 [1899]:26)
(25) Gekk eg upp á hólinn, horfði' eg ofan' í dalinn, sá eg hvar hún lánghala lék sér við sauðinn ... (<i>ÍGSVÞ IV</i> 1898:183)	(26) Gjekk eg meg på haugjen ville gjæte sauen; e han kvit, lei han hit; e han blå på bogo, lat han gå at skogo. (<i>Gamalt or Sætesdal III</i> 1963:230)

Þessir textar tengjast hinum alkunnu línunum *Grýla reið fyrir ofan garð frá Íslandi* (*ÍGSVÞ IV* 1898:146) og *Oman kemur Grýla frá gørðum frá Færeyjum* (*Trumm trumm tralalei* 1984:36) en ekki allir beint. Til að mynda er Grýlunafnið hvergi nefnt í norsku textunum enda óvíst að átt sé við Grýlu þar frekar en aðra tröllkonu. Annars virðist Grýluhefðin hafa verið sterkust á Norður-Atlantshafseyjunum (til eru dæmi um tengda texta alla leið frá Hjaltlandi og Orkneyjum, sjá Jakobsen 1928:xciii, Marwick 1929:xxxvi; umfjöllun hjá Gunnell 2001 og Yelenu Sesselju Helgadóttur [væntanlegt]) en ljóst er að ekki hafi allir angar Grýluhefðar þróast jafnt á eyjunum.

Samanburður á *skjaldrum* og þulum sýnir að mun fleiri *skjaldur* en þulur tengjast romsukveðskap frá meginlandinu. Sama á við þegar horft er frá meginlandinu og úrval romsa úr skandinavískum útgáfum borið saman við úrval færeyskra *skjaldra* annars vegar og íslenskra þulna hins vegar. Þá kemur í ljós að meginlandsromsur og *skjaldur* eiga mun fleiri snertifleti. Óhætt er

10 Þess ber að geta að þessi nafnaromsa tengist náð íslensku nafnaromsunni sem fylgir oft atriðinu *Heyrði eg í hamrinum ...* (dæmi (23)) en er einnig höfð sér; sjá *ÍGSVÞ IV* 1898:197–198.

að segja að þróun þuluhefðar síðari alda einkennist af meira sjálfstæði en þróun *skjaldra* og fyrir vikið er íslenska hefðin á annarri fjöl en meginlands- og færeyska hefðin þegar sem sameiginlegu tengslaneti þulna og *skjaldra* sleppir.

5. Niðurlag

Lærdómurinn sem draga má af öllum hinum fjölbreyttu dæmum sem rædd voru hér er í stuttu máli á þessa leið:


Skyldleiki íslenskra þulna síðari alda og færeyskra *skjaldra* er mikill og eiginlega meiri en oft er gert ráð fyrir. En þrátt fyrir að þulur og *skjaldur* hafi hræst öldum saman í svo að segja sama pottinum má varla taka svo sterkt til orða að þetta sé *allt* sami grauturinn, eða „sama tóbakið“. Þó komast þessar tvær þjóðkveðskaparhefðir furðu nálægt þeirri skilgreiningu á stórum köflum!

Helsti munurinn á þulum og *skjaldrum* virðist vera sá að *skjaldur* eru mun fastmótaðri kveðskapur en þulur. Í þessu felst að venjulega eru *skjaldur* styttri og sjálfstæðari textar en ekki fljótandi að sama skapi og þulur. Hvert atriði og minni í byggingu *skjaldra* tengist fastar nágrannaatriðum og minnum heldur en tíðkast í þulum en það leiðir m.a. til þess að tengsl milli einstakra *skjaldra* eru fábrotari og tengslanet innan þessarar þjóðkveðskapargreinar rýrara heldur en tengslanet í þulum.


Á móti kemur að *skjaldur* hafa nánari tengsl við romsur frá meginlandi Norður-Evrópu. Íslenskar þulur hafa þróast í meiri fjarlægð við meginlandið og virðist íslenskur þuluheimur vera sjálfstæðari og frábrugðnari bæði færeyskum *skjaldrum* og skandinavískum romsum.

SKÝRINGARMYNDIR


Skýringarmynd 1:




Skýringarmynd 2:



Skýringarmynd 3:



Skýringarmynd 4:



HEIMILDIR

Alfagurt ljóðar mín tunga. Útg. Kristian Blak et al. Føroya skúlabókagrunnur, plátufelagið Tutl, Tórshavn. 1995.

Danske børnerim, remser og lege: udelukkende efter folkemunde. Samlede og til dels optegnede af Evald Tang Kristensen. J. Zeuner, Århus, 1896.

- Eina kann ég vísu. Skrýttinn kveðskapur frá ýmsum tímum.* Guðrún Hannesdóttir valdi vísurnar og myndskreytti. Forlagið, Reykjavík. 1999.
- Einu sinni átti ég gott.* Umsjón með útgáfu Rósa Þorsteinsdóttir, efnisval Rósa Þorsteinsdóttir og Katla Kjartansdóttir, myndir Halldór Baldursson. Smekkleysa, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík, 2006.
- Fagrar heyrði eg raddirnar: þjóðkvæði og stef.* Einar Ól. Sveinsson. Mál og menning. Reykjavík. 1942.
- Finlands svenska folkdiktning. VIII. Lekar och spel.* Utgivet av V.E.V. Wessman. Svenska litteratursällskapet i Finland förlag. Helsingfors, 1962.
- Fleiri gamlar vísur handa nýjum börnum.* Guðrún Hannesdóttir valdi vísurnar og myndskreytti bókina. Forlagið. Reykjavík, 1995.
- FMD BS 57a. Hljóðupptaka á Bandasavni Føroyamálsdeildar, gerð 2.2.1970 í Kvívík. Spyrill: Birgitta Hylin, viðmælendur: Anna Nielsen, Axel Torgarð o.fl.
- Gamalt or Sættesdal. III.* Útg. Johannes Skar. Samla utgåve, ved Olav Bø og Reidar Djupedal. Det norske samlaget (fyrir Setesdalslaget i Oslo). Oslo, 1963. (1. útg. kom út í 8 bindum árin 1903–1916).
- Gamlar vísur handa nýjum börnum.* Guðrún Hannesdóttir valdi vísurnar og myndskreytti bókina. Forlagið. Reykjavík, 1994.
- Gunnell, Terry. 1995. *The origins of drama in Scandinavia.* Brewer/Boydell & Brewer. Cambridge, Rochester NY.
- Gunnell, Terry. 2001. Grýla, Grýlur, „Grøleks“ and skeklers: medieval disguise traditions in the north Atlantic. *Arv*, bls. 33–54.
- Hákunarbók.* Valdemar Dalsgarð greiddi til prentingar og teknaði myndirnar. Hitt föroyska studentafelagið í Keypmannahavn, 1961.
- Hammershaimb, V. U. 1969. *Savn úr Annaler for nordisk oldkyndighed og historie og Antiquarisk tidsskrift.*¹¹ Emil Thomsen, Tórshavn.
- Hljóði menn fræði mínu: gamlar upptökur af sögum, rímum og kveðskap úr fórum Hallfreðar Arnar Eiríkssonar.* Hallfreður Örn Eiríksson safnaði, Rósa Þorsteinsdóttir valdi efnið og sá um útgáfuna. Hljóðrit. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík. 2002.
- Hylin, Birgitta. 1971. Skjaldur: en studie över barnvisan och barnramsan på Färöarna. *Fra Færøerne – Úr Føroyum*, VI, bls. 49–65. Dansk Færøsk samfund. København.
- Í skýmingini: skjaldur og ævintýr.* 1988. Savnað hefur Sofía Petersen, teknað hefur Elinborg Lützen. 3. økta útg. (1. útg. 1948.) Føroya lærarafelag. Tórshavn.
- ÍGSVÞ III. 1894 = Íslenzkar gátur, skemtanið, víkivakar og þulur. III. Íslenzkir víkivakar og víkivakakvæði.*

11 Ljósprent úr *Annaler for nordisk oldkyndighed og historie* 1846, 1854 og *Antiquarisk tidsskrift* 1849–51. Í þessari grein er vísað í greinarkornið Barneviser og ramser sem birtist í *Antiquarisk tidsskrift* 1849–51 á árinu 1852, bls. 311–315.

- Ólafur Davíðsson hefur samið og safnað. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1894.
- ÍGSVP IV. 1898 = *Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur. IV. Íslenskar þulur og þjóðkvæði*. Ólafur Davíðsson hefur safnað. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1898.
- ÍGSVP = *Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* I–IV. Safnað hafa J[ón] Árnason og Ó[lafur] Davíðsson. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1887–1903.
- Jakobsen, Jakob. 1928. Fragments of Norn. *An Etymological Dictionary of the Norn Language in Shetland I*, bls. xc–cxvii. David Nutt, London, Vilhelm Prior. Copenhagen.
- Jón Samsonarson. 1976. Þulan um Maríu. Guðni Kolbeinsson (ritstj.): *Minjar og menntir*. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn, bls. 260–270. Menningarsjóður. Reykjavík.
- Jón Samsonarson. 1977. Miðaldatextar í munnlegri geymd. *Bjarnígull: sendur Bjarna Einarssyni sextugum*, bls. 22–28. Reykjavík, s.n.
- Jón Samsonarson. 1979. Jólaveinar komnir í leikinn. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 1:150–174.
- Jón Samsonarson. 1994. Frjádagsversin fjær og nær. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran, Sigurgeir Steingrímsson (ritstj.) *Sagnapíng: helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994* II, bls. 471–483. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Jón Samsonarson. 2002a. Barnagælur. *Ljóðmál: fornir þjóðlífshættir*, bls. 75–149. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík.
- Jón Samsonarson. 2002b. Særingar og forneskjubænar. *Ljóðmál: fornir þjóðlífshættir*, bls. 21–74. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík.
- JS [Óbirt] = [*Þulur*]. Óbirt Prófork. [I–II]. Útg. Jón Samsonarson. Í vörslu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík.
- Kvæði og dansleikir* I–II. Jón Samsonarson gaf út. Almenna bókafélagið. Reykjavík, 1964.
- Lord, Albert Bates. 1974. *The singer of tales*. Atheneum. New York.
- Marwick, Hugh. 1929. Introduction. *The Orkney Norn*, bls. xi–xlviii. Oxford University Press. London.
- Munnleg geymd*. Gagnagrunnur á vef Ísmús – Íslensks músík- og menningararfs: <http://ismus.musik.is/>.
- Nina, nina nái. Skjaldur, ramsur og rímur*. Kári Sverrisson legði til rættis. Hljóðrit. Plátufelagið Tutl. Tórshavn, 2000.
- Norsk folkediktning. IV. Rim, gåter, ordtøke*. Med innleiingar og merknader av Knut Liestøl. 2. utg. ved Olav Bø og Svale Solheim. Det norske samlaget. Oslo, 1962.
- Norske barnerim og leikar: med tonar*. Samla av Bernt Støylen. Aschehoug. Oslo, 1977 (1. utg. 1899).
- Raddir: ómennskukvæði, Ókindarkvæði, Grýlukvæði, rímur, sagnadansar, drykkjuvísur, þulur, barnagælur og önnur íslensk þjóðlög. safnað af vörum Íslendinga á árunum 1903–1973, varðveitt*

- í segulbandasafni Árnastofnunar*. Hljóðrit. Smekkleysa, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík, 1998.
- Rósa Þorsteinsdóttir. 1998. Smaláþula. *Guðrúnarhvöt: kveðin Guðrúnu Ásu Grímsdóttur fimmtugri 23. september 1998*, bls. 86–87. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. Reykjavík.
- Rósa Þorsteinsdóttir. 2000. Þulur og barnagælur. Davíð Ólafsson, Úlfhildur Dagsdóttir (ritstj.): *Orðið tónlist = The word music*, bls. 36–43. Smekkleysa. Reykjavík.
- Stóra barnabókin*. Sögur, ævintýri, ljóð, þulur, bænir, barnagælur, gátur, leikir, þrautir, föndur. Jóhanna Thorsteinsson valdi efnið en myndskreytingar eru eftir Hauk Halldórsson. Fjölirnir. Reykjavík, 1982.
- Theodóra Thoroddsen. 1914. Þulur. *Skírnir*, 88:415–420.
- Trumm trumm tralalei: skjaldur*. Birgitta Hylin hefur savnað. Bókadeild Føroya Lærarafelags. Tórshavn. 1984.
- Visor, ramsor och andra folkrim*. Útg. Fredrik Ström. Teckningar av Uno Stallarholm. Bonnier. Stockholm. 1968.
- Vísur, kvæðabrot og þulur*. Árni Hafstað og Árni Árnason völdu efnið; Freydis Kristjánsdóttir, Halldór Baldursson og Kolbeinn Árnason gerðu myndirnar. Barnabókaútgáfan. Reykjavík. 1994.
- Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova. 2005a. Nokkrar erfðaminningar í þulum síðari alda. *Glerharðar hugvekjur þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 14. janúar 2004*, bls. 94–98. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. Reykjavík.
- Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova). 2005b. Ómur gamalla þulna í þululjóði Huldu – Grágæsamóðir og María mey. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson (ritstj.): *Heimur ljóðsins*, bls. 303–316. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. 2005c. Að braggreina þulu – að skilgreina bragleysi? *Brageyra léð Kristjáni Eiríkssyni sextugum 19. nóvember 2005*, bls. 110–114. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. Reykjavík.
- Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova. 2005d. Hvað felst undir bláum þræði í ýmsum Norður-löndum (um flökkuminni í þulum síðari alda). *Mímir* 50:114–119.
- Yelena Sesselja Helgadóttir Yershova. 2006. Nokkur dæmi um blandað mál í færeyskum *skjaldrum*. Haraldur Bernharðsson o.fl. (ritstj.): *Hugvísindaping 2005*. Erindi af ráðstefnu Hugvísindadeildar og Guðfræðideildar Háskóla Íslands 18. nóvember 2005, bls. 323–335. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. [væntanlegt]. Shetland Rhymes from the Collection of Dr Jakob Jakobsen. Í vinnslu í útgáfuriti á færeysk-hjaltlenskri ráðstefnu um dr. Jakob Jakobsen. Scalloway, 12.–13. maí 2006.

- Yelena Yershova,¹² [2000]. Heimur og hlutverk þulna. Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna I–II. Umsjónarmaður: Davíð Erlingsson. [Óbirt efni.]
- Yelena Yershova. 2003. Hinn nýi „gamli“ kveðskapur. Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur. *Andvari*, 128:123–151.

SUMMARY

Icelandic postmedieval *þulur* poetry shows closer affinities with children’s rhymes from other Nordic countries, especially with Faroes *skjaldur*, than is usually supposed. For one thing, their intertextual relationships are more closely woven. The co-existence of common single motifs and larger motif groups (entities closely resembling, but not equivalent to scenes in epic poetry) in Icelandic *þulur*, Faroese *skjaldur* and Scandinavian rhymes is greater and more varied than is often assumed.

The Faroese tradition of children’s rhymes is however different from the Icelandic. Faroese *skjaldur* appear to be more regularly constructed, in that the relationships between single motifs and motif groups are more fixed and less diverse. Motif groups make up what the performer sees as an integral *skjaldur* with limited relationships to other motif groups, and the order of the motifs is stricter than in the Icelandic *þulur*. The roles of the motif are also different: the *skjaldur* appears to be performed from memory to a greater extent than the *þula*, while the *þula* relies more on formulaic structure and associated thematic manipulation—although *þulur* can hardly be said to be typical formulaic poetry.

Another important point is that the motifs and motif groups which are not shared by rhymes from both Iceland and the Faroes have dissimilar relationships to the corresponding Scandinavian rhymes. In spite of the closer cultural and political relationships between the Faroes and the Scandinavian mainland, there are several Icelandic *þulur* which correspond to Scandinavian but not Faroese rhymes. This paper discusses these movements over the Atlantic.


Both later Icelandic *þulur* and Faroese *skjaldur* have, as oral genre, not received the academic attention they deserve, and this situation calls for a remedy.

12 Hér er vikið frá þeirri almennu reglu að raða höfundum eftir ættarnafni, sé það fyrir hendi, en undirrituð hefur notað mismunandi útgáfur nafns síns um dagana, m.a. annaðhvort ættarnafn eða föðurnafn, og helst því aðeins fyrra skírnarnafnið óbreytt (*Yelena*). Var því ákveðið að nota það til að reyna að fá meira samræmi í vísanir í rit eftir mig.

Kommunusamanlegging og politisk umboð

Til seinasta kommunuval minkaði talið á kommunum frá 48 til 34. Hvussu nógvar kommunur verða til kommunuvalið í 2008, vita vit ikki enn. Nýggj løgtingslóg (nr. 12 frá 22. februar 2007 um sjálvbodnar kommunusamanleggingar og kommunalt samstarv í sambandi við lógarbundnar uppgávur) leggur upp til, at tað í framtíðini verða sjei kommunur, ella í hvussu er sjei landafrøðilig øki við tøttum samstarvi millum kommunur innan hvørt øki, sí mynd 1 (samanlagdar kommunur við frámerki).

Mynd 1: Kommunubygnaður í broyting



Hesar bygnaðarbroytingar koma, tí tað eru nýggjar áskoðanir, sum nú ráða um, hvørjum kommunupolitikararnir eiga at taka sær av. Kommunusamanleggingar, verður sagt, mugu til fyri at fáa burðardyggar

kommunur, sum m.a. kunnu loysa vælferðaruppgávur sum barnaansing og ellisrøkt. Men bygnaðarbroytingarnar fáa avleiðingar fyri tað kommunala fólkaræðið. Tað verða færri fólkavald umboð. Í Føroyum eru kommunustýrini smá, Havnin hevur 13 býráðslimir, og Klaksvíkar, Runavíkar og Sunda kommuna 11. Tað kann tí hugsast, at um (tá?) tað verða sjei kommunur, skulu bara 79 kommunupolitikarar veljast. Talið á kommunupolitikarum minkaði frá 272 í 2000 til 220 í 2004. Úrslit frá spurnakanningum millum tey uppstillaðu í 2000 og í 2004 geva ábendingar um, hvørji ið verða vald sum fólksins umboð, tá kappingin herðist.

Eg skal fyrst vísa á skiftandi rák í hugsanum um, hvussu tað kommunu-politiska virkseimið eigur at skipast, og vísa á nakrar orsøkir til, at tað nú verður tosað so nógv um kommunusamanleggingar í Føroyum. So skal eg leggja fram úrslit frá kanningum um, hvørji ið verða fólkavald umboð í føroyskum bygda- og býráðum – og hvørji, ið verða sáldað frá.

Skipan av lokalum fólkastýri

Hví skulu vit hava bygda- og býráð? Sharpe (1970) svarar hesum grundleggjandi spurningi við at vísa á trý virði, sum tað lokala fólkastýrið kann verða við til at nøkta. Fyri tað fyrsta er tað lokala fólkaræðið eitt virði í sjálvum sær, tí tey ið búgva í kommununi, eiga at hava eitt ávíst *frælsi* til at taka avgerðir, t.d. um, hvussu øki skulu brúkast, og hvørjar uppgávur ið eiga at verða loystar í felagi. Fyri tað annað inniber lokalt fólkastýri, at stýringin verður *effektiv*, tí tey á staðnum vita ofta best, hvar og hvat bagir. Sær er hond hollast. Tey hava kunnleika um lokalan tørv, og tað kann hugsast, at tey finna loysnir, sum hóska betur á staðnum og/ella eru bíligari enn ymiskar standardloysnir. Fyri tað triðja borgar breið luttøka fyri einum *livandi fólkaræði*. Longu undir fólkaræðinum í býstátnum Athen 400 ár f.Kr. var tað undirtøka fyri tí hugsan, at fólk flest hava politiskt skil og megna at samstarva um eina góða politiska kós. Ein teirra, sum legði grundstøðið fyri tað liberala representativa fólkaræðið, sum vit hava í dag, var J.S.Mill; eftir hansara tykki hevði lokalpolitisk luttøka sítt serliga virði sum skúli, har fólk læra politiskt virkseimi.

Halda vit okkum til slíkar fólkaræðisligar hugsanarhættir, kunnu vit ikki lata lokala fólkaræði upp í hendurnar á nøkrum fáum einstaklingum. Tað er eingin trygd fyri, at hesi taka góðar politiskar avgerðir, samfelagnum at gagni. Tey, sum í løtuni sita við valdi, mugu fáa rættleiðing. Kanska tey ikki skulu verða afturvald?

So er spurningurin: Hvat er passandi stødd á eini kommunu? *Size and*

Democracy er navnið á bók, sum Dahl og Tufte góvu út í 1973, og sum síðan hefur verið eitt hövuðsgrundarlag fyri fakligum kjaki um kommunusamanleggingar. Teir vísa á tvey virði, sum bæði eiga at vera nøktandi í einum fólkastýri, men sum tað kann hugsast ikki altíð kunnu sameinast. Annað er *Citizen Effectiveness*, t.e. hvørjar møguleikar hefur borgarin at ávirka politiskar viðtøkur; óivað man tað vera lættast, tá kommunan ikki er ov fjølment. Hitt er *System Capacity*, „burðardygd“, t.e. hvussu væl kommunan er fyri figgjarliga, og hvørja manning hon hefur til at loysa uppgávnar; her kann tað hugsast, at lítlar kommunur eru verri fyri enn stórar.

Hvussu man *Citizen Effectiveness* vera í føroyskum kommunum? Vit hava nakrar ábendingar, um hvussu fólk meta um sín møguleika at ávirka førða politikkin. Okkara spurnakanningar millum uppstillað til valini í 2000 og 2004 vísa, at tey halda seg kunna ávirka kommunupolitikkin, og meir í teimum smærru kommununum enn í Havnini. Hetta samsvarar við tað, ið Hallbera West kom fram til í síni áhugaverdu kanning um medborgaraskap í Føroyum, gjørd summarið 2004. Meirilutin svaraði, at tey høvdu ongan áhuga fyri politikki. Munandi fleiri í Føroyum enn í Danmark, Noregi og Svøríki meldaðu út, at tey ikki brýggjaðu seg um politikk. Men tá tað kom til ítøkilig dømi um politiskt virksemi, vísti kanningin, at føroyingar vóru munandi virknari enn danir, svíar og norðmenn. Kanningin vísti, at føroyingar eru oftari í politiskum kjaki við onnur, føroyingar seta seg nóg oftari í samband við politikarar um eitt mál, teir fara oftari á politiskar fundir o.s.fr. enn fólk í grannalondunum, eftir hvat tøluni hjá Hallberu og frá medborgarakanningum í skandinavisku londunum vísa.

Síðan umleið 1970 hava lond um okkara leiðir roynt at minka um talið á kommunum. Hetta arbeiðið hefur verið merkt av atlitum til *System Capacity* heldur enn *Citizen Effectiveness*. Royndirnar at fáa eitt so fruktagott kommunalt fólkaræði sum møguligt hava ikki verið sleptar, men hugsanirnar um, hvat lokalt fólkaræði inniber, eru broyttar (Kjellberg 1995). Tað er munur á „luttakarademokrati“ og „kappingardemokrati“. Hjá summum er tað eitt mál, at flest møguligt skulu luttaka (sbr. hugsanina í gamla Athen). Onnur halda tað vera nóg gott, um tað eru fólkavald umboð, sum hava vunnið kappingina um at fáa sess í bý- ella bygðaráði, ið hava ræðið fram til næsta val („no back seat-driving“, sum Schumpeter tók til). Óivað hefur hugburðurin hjá føroyingum til kommunala fólkavaldið borið á bæði borð, bæði í gomlu skipanini og í ætlanunum um nýggja kommunala skipan við størri kommunum; men sum Dahl og Tufte vístu á, er fjarstøðan millum veljarar og vald minst í smáum politiskum eindum (sí tó Newton 1982).

Tey hugsjónarligu rákini seinasta mansaldur um skipan av kommunum hefur, sum Mouritzen og Kjær (2003) vísa, sín uppruna úr USA. Kommunusamanleggingarnar, sum koma frá umleið 1970, vórðu framdar í eini roynd at fáa meira effektivar og burðardyggar kommunur við størri sjálvstýri. Menn roknaðu við, at tá kommunurnar vórðu størri, fór tað at verða áhugaverdari at fáast við lokalpolitikk, tí um tær vórðu størri, bar til at flyta uppgávur av týðningi frá tjóðartingi og -fyrisiting (landinum) til lokala fólkastýrið (kommunurnar). Kommunurnar fóru at hava ráð til eina meira professionella fyrisiting og fóru at verða førar at taka avgerðir um, hvussu uppgávarnar kundu loysast í mun til vav og dygd, fígging og íverksetan. Harafturat fór raksturin at verða bíligari, um virksemi í hvørjari kommunueind varð størri. Tað var eisini hildið at vera ein frimunur, um tað vórðu færri politikarar; heldur átti at verið roynt at styrkja tað pluralistiska demokratiið, t.d. við at gera tað lættari at skipa áhugafeløg.

Men nýggjar hugsanir komu úr Ameriku, hesa ferð við navninum „Public Choice“. Hugsanirnar frá 1970unum bygdu á ta fatan, at kommunan skuldi vera ein samskipað eind, sum tók sær av øllum lokalmálum, sum skuldu loysast innan sítt landafrøðiliga øki. Nýggja *Public Choice*-hugsjónin metir hetta at vera ov stívið. Nýggi hugsanarhátturin speglast í málburði. Nú verða tey, sum búgva í kommununi (borgarar/veljarar) umtalað sum brúkarar, og serligur dentur verður lagdur á tann leiklutin, sum kommunan hefur sum tænastuveitari (heldur enn sum politiskur felagsskapur). Nú ræður um, at sambandið millum brúkara og tænastuveitara er so tætt sum til ber. Tá hóska tað ikki altíð at loysa málini í eindarkommununi, við hvørt er hon ov stór og við hvørt ov lítil. Heldur enn at skipa fyri „multi purpose“-kommunum, eigur kommunan sambært Public Choice-ástøði at vera „poly-sentrerað“. Hetta svarar til tað, vit kenna í Føroyum, við smáum kommunum, sum hava kommunalt samstarv og harvið skipa ymiskar størri „kommunur“ til serlig endamál, t.d. interkommunalt samstarv um streym og burturkast, kommunulæknar og barnavernd. Eisini eru dømi um, at kommunan skipar minni „kommunur“, sí t.d. nýggju skipanina við skúlastýri fyri hvønn skúla sær.

Kortini, skulu vit meta um hugsjónarliga grundarlagið í føroyska kommunusamanleggingarpolitikkini, ber hann mest dām av rákinum frá fyrri reformbylgjuni, t.v.s. hugsanarhátturin er tann sami, sum lá til grund fyri kommunusamanleggingini í Danmark í 1970. Hóast landið hefur færri enn 50.000 fólk, verður mett, at stórar uppgávur, sum landið nú hefur um hendi, kunnu leggjast út til kommunurnar, um tær bert verða eitt sindur størri enn dagsins.

Kommunusamanlegging og samfelagsbroytingar

Tað er helst ov einfalt at lýsa kommunusamanleggingina, sum nú fer fram í Føroyum, bert sum úrslit av hugsjónarligum rákum úr USA og Danmark, ella tí at øll hini norðurlondini royna at minka um talið á kommunum. Hetta man eisini vera ein fylgja av stóru samfelagsbroytingunum í føroyska samfelagnum seinasta mansaldur. Búsetingarmynstrið er broytt, samferðslan er styrkt, fólkið væntar í størri mun enn fyrr at fáa hjálپ frá tí almenna, og førleikin í landsfyrisingini er øktur munandi.

Tað nýggja búsetingar- og samferðslukervið sæst á mynd 2, sum Jógvan Mørkøre (2007) hevur sett saman. Umleið 85 % av fólkinum býr nú í einum miðstaðarøki, og hjá teimum tekur tað minni enn fimm korter at flyta seg úr øðrum enda í hin. Restin, 15 % av fólkinum, býr í útjaðaranum.

Mynd 2: Miðstaður og útjaðari

Samferðslan er kollvelt. Í 1960unum var það framvegis vanligt at ferðast við báti ella at ganga millum bygdir, so kom bilferðslan av álvara: Í 1963 var Hvalbiartunnilin liðugur sum tann fyrsti av mongum, í 1964 fekk Havnin vegsamband til bygdir norðanfyri, og í 1974 kom brúgvín um Sundalagið og samband millum tær báðu størstu oyggjarnar. Bygdirnar hava frá gamlari tíð verið ein bú- og arbeiðsfelagsskapur, men gott vegasamband ger, at nú ber til, og serliga hjá teimum, sum búgva í miðstaðarøkinum, at búgva í einari kommunu og arbeiða í einari aðrari. Sum Finnson og Kristiansen (2006:25) taka til: „At liva á bygd er nú á døgum meiri at meta sum ein lívsstíllur enn sum ein lagna“. Tað kann hugsast, at hesar broytingar ávirka hugburðin hjá summum til sína heimkommunu. Tað eru óivað summi, sum ikki leggja so stóran dent á tað lokala sjálvstýrið, men heldur meta tað sum ein fyrimun at búgva í einari stórari kommunu. Havnar kommuna er kanska vorðin ein fyrimynd? Hon hevur tíðum havt størri orku, bæði fíggarliga og fyrisitingarliga, at loysa almennar uppgávur enn tað, sum tær minnu kommunurnar hava megnað í samstarvi við landið.

Fyri at skilja, hví kommunusamanlegging er vorðin veruleiki seinastu árin, kann vera vert at líta at einari aðrari stórari broyting, og tað er menningin av landsfyrisitingini. Eitt mát fyri hesa menning er talið á fólkið, sum arbeiðir í meginfyrisitingini: í 1997 vóru tey 60 fólk, í 2007 150 fólk.

Kommunumál hava verið undir føroyskum myndugleika, síðan heimastýrið kom í 1948. Lógargrundarlagið fyri kommunurnar frá 1872 varð ikki broytt fyrr enn í 1972; tá komu nakrar broytingar í vallógini, og hereftir skuldu tað ikki verða fleiri kommunur, heldur færri. Men fram til umleið 1990 var landsfyrisitingin sera fáment, tað var avmarkað, hvørjar grundleggjandi broytingar, hon kundi seta í verk.

Tað er lítið at ivast í, at menningin av kommunudeildini í landsfyrisitingini er ein meginorsøk til, at kommunurnar nú leggja saman. Her munnu vera teir mest eldhugaðu fyri einari nýggjari kommunuskipan við færri kommunum. Kreppan setti ferð á nýggju ætlanirnar fyri kommunurnar, tí „bygdapolitikur“ var hildin at vera ein orsök til kreppuna. Landinum tørvaði størri tamarhald á búskapinum í kommununum. Í 1993 kom lóg, sum avmarkaði kommunala frælsið til lántøku og íløgur. Í 1996 setti landsstýrið eina nevnd at endurskoða uppgávu- og ábyrgdarbýtið millum land og kommunur og at geva tilmæli um hóskaði tal og stødd á kommunum og um møguligar serskipanir fyri tey smáu bygdasamfeløgini. Umhugsanarvert er, at eingin politikari kom at sita í hesi nevnd. Úrslitið varð eitt álit í trimum bindum, sum gjølla greiðir frá støðuni í kommununum, landafrøðiliga, búskaparliga, fyrisitingarliga o.s.fr. Nevndin legði eisini fram uppskot til nýggja kommunulóg og hvussu

broytingarnar kundu setast í verk (Kommununevndin 1997-1998). Løgtingið samtykti nýggja kommunulóg í 2000.

Politiska kjakið um kommunusamanleggingar fær sín serliga dóm av nýggjum ætlanum um, hvørjum kommunurnar skulu hava ábyrgd av í framtíðini. Hóast fólkatalið er nógvar ferðir minni, verður tað hildið at vera sjálvsagt, at (nøkulunda) sama ábyrgdarbýti eigur at vera millum land og kommunur í Føroyum sum millum stat og kommunur í skandinavisku londunum. Tað vil siga, at kommunurnar m.a. skulu hava ábyrgd av lógarásettum velferðartænastum. Tað vóru summi av teimum yrkislærdu, sum mótmæltu, at barnaverndin varð miðspjadd, og sum nú mæla móti, at ábyrgdin av fólkaskúlunum verður lögð til kommunurnar. Samanumtikið kann kortini ikki sigast, at tað hevur verið stórvegis alment kjak um tann broytingarpolitikk, sum landsstýrið og landsfyrisingin nú førir, hvaðna minni um øðrvísi háttir at skipa uppgávu- og ábyrgdarbýtið millum land og kommunur (Holm og Mortensen 2002).

Føroyskur kommunupolitikkur hevur verið stuttligur at luttikið í, millum annað tí at kommunurnar hava havt fáar lógálagdar uppgávur. Tískil hevur tað borið til hjá bý- og bygdaráðum at seta tiltøk í verk, sum tey sjálvi hava raðfest høgt. Skattaprosentið setur kommunan sjálv innan ein vissan karm, og tað er eingin útjavningskipan sum flytur pening millum kommunurnar. Men kommunupolitikkur kann verða minni hugaligur í framtíðini. Um kommunurnar framyvir fáa ábyrgd av at veita fólki tænastur, sum Løgtingið hevur samtykt, at tey hava rætt til, mugu kommunupolitikararnir fyrst finna figging til tær bundnu uppgávurnar, áðrenn tað ber til at fara undir tað, sum kommunan sjálv hevur hug at seta í verk. Hetta er ein veruleiki, sum norskar kommunur kenna væl; har er tað ofta trupult at fáa fólk at stilla upp til kommunuval (Fimreite 2003; Hansen 2005).

Færri fólkavald umboð

Okkara spurnakanningarnar millum uppstillað í 2000 og 2004 vísa, at í Føroyum eru tað nógvar, sum hava hug at verða vald inn í bý- og bygdaráð. Tað eru sjálvandi summi, sum siga hetta einki vera fyri seg: Sum politikari verður tú noydd at gera úrskurð, og tá ber ikki altíð til at gera øllum til vildar. Men í teimum flestu føroysku kommununum er tað ein kapping um at fáa sess í bygda- ella býráðnum, og tað er at frøast yvir. Í so máta er støðan í Føroyum (og Danmark og Íslandi) frægari enn í øðrum londum í Evropa, har tey uppliva politiska líkasælu, at valluttøkan fellur, og at tað er ringt at fáa fólk at stilla upp. Ein orsök til at føroyingar hava hug til kommunupolitikk kann sum nevnt vera, at hetta er arbeiði, har úrslitini ofta síggjast bæði skjótt

og væl – meðan t.d. nógvir norskir kommunupolitikarar kenna máttloysi, tí kommunukassin er so tómur í mun til alt, kommununi er álagt at gera, og eingi útlit eru til, at nakað yvirskot verður til at seta ymiskt í verk, sum lokalpolitikarnir sjálvir taka stig til.

Men kommunusamanlegging merkir, at færri fólkavald umboð skulu veljast. Til valið í 2000 skuldu 272 bygda- og býráðslimir veljast, í 2004 bara 220. Hetta førir til herða kapping. Hvørji verða tá vald, hvat vísa kanningarar?

Øll hava sama rætt til umboð. Eitt tað sjónligasta prógv við um skeiva umboðan er, at tað eru so fáar fólkavaldar kvinnur í føroyskum politikki, og nógv hefur verið roynt at fáa fleiri kvinnur valdar. Til kommunuvalini í 2000 og 2004 var býtið 23 prosent kvinnur og 77 prosent menn. Tað merkir, at tað vóru 13 *færri* kvinnur, sum vórðu valdar í 2004 (til saman 63 kvinnur í 2000 og 50 í 2004). Tað er v.ø.o. ikki vorðið lættari hjá kvinnum at fáa sess í bý- og bygdaráðum.

Ein orsök kann vera at bygdur, sum fyrr hava havt egin bygdaráð, nú royna at tryggja sær eitt umboð fyri bygdina til tað nýggja býráðið. Tá er tað kanska lættari at savna seg um ein mann heldur enn um eina kvinnu. T.d. vóru tað í 2000 fyra sjálvstøðugar kommunur við tilsaman 26 fólkavaldum, sum í 2004 vóru samanlagdar til eina, Runavíkar kommunu, við bara 11 umboðum. Eingin kvinna var vald í hetta býráðið í 2004.

Tað sær út til, at harðari kapping førir til, at tað verða tey, sum eru best fyri í samfelagnum (elitan), sum nú fær enn betri umboðan: Bæði millum tey uppstillaðu og tey valdu er tað ein størri partur í 2004 enn í 2000 sum hefur langa útbúgving, sí 1. talvu:

1. TALVA: ÚTBÚGVING (í prosentum)

	Kvinnur uppst. 2004	Kvinnur uppst. 2000	Kvinnur valdar 2004	Kvinnur valdar 2000	Menn uppst. 2004	Menn uppst. 2000	Menn valdir 2004	Menn valdir 2000
0-3 ár eftir 7. flokk	33 (-9)	42	29	31	28	29	24 (-8)	32
4-6 ár	27	25	23 (-7)	30	32	36	33	32
7 ár ella meira	40 (+7)	33	48 (+9)	39	40	36	43 (+6)	37
Í alt (N)*	100 (144)	100 (112)	100 (52)	100 (54)	100 (241)	100 (241)	100 (114)	100 (130)

Kelda: Spurnakanning millum uppstillaðu í 2000 og 2004

*N = talið á teimum, ið hava svarað

Sum 1. talva vísir, hefur næstan onnur hvør vald kvinna í 2004 langa útbúgving, og tað eru munandi færri menn, sum bert hava gingið í fólkskúla í 2004 í mun til teir, sum vórðu valdir í 2000. Ein samanbering millum tøl hjá Hallberu West og okkara spurnakanning vísir eisini, at tey, sum verða uppstillað og vald, hava hægri inntøku enn fólkið sum heild, sí 2. talvu:

2. TALVA: HÚSARHALDSINNTØKA (í prosentum)

Ársinntøka hjá húsarhaldinum	Fólkið sum heild	Uppstillað 2004	Vald 2004
Minni enn 250 000 kr	29	12	9
250 000 – 600 000 kr	59	67	67
Meira enn 600 000 kr	12	21	24
Í alt (N)	100 (458)	100 (393)	100 (170)

Kelda: H.West (2004); Spurnakanning millum uppstillað og vald í 2000 og 2004

Tað sær eisini út til, at útskiptingin av politikarum minkar. Fleiri verða uppafurstillað og afturvald. Tað merkir, at færri í samfelagnum sleppa at royna seg sum fólka Vald umboð – kommunupolitikkur fer í minni mun at vera ein skúli í fólkaræði. 3. talva vísir, hvussu stórir partur av teimum uppstillaðu í 2000 og 2004 hevði verið uppstillaður fyrr, og hvussu stórir partur av teimum, sum vóru uppafurstillað, varð valdur í mun til tey, sum stillaðu upp fyrstu ferð.

3. TALVA: UPPAFTURSTILLING (í prosentum)

	Kvinnur uppst. 2004	Kvinnur uppst. 2000	Kvinnur valdar 2004	Kvinnur valdar 2000	Menn uppst. 2004	Menn uppst. 2000	Menn valdir 2004	Menn valdir 2000
Uppstillað 1. ferð	57	67	36	48	45	45	27	27
Uppafur- stillað	43	33	64	52	55	55	73	73
Í alt (N)	100 (248)	100 (284)	100 (50)	100 (63)	100 (535)	100 (667)	100 (170)	100 (209)

Kelda: Dátubasa yvir uppstillað og vald til bý- og bygdaráð 1992-2004

3. talva hevur tvinnar áhugaverdar upplýsingar: Fyri tað fyrsta síggja vit, at meira enn helvtin av monnunum eru uppafurstillaðir, meðan tað er munandi størri partur av kvinnunum, sum stillar upp fyrstu ferð. Hetta er

kanska sjálfsagt, tí kvinnur vóru í nógv ár illa umboðaðar á flokslistunum, og tað, at fleiri eru uppstillaðar fyrstu ferð, merkir ofta, at nú eru fleiri kvinnur komnar upp á ein lista, har tað fyrr ikki hava verið so nógvar kvinnur. Eisini kvinnulistar hava ofta nýggj nøvn á listunum. Tað, at ein størri partur av kvinnunum á listunum í 2004 hevur verið uppstillaður fyrr, kann vera eitt tekin um, at kvinnur sum bólkur hava styrkt sína støðu í kommunupolitikki. – Hitt, sum 3. talva vísir, er at tey, sum hava verið uppstillað fyrr, og tá er talan bæði um kvinnur og menn, hava munandi størri kjans at verða vald, enn tey sum stilla upp fyrstu ferð. Í 2004 høvdu 73 % av teimum valdu monnunum og 64 % av teimum valdu kvinnunum verið uppstillað fyrr.

Kommunusamanlegging merkir, at talið á fólkavaldum minkar. 3. talva vísir, at tá talið á fólkavaldum minkar, verða tað eisini lutfalsliga færri nýggj nøvn á vallistunum, og færri nývald at finna í bý- og bygðaráðum aftan á eitt val. Høvdu tað verið fleiri umboð, høvdu eisini fleiri kvinnur sloppið at roynt seg sum kommunupolitikarar – og kanska seinni roynt seg sum løgtingspolitikarar eisini. Hyggja vit at løgtingslimunum, hava tey alra flestu roynt seg sum kommunupolitikarar, áðrenn tey koma í Løgtingið. Gongdin er nú, at elitan í samfelagnum verður betur umboðað enn fjøldin.

Ein orsök til at tað eru tey sum eru væl fyrri peningaliga, sum verða best umboðað, er valskipanin. Kommunuválini eru skipað sum persónval. Tað er ein valskipan, har atkvøðurnar fara til tann einstaka og sjáldan til listan. Fram til 1972 var valskipanin øðrvísi. Tá var tað so, at tá ein listi fekk nóg nógvar atkvøður til at fáa ein valdan, var tað tann, sum stóð ovast á listanum, sum fekk sessin. Í 1972 var hetta broytt: Nú setir veljarin kross við tann persónin, sum hann ella hon helst vil hava inn, og valevnið við flestum krossum verður valt.

Ein so persónfokuserað valskipan sum tann føroyska ger, at tað verður ein kapping millum valevnini heldur enn millum flokkarnar, tað verður „Ein móti øllum, øll móti einum“. Í staðin fyri at tosa um hugmyndir og skrá hjá flokkinum ella listanum, verður tað ofta tosa um at fáa rætta persón í bygda-ella býráðið. Tað eru eisini dømi um harða kapping millum valevni í sama flokki. Hvussu stóran týdning effektiv marknaðarføring hevur fingið sum partur av valstríðnum, skiltu vit av úrslitum frá tí fyrru spurnakanningini. Millum svørini sum komu inn í 2004 frá 2000-uppstillingini, vóru tvær viðmerkingar, sum loyptu hvøkk á okkum. Spurningurin var:

Spurningur 25: Um tygum verða biðin um at standa á lista til kommunuvalið 2004, hvat er svarið?

Respondentur nr. 69 svaraði

Ja, eg havi hug at stilla upp

Ja, kanska

X *Nei, eg haldi ikki*

Nei, eg havi ongan hug

Og kom við hesi viðmerking:

"Hetta kemst av, at hetta at stilla upp er vorðið so ovurhonds dýrt. Hetta er einasta grund!"

Hin skrivaði, at til næsta val var teirra kommuna lögð saman við Havnini, og at tá fór hann ikki at hava ráð at stilla upp.

Vit settu tí nýggjan spurning í tí kanninginini, sum varð gjørd í 2006 millum teirra, sum vóru uppstillað í 2004, um hvussu nógv tey høvdu brúkt av pengum í valstríðnum. Úrslitini síggja vit í 4. talvu, sum m.a. vísir, hvussu nógv tey uppstillaðu hava brúkt av egnum peningi í valstríðnum í smáum, miðalstórum og stórum kommunum.

4. TALVA:

VALIÐ Í 2004 Í SMÁUM, MIÐALSTÓRUM OG STÓRUM KOMMUNUM

	Smáar kommunur 3-5 limir í bygðaráðnum	Miðalstórar kommunur 7-9 limir í bygða-/ býráðnum	Stórar kommunur 11-13 limir í býráðnum	Íalt
Uppstillað	163	432	188	783
Kvinnur uppstillðar	57	135	56	248
Vald	65	109	46	220
Kvinnur valdar	17 (26 %)	22 (20 %)	11 (24 %)	50 (23 %)
Afturvald	38	52	29	119
Kvinnur afturvaldar	8	7	5	20
Miðalaldur (n=389)	44 ár	44 ár	45 ár	
Meira enn 7 ára útbúgving aftan á 7. flokk (n=385)	24 %	47 %	61 %	
Egnar útreiðslur til valstríðið (n=379)	0 kr	281 kr	3.909 kr	

Keldur: Dátugrunnur yvir uppstillað og vald til bý- og bygðaráð 1992-2004;
Spurnakanning millum uppstillað og vald í 2000 og 2004

Tølini vísa, at í bygðaráðum við trimum og fimm limum tørvar teimum ikki at seta pening í valstríðið, men í Havn er tað vorðið dýrt. Ein sigur seg at hava brúkt 60.000 kr úr egnum lumma! Tað er hugaligt, at tað framvegis er so stórir áhugi fyri at sita í bý- og bygðaráðum. Men tað kann fáa álvarsamar fylgjur fyri fólkaræðið, um tað eru tey, ið satsa mest av pengum, sum verða vald. Tey, sum eru uppstillað, eiga ikki at verða kroyst til sjálvi at skaffa pengar til valstríðið. Um gongdin sleppur at halda fram, kann tað vera vandi fyri, at tað verða tey ríku, sum fáa politiska valdið (meritokrati ella plutokrati í staðin fyri demokrati), ella at onkur múgvandi fer at hjálpa vevnum at fígga valstríðið og so vænta at fáa okkurt afturfyri, t.d. góð grundstykki frá kommununi (mafiamentan). Tað er vert at vera fyrivarin og í fyrstu at løgu at taka politisk stig til eftirlit við peningabrúki í valstríðnum. Í aðru at løgu eigur at vera umhugsað, hvat slag av kommunalum fólkaræði, vit vilja hava í Føroyum.

4. talva speglar eisini onnur árin av hørðu kappingini um at fáa ein býráðssess í teimum stóru kommununum. 61 % av hesum býráðslimum hava langa útbúgving; og hóast Havnin fekk næstan líka nógvar kvinnur sum menn í býráðið, eru tað tilsaman bert 23 % av teimum 46 býráðslimum í teimum fyra størstu kommununum, sum eru kvinnur, og bert fimm kvinnur vóru ikki nývaldar.

Samanumtøka

Tann gamla kommunuskipanin verður nú broytt við samanleggingum og nýggjum ábyrgdarbýti millum land og kommunu. Í 1997 vóru 50 kommunur, í dag eru 34 kommunur, og málið hjá summum er, at tað bert skulu vera 7 kommunur í Føroyum í framtíðini.

Skipanin við teimum nógvu kommununum hevði støði í lokalum identiteti, lokalpatriotisma hevur fingið bygdafolk at „taka lógvatak saman.“ Bygda- og býráðini hava havt rásarúm til at føra ein sjálvstøðugan politikk til frama fyri bygðina ella býin. Nú verður størri dentur lagdur á effektivitet. Kommunurnar skulu kunna leggja ætlanir fyri, seta í verk og reka stovnar, sum landið fyrr hevði ábyrgd av. Krøvini um solidaritet eru vaksandi, somu tilboð skulu vera fyri øll í landinum. Tað merkir, at um kommunurnar skulu hava tær almennu velferðartænasturnar um hendi, krevur tað samskipan og eftirlit frá landsfyrisingini. Avbjóðingin er at finna eina javnvág millum *System Capacity* og *Citizen Effectiveness*. Tað kommunala fólkaræðið hevur nøkur serlig virði, sum eiga at verjast (Offerdal 2007). Nú tann kommunala stýrisskipanin verður broytt, má fyrilit takast fyri, hvussu skipanin kann tryggja eina politisku umboðan í bygda- og býráðum, sum fólkið í kommununi meta at vera rætta og góða. Tað er av týðningi, at fólk eisini í framtíðini fara at brýggja seg um tað, sum hendir í nærumhvørvinum, og meta seg før fyri at ávirka tann politikk, sum verður førdur í kommununi.

HEIMILDIR

- Dahl, Robert A. og Edward R. Tufte. 1973. *Size and democracy*. Stanford University Press. Stanford, California.
- Fimreite, Anne Lise. 2003. Velferdsstat og lokaldemokrati – uforenlige størrelser? *Norsk Statsvitenskapelig Tidsskrift Vol. 19*. Universitetsforlaget.
- Hansen, Tore. 2005: Lokalpolitisk uavhengighet og statlig styring. *Samspill og tillit, NOU 2005:6*.

- Holm, Dennis og Bjarni Mortensen. 2002. *Kommunalt samstarv – ein onnur loysn enn kommunusamanlegging?* (No. Arbeidsrit nr. 1/2002). Granskingardepilin fyri Økismenning. Klaksvík.
- Kjellberg, Francesco. 1995. The Changing Values of Local Government. *Annals of the American Academy of Political and Social Studies*. Juli.
- Kjær, Ulrik og Poul Erik Mouritzen ritstj. 2003. *Kommunestørrelse og lokalt demokrati*. Syddansk Universitetsforlag. Odense.
- Kommununevndin. 1998. *Frágreiðing um kommunurnar í Føroyum. Nýggj kommunal skipan*. Føroya landsstýri.
- Kommununevndin. 1997. *Uppgávu- og ábyrgdarbýtið. Nýggj kommunal skipan*. Føroya landsstýri.
- Kommununevndin. 1998. *Nýggj kommunal skipan. Niðurstøða og tilmæli*. Føroya landsstýri.
- Mørkøre, Jógvan. 2007. Undirvísingartilfar. Søgu- og samfelagsdeildin, Fróðskaparsetur Føroya.
- Newton, Kenneth. 1982. Is Small Really so Beautiful? Is Big Really so Ugly? *Political Studies*, vol. 30.
- Offerdal, Audun. 2007. Lokalt styreinndeling: administrativ effektivitet og sosiale realitetar. Framløga, kommunuseminar í Tórshavn 21. juni 2007.
- Sharpe, L.J. 1970. Theories and values in local government. *Political Studies*
- West, Hallbera. 2004. *Folket i det moderne demokrati – En analyse af medborgerskab på Færøerne*. Institut for Statskundskab, Københavns Universitet.

SUMMARY

In the 2004 election the number of Faroese municipal councils was reduced from 48 to 34. The next election will take place in November 2008. By then the number of municipalities is expected to be reduced further, following a law passed in the Parliament (Løgting) February 2007 which sets up a new municipal system consisting of seven regions. Each region may either be constituted as a municipality unit or as a cooperation between diverse independent municipalities. Several municipalities are now discussing full amalgamation.

This article about the ongoing structural changes in Faroese municipal politics consists of three parts. First the present amalgamation of Faroese municipalities is discussed in the light of theoretical contributions, focusing on basic values of local government, and possible conflicts between small size democracy and system capacity. The local government system in the Faroes (as in Iceland) has traditionally been constituted by many small municipalities. Larger municipalities are expected to be more able to manage new policy tasks, welfare policy being of main current interest.

However, a reduction to fewer municipalities also means fewer people elected to the municipal councils. The consequences for the local democracy will most probably be that far less people will be directly involved in local politics in the future. The number was reduced from 272 in 2000 to 220 in 2004. The proposal of a radical structural reform with only seven municipal councils may reduce the total number of Faroese local politicians to less than 80. The second part of the article deals with the question of how the reduction of municipal councils already seems to effect the recruitment of local politicians. Results from surveys among the nominated candidates for the 2000 and the 2004 elections reveal harder competition. Those with experience as elected representatives are often reelected, and this tendency is stronger in 2004 than in 2000, making it harder for new-comers to enter office. The share of candidates and elected with high education is higher in 2004 than in 2000, and the survey from 2004 also shows that the share of wealthy people amongst the elected is considerably higher than the distribution of wealth in the population would indicate. The underrepresentation of female politicians in the Faroes is already well-known, but this survey also reveals barriers for new-comers, the less wealthy and the less educated to enter municipal councils. The third part of the article draws attention to how the present electoral system favours candidates who can afford expensive electoral campaigns – a threat to fair representation in the municipal councils.

Sameining sveitarfélaga

– nýir tímar kalla á nýjar aðferðir

Inngangur

Í þessari grein er leitast er við að sýna fram á að sameining sveitarfélaga sé svar við breyttum samfélagsháttum og aðferð til þess að takast á við ný og breytt verkefni við nýjar aðstæður. Fjallað er almennt um íslenska sveitarstjórnarstigið útfrá verkefnum og stærð og fjölda sveitarfélaga til að setja umræðuna í samhengi.

Bakgrunnur stjórnskipunarinnar sem sveitarfélögin eru hluti af – fulltrúalýðræðisstjórnkerfi byggt á hugmyndafræði upplýsingarinnar og þróað með iðn- og tæknivæðingu Vesturlanda – hefur verið að taka miklum breytingum á undanförunum áratugum. Þessar breytingar á efnahagsgerðinni – aukin tæknivæðing, nýjar atvinnugreinar, búsetuháttarbreytingar og hnattvæðing (e. globalization) – hafa kallað á það að stjórnkerfið breyttist til þess að takast á við þennan breytta veruleika. Aðferðin hefur verið að fækka og stækka sveitarfélögin í þeim tilgangi að gera þau hæfari til að takast á við verkefni sín í þessum breytta þjóðfélagsveruleika. Nálgunin hefur verið tæknileg og markmiðin fyrst og fremst þau að sveitarfélögin verði skilvirkar þjónustueiningar. Í þessu hafa tvö mikilvæg atriði gleymst, eða a.m.k. ekki notið verðskuldaðrar athygli; annars vegar hefur lýðræðishlutverk sveitarfélaganna verið á hliðarlínunni og svo hefur ekki verið hugað nægjanlega að þáttum sem lúta að félagslegri samsömun (e. social identity) íbúanna.


Varpað verður fram nokkrum spurningum varðandi þessa tvo þætti. Hvernig hefur lýðræðinu vegnað í þessum breytingum og hvað má gera til að auka veg þess? Hvernig tengist félagsleg samsömun sveitarstjórnarstiginu og hvað er unnt að gera til þess að láta þessa þætti vinna saman?

Breytt samfélagsgerð

Seinni hluti tuttugustu aldar er tími mikilla breytinga í íslensku samfélagi hvort sem horft er til efnahagsgerðarinnar, innviða samfélagsins eða


byggðamynstursins sem slíks. Hlutur landbúnaður og sjávarútvegs, sem áður voru undirstöðu atvinnugreinar þjóðarinnar hefur farið ört minnkandi og aðrar atvinnugreinar staðið undir þeim vexti sem einkennt hefur þjóðarbúskapinn á undanförunum áratugum. Þannig lögðu þessar atvinnugreinar 1976 til 11% landsframleiðslunnar en árið 2006 var þetta hlutfall komið niður í 6%. Á sama tíma óx hlutur verslunar- og þjónustugreinanna úr 54% í 70% landsframleiðslunnar. Frekari sundurliðun á þessum stærðum má sjá á myndum 1 og 2 hér að neðan.

Mynd 1: Skipting landsframleiðslu 1976



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 2: Skipting landsframleiðslu 2006



Heimild: Hagstofa Íslands


Annar mælikvarði á vægi einstakra atvinnugreina er fjöldi þeirra sem starfa í viðkomandi atvinnugrein. Myndir 3 og 4 sýna hlutfallslega skiptingu starfa eftir atvinnugreinum, annars vegar 1991 og hins vegar 2006.

Mynd 3: Hlutfall starfandi eftir atvinnugreinum 1991



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4: Hlutfall starfandi eftir atvinnugreinum 2006



Heimild: Hagstofa Íslands

Samhliða og sem hluti af þessari breyttu atvinnuvegasamsetningu hefur átt sér stað mikil tæknibylting sem m.a. hefur fækkað störfum í hinum hefðbundnu framleiðsluatvinnuvegum og verið forsenda vaxtar í hinum nýju atvinnugreinum þekkingarhagkerfisins. Öll þessi þróun hefur svo leitt til þess að vægi fjármagns og menntaðs vinnuafls í efnahagsstarfseminni hefur aukist á kostnað aðgengis að náttúruauðlindum og hefðbundinna framleiðslupátta á borð við fasteignir, vélar og tæki. Í þessu breytta hagkerfi, sem gengið hefur undir ýmsum nöfnum í umræðunni, s.s. upplýsingahagkerfið, þekkingarhagkerfið og nýja hagkerfið, eru á ferðinni kraftar eða lögmál sem hafa áhrif á landfræðilega dreifingu efnahagsstarfseminnar sem er með nokkuð öðrum hætti en áður var. Í hinu hefðbundna iðnaðar-/framleiðslu-

hagkerfi réðst staðsetning einstakra þátta efnahagsstarfseminnar oft af hlutfallslegum yfirburðum eða staðsetningu einstakra framleiðsluþátta, s.s. náttúruauðlindum. Staðsetning efnahagsstarfseminnar í hagkerfum nútímans ræðst sífellt minna af slíkum þáttum en í staðinn eru komnir tilteknir samþjöppunarkraftar þar sem annars vegar innbyrðis skyldar atvinnugreinar hafa tilhneigingu til að þjappast saman á ákveðin svæði eða þá að einstök svæði laða til sín mikla og fjölpætta atvinnustarfsemi sem þá verður til þess að atvinnustarfsemi á öðrum svæðum verður lítil sem engin (Baldwin & Wyplosz 2006:234–237).

Jafnhliða þessari þróun í efnahagsgerðinni hefur ráðandi pólitísk hugmyndafræði undanfarinna áratuga einkennt af markaðs- og einkavæðingu á sífellt fleiri sviðum samfélagsins. Sú þróun hefur m.a. leitt af sér gjörbreytt hlutverk og aðstæður fyrir sveitarfélögin þar sem hlutverk þeirra í atvinnumálum er orðið hverfandi og áherslan öll færst yfir á það að veita tiltekna þjónustu, bæði lögbundna og einnig valkvæða. Þannig hefur markaðnum verið falið það hlutverk að byggja upp og viðhalda atvinnulífi og þar með efnahagslegum forsendum einstakra sveitarfélaga og svæða án beinnar aðkomu sveitarfélaganna, sem handhafa almannavaldsins hvert á sínu svæði.

Sú tæknibylting sem hefur verið þáttur í þeim breytingum sem orðið hafa á efnahagsgerðinni hefur einnig skilað sér í því að gerbylta ýmsum þáttum í grunngerð samfélagsins, s.s. samgöngum og fjarskiptatekni. Þannig hafa vegsamgöngur batnað með þeim hætti að ferðatími á milli staða og einstakra byggðarlaga hefur minnkað verulega. Einnig hefur tölvu- og upplýsingateknin virkað með sama hætti til þess að minnka vegalengdir eða öllu heldur gera aðgengi að ýmissi þjónustu aðgengilegt óháð vegalengdum á milli þjónustuþega og þjónustuveitanda.


Afleiðingar breyttrar efnahagsgerðar hefur verið þéttbýlismyndun með tilheyrandi fólksfækkun í dreifbýli. Þróunin allt fram á miðjan áttunda áratuginn einkenndist af vexti þéttbýlis víða um land á kostnað sveitanna. Síðan þá hefur megin einkenni þróunarinnar hins vegar verið öflug þéttbýlismyndun á höfuðborgarsvæðinu þar sem þéttbýli landsbyggðarinnar hefur látið undan síga þó ekki hafi það verið í saman mæli og í dreifbýlinu. Ekki er ólíklegt að þessi skil í þróuninni megi rekja til aukins vægis þekkingar- og markaðshagkerfisins með sama hætti og vélvæðing sjávarútvegsins á sínum tíma, sem segja má að sé hin eiginlega iðnvæðing landsins, stóð að baki þeirri þéttbýlismyndun sem einkenndi meginhluta síðustu aldar.

Íslenska sveitarstjórnarkerfið

Grunnur íslenskrar stjórnskipunar hvílir á stjórnarskránni frá 1874 og segja má að sveitarstjórnarkerfið hafi verið flutt inn frá Danmörku 1872 þó svo að skipting landsins í sveitarfélög hafi að miklu leyti byggst á hreppaskipaninni sem rekja má allt til tíundu aldar. Við upphaf heimastjórnar 1904 voru stjórnsýslustigin fjögur, þ.e. ríki, amt, sýsla og sveitarfélag. Árið 1907 eru ömtin lögð niður og frá 1987 heyrir sýsluskipanin einnig sögunni til (Gunnar Helgi Kristinsson 2005:167). Þannig eru stjórnsýslustigin í dag aðeins tvö, ríki og sveitarfélög.

Á undanförunum árum eða allt frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar og fram yfir síðustu sveitarstjórnarkosningar 2006, hefur sveitarfélögunum fækkað verulega með sameiningu þeirra. Þannig voru þau 214 í lok níunda áratugarins en einungis 79 við síðustu sveitarstjórnarkosningar. *Mynd 5* sýnir hvernig fjölda þeirra hefur þróast á tímabilinu.


Mynd 5: Fjöldi sveitarfélaga 1988–2006



Heimild: Samband ísl. sveitarfélaga

Hvort sem er í alþjóðlegum eða norrænum samanburði eru íslensk sveitarfélög fámenn. Þannig eru í dag nærri sex af hverjum tíu með færri en þúsund íbúa og fjórðungur þeirra hefur færri en þrjú hundruð íbúa. *Mynd 6* sýnir skiptingu sveitarfélaganna eftir íbúafjölda.

Mynd 6: Íbúafjöldi sveitarfélaga 2006



Heimild: Samband ísl. sveitarfélaga

Eins og myndin ber með sér eru íslensk sveitarfélög ákaflega ólík hvað stærð varðar, eða allt frá því að hafa yfir eitt hundrað þúsund íbúa (Reykjavík) og niður í það að sex þeirra hafa innan við eitt hundrað íbúa. Það gefur augaleið að aðstæður og geta þeirra til að sinna verkefnum sínum hlýtur að endurspeglast í þessum mun að einhverju leyti.

Í samanburði við hin Norðurlöndin eru verkefni íslenskra sveitarfélaga tiltölulega fá og staðbundin stjórnvöld hér ráðstafa einnig mun minni hluta opinberra útgjalda en þar tíðkast (Gunnar Helgi Kristinsson 2005:167). Eins og fram hefur komið er sveitarstjórnarstigið eina stjórnsýslustigið neðan við ríkisvaldið hér á meðan algengast er erlendis að þessi stig séu tvö og jafnvel fleiri. Þessi staða ásamt tiltölulega miklum fjölda smárra sveitarfélaga skýrir að einhverju leiti mikla miðstýringu íslenska stjórnkerfisins. Það einfaldlega vantar getu til þess að fást við mikilsverð úrlausnarefni á hinu dreifstýrða stjórnsýslustigi sem sveitarfélögin eru.

Hlutverk sveitarfélaganna

Hlutverk sveitarfélaganna er skilgreint í sérstökum lögum sem um þau gilda (Sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998) en einnig er að finna ákvæði um skyldur þeirra og verkefni í fjölmörgum öðrum lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Megin hlutverkið liggur í ýmis konar þjónustu við íbúana, s.s. grunnskólarekstri, félagsþjónustu og verkefnum á sviði íþróttar, æskulýðs- og menningarmála. Þá fara þau einnig með ýmis stjórnsýsluverkefni

s.s. skipulagsmál, byggingareftirlit og útgáfu vínveitingaleyfa. Uppbygging grunngerðar eins og gatnakerfis og veitustarfsemi ýmis konar er einnig á verkefnasviði þeirra. Við upptalningu á hlutverki sveitarfélaganna í þeim sérلögum sem um þau gilda vekur það athygli að hvergi er minnst berum orðum á lýðræðishlutverk þeirra en þó kemur fram að þau „... ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð“ (Sveitarstjórnalög 1998:1. gr.). Þar sem kosið er til sveitarstjórna í almennum kosningum má því segja að auk þeirra verkefna sem áður voru talin, þá séu sveitarfélögin vettvangur til þróunar og stjórnnunar nærsamfélagsins á hverjum tíma.

Sú áhersla á rekstur og úrlausn tiltekinna verkefna sem lög og reglur um sveitarfélögin fela í sér hefur, ásamt erfiðri fjárhagsstöðu flestra þeirra leitt til þess að lýðræðishlutverkið, sameiginleg stefnumótun um þróun einstakra samfélaga, hefur orðið útundan. Áður en við víkjum frekar að þeim hlutum skulum við hins vegar skoða hvaða rökum og aðferðum hefur verið beitt við sameiningu þeirra á undanförunum árum.

Rök og aðferðir við sameiningu sveitarfélaga

Sé litið til opinberrar stefnumörkunar um sameiningu sveitarfélaga, eins og hún birtist t.a.m. í skýrslum stjórnvalda, er ljóst að áherslan hefur verið á það að gera þau skilvirkari sem stjórnsýslueiningar. Þættir eins og rekstrarhagkvæmni, aukin sérhæfing og fagmennska í stjórnsýslu og fjárhagslegt bolmagn eru atriði sem nefnd hafa verið sem rök fyrir sameiningum. Þessir þættir eru taldir forsenda þess að sveitarfélögin geti tekið að sér aukinn hlut opinberra geirans. Þannig verði vald þeirra aukið um leið og þau öðlist meiri stjórn á eigin málefnum með fleiri verkefnum (Félagsmálaráðuneytið 2005). Það má því segja að með því að efla og stækka sveitarfélögin sé verið að stuðla að ákveðinni valddreifingu með svæðisbundinni stjórnun. Verið er að skapa forsendur til þess að færa verkefni frá miðstýrðu ríkisvaldi til staðbundinna stjórnvalda. Fyrir þá sem vilja kynna sér frekar röksemdir með og á móti sameiningum sveitarfélaga eins og þær hafa birst í sögulegu samhengi er bent á Grétar Þór Eypórsson (1998).

Eins og fram hefur komið hefur íslenskum sveitarfélögum fækkað verulega frá því í lok níunda áratugarins. Á tímabilinu hafa stjórnvöld í tvígang, í samstarfi við samtök sveitarfélaga, staðið fyrir sérstökum átaksverkefnum til eflingar og stækkunar sveitarfélaga. Á grundvelli ákvæða sveitarstjórnarlaga sem kveða á um það að sveitarfélag, „... verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu ... séu fylgjandi sameiningu en andvígir, ...“ hefur aðferðafræðin verið sú að leggja sameiningartillögur fyrir íbúa

sveitarfélaganna í almennum kosningum (Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998). Eina undantekningin frá þessu eru ákvæði laganna þess efnis að heimilt sé að sameina sveitarfélag nágrannasveitarfélagi hafi íbúatala þess verið undir 50 þrjú ár samfelld, nema landfræðilegar aðstæður hindri. Því ákvæði hefur þó ekki verið beitt í öllum tilfellum.

Eins og áður sagði hefur á undanförunum árum tvisvar sinnum verið efnt til sérstakra átaksverkefna til eflingar og stækkunar sveitarfélaga. Fyrri sameiningarátakið fór fram árið 1993 og var þá kosið í 185 sveitarfélögum um 32 sameiningartillögur sem hefði fækkað sveitarfélögunum úr 196 í 43, en gert var ráð fyrir að 11 sveitarfélög yrðu óbreytt. Einungis ein tillagnanna fékk tilskilinn stuðning og flestar voru felldar í miklum meirihluta sveitarfélaganna (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson 2002). Seinna átakið stóð frá 2003–2005 og lauk með kosningum í 66 sveitarfélögum um 16 sameiningartillögur sem hefði fækkað sveitarfélögunum úr 95 í 46 hlytu þær samþykki (Félagsmálaráðuneytið 2005). Niðurstaða kosninganna varð líkt og 1993 að aðeins ein tillaga hlaut tilskilið samþykki (Samband íslenskra sveitarfélaga 2005).

Þó svo að beinn árangur af þeim átaksverkefnum um sameiningu sveitarfélaga sem hér hefur verið lýst hafi ekki verið mikill hefur sveitarfélögunum fækkað verulega á þessum árum (úr 171 í 79 frá 1994 til 2006). Það má því færa rök að því að umræðan sem átaksverkefnin hafa skapað ásamt fjárhagslegri hvatningu stjórnvalda, hafi ýtt undir frumkvæði heimamanna til að takast á við verkefnið. Það er þó ekki einhlýtt og því er sveitarstjórnarkerfið sem slíkt óbreytt sem kemur m.a. fram í því að stærðarmunur sveitarfélaga er gríðarlegur og mörg þeirra undir þeim íbúamörkum að geta tekist á við þau verkefni sem lög og kröfur samtímans gera ráð fyrir (Félagsmálaráðuneytið 2005). En ef sameining sveitarfélaga er svar við breyttum samfélagsháttum og aðferð til að takast á við ný og breytt verkefni, hvernig stendur þá á því að ákveðin svæði (sveitarfélög) taka ekki þátt í því? Við skulum aðeins skoða hvaða ljósi hefur verið varpað á það.

Afstaða til sameiningar sveitarfélaga

Fræðilegar rannsóknir á sameiningum sveitarfélaga á Íslandi eru að sönnu ekki miklar að vöxtum en þó hefur viðfangsefnið verið skoðað með kerfisbundnum hætti í tveimur rannsóknum (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson 2002). Hér verður gerð grein fyrir rannsókn á sjö sameiningum sem áttu sér stað á árunum 1994–1998 og unnin var af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri á árunum 2000–2002 undir stjórn Dr. Grétars Þórs Eypórssonar.

Sveitarfélögin í rannsókninni endurspegla ákveðinn fjölbreytileika hvað varðar landfræðilegar aðstæður, þann fjölda sveitarfélaga sem sameinast, mismunandi pólitískan bakgrunn sameininganna (átök/eining) og svo taka þær yfir nokkurn tíma. Sveitarfélögin í rannsókninni voru Borgarfjarðarsveit (myndað 1998), Dalabyggð (myndað 1994), Fjarðabyggð (myndað 1998), Snæfellsbær (myndað 1994), Sveitarfélagið Árborg (myndað 1998), Sveitarfélagið Skagafjörður (myndað 1998) og Vesturbyggð (myndað 1994) (Grétar Þór Eypórsson 2002:8–9).

Aðferðafræði rannsóknarinnar var margþætt og byggðist bæði á megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum og skiptist gagnaöflun í fernt:

- Framkvæmdar voru skoðanakannanir á grundvelli slembiúrtaks meðal íbúa sveitarfélaganna og var úrtakið lagskipt til þess að tryggja nægjanlegan fjölda úr hverju hinna eldri sveitarfélaga.
- Póstkannanir voru framkvæmdar meðal allra sveitarstjórnarmanna og helstu embættismanna sveitarfélaganna.
- Tekin voru viðtöl við valda kjörna fulltrúa, bæjar- og sveitarstjóra og aðra embættismenn sveitarfélaganna.
- Upplýsingar úr skýrslum, ársreikningum og öðru efni frá sveitarfélögum.

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á það hvaða áhrif og afleiðingar sameining sveitarfélaganna hafði á nokkra skilgreinda þætti sem voru:

- Lýðræði – bæði út frá sjónarhóli íbúa og sveitarstjórnarmanna en einnig sem svæðisbundið innan hins sameinaða sveitarfélags.
- Rekstur og fjármál – áhrif á tekjur og gjöld sem og efnahag.
- Þjónusta sveitarfélagsins – áhrif á þjónustustig í völdum málaflokkum og aðgengi að henni.
- Stjórnsýsla – greining breytinga á fyrirkomulagi og mismunandi skipulags.
- Búsetu- og byggðapróun – áhrif sveitarfélagsins á þessa þróun og uppbyggingu atvinnulífs.

Megin niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að íbúar eru almennt þeirrar skoðunar að lýðræðisleg staða þeirra hafi veikt í þeirri merkingu að aðgengi að kjörnum fulltrúum hafi minnkað. Sérstaklega á þetta við um þá sem búa utan kjarnasvæðis hins sameinaða sveitarfélags. Almennt er mat kjörinna

fulltrúa á þessum þáttum í takt við mat íbúanna. Frekar verður fjallað um samspil lýðræðisins og sameiningar sveitarfélaga síðar.

Almennt leiðir sameining sveitarfélaga til styrkingar á rekstri og fjárhag sveitarfélaganna. Fagmennska í rekstri eykst og fjármunir eru betur nýttir til að veita skilgreinda þjónustu. Þá hafa framlög úr Jöfnunarsjóði styrkt sameinuð sveitarfélög sem í einhverjum tilfellum hefur gefið þeim úmabundið aukna framkvæmdagetu.

Í sameinuðum sveitarfélögum er þjónusta í flestum tilfellum eitthvað aukin frá því sem var. Sérstaklega á þetta við um jaðarsvæðin þar sem þjónustan var minni fyrir en eitt af því sem sameiningar virðast leiða af sér er jöfnun á þjónustustigi innan sameinaðra sveitarfélaga.

Það virðist fara eftir gerð sveitarfélaga hvernig fyrirkomulag er haft á stjórnsýslunni. Þegar þéttbýlisstaðir sameinast virðist stjórnsýslunni dreift og þá á tvo vegu. Þar sem einn þéttbýliskjarni er ríkjandi er þetta gert með miðlægri aðalskrifstofu en þar sem meira jafnvægi ríkir á milli þéttbýliskjarna er stjórnsýslan alveg dreifð. Í minni sveitarfélögunum er frekar valin sú leið að þjappa stjórnsýslunni á einn stað.

Sameining sveitarfélaga er af íbúum og sveitarstjórnarfólki almennt talin hafa styrkt atvinnu- og byggðamál í viðkomandi samfélögum. Aukin þjónusta bæti búsetuskilyrðin og hamli þannig íbúafækkun. Sú niðurstaða kemur raunar heim og saman við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á búsetuskilyrðum á landsbyggðinni.

Lýðræðishlutverk sveitarfélaga

Ef við drögum saman megin línur í þeim niðurstöðum sem gerð var grein fyrir hér að framan má segja að hin tæknilegu markmið um styrkingu á rekstri og fjárhag sveitarfélaganna, jöfnun á þjónustustigi og því að mynda stjórnsýslueiningar sem geta veitt viðspyrnu í atvinnu- og byggðamálum, hafi náðst. Hins vegar benda niðurstöðurnar til þess að íbúar sveitarfélaganna og raunar kjörnir fulltrúar einnig, upplifi einhvers konar veikingu á lýðræðislegu hlutverki sveitarfélaganna. Aðgengi að kjörnum fulltrúum hafi versnað og þá ekki síst vegna þess að í kjölfar sameininga hefur þeim sem hlutfalli af íbúafjölda, fækkað verulega.

Í þessum niðurstöðum má segja að birtist hin klassíska umræða sem varðar form og innihald lýðræðisins. Þannig hafi formið veikt hvað varðar fjölda kjörinna fulltrúa og aðgengi kjósenda að þeim en á móti má segja að skilvirkni hins lýðræðislega kjörna stjórnvalds hafi aukist og þannig hafi lýðræðið innan sveitarfélaganna styrkst. Þessi skilvirkni eða m. ö. o. geta

stjórnvalda til aðgerða og þar með að framkvæma vilja almennings má telja að sé meðal nauðsynlegra skilyrða þess að lýðræðið hafi inntak. Það eitt stjórnarforma felur í sér það grundvallar skilyrði að fólk eigi valkost, ekki bara um það hverjir stjórnir heldur einnig hvernig og að hvaða markmiðum sé stefnt. Valinu sem megin inntaki lýðræðisins hlýtur því að fylgja að það sem valið er komist í verk (Sharpe 1973ab).

Þátttaka almennings í stjórnámálum er eitt af þeim atriðum sem talin hafa verið til marks um virkt lýðræði. Megin farvegur slíkrar þátttöku í því fulltrúalýðræði sem við þekkjum eru stjórn málaflakkar. Starf stjórn málaflakka í minnstu sveitarfélögunum er varla fyrir hendi og virkni starfsins eykst með stækkun sveitarfélaga. Þannig er jákvætt samband á milli stærðar sveitarfélaga, virkra stjórn málaflakka og skoðunar íbúanna á því hvort þeir geti haft áhrif á stefnu sveitarfélagsins (Gunnar Helgi Kristinsson, 2005:175–177). Til viðbótar við skilvirknina hefur stækkun sveitarfélaga því jákvæð áhrif á þátttökuna sem einn þeirra mælikvarða sem nota má á lýðræðið.

Segja má að hugmyndin um tengsl lýðræðis og sveitarstjórna sé einn af rauðum þráðum lýðræðisumræðunnar eins og hún hefur þróast allt frá dögum J. S. Mill. Samkvæmt þeim kenningum sem við hann hafa verið kenndar eru sveitarstjórnirnar nokkurs konar uppeldisstöð eða skóli fyrir lýðræðið. Þar gefist hinum almenna borgara fyrstu tækifærin til að fást við opinbera ákvarðanatöku og að ráða sjálfir til lykta þeim málum sem þá varða. Í gegnum þátttöku í slíku starfi öðlist fólk reynslu sem sé til þess fallin að auka hæfni þess til ákvarðanatöku í stærra samhengi, s.s. á landsvísu (Mill 1972). Rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa stutt kenninguna, en í þeim hefur m.a. komið fram að eftir því sem fólki bjóðast fleiri tækifæri til stjórn málaþátttöku því hæfara telur það sig vera til hennar og einnig er það skoðun fólks að það geti fremur haft áhrif á sveitarstjórnarmál en landsmál (Almond og Verba 1965 er klassískt dæmi um rannsókn af þessu tagi).

Megin einkenni þess lýðræðisfyrirkomulags sem þróast hefur í okkar heimshluta er kosning fulltrúa til þess að fara með hið lýðræðislega umboð og ákvarðanatökuvaldið í tiltekinn tíma í senn. Það er því eitt af grundvallar atriðum kerfisins að þeir sem ákvarðanir taki hafi til þess umboð frá almenningi. Oft er talað um skort á slíku umboði sem lýðræðishalla og er oftar en ekki vikið að Evrópusambandinu í þeirri umræðu. Sé hins vegar horft til íslenska sveitarstjórnarstigsins kemur hið fornkvæða „maður lítta þér nær“ óneitanlega upp í hugann. Annars vegar hefur fækkun kjörinna fulltrúa við sameiningar sveitarfélaga haft það í för með sér að þeir endurspeglar síður fjölbreytileika umbjóðenda sinna og á sama tíma hefur verið þróun í þá

átt að auka ákvarðanatökuvald undirnefnda sveitarstjórna sem í mörgum tilfellum eru að meirihluta skipaðar fólki sem ekki hefur þegið lýðræðislegt umboð frá kjósendum í almennum kosningum. Hvort tveggja er til þess fallið að veikja tengsl kjörinna fulltrúa og þeirra ákvarðana sem þeir bera ábyrgð á við kjósendur og birtist m.a. í þeim niðurstöðum sem voru til umfjöllunar í kaflanum hér að framan.

Þennan lýðræðishalla í sveitarstjórnarkerfinu má rétta með því að fjölga kjörnum fulltrúum verulega frá því sem nú er. Með því myndi það m.a. vinnast að kjörnir fulltrúar gætu betur endurspeglað íbúasamsetningu sveitarfélaganna og einnig hina landfræðilegu dreifingu þeirra. Þá myndi aukinn fjöldi kjörinna fulltrúa væntanlega leiða til þess að fjölbreyttari sjónarmið væru uppi á borði sveitarstjórnar sem í eðli sínu leiddi þá til virkari stjórn málaumræðu en ella. Jafnframt gæfi meiri fjöldi kjörinna fulltrúa þeim tækifæri til aukinnar sérhæfingar í einstökum málaflokkum, en takmörkuð þekking kjörinna fulltrúa er oft talinn einn af veikleikum lýðræðisins þar sem ráðnir embættismenn og sérfræðingar eru taldir hafa undirtökin. Síðast en ekki síst myndi fjölgun kjörinna fulltrúa hafa það í för með sér að undirnefndir sveitarstjórna, sem eins og áður sagði er farið að fela ákvörðunarvald í einstökum málaflokkum, væru í ríkari mæli (helst eingöngu) skipaðar kjörnum fulltrúum sem hafa umboð kjósenda.

Í ljósi lýðræðisumræðunnar hér að framan, bæði hvað varðar kenninguna um „lýðræðisskólann“ og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á sambandinu milli þátttöku í staðbundnum stjórnmálum og hæfni (eða trú á hæfni) til þátttöku í stjórnmálum almennt, er ljóst að með því að fjölga kjörnum fulltrúum fengju fleiri aðgang að skólanum. Sama hvernig á það er lítið verður ekki annað séð en að slík aðgerð væri lýðræðislegri en þær ströngu fjöldatakmörkanir sem viðgangast í dag.

Hér hefur aðeins verið fjallað um nokkrar hliðar lýðræðisins innan sveitarfélaga á Íslandi. Lýðræði í samfélaginu er hins vegar flókið samspil margra þátta og hér á landi m.a. tveggja stjórnsýslustiga, ríkis og sveitarfélaga. Valdahlutföll og samskipti opinbera geirans og einkageirans hafa einnig áhrif á lýðræðið, en þróun undanfarinna ára hefur verið í þá átt að færa sífellt meira vald frá opinbera geiranum, þ.e. almenningi, til einkageirans sem lýtur markaðslögmálunum, þ.e. fjármagninu og ávöxtunarkröfu þess. Þá hefur opinberi geirinn með ákveðnum hætti færst inní samkeppnisumhverfi markaðarins að því leiti að einstök sveitarfélög (svæði) eru í samkeppni sín á milli um fólk og fjármagn. Það er í þessum veruleika sem þeir sem láta sér annt um almannahagsmuni og að þeim verði best borgið í gegnum

lýðræðislega kjörin stjórnvöld, þurfa að velta því fyrir sér hvernig ná megir markmiðum um skilvirk og máttug sveitarfélög sem jafnframt byggja á grundvallar atriðum lýðræðislegra stjórnarháttanna.

Sameining sveitarfélaga og félagsleg samsömun

Smæð og fámenni íslenskra sveitarfélaga hefur líklega gert það að verkum að félagsleg samsömun íbúanna hefur í ríkari mæli en þar sem fólksfjöldi er meiri, farið eftir stjórnsýslumörkum þeirra. Vísbendingu um þetta má sjá í því að þessi félagslega samsömun á grundvelli sveitarfélagaskipunar virðist ekki eins sterk í Reykjavík og í öðrum sveitarfélögum. Þannig virðast Reykvíkingar samsama sig félagslega eftir hverfum innan sveitarfélagsins í ríkari mæli en íbúar annarra sveitarfélaga, sérstaklega þeirra minni, sem virðast setja samasemmerki á milli þeirrar félagslegu heildar sem þeir tilheyra og sveitarfélagsins. Við sameiningu sveitarfélaga þarf því að huga að þessum þætti og haga uppbyggingu sameinaðra sveitarfélaga þannig að þessar félagslegu heildir séu virtar. Sé það gert er líklegra að samstaða náist um þá sameiginlegu þætti sem nýtt sveitarfélag er myndað um. Á slíkum grundvelli geta síðan smátt og smátt skapast forsendur sem breyta og stækka þessar félagslegu heildir, jafnvel þannig að ný heild myndist sem tekur til alls hins sameinaða sveitarfélags. Takist það stendur sameinað sveitarfélag miklu traustari fótum en ella (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson 2002).

Að lokum

Aðstæður hér á landi eru með þeim hætti að við erum fámenn og einsleit þjóð sem býr í stóru landi. Þessar aðstæður bæði skapa forsendur fyrir og krefjast þess einnig að stjórnsýslan sé einföld. Á sama tíma kallar það samkeppnisumhverfi hnattvæðingarinnar sem við búum við á skilvirkar, lýðræðislegar svæðisbundnar stjórneiningar til þess að takast á við þróun nærsamfélagsins útfrá styrkleikum einstakra svæða og vilja íbúanna. Í þessu ljósi er rétt að velta fyrir sér hvert stefnir. Er kerfi færri, stærri og sterkari sveitarfélaga sem geta með virkum hætti haft áhrif á hlutskipti íbúanna í samræmi við lýðræðislegan vilja þeirra líklegra til að auka lýðræðið í samfélaginu, eða kerfi margra, smárra og veikari sveitarfélaga sem ekki geta sinnt verkefnum sínum nema í margslungnu samstarfi sín á milli? Svarið er e.t.v. ekki einhlýtt en mikilvægt er að komast að niðurstöðu því í núverandi stöðu stefnir hraðbyri í að við höfum tvenns konar sveitarfélagaskipan í landinu. Annars vegar fá, stór og sterk sveitarfélög og hins vegar mörg, smá

og veik. Sem vekur þá spurningu hvort það sé það sem við viljum? Svári hver fyrir sig.

HEIMILDIR

- Almond, G. & Verba, S. 1965. *The Civic Culture: Political Attitudes and Democracy in Five Nations*. Little Brown and Company. Boston.
- Baldwin, R. & Wyplosz, C. 2006. *The Economics of European Integration*. (2. útg.) McGraw-Hill Education. Madrid.
- Félagsmálaráðuneytið 2005. *Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins – Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga*. Félagsmálaráðuneytið. Reykjavík.
- Félagsmálaráðuneytið. Listi yfir skiptingu og sameiningu sveitarfélaga 1905–2004. <http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/efling/sveitarfelagamork.PDF>, sótt 23. okt. 2007.
- Grétar Þór Eypórsson 1998. *Kommunindelningspolitik i Island. Staten, kommunerna och folket om kommunsammanslagningar*. CEFOS. Gautaborg. Doktorsritgerð.
- Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson 2002. *Sameining sveitarfélaga – áhrif og afleiðingar*. http://www.rha.is/skrar/File/Rannsoknir/2002/Sameining_sveitarfelaga/Samantektarskyrsla.pdf, sótt 19. okt. 2007.
Í 19. øld høvdu føroyingar bundið og selt mynsturbundnar troyggjur og vøttir, men sølan minkaði sum sagt. Í úggjuáraskeiðnum, 1841-1850, vóru 55,2 prosent av útflutningsvirðinum úr Føroyum ullvørur. Av hesum vóru 48,5 prosent troyggjur, 6,6 prosent hosur og bert 0,1 prosent skinn. Sølan minkaði, men helt ikki uppát, og í árinum 1900 vóru útflutt 34,5 tons av virkaðum ullvørur og 8,2 tons av ull og skinum. 34 ár seinni vóru tøluni beint øvugt. Í 1934 vóru 34,7 tons av ull og skinum útflutt í mun til 8,4 tons av virkaðum ullvørur (*Betænkning* ...1939).

Fiskieydna og fiskaprisir skifta, og hetta merkist sjálvsagt í húsarhaldinum hjá fiskimanninum. Ringar tíðir vóru fyrst í 1920-árunum og í 1930-árunum, ikki bert í Føroyum, men eisini í londunum uttan um okkum. Í Danmark og Føroyum var ein borgaralig elita, sum vildi arbeidarafjöldini væl, og arbeiddi fyri at bøta um livikorini hjá teimum fátøku. Nevndir vóru settar og kanningar gjørdar, og fleiri hildu, at eitt øki sum meira átti at verið gjørt við, var tøtingin. Í 1933 vórðu 34 000 skipstroyggjur seldar í Keypmannahavn, meðan bert 15 000 vóru seldar árið eftir, og hetta merktist sjálvsagt. Limir úr danska felagnum til frama fyri handarbeiði, "Haandarbejdets Fremme," vóru í 1934 bidnir stuðla og menna heimaíðnaðin í Føroyum, og árið eftir varð Føroya Heimavirki sett á stovn (Wandel, 1935:58-63).

Ein trupulleiki var, at skipstroyggjurnar høvdu vánaliga góðsku, hildu donsku umboðini. Ein teirra skrivur, at:

disse tiloversblevne trøjer har det hidtil været handlet med paa en meget skødesløs Maade. På Grund af Pengeknapheden er de blevet byttet bort hos Handelsmanden, til en vilkaarlig Pris i Naturalier (f.Eks. 1 Pund Kaffe eller 5 kg Sukker el.lign.) Derved har Udøveren faaet en meget lille Arbejdsløn og Handelsmanden en billig Trøje, som for ham kun repræsenterer Værdien af Kaffen og Sukkeret, og saa har han endda solgt den videre til Skipperne med ekstra Fortjeneste.

Meyer 1937:138

Haandarbejdets Fremme og Føroya Heimavirki vildu væl, men høvdu ikki rættiliga eydnuna við sær. Tey vildu gjalda meira fyri betri góðsku, sum tey vistu, at húsmøðurnar kundu framleiða, men ein stórur trupulleiki var

gjaldingarmátin. Frá keypmanninum fekk húsmóðirin goldið beinanvegin, meðan Heimavirkið galt, tá vøran var seld.

Millum aðrar trupulleikar hjá føroyskum húsmøðrum í 1920- og 30-árunum var, at nógvar sótu einkjur við fleiri børnum. Sluppir fórust og heilar skips-manningar vóru raktar av tuberklum. Hjá nógvum var tað eitt gott ískoyti at selja bundnar troyggjur, og tá bar illa til at bíða við gjaldinum, til tað bundna plaggið var selt. Nógvar einkjur keyptu sær bindimaskinur og fóru at binda fyri fólk.

1930-árin vóru fíggjarliga trupul, og so kom kríggið í 1940. Føroyar vóru her-settar av Onglandi, og bondini til Danmarkar vóru kvett, men undir krígunum kom tibetur gongd á aftur fiskiskapin, tó at tað ikki var vandaleyst. Nú bar ikki til at selja bundnar vørur til Danmarkar, men teir nógvu ensku hermenn-inir keyptu troyggjur til egið brúk og sendu eisini heim. Undir krígunum varð eisini nógv bundið í hjálpararbeiði, eitt nú til Finnlands.

Kríggið kravdi mannalív, og nógv sótu við ótta, men livikorini hjá føroy-inginum batnaðu. Hóast 1930-árin vóru fíggjarliga trupul, hendi tó nógv mentanarliga og hugburðsliga, og eftir kríggið var tíðin um at vera farin frá tí gamla bóndasamfelagnum.

Í fyrra helmingi av 1900-talinum noyddust nógvar húsmøður at arbeiða í fiski og binda fyri onnur fyri at fáa endarnar at røkka saman. Tá kríggið kom, og næstu 30 árin, var næstan einki fiskaarbeiði á landi og smáir møguleikar hjá kvinnum at finna lönandi arbeiði. Fiskimenn forvunnu nú væl, og tann eina lönin rökk ella mátti røkka hjá einari familju. Í 1950-árunum vóru aftur ringar tíðir, og nógvar ungar kvinnur, sum ikki høvdu mann og børn og ikki kundu ella vildu arbeiða sum arbeiðsgentur, rýmdu av landinum.

Fyri nøkrum árum síðani hevði eg samrøður við eldri kvinnur, sum mintust tíðina eftir kríggið. Fleiri teirra, sum tá vóru giftar og høvdu lönandi arbeiði, góvust, tí tað lönti seg ikki at arbeiða, søgdu tær. Kvinnulönin var nógv lægri enn lönin hjá monnunum, og tað var helst ein orsök; og heldur enn at lata eina arbeiðsgentu passa hús og børn fyri sjálvar at kunna arbeiða, valdu nógvar teirra at arbeiða sum húsmøður.

Ein týðandi arbeiðsuppgáva hjá einari húsmóður í 1950- og 60-árunum, var at binda og seyma upp á børnini, og tað lönti seg væl, siga fleiri. Ein kona, sum ikki dugdi at binda, var hildin at vera vána húsmóðir.

Onkrar konur bundu og seldu skipstroyggjur til Heimavirkið og aðrar

fýritøkur so sum Tøting i Gøtu. Tað var ikki lønandi, men tó eitt íkast til húsarhaldið.

Tá flakavinnan mentist í 1960- og 70-árunum, varð aftur meira av lønandi arbeiði hjá føroyskum konum. Trupult var við barnaansing, men tá børnini vóru farin í skúla, fóru fleiri, sum fyrr vóru húsmøður, í flakavinnuna.

Nógvar kvinnur føddar millum 1920- og 40-árini arbeiddu leingi sum húsmøður. Tær vóru og eru anonýmar – døtur og konur hjá tí og tí manninum. Ein svenskur fólkalívsfrøðingur, Lissie Åström, málber seg soleiðis um, hvussu onnur hava lýst svenskar húsmøður í sama tíðarskeiði:

Handarbetande har räknats som futilt kvinnogöra, kvinnligt ordnings- och renlighetsnit som städdille, mödrar som ängslats och bekymrat sig för sina barn har kallats hönsammor osv. Män är dock inte blinda för att kvinnor utför nyttigt arbete som kommer dem själva och barnen till godo. Att kvinnor finner sig i att utföra allt detta tjänande arbete för andra kan knappast heller väcka varken förundran eller löje hos männen. Det är i deras mening helt i linje med hur kvinnorna är kulturellt definierade i deras föreställningsvärld. Vad de inte kan förstå däremot och som därför kan kännas hotande är det dubbelbottnade, kompensatoriska i kvinnosysslorna – den märkliga kombinationen av kärleksgärning och självhävande.

Åström 1986:18

Aftur ímóti kvinnum í øðrum londum binda føroyskar kvinnur nógv í dag, tó ikki allar. Gongur tú tær ein túr niðan á Føroya Studentaskúla og HF-skeiði í Hoydølum, sært tú nógvar ungar gentur í heimabundnum tryggjum. Summar hava bundið sjálvar, onkrar mammur hava bundið, men flestu tryggjurnar hava ommur, føddar millum 1920 og 1940, bundið.

HEIMILDIR

Betænkning angaaende Færøernes Erhvervsforhold afgivet af det af Statsministeriet under 12. April 1938 nedsatte Udvalg. 1939. Thorshavn.

Gudjonsson, Sk.V. 1940. *P. Carl Petersens Fonds Ernærings ekspedition til Færøerne 1936 – 1937.* Nyt Nordisk Forlag. København.

Hansen, Johanna Maria Skylv. 1968. Neytakona. *Gamlar gøtur I.*, bls. 51-54. Helge Justinussen Bókhandil. Tórshavn.

- Meyer, Carla. 1937. Vore Medarbejdere paa Færøerne. *Haandarbejdets Fremme*, 1937:9, pp. 137-140.
- Nolsøe, Jens Pauli, 1986. Arbejderklassen på Færøerne 1890–1940: en analyse af dens tilblivelse og udvikling. Speciale i historie, Københavns Universitet.
- Rasmussen, Rasmus. 1979. *Sær er siður á landi*. Tórshavn.
- Taylor, Elizabeth. 1997. *The Far Islands and Other Cold Places. Travel Essays of a Victorian Lady*. Útg.: James Tylor Dunn. Pogo Press.
- Wandel, Gertie. 1935. Hjemmeindustrien paa Færøerne, *Haandarbejdets Fremme*, 1935:9, pp. 58-63.
- Åström, Lissie. 1986. *I kvinnoled: om kvinnors liv genom tre generationer*. Lund.

AÐRAR HEIMILDIR

Frásagnarsavnið á Føroya Fornminnissavni.
Bandaðar samrøður við 11 føroyskar kvinnur. 2001 og 2002.

SUMMARY

Knitting and Female Identity in Twentieth Century Faroes

The aim of this paper is to explore the transformation of knitting in the Faroese society and how this affected the identity of women. Knitting in the Faroes is nowadays considered to be a female matter. When the Faroese society gradually transformed from an agricultural peasant society into a fishing economy in the late nineteenth century knitting got a new focus. From being part of work with wool within the house hold, it became connected purely with women, reflecting the new division of labour. Women had to knit a lot of garments for the men, who went to Iceland for fishing during several months a year. During the depression in the 1930s knitting was a way to get some extra income for the households. During the Second World War, when the Faroes were occupied by British troops, women began to knit within voluntary organizations. In the 1950s and 60s most women worked as house-wives and now focused their knitting on producing clothes for husband and children. It was a good way of keeping the household economy low. Knitting clubs became one way for women to meet. However, from 1970s, with an increasing number of women working outside the home, and with easy access to cheaper textiles through international trade, knitting has become a pass-time. The knitting clubs have survived as an institution, now more as a way for women to meet.

Af áhrifum fjölbjóðlegra hugmyndastrauma á íslenskt handverk á tímabilinu 1880–1920

Ísland fór ekki varhluta af helstu hugmyndastráumum sem sköpuðu handverki ný hlutverk í nágrannalöndunum og víðar þegar áhrifa iðnvæðingar tók að gæta á 19. öld. Meðal slíkra hreyfinga var heimilisiðnaðarhreyfingin og svonefndar iðnsýningar. Í iðnsýningunum 19. aldar voru fólgin óviðjafnanleg tækifæri til að skapa handverki sveitasamfélagsins listrænt og þjóðmenningarlegt hlutverk. Danir, Norðmenn og Svíar voru meðal þjóða sem nýttu þau tækifæri vel. Í Skandinavíu átti heimilisiðnaðarhreyfingin jafnframt þátt í því að skapa hefðbundnu handverki ný hlutverk á hagrænum, listrænum og þjóðmenningarlegum forsendum. Íslendingum hefur hins vegar ekki tekist að móta handverki gamla íslenska sveitasamfélagsins hlutverk á sama hátt og frændþjóðirnar. Grein minni er ætlað að varpa ljósi á atriði sem ég álít vera meðal orsaka þessa. Megináherslan verður lögð á tímаскеiðið frá 1880 til 1920. Á þessu tímаскеiði hófust breytingar á samfélagsskipan og atvinnuháttum á Íslandi. Jafnframt harðnaði þjóðfrelsisbaráttan og í lok tímаскеiðsins hafði stjórnskipunarleg staða Íslands í danska ríkinu gjörbreyst.

Með framrás iðnvæðingar varð óhjákvæmilegt að endurmeta hlutverk handverks. Það varð óþarfi að stunda handverk með sama hætti og gert hafði verið í gamla sveitasamfélaginu. Öllum er hins vegar ljóst að notkun einfaldra áhalda til nýsköpunar eða viðgerða lagðist ekki niður með iðnvæðingu. Á flestum nútímaheimilum eru til einföld handverkfæri. Það er hagræðing að því að nota einföld áhöld og stundum hefur fólk ánægju af því en notkun þeirra er að öðru leyti ekki gildishlaðin. Að sauma tölu á flík, þrjóna barnasokk eða reka nagla í timburflekka til skjóls er að öllu jöfnu ekki yfirlýsing um fylgi við sérstaka hagræna eða pólitíska stefnu eða þjóðernislega eða uppeldislega hugmyndafræði og það virðist eðlilegt og sjálfsagt að varðveita slíka kunnáttu í iðnvæddu samfélagi. Það má líta á það sem ómeðvitaða og óformlega varðveislu handverks.

Meðvituð og formleg varðveisla handverks hefur í flestum tilvikum tengst

ákveðinni hugmyndafræði og stundum fjölpjódlegum hugmyndastraumum. Heimilisiðnaðarhreyfingin (d. *husflidsbevegelsen*; n. *husflidsbevegelsen*; s. *hemslöjdsrörelsen*) blómstraði í Skandinavíu, einkum á seinni hluta 19. aldar. Hún þróaðist á talsvert ólíkum forsendum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og margir komu að því að móta hreyfingunni stefnu. Í grófum dráttum má segja að hagrænar og siðrænar forsendur hafi legið til grundvallar þróuninni fram yfir miðja 19. öldina en á síðari áratugum aldarinnar, þegar öflugum heimilisiðnaðarfélögum hafði verið komið á laggirnar, var fremur lögð áhersla á listrænan heimilisiðnað og handverk sem var ætlað það hlutverk að vera táknrænt fyrir þjóðmenningu viðkomandi landa. Á síðustu áratugum 19. aldar tók svonefnd listiðnaðarhreyfing að hafa talsverð áhrif í heimilisiðnaðarhreyfingunni í Skandinavíu en listiðnaðarhreyfingin átti einnig mikinn þátt í því að skapa handverki ný hlutverk. Hluti af listiðnaðarhreyfingunni var, eins og margir kannast við, *The British Arts and Crafts Movement*.

Iðnsýningarnar áttu upptök í Frakklandi fyrir aldamótin 1800 og eftir fyrstu fjölpjóðlegu iðnsýninguna, *The Great Exhibition of the Works of Industry of all Nations*, sem Englendingar héldu sumarið 1851 í London, má segja að sannkölluð sýningarbylgja hafi breiðst út um Evrópu og víðar. Á iðnsýningum voru kynntar hvers kyns nýjungar í atvinnuvegum, tækni, vísindum og listum en einnig þjóðmenningarleg sérkenni. Áherslur á einstaka atvinnuvegi og einstök atriði voru með mismunandi móti. Grunnhugmyndin að iðnsýningum var að efla efnahagslega samkeppni og þjóðernislegan metnað. Það einkenndi hins vegar fjölpjóðlegu iðnsýningarnar að þátttökulönd lögðu með umbúnaði sýninga jafnt sem sýningargripum, hvert um sig, áherslu á að sýna valdastöðu og pólitíska sérstöðu á alþjóðavettvangi eftir því sem efni stóðu til.

Nú vikur sögunni til Íslands og að stöðu iðnaðar og handverks þar í upphafi tímabilsins sem til umfjöllunar er. Í íslenska sveitasamfélaginu, sem taldi árið 1880 milli 72 og 73 þúsund manns, var eiginlegur iðnaður á byrjunarstigi. Rekstur tóvinnuverksmiðja hófst á seinustu áratugum aldarinnar og sömuleiðis innflutningur saumavéla og prjónavéla til nota á heimilum. Að öðru leyti var handverk stundað á svipaðan hátt og verið hafði á öldum áður. Menn nýttu eftir föngum heimaþingin efni og bjuggu til nauðsynlega búshluti og ýmis áhöld sem notuð voru við landbúnað og fiskveiðar. Tóvinna var helsta handverkið sem fólk stundaði innanhúss og allir tóku þátt í tóvinnu. Vefnaður voða til hversdagsnota var að mestu leyti karlavinna en flestallir lærðu að prjóna. Geysilega mikið var prjónað á Íslandi

þegar sú kunnátta hafði breiðst út meðal almennings, sem mun að mestu hafa gerst á seinni hluta 16. aldar. Af skýrslum yfir útflutning má sjá að frá 17. öld og vel fram yfir aldamótin 1900 var íslenskt þrjónles útflutningsvara, einkum vettlinga- og sokkapör. Sum árin skipti útflutningur á þessum plöggum tugum og stundum hundruðum þúsunda para. Þá er ótalið það sem landsmenn þrjónuðu til eigin nota. Á seinni hluta 19. aldarinnar hafði dregið talsvert úr útflutningi þrjónless og íslensk ull var flutt út óunnin. Þrátt fyrir þetta má ætla að það hefði verið mögulegt að skapa þrjónlesi sérstöðu á vettvangi iðnsýninganna, umfram annað handverk sem þá var stundað af almenningi á Íslandi. Sú varð þó ekki raunin.

The Great Exhibition of the Works of Industry of all Nations vakti athygli um víða veröld. Rækilega var skrifað um sýninguna á árunum 1851 og 1852 í tímaritinu *Skírni*, sem þá var gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi í Kaupmannahöfn. Fréttir af iðnsýningum sem haldnar voru erlendis birtust eftir það öðru hvoru í blöðum sem gefin voru út á Íslandi. Framfarasinnuðum Íslendingum var ljóst að í iðnsýningunum bjó afl sem var allt í senn hvetjandi, gagnrýnandi og greinandi og að fjölþjóðlegar „iðnaðarskoðanir“, eða „gripasýningar“, líkt og Íslendingar nefndu meðal annars iðnsýningarnar, voru í raun „einskonar kappleikur þjóða á milli“, eins og það er orðað í *Skírni* árið 1873.

Þátttaka Íslendinga í iðnsýningum erlendis á seinni hluta 19. aldar og í upphafi 20. aldar hefur ekki verið rannsökuð rækilega en ljóst er að á þessu tímabili og í raun frá árinu 1855 tóku Íslendingar þátt í allmörgum fjölþjóðlegum iðnsýningum. Þeir sýndu afrakstur fiskveiða og landbúnaðar, jafnframt smíðisgripi og textíla. Hér þarf að hafa í huga að á upphafsskeiði iðnvæðingar merkti hugtakið iðnaður allt eins hluti sem gerðir voru í höndum með einföldum handverkfærum sem hluti gerða að einhverju eða öllu leyti í vélum. Ekki er að merkja annað en að íslenskar afurðir og gripir frá Íslandi hafi að öllu jöfnu fengið sanngjarnar viðtökur og umfjöllun erlendis. Svo að eitthvað sé nefnt vann íslenskur æðardúnn til verðlauna á fjölþjóðlegri iðnsýningu í París – *Exposition Universelle de Paris 1855*. Tóskapur sem sýndur var árið 1884 á *International Health Exhibition* í London fékk góða umsögn í blöðum þar, vaðmál, þrjónaðir vettlingar og sokkar fengu formlega viðurkenningu. Á fjölþjóðlegri iðnsýningu í Kaupmannahöfn árið 1888 – *Den Nordiske Industri-, Landbrugs- og Kunstudstilling* – unnu íslenskir munir til fimm verðlauna; af handverki var einungis þrjónles verðlaunað en hin fern verðlaunin fengust fyrir landbúnaðarafurðir.

Árið 1879 var efnt til fyrstu iðnsýningar á Íslandi. Þetta var héraðssýning

haldin í Eyjafirði og sýndir voru smíðisgripir, útsaumur og tóskapur ásamt matvælum og búfénaði, jafnframt voru til sýnis tæknilegar nýjungar. Fleiri héraðssýningar fylgdu í kjölfarið. Fyrsta almenna iðnsýningin á Íslandi var síðan haldin í Reykjavík árið 1883 og voru þá eingöngu sýndir gripir af ýmsu tagi, ásamt matvælum. Miðað við það hvað landsmenn höfðu framleitt mikið af prjónlesi er það svolítið forvitnilegt að af 325 atriðum í sýningarskránni eru einungis 37 atriði prjónles og þar af 26 vettlinga- og sokkapör en rétt er að benda á að fleiri hlutir af sama toga voru í sumum tilvikum skráðir á einu og sömu atriðistölu. Þeir sem dæmdu um ágæti sýningargripa á almennu iðnsýningunni voru afar örlátir á verðlaun en einungis fáir prjónaðir hlutir voru verðlaunaðir. Svipaða sögu er að segja af iðnsýningum sem haldnar voru á Akureyri árið 1906, í Reykjavík 1911 og á Akureyri 1918, ekki er að sjá að reynt hafi verið að ýta undir vöruvöndun í prjónaskap með verðlaunum þó að talsvert væri rætt um þörf á vöruvöndun í tóskap í blöðum í öðru samhengi.

Viðbrögð Íslendinga við iðnsýningum sem slíkum voru jákvæð. Margir áttuðu sig á því að með því að taka þær upp væri stigið þýðingarmikið spor á framfarabraut þjóðarinnar og jafnframt að iðnsýningarnar væru sem „spegill, þar sem bóndastéttin eða iðnaðarstjettin eða listamennirnir o.s.frv. geta skoðað sig sjálfa í“, eins og það er orðað í blaðinu *Ísafold* 1882. En Íslendingar voru hins vegar, og þegar allt kom til alls, á báðum áttum um gildi eigin afurða og handverks þegar þetta var sýnt opinberlega, ekki síst þegar það var sýnt erlendis, samhliða handverki annarra þjóða. Í íslenskum blöðum birtist tvíræð afstaðan sem sérkennileg blanda af oflæti og minnimáttarkennd. Sumir álitu að eingöngu ætti að senda á iðnsýningar erlendis fágæta hluti sem lýstu framúrskarandi hugviti eða hagleik Íslendinga. Aðrir álitu að iðnaður landsins ætti að „koma til dyranna eins og hann væri klæddur“. Jafnvel kom fram það álit að best væri að sýna sem minnst eins og segir í blaðinu *Fróða* árið 1884. Þegar blaðið *Þjóðólfur* hvatti til þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu iðnsýningunni sem halda átti í London 1862 segir þar talsvert drýgindalega að „margt sé það í koti karls, sem ekki er í kóngshöll“ og að margan Íslendinginn skorti hvorki hugvit né hæfileika til þess að keppa við aðrar þjóðir í að búa til iðnaðarhluti „sem oss er lagið“. Í umsögn blaðsins *Fjallkonunnar* um almennu iðnsýninguna í Reykjavík árið 1883 kemur fram það álit að lofsorði hefði verið lokið á marga af sýningargripunum hvar sem þeir hefðu verið sýndir og þeir hafi alls ekki staðið að baki „samkynja munum í öðrum löndum, þeim sem eigi eru unnir í verksmiðjum“. Blaðið *Suðri* segir hins vegar í umsögn um sýninguna að hún hafi verið „eins og við var að búast

ofboð fátækleg“ og að heiðurinn sem veittur var með verðlaununum hafi verið „skrumblandinn“.

Svipaðan tón – neikvæðan og snefsinn – er að finna í mörgum íslenskum blöðum þegar þau fjölluðu um þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegum iðnsýningum á seinustu áratugum 19. aldarinnar og á fyrstu árum 20. aldarinnar. Um þrjónaða sokka frá Íslandi sem voru sýndir á *Exposition Universelle de Paris* 1878 segir í blaðinu *Norðlingi* að þeir hafi verið illa unnir og vonar greinarhöfundur að enginn hafi tekið eftir þeim nema Íslendingarnir sem sýninguna sóttu. Þegar boð um þátttöku í fjölþjóðlegu iðnsýningunni sem halda átti í Kaupmannahöfn árið 1888 – *Den Nordiske Industri-, Landbrugs- og Kunstudstilling* – var borið undir Alþingi Íslendinga sýndu þingmenn því lítinn áhuga. Til sýningarinnar voru eigi að síður sendir íslenskir gripir – þrjónles, ofin áklæði, útskornir gripir úr tré og smíðisgripir úr málm. Val gripanna og uppsetningu á sýningunni annaðist að mestu leyti danskur fiskifræðingur að nafni Arthur Feddersen. Hann hafði á níunda áratug 19. aldar stundað rannsóknir á Íslandi og jafnframt kynnt sér íslenskt handverk og farið lofsamlegum orðum um íslenskan útskurði og málmsmíði í *Tidsskrift for Kunstindustri* árið 1887. Og áður en lengra er haldið má minna á að á þessari sýningu unnu íslenskir gripir, meðal annars þrjónles, til verðlauna. Blaðið *Fjallkonan* gagnrýndi harðlega bæði hvernig og hvers konar íslensku handverki var komið á framfæri á sýningunni 1888. Segir þar að Íslendingum „ásamt vinum vorum og bræðrum Færeyjningum [sic] og Grænlandingum, hefir verið úthýst úr sýningarhöllinni og vísað burt frá öllum síðuðum þjóðum út í skála einn, er stendr á afviknum stað“. Blaðið hrósar sýningu Færeyinga og Grænlandinga en um sýninguna á íslensku gripunum segir að hún sé „til stórskammar og einkar vel fallin til að innræta útlendingum, sem eigi vita hvernig á stendr, að vér séum dauðir úr öllum æðum.“ Jafnframt segir að af sumum íslensku gripunum hafi lagt fúalykt. Blaðið *Þjóðviljinn* segir íslensku gripina á sömu sýningu „illa útlítandi og óálitlega muni“. Í umræðu um hlutdeild Íslendinga í *Exposition Universelle de Paris* árið 1900 segir blaðið *Fjallkonan* að líkt og búist hafi verið við muni íslenska deildin í sýningarbyggingu Dana á Parísarsýningunni verða Íslendingum til „skammar og svírðu“. Í blaðinu er jafnframt tekið fram að sýningardeildirnar frá Grænlandi og Færeyjum séu betri en sú íslenska.

Nú má spyrja um ástæðuna fyrir þessum þvergirðingshætti og hvort slíkt eða álíka neikvætt viðhorf til þátttöku í iðnsýningum erlendis hafi verið útbreitt meðal íslensku þjóðarinnar. Viðbrögðin við sýningu sem haldin var í Kaupmannahöfn árið 1905, gefa vísbendingu um svar við þessum spurningum.

Þeirri sýningu var ætlað það sértæka hlutverk að vera „koloniudstilling“, sem sé að snúast eingöngu um nýlendur Dana. Þátttöku Íslendinga í þessari sýningu var mótmælt ákaflega í íslenskum blöðum. Gripir frá Íslandi voru eigi að síður sýndir þar en féllu gersamlega í skuggann af viðbrögðum sem augljóslega endurspegluðu andstöðu Íslendinga við ráðsmennsku Dana og þá hugmynd að skipa Íslendingum á bekk með öðrum dönskum nýlendum. Í *Þjóðviljanum* í desember 1904, í aðdraganda sýningarinnar, má meðal annars lesa eftirfarandi:

Fyrst og fremst er nafnið nýlendusýning (Koloni-Udstilling). Ísland er kallað nýlenda Dana. Því er ekki gjört hærra undir höfði, en Vesturheimseyjunum, eða Grænlandi.... Þá er sýningin sjálf. Eins og áður var drepð á, á hér að sýna íslenzka fjölskyldu, við hliðina á svertingjum og Eskimóum. Geysi á að sýna; haft er eptir manni, sem er við sýninguna riðinn, og hefur séð Geysi, að slíka skrípastæling hefði hann aldrei séð fyr. Norðurljós á að sýna með því, að veita rafljósum um himininn!! Íslenzkan bæ á að sýna. Geta menn þess til, að hann muni ekki verða barnanna beztur. Danir hafa áður reynt að gjöra eptirlíking af bæ, og er svo sagt, að sú eptirlíking hafi verið moldarhrúga, hol að innan!“

Í *Fjallkonunni* í desember í 1904 er spurt hvort menn sjái ekki hvílík svívirðing vofi yfir þjóðinni með þátttöku í slíkri sýningu og hvílíka smán sé verið að brugga henni, „landinu og menningu þess!“

Stjórnarskrárbreyting um heimastjórn Íslendinga hafði verið staðfest af konungi 3. október 1903 og lögin höfði gengið í gildi 1. febrúar 1904. Íslendingar voru þó óvissir um hvort breytingin myndi standast þegar stjórnarskipti yrðu í Danmörku en sú var þó raunin. Þetta var hins vegar ekki ljóst þegar boðað var til Nýlendusýningarinnar. Þrátt fyrir sigurinn sem unnist hafði með heimastjórninni voru Íslendingar í varðstöðu. Hugmyndin um þátttöku í „koloniudstilling“ kom afar illa við þá, svo ekki sé meira sagt.

Neikvæð viðbrögð við þátttöku í öðrum fjölþjóðlegum sýningum sem minnst hefur verið á hér að ofan má skýra á svipaðan hátt út frá spennunni í þjóðfrelsismálunum, sem hafði verið að aukast á seinustu áratugum aldarinnar. Jafnfram verður lögð hér til önnur skýring sem á svipaðar rætur, nefnilega að Íslendingar hafi verið í vaxandi vandræðum með afstöðu sína til eigin handverks eftir því sem leið á 19. öldina, ekki síst þegar það var til sýnis á fjölþjóðlegum iðnsýningum. Þótt Íslendingar gætu fyllilega viðurkennt að þeir myndu seint geta mælt sig við aðrar þjóðir í ríkidæmi höfðu þeir um sig þá hugmynd að þeir stæðu öðrum þjóðum aldeilis jafnfætis í andlegri

menntun, „þetta votta sögurnar, lög þau, er þeir settu sjer sjálfir í fyrndinni“, eins og segir í blaðinu *Íslendingi* árið 1862. Staða þeirra sem „söguþjóðin“ – þjóðin með menningarleg sérkenni grundvölluð á fornri norrænni tungu og bókmenntum skrifuðum á íslensku í landinu á miðöldum – var orðin allþekkt í Evrópu á síðar hluta 19. aldarinnar. Afar sennilegt má telja að Íslendingum hafi fundist áberandi misræmi vera milli hluta sem endurspegluðu íslenskt bændasamfélag á 19. öld og þeirrar ímyndar sem „sögurnar“ gáfu til kynna um höfðinglegra samfélag á Íslandi í fortíðinni. Ímyndin um „söguþjóðina“ var hugmynd sem Íslendingar vildu öðru fremur hlúa að og ekki síst í því kapphlaupi um virðingu og viðurkenningu meðal þjóða sem fjölþjóðlegu iðnsýningarnar voru.

Nú verður vikið að heimilisiðnaðarhreyfingunni. Íslenska hugtakið „heimilisiðnaður“ er nú til dags oftast tengt gripum og gerð gripa sem að efni og útliti eiga rætur í gamla íslenska sveitasamfélaginu. Þessi tengsl hafa verið að styrkjast á seinustu áratugum, meðal annars vegna markvissrar stefnu Heimilisiðnaðarfélags Íslands í þá áttina. Það er hins vegar varasamt að álíta að íslenska hugtakið „heimilisiðnaður“ hafi alltaf vísað til hefðbundins handverks eða þess sem núorðið er oft nefnt þjóðlegt íslenskt handverk. Erfitt er að segja til með vissu hvenær hugmyndir heimilisiðnaðarhreyfingarinnar tóku að skjóta rótum á Íslandi en vísbendingu má fá í ritmálssafni Orðabókar Háskóla Íslands. Fyrsta skráða dæmið um orðið *heimilisiðnaður* í íslensku máli er frá snemma á árinu 1890 en þá birtist í blaðinu *Ísafold* grein þar sem fjallað er um gagnsemi þess að láta börn og unglinga ástunda „heimilis-iðnað“. Höfundur greinarinnar var trésmiður, Matthías Matthíasson að nafni. Hann lýsir ekki nákvæmlega hvað „heimilis-iðnaður“ merkir en til útskýringar bendir hann á að „husflid“ sé mikið stundað í öðrum löndum og að auðvelt sé að nálgast upplýsingar um slíkt og hann mælir með *Haandgjerningsbog for Ungdommen* eftir danska kennarann Niels Christian Rom. Í sama blaði birtir Matthías auglýsingu og býður þar ókeypis tilsögn í „smá-heimilisiðnaði, „Husflid“ (útsögun og pappvinnu [sic] og þessháttar)“ eins og stendur til skýringar í blaðinu. N. C. Rom hafði markað heimilisiðnaðarmálum stefnu í Danmörku frá sjöunda áratug 19. aldarinnar og var helsti málsvari heimilisiðnaðarhreyfingarinnar þar í landi. Sjónarmið hans voru fyrst og fremst hagræn og siðræn, að halda fólki, ekki síst í þéttbýli, að verki og koma í veg fyrir slæpingjahátt með því endurvekja ástundun handverks, eins og það hafði tíðkaðist í danska sveitasamfélaginu. Matthías Matthíasson virðist hafa haft sömu hugmyndir og Rom um hagrænt og siðrænt hlutverk handverks, nema hann lagði danskan heimilisiðnað til grundvallar en ekki hefðbundið

íslenskt handverk. Í kjölfarið tóku fleiri aðilar á Íslandi að bjóða upp á kennslu í heimilisiðnaði með dönsku sniði, nefnilega danskt „husflid“.

Landsfélag um heimilisiðnað var stofnað á Íslandi árið 1913 og árið 1915 var stofnað heimilisiðnaðarfélag fyrir Norðurland með aðsetur á Akureyri. Um meginmarkmiðið segir í lögum beggja félaganna að það sé að auka og efla þjóðlegan heimilisiðnað á landinu. Ekki var útskýrt í lögum félaganna hvað átt væri við með „þjóðlegum heimilisiðnaði“ en ljóst er að í byrjun var megináherslan ekki á hefðbundið íslenskt handverk. Á fyrsta áratug starfseminnar stóð Heimilisiðnaðarfélag Íslands fyrir námskeiðum þar sem námsefni var sniðið eftir því sem algengt var að kenna á dönskum og norskum heimilisiðnaðarnámskeiðum og skólum, til að mynda bókband, kórfa- og burstagerð, tágaiðnað og útsögun. Efnið sem notað var í þessa hluti var flutt inn.

Svipuð sjónarmið koma fram hjá Halldóru Bjarnadóttur, kennara og helsta málvara heimilisiðnaðarhreyfingarinnar á Íslandi, en hún hafði sem ung kona stundað kennaranám í Noregi. Halldóra var með þeim fyrstu að taka upp handavinnukennslu sem fullgilda námsgrein í barnaskóla á Íslandi. Við barnaskólann á Akureyri, þar sem hún var skólustjóri á árunum 1908 til 1918, kenndi Halldóra drengjum að gera bursta og sópa, að flétta úr tágum, hnýta úr basti og saga smáhluti út í tré. Þeir lærðu meðal annars að gera bakka, dúkhringi og borðmottur og skó og fleira úr basti. Ekkert af þessu tilheyrði gömlu íslensku handverkshefðinni. Bæði kynin lærðu að þrjóna og sauma einföld saumspor í strigapjötlu. Stúlkur lærðu að gera við föt og drengir að gera við bækur. Við kennsluna studdist Halldóra við norskar og danskar kennslubækur, þar á meðal *Haandgerningsbog* eftir N.C. Rom. Námsefni beggja kynjanna hefur þannig verið mótað talsvert eftir erlendum fyrirmyndum og virðist námsefni drengjanna að miklu leyti hafa fylgt dönskum og norskum hugmyndum um heimilisiðnaðarkennslu. Þrjón og saumaskapur tilheyrði sjálfsþurftarbúskap bændasamfélagsins á Íslandi og að því leyti má segja að tæknilega séð hafi hluti af námsefninu verið með hefðbundnu íslensku sniði. Markmiðið með kennslunni sagði Halldóra vera það að temja huga og hönd nemendanna við verkleg störf og hefja þau í aliti. Þetta bendir til þess að Halldóra hafi þekkt til kenninga sænska uppeldisfræðingsins Uno Cygnæus og hugmynda hans um kennslu *slöjd*, sem nefnt var skólaíðnaður þegar kenningar Cygnæus voru kynntar til sögu á Íslandi, en sú saga er ekki viðfangsefni þessarar greinar.

Ef tekið er saman það sem hér hefur verið tínt til um áhrif iðnsýninganna og

heimilisiðnaðarhreyfingarinnar á mótun hugmynda um hlutverk handverks á Íslandi á því tímabili sem erindinu er afmarkað má greina eftirfarandi meginatriði: Á Íslandi, ólíkt því sem gerðist í nágrannalöndunum, urðu heimilisiðnaðarhreyfingin og iðnsýningarnar til þess að leiða athygli og áhuga frá hefðbundnu handverki sveitasamfélagsins. Iðnsýningarnar sem Íslendingar komu á laggirnar eða tóku þátt í erlendis gáfu einstæð tækifæri til að skapa íslensku handverki ákveðið hlutverk og jákvæða ímynd, jafnvel listrænt og þjóðmenningarlegt hlutverk. Þrjónles var meðal þess sem fékk jákvæð viðbrögð og viðurkenningar á iðnsýningum erlendis, og það má jafnvel færa rök að því að þrjón hafi, ef lítið er til efnis og tækni, verið sú íslensk handverksgrein sem beinast lá við að skapa þjóðmenningarlegt hlutverk – skapa úr þjóðlegt handverk. „Söguþjóðarsjálfsmynd“ Íslendinga var einkar mikilvægt mál á tímaskeiðinu sem til umfjöllunar er vegna stöðunnar í sjálfstæðisbaráttu landsmanna. Sjálfsmyndin var þess eðlis að hún drap á dreif sanngjarnri umfjöllun og greiningu á möguleikum íslenska handverksins á vettvangi iðnsýninganna, einkum fjölþjóðlegu iðnsýninganna. Eðli þeirra samkvæmt urðu slíkar sýningar til þess að knýja fram viðbrögð landsmanna við eigin handverki. Vegna sjálfsmyndarinnar urðu viðbrögðin neikvæð og tækifærin sem gáfust á vettvangi fjölþjóðlegu iðnsýninganna til að skapa íslensku handverki listrænt og þjóðmenningarlegt hlutverk ónýttust að mestu.

Þegar hugtakið heimilisiðnaður var kynnt til sögunnar á Íslandi boðaði það nýjung í handverki. Um var að ræða „husflid“ samkvæmt dönskum fyrirmyndum. Námskeiðunum sem íslensku heimilisiðnaðarfélögin og fleiri stóðu fyrir allt fram á þriðja áratug 20. aldarinnar var ætlað að hafa þjóðlegt gildi í þeim skilningi að þau væru þjóðhagslega hagkvæm, skiluðu tekjum og eflðu siðferði. Viljinn til að efla framfarir var í fyrirrúmi. Þjóðmenningarlegt hlutverk, í þeim skilningi að móta bæri íslensku hefðbundnu handverki hlutverk og skapa ímynd sem hluta af íslenskum menningararfi, var ekki meginmarkmið á þessu stigi málsins. Á hinn bóginn má segja að með heimilisiðnaðinum með danska sniðinu hafi handverk á Íslandi fengið nýtt hlutverk og gildi á nútímalegum forsendum. Geta má þess að merking hugtaksins „heimilisiðnaður“ breyttist smám saman þegar líða tók á 20. öldina, meðal annars í þá átt að verða samnefnari fyrir smáíðnað sem oft var stundaður á heimilum; oft var um að ræða framleiðslu með þrjónavélum en sú saga er fellur ekki undir viðfangsefni þessarar greinar.

HEIMILDIR

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritadeild:

Lbs. Án númera. Gögn H.Í. – Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Gjörðabók 1913–1962.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri:

Hskjs. Ak. F-76/1. Fundargerðir Heimilisiðnaðarfélags Norðurlands 1915–1922.

Alþingistíðindi 1887 A, B, C. Alþingi, Reykjavík.

Arv og Eje 1980. *Årbog for Dansk Kulturhistorisk Museumsforening. Den ideologiske husflid. Husfliden i Andelstiden.* 1983. Ritsj. Carsten Hess. Dansk kulturhistorisk Museumsforening. Alrø.

Cornell, Elias. 1952. *De stora utställningarna: Arkitekturexperiment och kulturhistoria.* Natur och kultur. Stockholm.

Danielson, Sofie. 1991. *Den goda smaken och samhällsnyttan.* Om Handarbetets Vänner och den svenska hemslöjdsrörelsen. Nordiska museet. Stockholm.

Den vackra nyttan. Om hemslöjd i Sverige. 1999. Ritsj. Gunilla Lundahl. Gidlunds i samarbete med Riksbankens Jubileumsfond. Hedemora.

Einar Laxness. 1998. *Íslandssaga a–h*, 2. útg. (Alfræði Vöku Helgafells). Vaka Helgafell h.f., Reykjavík.

Ekström, Anders. 1994. *Den utställda världen: Stockholmsutställningen 1897 och 1800-talets världsutställningar.* Nordiska museet. Stockholm. (Nordiska museets handlingar 119).

Elsa E. Guðjónsson. 1985. Um þrjón á Íslandi. *Hugur og hönd 1985. Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1985.* Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Reykjavík. 8–12.

Frick, Gunilla. 1978. *Svenska Slöjdföreningen och konstindustrin före 1905.* Nordiska Museet. Stockholm. (Nordiska museets handlingar 91).

Gísli Jónsson. 1967. *Saga Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.* Gefin út í tilefni hundrað ára afmælis félagsins. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. [Reykjavík].

Glambek, Ingeborg. 1988. *Kunsten, nytten og moralen.* Kunstindustri og husflid i Norge 1800–1900. Solum, Oslo.

Greenhalgh, Paul. 1988. *Ephemeral vistas. The Expositions universelles. Great exhibitions and world's fairs 1851–1939.* Manchester University Press. Manchester.

Guðni Elísson. 2004. Frægðin hefur ekkert breytt mér. Þjóðin, sagan og Þjóðminjasafnið. *Ritið* 2:137–165.

Gunnar Karlsson. 2000. *Iceland's 1100 Years. The History of a Marginal Society.* Hurst & Company. London.

Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. 1997. Ritsj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Hagstofa Íslands. Reykjavík.

- Halldóra Bjarnadóttir. 1921. *Skýrsla um starfsemi Barnaskóla Akureyrar og hag hans árin 1908–1918*. Akureyri.
- Iðnsaga Íslands* 1.–2. b. 1943. Ritsjtj. Guðmundur Finnbogason. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Reykjavík.
- Iðnsýningin í Reykjavík* 1911. Opnuð 17. júní á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Sýningarnefndin. Reykjavík.
- Illustreret vejledning over dansk koloniudstilling (Grønland og Dansk Vestindien) samt udstilling fra Island og Færøerne*. 1905. København.
- Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990*. 1993. Ritsjtj. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson. Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun, Háskóli Íslands. Reykjavík.
- Jón J. Aðils. 1919. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1787*. Verzlunarráð Íslands. Reykjavík.
- Jón Yngvi Jóhannsson. 2003. Af reiðum Íslendingum. Deilur um Nýlendusýninguna 1905. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.). *Þjóðerni í þúsund ár?* Bls. 135–150. Háskólaútgáfan. Reykjavík.
- Kragelund, Minna. 2001. *Det gode Håndværk, tråden i dansk tradition*. Hovedland. Højbjerg.
- Lönnbeck, Gustaf F. 1910. *Uno Cygnæus, „Finska folkskolans fader“*, 2. útg. Söderström. Helsingfors.
- Naylor, Gillian. 1990. *The Arts and Crafts Movement: a study of its sources, Ideals and Influence on design theory*, 2. útg. Trefoli. London.
- Nordby, Ragnar. 1966. *Romantikk og realitet. Den norske husflidsforening 75 år*. Norsk husflidsforening. Oslo.
- Orðabók Háskólans. Ritnálssafn.
- Ottelin, A. K. 1934. *Pedagogiska profiler*. Söderström & C:o Förlagsaktiebolag. Helsingfors.
- Rom, N.C. 1898. *Den danske Husflid, dens Betydning og dens Tilstand i Fortid og Nutid*, 2. útg. København.
- Skrá yfir muni á iðnaðarsýningunni í Reykjavík er opnuð var 2. ágúst 1883*. [Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík]. Reykjavík.
- Skrá yfir sýningarmuni á iðnsýningunni á Akureyri 23–30/6 1918*. [Iðnaðarmannafélagið á Akureyri]. Akureyri.
- Sundt, Eilert L. 1867–68. *Om husfliden i Norge. Til Arbeidets Ære og Arbeidsomhedens Pris*. 2. útg. Udgivet paa foranstalning af Selskabet for folkeoplysningens fremme. Christiania.
- The Arts & Crafts Movement in Europe & America 1880–1920. Design for the Modern World*. 2004. ritstj. Wendy Kaplan. Thames & Hudson. London.

Blöð

- Fjallkonan* 1. ár, 9 (nr. 3, Reykjavík 31. mars 1884).
- Fjallkonan* 5. ár, 82 (nr. 21, Reykjavík 19. júlí 1888).
- Fjallkonan* 17. ár, 1 (nr. 21, Reykjavík 2. júní 1900).

- Fjallkonan* 21. ár, 198 (nr. 50, Reykjavík 16. desember 1904).
Fróði 5. ár, 163 (nr. 135, 9. júlí, Akureyri 1884).
Ísafold 9. ár, 121 (nr. 32, Reykjavík 30. desember 1882).
Ísafold 11. ár, 186 (nr. 47, Reykjavík 26. nóvember 1884).
Ísafold 17 ár, 57 (nr. 15, Reykjavík 19. febrúar 1890).
Íslendingur 3. ár, 41 (nr. 8, Reykjavík 31. júlí 1862).
Norðlingur 4. ár, 35 (nr. 9–10, Akureyri 14. október 1878).
Norðlingur 4. ár, 135–136 (nr. 33–34, Akureyri 29. apríl 1879).
Skírnir, ný tíðindi Hins íslenska bókmenntafélags 25. ár, 57–60 (Kaupmannahöfn 1851).
Skírnir, ný tíðindi Hins íslenska bókmenntafélags 26. ár, 48–50 (Kaupmannahöfn 1852).
Skírnir, tíðindi Hins íslenska bókmenntafélags 47. ár, 135 (Kaupmannahöfn 1873).
Þjóðólfur 8. ár, 100 (nr. 23, Reykjavík 7. júní 1856).
Þjóðólfur 14, 23 (nr. 6, Reykjavík 21. desember 1861).
Þjóðviljinn 21. ár, 198 (nr. 50, Bessastöðum 15. desember 1904).

SUMMARY

With the advancement of industrialization in Europe in the 19th century it became inevitable to evaluate the role of handicrafts of the old farming society in a new way. The home industry movement and the industrial exhibitions of 19th century played an important role in the process of re-evaluation. The international industrial exhibitions, commencing in the mid-nineteenth century, offered incomparable opportunities for the advancement of the cultural and artistic role of traditional handicrafts. When the influence of these two movements reached Iceland in the latter part of the 19th century, Icelanders did not respond to this potential inspiration in the same way as the other Nordic countries did. In this essay it will be argued that the fight for national liberation, together with the Icelandic notion of the special nature of Icelandic vernacular literature in mediaeval times, made it difficult for Icelanders to evaluate their traditional handicraft with fairness and objectivity. This ambiguous attitude towards traditional handicrafts was further compounded by the restless Icelandic quest for economic development.

NICOLINA JENSEN BEDER

Uppruni og líkleikar

– handfaring av ull í Føroyum og Íslandi

Tá ið vit lesa um føroyskan og íslendskan uppruna, er tað sum at lesa eina ættartalvu av systkinabørnum, har skyldskapur er bæði í faðir- og móðurætt. Eftir tí, ið vit hava lisið í søgubókum, lögdu norðmenn at landi í Føroyum á veg til Ísland. Onkur íslendingur hevur argað meg við, at tey veiku og minni mentu vóru eftir í Føroyum, meðan tað betra slagið helt leiðina fram til Ísland. Um so var, haldi eg, at tey, ið eftir vóru, fingi heilsuna aftur og mentu seg bara væl, tí eftirkomararnir sigast at hava verið av hampa góðum slag.

Tað, sum eg í stuttum skal hugleiða um, er um líkleikar millum seyðasløg og handfaring av ullini í Føroyum og í Íslandi.

Í Føroya søgu (Patursson 1939:97-98) verður skrivað, at tá ið Grímur Kamban legði at í Funningsfirði uml. 820, sá hann seyðafylgi liggja á bóli. Ullarfløtan segði honum frá, at hann var komin beint, hetta vóru fær (ull) oyarnar, hann hevði leitað eftir.

Írski munkurin Dicuel skriar í bók síni (825,) at tá ið teir á ferðini við St. Brendan komu til Sandoynna, var hon avtakin av hvítum seyði. Hann skriar eisini, at her høvdu „keltniskir einbýlismenn“ búð í o.u.100 ár. Norskir víkingar høvdu rikið teir allar av landinum.

Í bókini *The Man Who Led Columbus to America* (1973) greiðir Paul H.Chapman frá egnum førleika innan sigling, streym og floglæru. Somuleiðis greiðir hann frá hjálparmanni sínum, Dr. Carl Selmer Hunter, sum er serkønur í fornaldarfrøði. Paul H. Chapman sigur, at uttan hesa hjálp hevði hann ikki kunnað skrivað bókina. Sum dømi vísir hann á, hvussu lætt tað er at mistulka, um ein ikki hevur innlit í orð og týðning.

Um fráferðina hjá Sankta Brendan greiðir hann soleiðis frá: "They sailed into the summer sunset". Tey flestu lesa væl eins og eg, at fráferðin var á sumri um sólseturstíð men so er ikki. Í málisku innan siglingarfrøði í fornari tíð nýttu teir heitini summer og vetur, sólaris og sólsetur sum millumheiti

millum norður, suður, eystur og vestur. Sostatt sigldi Sankta Brendan í ein norðan vestan. Í bókini eru fleiri kort, har hann vísir á, hvussu streymur og vindar reka. Á síðu 49 er greið mynd av rutuni hjá Sankta Brendan frá Írlandi í ein norðan vestan, til ættin skiftir, og ríkið verður undan vindinum til Føroyar (Chapman 1973: Xiii-XVIII.49.63).

Í bókini *The life and death of St. Kilda*, ið Tom Steel skrivaði, finna vit aftur líkleika við Ísland. Eg skal bert nevna tað, sum eg hefti meg við viðvíkjandi Íslandi. Á St. Kilda búðu bert fólk í oynni Hirta. Tey livdu eftir Mósélóg og Gamla Testamenti. Í 1926 komu fólk úr Bretlandi, kirkjufólk og trúboðarar. Hetta hevur óivað ørkymlað onkran gamlan mann. Ein av teimum skuldi taka til orða: „Hvør sigur, at vit ikki eru kristnaðir langt áðrenn meginlandið Skotland. Uttan iva hava írsku munkarnir, ið lendu her í 6.øld, á ferð til Ísland gjørt sítt til at kristna okkum. Kanska hevur onkur av teimum verið eftir í oynni“ (Steel 1965: 92).

Í 16-1700, tá seyðafelli var í Føroyum, finga vit millum annað eisini seyð úr Íslandi. Hetta var sami tviullaði seyðurin sum tann føroyski. Av somu ávum hevur arbeiðshátturin ullini viðvíkjandi verið júst tann sami í Føroyum eins og í Íslandi. Ikki bara arbeiðshátturin, men eisini heitini á spuna og tólum, ið nýtt hava verið eins og á ymiskum vevnaði.

Ullin varð tikin av seyðinum í juni-juli, og hetta kallast áseyðaroyting. Ofta varð gingið tvær ferðir, einar tvær vikur ímillum, tí um seyðurin ikki var nóg væl filaður, tv.s. um nýggja ullin ikki var nóg væl vaksin, gjørdist tað ov kalt hjá seyðinum, um øll ullin varð tikin av fyrru ferð. Nú á døgum verður bert gingið eina ferð, umleið hálvan juli.

Í íslendsku bókini *Vefnaður*, ið Halldóra Bjarnadóttir hevur skrivað, er hugaligt at lesa og finna, hvussu arbeiðsháttur og heiti eru eins í Føroyum og Íslandi.

Í Føroyum verður ullin kallað *várull* og *skinnull*. Í Íslandi verður ullin kallað *várull* og *haustull*, ið er tað sama sum skinnull, við tað at greitt verður frá, at tað er ullin, ið tikin verður av skinnunum. Eins og siður hevur verið í Føroyum, hevur munur verið á, hvussu tú brúkar skinnull ella várull. Tá ið vit siga *broddur* og *rót*, siga íslendingar *tog* og *þel*.

Ullartváturin hevur verið júst hin sami í Føroyum og Íslandi. Ullin varð vaskað í landi (ísl. *keytu*), skolað í ánni, hongd upp at vatnrenna ella lættliga vundin og lögð á turran vøll at turka. Mamma mín, fødd 1899, uppvaksin í Lamba, hevur greitt mær frá, at ullin varð vaskað, tá ið liðugt var at hoyggja, júst á sama hátt sum Halldóra Bjarnadóttir greiðir frá, vaskað í landi, skolað

í ánni og turkað á bønnum. Niðan frá býlinginum Heima við Hús var bøurin brattur við ryggjum, væl varð rakað, og ullin breidd út á ryggirnar, ið var eitt gott og turt undirlendi. Ansað varð eftir ullini, eins og tá tey turkaðu fisk. Ullin varð breidd út um morgunin, tikin saman, um tað fór at regna, annars tikin inn um kvøldið og breidd út aftur, til hon var turr. Eins og í Íslandi varð ansað væl eftir, at ullin var so heil sum gjørligt.

Tá ið ullin var turr, skuldi hon hagreiddast til spuna. Vit siga at *nappa*. Íslendingar siga at *taka ofan af*, sum er tað sama; í báðum førum verður broddurin verður tikin úr rótini. Umframt at nappa við hond hava togkambar verið nýttir bæði í Íslandi og Føroyum. Íslendingar siga, at kemba við togkambum. Somuleiðis hevur málburðurin eisini verið í Føroyum.

Skulu vit trúgva Grettiskvæði, vórðu tókambar í Íslandi umleið 14. øld:

Ásmundur setist við eldstaðin niður
á tann sessin lága:
Hoyr tú Grettir, sonur mín,
tú skalt mær á baki kláa.

Grettir tók tann tókamb upp,
hann gav honum ikki grið,
so reiv hann sín faðirs rygg,
at leparnir hingu við.

Nýggja kvæðabókin 2, bls. 57

Í Føroyum eru heitini *togkambar* og *karðar*. Í Íslandi *togkambar* og *ullarkambar*. Togkambarnir hava stórar og grovar tindar. Teir kunnu vera ymiskir í tali. Eg havi sæð føroyskar bæði við níggju og ellivu tindum og eigi einar íslenskar við sjei tindum. Tá ið kembt verður, verða broddahárini (ísl. *togið*) drigin framman av kørðunum. Tá ið skrivað verður um togkambar, er tað oftast í sambandi við handsnældu. Toggarn, kembt við togkambum og spunnið á handsnældu, hevur verið nógv nýtt í Føroyum til ymisk endamál, sum til dømis knappholstráð, garn í vaðmalsvevnaði, seiðanótir og annað. Somuleiðis hevur verið gjørt í Íslandi. Eg minnst ommu mína spinna síggj á stórari handsnældu, tá ið abbi smíðaði bátar. Síggj varð tjørað og nýtt til at tetta við ímillum borðini.

Fyri at venda aftur til heitini togkambar og toggarn, so eru tey áhugaverd,

tí vit hvørki kalla brodd *tog* ella tógv *garn* á føroyskum. Munnu vit hava fingið heitini úr Íslandi? Toggarn hevur tvinnar lýsingar, tógvið er spunnið úr broddi og verður brúkt sum garn í vevnað.

Halldóra Bjarnadóttir sigur, at teir byrjaðu at smíða karðar í Íslandi umleið 1860. Nær karðar av fyrstan tíð komu til Føroyar, er ilt at siga nakað um við vissu. Umleið 1670 verður klagað um, at hvørki viður, jarn ella karðar vóru við seinastu vørusending.

Tá ið tað kemur til teir vanligu karðarnar, vóru ymisk karðaheiti: Grovkarðar, blandingskarðar og finkarðar. Nøvnini siga frá grovleika og tættleika av tindunum. Á kørðunum stóð eitt tal, ið vísti tættleikan av tindum. Áðrenn seinra heimsbardaga vóru karðar vanligi innfluttir úr Noregi. Á kørðunum, ið eg eigi, stendur: Fabriken O. Mustad & son. Oslo. Islandsk facon. Nr. 27. Telji eg tindarnar niðan síðuna, eru teir 27 í tali. Hetta eru einir vanligir blandingskarðar. Tað áhugaverda er, at teir eru evnaðir til eftir íslenskum sniði.

Handsnældan er elsta spunatólið, vit kenna í Føroyum. Nógvir renlar eru funnir í fornum útgrevstrum. Renlarnir eru úr ymiskum tilfari, hava ymiska stødd og vekt og kunnu tíðarfestast eini túsund ár aftur í tíðina. Tað eru tvey sløg av handsnældum, tær topphongdu og so tær botnhongdu, har rennilin er í neðra. Tað eg veit um, hevur bert verið spunnið við topphongdum snældum í Føroyum. Støddin og vektin á handsnældunum eru ymskar og mega passa til tilfarið, ið spinnast skal. Her velst um, um ullin er nappað ella samfingin, um hárin eru stutt ella long, og um tað skal spinnast fínt ella grovt. Eisini um snældan skal nýtast til spuna ella at tvinna við. Ein miðalstór snælde kann væl nýtast í báðum førum. Íslendingar eins og føroyingar hava brúkt topphongdar snældur.

Skotrokkurin kom til Føroyar síðst í 1600-talinum. Hann hevur verið nógv brúktur. Enn havi eg einki funnið um skotrokk í Íslandi, Halldóra Bjarnadóttir nevnið einki um skotrokk, harafturímóti hava íslendingar smíðað fótarokkar. Fótarokkar hava ikki verið vanligir í Føroyum. Tó hava einstakir funnist, helst komnir við kvinnum, ið hava flutt til Føroyar úr Noregi, Danmark ella Íslandi, ella monnum, sum róðu út í Íslandi.

Tá ið tað í nútíðarsøgu verður greitt frá klíggjavevum, sigst at Ísland og Føroyar hava hildið longst á í Norðurlondum. Hyggja vit at heitum innan henda vevnað, eru heitini júst tey somu á íslenskum og føroyskum, tó við ymiskum málburði. Á íslenskum eitur vevurin *kljásteinavefstóll*, lættiskiljandi,

tá ið tað á føroyskum eitur klíggjasteinar, ið fetin verður festur í. Somuleiðis tá ið sagt verður einskeftað, vaðmal, áklæði ella rekkjuváð.

Føroyingar og íslendingar finga flatvev at kalla um somu tíð. Fyrsti flatvevur ella slagbummavevur kom til Føroyar 1768 við norsku Mariu Rønning. Tá ið eg bæði eri fødd og uppvaksin á Strondum og eigi mong sporini í Kolbeinagjógv, kendist tað rættiliga heimligt at lesa frágreiðingina hjá Olavius um ferðina 1775-77 í Norðuríslandi.

Hann nevnið bæði „Strande-Syssel“ og „Gaarden Kolbeinsaae“, har hann sá einasta flatvevin á øllum túrinum.

Eitt, sum íslendingar hava fram um okkum, er lopatógvið, tað er óspunnið tógv. Tað kallast á íslenskum at *lyppa*, tá ið ullin verður drigin við fingrunum upp úr karðaðari ull.

Tá ið Føroyar broyttust frá at vera bóndasamfelag til at vera fiskivinnusamfelag, sást hetta aftur í tí dagliga arbeiðnum á landi, og serliga tí, ið hevði við ullina at gera. Bøndurnir áttu jørðina og ullina. Vanligt hjá teimum, ið onga ull áttu, var at binda „fyri triðing“. Greitt verður frá, at tá ið menn fóru at rógva út í Íslandi, vóru tað fleiri, ið heldur vildu hava ull enn pening. Áttu teir ull, høvdu teir egið arbeiði til veturin eisini.

Ein gomul remsa frá hesi tíð er soljóðandi!

Mostir bindur íslandstroyggju,
Sanna turkar ull á meis,
Heini liggur fullur uppi í koyggju,
Jákup siglir við Surprise.

Surprise var eitt av handilsskipunum í Vágshotni (M.C. Restorff og Sønner), bert 27 tons (Poulsen).

